

Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I:

Þorláksstaðir, Blönduholt, Þúfa, Þúfukot, Eyri, Eyrar-Uppkot, Eyrar-Útkot, Útskálahamar, Kiðafell, Möðruvellir, Írafell, Bær, Meðalfell, Meðalfellskot, Eyjar, Eyjahóll, Flekkudalur neðri, Sandur, Neðri-Háls, Hvammur og Hvammsvík.



Ritstjóri: Birna Lárusdóttir

Höfundar efnis: Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Unnur Magnúsdóttir.



Fornleifastofnun Íslands

FS394-07121

Reykjavík 2008

Forsíðumynd er af Unni Magnúsdóttur við skráningu á túngarði á Neðra Hálsi (GK-352:010).

© Fornleifastofnun Íslands 2008

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	4
2. FYRRI RANNSÓKNIR Á SKRÁNINGARSVÆÐINU.....	6
3. LÖGGJÖF UM FORNLEIFAR.....	7
4. FORNLEIFASKRÁ	8
GK-318 Þorlákstaðir	10
GK-323 Blönduholt	17
GK-324 Þúfa.....	25
GK-325 Þúfukot	30
GK-326 Eyri (Hvalfjarðareyri).....	34
GK-327 Eyrar-Uppkot (Efrakot)	46
GK-328 Eyrar Útkot (Neðrakot).....	48
GK-329 Útskálahamar	49
GK-330 Kiðafell	60
GK-335 Bær	70
GK-336 Meðalfell.....	75
GK-337 Meðalfellskot	86
GK-338 Eyjar	87
GK-339 Eyjahóll.....	99
GK-341 Flekkudalur (enn neðri)	101
GK-342 Sandur.....	104
GK-343 Möðruvellir.....	110
GK-344 Írafell	123
GK-352 Neðri-Háls.....	132
GK-353 Hvammur	145
GK-354 Hvammsvík.....	156
5. FORNLEIFAR OG BYGGÐ	159
Bæjarhólar og býli	159
Kirkjur, kuml og legstaðir.....	161
Útihús og túngarðar	162
Stekkir og kvíar	163
Mógrafir.....	164
Beitarhús og fjárborgir.....	164
Sel.....	165
6. NIÐURSTÖÐUR.....	167
Minjar í hættu.....	167
Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu	167
HEIMILDASKRÁ	170
VIÐAUKI: HNITASKRÁR Á ISN93.....	173
MINJAKORT	179

1. Inngangur

Vorið 2007 sömdu Fornleifastofnun Íslands og Kjósarhreppur um heildaskráningu allra minjastaða í sveitarfélaginu vegna fyrirhugaðs aðalskipulags. Var ákveðið að skráningunni skyldi skipti í fimm áfanga. Verkið hófst sumarið 2007 og til stendur að ljúka því með endanlegri skýrslu vorið 2012. Ákveðið var að forgangsraða skráningu eftir því sem best hentaði fyrir sveitarfélagið í stað þess að skrá samliggjandi jarðir í hverjum áfanga eins og venjan er. Því voru fyrst skráð svæði þar sem sumarbústaðir eru sem og svæði þar sem byggð af einhverju tagi eða annars konar framkvæmdir standa fyrir dyrum. Í þessari skýrslu líta niðurstöður úr fyrstu tveimur áföngum skráningar, frá sumrunum 2007 og 2008, dagsins ljós. Alls voru skráðar fornleifar á 21 jörð sem eru eftirfarandi í stafrófsröð: Blönduholt, Bær, Eyjahóll, Eyjar, Eyrar-Uppkot, Eyrar-Útkot, Eyri, Flekkudalur neðri, Hvammsvík, Hvammur, Írafell, Kiðafell, Meðalfell, Meðalfellskot, Möðruvellir, Neðri-Háls, Sandur, Útskálahamar, Þorlaksstaðir, Þúfa og Þúfukot. Alls voru skráðar 532 fornleifar á jörðunum, sem eru 21 talsins, eða að meðaltali 25 fornleifar á jörð. Nöfn jarðanna eru miðuð við lögbýli eins og þau koma fyrir í Jarðabók Johnsen frá 1847 og þannig sjást hjáleigur eða nýbýli sem falla undir einstakar jarðir ekki í listanum.

Áður en skráningin hófst höfðu nokkur skráningarverkefni verið unnin á afmörkuðum svæðum í Kjósarhreppi. Hið stærsta, fornleifaskráning í Hvammi og Hvammsvík, var unnið sumarið 1997 að beiðni Hitaveitu Reykjavíkur. Hitaveitan hugðist þá auka þjónustu við útivistarfólk og nýta menningarminjar í því skyni. Alls voru skráðir 73 minjastaðir á jörðunum tveimur. Þess má geta að skráningargögn frá þessum tíma eru ekki sambærileg við nýrri gögn. Aðferðir við teikningar og kortagerð hafa breyst og að auki eru gömul hnit ekki jafnnákvæm vegna takmarkana sem bandaríski herinn setti á nákvæmni hnita fram til ársins 2000. Hnit á ISN93 formi sem eru prentuð aftast í skýrslunni eru þó sennilega nákvæmari en hnitin sem eru gefin upp í sjálfri fornleifaskránni. Um skráninguna sáu Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir.¹

Nokkrum smærri athugunum var svo til nýlokið þegar skráningin hófst. Þannig hafði verið gerð deiliskráning á skipulagsreitum í Eyjum II vegna fyrirhugaðra húsbygginga og á Eyri af sömu sökum. Birna Lárusdóttir sá um báðar úttektir en þess má geta að skráning á

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir. 1998. *Fornleifar í Hvammi og Hvammsvík*. FS045-97061. Árbæjarsafn/Fornleifastofnun Íslands.


báðum jörðum var unnin árin 2007-2008.² Árið 2007 unnu Birna Lárusdóttir og Unnur Magnúsdóttir, fornleifafræðinemi, við skráningu á vettvangi en sumarið 2008 Birna og Kristborg Þórsdóttir auk Ástu Hermannsdóttur, fornleifafræðinema. Vilja þær koma á framfæri kærum þökkum til heimildamanna sinna, en þeir eru taldir upp í lista afast í skýrslunni. Lís Rut Björnsdóttir sá um gerð minjakorta og hluta rústateikninga en Birna hafði yfirumsjón með verkinu og sá um ritun skýrslunnar.

² Birna Lárusdóttir. 2006. *Eyjar II í Kjós. Deiliskráning á tveimur skipulagsreitum*. FS323-06161. Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir. 2006. *Fornleifaskráning á Eyri í Kjós. Deiliskráning og aðalskráning á hluta jarðar*. FS319-06111. Fornleifastofnun Íslands.

2. Fyrri rannsóknir á skráningarsvæðinu

Í inngangi var gerð grein fyrir fornleifaskráningu sem áður hefur verið gerð í sveitarfélaginu. Ekki hafa verið gerðir þar stórir fornleifauppgreftir aðrir en uppgröfturinn á Búðasandi (sjá GK-352:012) sem fram fór á árunum 1982-1985 að undirlagi Magnúsar Þorkelssonar. Magnús hefur nýlega lokið MA- ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands þar sem greint er frá heimildakönnun um Maríuhöfn og niðurstöðum uppgrftarins.³ Aðeins var grafið í lítinn hluta svæðisins. Meirihluti minjanna sem var grafið í reyndist frá 13.-14. öld en þó fundust vísbendingar um minjar sem gætu verið frá því skömmu eftir 900. Yngstu minjarnar voru frá því skömmu fyrir 1500. Rústirnar sem grafið var í reyndust ekki af varanlegum mannabústöðum heldur frekar búðir, byggðar til dvalar í skemmri tíma. Ekki fannst mikið af gripum. Magnús telur heimildir benda til að Maríuhöfn hafi fremur verið lendingarstaður skipa sem fluttu menn og vörur fyrir yfirvaldið heldur en almennur kaupstaður. Ástæðan fyrir staðarvalinu hafi verið góðar samgöngur við miðstöðvar á Þingvöllum og í Skálholti, um Leggjarbrjót.



Uppdráttur af rústa- og uppgraftarsvæðinu úr ritgerð Magnúsar Þorkelssonar.

³ Magnús Þorkelsson. 2004. „Í Hvalfirði. Miðaldahöfn og hlutverk hennar.“ Óútgefin meistaraþrófsritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands.

3. Löggjöf um fornleifar

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr.107/2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja.“ Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000) einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er fornleifakönnunin sem þessi skýrsla byggir á unnin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með löggjöfinni. Til fornleifa teljast hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:


- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa. Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll forn mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum. Þessu hefur verið fylgt við skráninguna. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins.

4. Fornleifaskrá

Við skráningu á fornleifum notar Fornleifastofnun Íslands staðlað kerfi þar sem hver sýsla hefur skammstafað heiti (MH, GK o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum

Fjallað er um hverja fornleif eins og dæmið hér að neðan sýnir



minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer. Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti fornleifar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagaðblettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Miðað er við að áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um.“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu séu til heimildir um staðinn, en minjar hafi ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar sýnilegar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnit staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga

með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap, og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu eru minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórfamkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

GK-318 *Þorlákstaðir*

20 hdr 1705. Reynivellir áttu hér ítak, eldiviðargröf.

1705: "Haglítið er og landþröngt mjög, so að fyrir þann skuld verða heimamenn engið í beit að leggja, en átriðningur er mikill af annara manna peningum, bæði frá Eyjum, Hurðarbaki og Reynivöllum. Hætt er túninu mjög so fyrir snjóflóðum og skriðum ... Landbrot mikið gjörir Laxá bæði á högum og engi, og bólgnar bæði áin og lækir úr fjallinu yfir mestan hluta graslendiss um vetur. Á engið, sem þó er besti kostur jarðarinnar, verður ekki sóktur heyskapur fyrir foruðum nema brúkað sje með stórfiði." JÁM, 413. 1840: "... þar er góður heyskapur og engi stórt, en lítið beitaland sumar og vetur." SSGK, 257. 1917: Tún 5 teigar, garðar 1450m². Mestallt slétt, þýfi í túnjöðrum.

GK-318:001 *Þorlákstaðir* bæjarhóll bústaður

6119.376N 21°31.772V

1705: "Hætt er túninu mjög so fyrir snjóflóðum og skriðum, og hefur snjóflóð fyrir meir en 60 árum aftekið



Bæjarstæði á Þorláksstöðum, horft í norðaustur.

bæinn þar sem þá stóð hann, var hann því færður þangað sem nú er." "Bæjarlækur er næsta gil við Ásklif. Bærinn var færður, eftir að snjóflóð tók hann 164°2," segir í örnefnaskrá. Yngra bæjarstæði á Þorláksstöðum, þ.e. yngra en 164°2, er þar sem íbúðarhúsið stendur nú, nyrst í túni. Núverandi íbúðarhús var reist á milli 1970 og 1980 en eldri bær var þá fast austan við húsið - steipt íbúðarhús með sambyggðu fjósi og hlöðu. Á túnakortinu frá 1917 eru sýnd þrjú hús í hnapp innan garðs og eru það sennilega bæjarhúsin.

Íbúðarhúsið stendur á hól sem er mjög greinilegur. Bílastæði er sunnan við hann og stórt útihús með hlöðu austan til á hlaðinu en þar fer hóllinn lakkandi. Beitarhólf er við rætur hólsins að norðan.

Lengd hólsins bendir eindregið til að

hann sé náttúrulegur að einhverju leyti. Helst virðast líkur til að uppsöfnun sé undir þeim hluta hans sem íbúðarhúsið stendur á. Norðurbrún hólsins er mjög skörp og þeim megin er hann allt að 4 m hár en aðrar brúnir renna nokkurn veginn saman við umhverfið. Samkvæmt Bjarna Kristjánssyni var komið niður á einhverjar hleðslur við byggingu íbúðarhússins. Þá telur Bjarni að öskuhaugur sé norðan við hólinn, (sjá 004), sennilega á því svæði þar sem áður voru kálgarðar skv. túnakorti frá 1917. Engar leifar af eldri mannvirkjum sjást nú á bæjarhólnum en þó má nefna að mikið grjótt er undir girðingu sem markar beitarhólf norðan undir hólnum og ekki útilokað að þar leynist leifar af kálgarðshleðslu. Þegar kort var gert af túninu 1917 stóðu alls 9-10 hús í hnapp á bæjarstæðinu auk kálgarða bæði norðan og sunnan við bæjarstæðið. Næstum ómögulegt er að giska á stærð bæjarhóls en þó er hann vart minna en 30-40 m í þvermál.


Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM III, 413; Ö-Þorláksstaðir, 4; túnakort 1917

GK-318:002 *Þorlákstaðir* bæjarstæði býli

1705: "Hætt er túninu mjög so fyrir snjóflóðum og skriðum, og hefur snjóflóð fyrir meir en 60 árum aftekið bæinn þar sem þá stóð hann, var hann því færður þangað sem nú er." "Bæjarlækur er næsta gil við Ásklif. Bærinn var færður, eftir að snjóflóð tók hann 164°2," segir í örnefnaskrá. Yngra bæjarstæðið á Þorláksstöðum er hér skráð nr. 001. Engar heimildir eru þekktar um staðsetningu eldra bæjarstæðis á Þorláksstöðum. Það er þó líklegt að það hafi verið í sama túnstæði, í það minnsta virðast engir aðrir staðir líklegri. Sennilega hefur það verið nær fjallinu en núverandi bæjarstæði og Bjarni Kristjánsson telur einna sennilegast að það hafi verið sunnarlega, nálægt áberandi gili í fjallinu, enda hefur hann séð snjófleka losna þar fyrir ofan í fjallinu og það er einna líklegasti staðurinn fyrir snjóflóð. Ekki er alveg augljóst hvar bærinn gæti hafa staðið en hér verður þó giskað á Helguhól 024.

Heimildir: JÁM III, 413; Ö-Þorláksstaðir, 4



Þorláksstaðir: Minjar í túni. Byggt á túnakorti frá 1917.

GK-318:003 heimild

Skv. túnakorti frá 1917 var útihús á bæjarhól 001, líklega um 5 m norðaustur af bæjarhúsum 001. Þetta úthús hefur verið áfast kálgarði sem var meðfram húsalengjunni að vestan.

Nú er 30-40 ára gamalt íbúðarhús á bæjarhólnum. Erfitt er að meta nákvæma staðsetningu útihússins en öll ummerki um eldri byggingar á hólnum eru horfnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-318:004 öskuhaugur


64°19.386N 21°31.777V

Bjarni Kristjánsson telur að öskuhaugur sé neðan eða norðan undir bæjarhól 001 og eiginlega áfastur honum. Þar er nú beitarhólf, girt með rafmagnsgirðingu.

Lág tota teygir sig fram úr hólnum til norðausturs. Hún er ekki með skarparbrúnir en virðist um 12-15 m breið og 20-25 m löng. Bjarni hefur lent í beinum og úrgangi á þessu svæði við umrót og minnst þess að gamall maður frá Hurðabaki hafi mælt með að engu yrði rótað þarna vegna hættu á smiti - hugsanlega miltisbrandi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



GK-318:005 tóft útihús

64°19.314N 21°32.045V

Tóft er í Þorláksstaðatúni um 250 m suðvestur af bæjarhól 001 og um 20 m suðvestan við fjárhússtaði 009.

Vallent en hæðótt svæði. Lítill, jarðfastur klettur, gróinn að ofan og ganga hleðslur frá honum til norðurs frá báðum endum og mynda þannig tóft sem er um 8 x 5 m stór frá norðri til suðurs. Hefur kletturinn gegnt hlutverki suðurgaffls. Hleðslur eru signar og grónar svo að ekki sér í grjót. Hæð þeirra er mest um 0,4 m og breidd um 1 m. Þrír stærðar steinar liggja inni í tóftinni og líta út eins og grjóthrun sem þó sést ekki annarsstaðar svo fjarri fjallinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

0 2,5 5
metrar

GK-318:006 þúst útihús

64°19.331N 21°32.053V

Mögulegur rústahóll er í gamla Þorlaksstaðatúni um 50 m norðvestur af tóft 005.

Óslétt valllendi, gamalt tún sem er komið úr rækt. Hóllinn rennur saman við umhverfið en má áætla að hann sé um 15 m í þvermál og 0,5 m hár. Grænka í honum er töluverð og ekki ólíklegt að hús hafi staðið á hólnum og hann sé jafnvel upphlaðnar rústaleifar að einhverju leyti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-318:007 mannvirki óþekkt

64°19.356N 21°32.091V

Einkennilegt mannvirki er í gamla Þorlaksstaðatúni um 250 m suðvestur af bæjarhól 001.



Grjóthrúga 007, horft í suðvestur.

Grösug tunga en lækir renna bæði austan og vestan megin við. Ósléttuð vallendi, mjög grasgefið.

Úr fjarska lítur mannvirkið út eins og klettur en þegar nær dregur sést að það er gróin grjóthrúga eða hleðsla, næstum eins og skipskjölur á hvolfi í laginu. Fremst eða nyrst er hún um 0,4 m há og rétt grillir í grjót en vottar fyrir hrúni norðan undir henni. Hleðslan lækkar til suðvesturs og þar er algróið en virðist þó sem hún haldi áfram og gæti verið allt að 4 m löng og 1,5-2 m breið en þó er erfitt að dæma um það. Tilgangur er óljós. Hrugaldið gæti verið vörðuleifar þótt vissulega sé ekki algengt að rekast á vörður innantúns. Þá er mögulegt að grjót hafi verið tínt saman úr túninu vegna jarðarbóta þótt það hefði verið eðlilegra að bera grjótið út fyrir tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-318:008 heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús á bæjarhól 001 fast austan við bæjarhúsin.

Nú er 30-40 ára gamalt íbúðarhús á bæjarhólnum.

Erfitt er að meta nákvæma staðsetningu útihússins en öll ummerki um eldri byggingar á hólnum eru horfnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-318:009 Fjárhústún heimild um fjárhús

64°19.324N 21°32.003V

"Fjárhústún er utan við skurðinn," segir í örnefnaskrá. Útihús er sýnt á þessum stað á túnakorti frá 1917, þ.e. í túni um 200 m suðvestur af bæjarhól 001, handan við skurð.

Vallent en hæðótt svæði.

Á þessum stað var lengi fjárhústóft en hún er nú horfin, var rutt út eftir 1975. Nú er iðagránt á stóru svæði þar sem rústinni hefur verið jafnað út og er það allt að 30-40 m í þvermál en ekki teljandi hóll undir. Bjarni Kristjánsson segir að tóftin hafi verið af garðahúsum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Þorlaksstaðir, 4

GK-318:010 heimild um útihús

64°19.350N 21°32.015V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 50-60 m norðvestur af útihúsi 009.

Fremur óslétt vallendi, gamalt tún sem ekki er slegið lengur.

Engar leifar sjást af húsinu og það hefur væntanlega verið sléttað undir tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-318:011 heimild um útihús

64°19.357N 21°32.030V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 20 m norðvestur af útihúsi 010.

Fremur óslétt vallendi, gamalt tún sem ekki er slegið lengur.

Engar leifar sjást af húsinu og það hefur væntanlega verið sléttað undir tún.

Heimildir: Túnakort 1917

GK-318:012 heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var úthús fast sunnan við útihús 008.

Nú er 30-40 ára gamalt íbúðarhús á bæjarhólnum.

Erfitt er að meta nákvæma staðsetningu útihússins en öll ummerki um eldri byggingar á hólnum eru horfnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

GK-318:013 Gildurás hleðsla refagildra

64°18.811N 21°30.847V

"Norðan í fjallinu [Meðalfelli], austan frá, eru Gildurásbrekkur og hjallar tveir, sem heita Stóri- og Litli-

Hjalli. ... Vestur af þeim [Skothúsflötum] er Gildurás og nokkru vestar Litli-Gildurás og Ásklif," segir í



Hleðsla á meintum Gildurás, horft í austur. Tíkin er frá Þorláksstöðum.

örnefnaskrá. Bjarni Kristjánsson

kannast ekki við Gildurás og ekki

heldur Magnús Sæmundsson,

fyrirverandi bóndi á Eyjum. Hann er

hér skráður vegna þess að örnefnið

gæti verið vísbending um refagildru.

Örnefnalýsingin er óljós og næstum

vonlaust að átta sig á því hvar

Skothúsflatir og Gildurás hafa verið

út frá henni einni saman. Ásinn sem

kemur einna helst til greina sem

Gildurás er ekki utan í fjallinu heldur

stakur ás úti í mýrinni um 200-300 m

austur af fjalli. Litill ás með

klettanibbum og melur í framhaldi af

honum til austurs og norðausturs.

Á ásum eru greinilegar hleðsluleifar

og er grjótið mjög skófum vaxið.

Hrúgaldið líkist grunni, er um 1 m í

þvermál og 0,3 m hátt og lítur ekki út

fyrir að það hafi verið mikið hærra.

Hleðslan er ólík vörðubroti að því

leyti að grjótið í hleðslunni er

ákaflega misstórt. Þannig eru mjög stórir steinar í austurjaðrinum en annars meðalstórt grjót. Þó er erfitt að slá því föstu að hér hafi verið hlaðið undir gildru, enda sjást engar leifar af stokki eða öðrum umbúnaði sem sést stundum við refagildru.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorláksstaðir, 1

GK-318:014 Skothúsflatir örnefni skotbyrgi

"Neðan undir fjallinu [Meðalfelli], austan til, eru Skothúsflatir," segir í örnefnaskrá. Nú er ekki vitað hvar Skothúsflatir voru nákvæmlega og ekki fengust heldur upplýsingar um það hjá heimildamönnum á Þorláksstöðum eða í Eyjum, en sennilega er þetta ekki fjarri merkjum á mót Eyjum undir Meðalfelli.

Ágætlega er gróið undir fjallinu en sumstaðar grýttir ásar sem ganga fram í mýrarnar fjær.

Gengið var um svæði sem helst þóttu koma til greina, m.a. í nágrenni við meintan Gildurás - en staðsetning hans er reyndar líka óljós. Ekkert fannst sem minnt gæti á Skothústóft. Lítið rask hefur orðið á svæðinu en þó hefur nýlega risið einn sumarbústaður undir Meðalfelli að austan.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorláksstaðir, 1

GK-318:015 Réttarbrekkur tóft rétt

64°18.891N 21°31.315V

"Skammt frá Ásklifi er Einbúi, neðan undan Réttarbrekkum," segir í örnefnaskrá. Réttarbrekkur eru mjög líklega kenndar við grjóthlaðna rétt sem er tæplega 1 km suðsuðustur af bæjarhól 001 og um 200 m suðvestur af beitarhúsatóftum í Borgardal 022.



Réttin er hlaðin í skjóli klettótttra hæða, ofarlega í hvílt milli tveggja ása.

Greinileg rétt, hlaðin vestan undir þráðbeinum berggangi sem gegnur fram til norðausturs úr klettóttum hól. Gangurinn er 10 m langur, þverhníptur og um 2 m hár að vestanverðu og hann þjónar sem aðhald að suðaustan. Réttin er hér um bil þríhyrnd í laginu. Aðalhliðin er að norðanverðu, tvöföld grjóthleðsla sem liggur austur-vestur. Hún er rúmlega 10 m löng, 0,8 m há og sjást í hleðslunni 5-6 umför af grjóti. Suðurhliðin er rúmlega 8 m löng, hlaðin meðfram brekkurótum og er að mestu hrunin. Rekið hefur verið inn að norðaustan og vottar fyrir aðrekstrargarði utan við réttina, austan megin við opið og í beinu framhaldi af bergganginum. Garður sá er um 8 m langur

og ekki veglegur. Ekki vottar fyrir öðru hólfi við réttina og ekki hægt að fullyrða um hlutverk hennar.

Heimildir: Ö-Þorlaksstaðir, 1

GK-318:016 náma mógrafir

64°18.958N 21°30.860V

Mógrafir eru í mýri austan undir Meðalfelli, um 1,1 km suðaustur af bæjarhól 001. Vestan við grafirnar er ás, sennilega Langás.

Mógrafirnar eru í mjög blautri mýri og tjarnir í henni hér og þar. Grýttur ás er norðan og vestan við grafirnar.

Grafirnar sjást á svæði sem er alls um 60 m langt og 40 m breitt frá NA-SV. Svæðið er samfelld en innan þess sjást minni grafir, þær mest áberandi eru um 7 x 7 m stórar. Mikið er af vatni í gröfunum og því erfitt að meta dýpt þeirra - gæti þó verið rétt um hálfur metri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorlaksstaðir, 1

GK-318:017 varða landamerki

64°19.480N 21°32.322V

Varða er á Þorlaksstaðaás, á merkjum Þorlaksstaða og Hurðabaks.

Klapparholt sem er nokkuð gróið, aðallega mosa og lyngi.

Varðan stendur vel. Hún er um 2 x 1,5 m stór í grunninn og um 70 sm há. Dálítið hefur hrunið úr vörðunni, þá helst til norðvesturs. Varðan blasir við frá Þorlaksstöðum og gæti hafa verið notuð sem eyktamark þaðan.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorlaksstaðir, 1



Varða á Þorlaksstaðaás, horft í norður.

GK-318:018 heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var úthús á bæjarhól 001, um 5 m suðaustan við bæjarhúsin. Nú er 30-40 ára gamalt íbúðarhús á bæjarhólnum.

Erfitt er að meta nákvæma staðsetningu útihússins en öll ummerki um eldri byggingar á hólnum eru horfnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-318:019 Borgarskarð tóft beitarhús

64°19.031N 21°31.116V

"Vestan við Langásmýrina er Langásinn og þar fyrir vestan Borgarás. Skarðið á milli þeirra heitir Borgarskarð. Í því skarði voru lengi fjárhús frá Þorlaksstöðum," segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum við örnefnaskrá segir að menn hafi farið út á Borgir þegar farið var í fjárhúsin. Tóftin er enn mjög greinileg. Hún er rúma 800 m suðaustur af bæjarhól 001.

Tóftirnar eru í Borgarskarði, sem er fremur grunnt skarð milli tveggja ása.

Tóftin er mjög greinileg, alls 21 x 14 m stór frá norðvestri til suðausturs. Hún samanstendur af tveimur

fjárhúshólfum og eru bæði með garða og svo hlöðu aftan eða sunnan við. Bæði fjárhúsin snúa með dyr í norðvestur. Austara húsið er lengra, alls um 9 x 3 m að innanmáli en það vestara er um 5 x 3 m að innanmáli. Leifar hlaðinna garða eru mjög greinilegar í báðum hólum. Hlaðan er 5 x 3 m að innanmáli og snýr þvert á fjárhúsin. Aðeins mótur óljóst fyrir dyrum milli beggja húsa og hlöðu. Beitarhúsin standa á hól sem mjög sennilega uppsafnaðar mannvistarleifar að einhverju leyti, enda er hann gróskumikill og kúptur. Bendir það til að eldri mannvirki hafi staðið á honum áður en þessi hús voru reist, en þau hafa sennilega verið notuð fram á 20. öld. Í sömu átt bendir einmitt örnefnið Borgarskarð - að fjárborg hafi verið í skarðinu áður en beitarhús komu til.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorlaksstaðir, 1-2; Ö-Þorlaksstaðir ath, 1

GK-318:020 tóft heystæði

64°19.054N 21°31.084V

Stök tóft er um 30 m norðaustan við hól með fjárhústóftum 019.

Purrt, lágt holt í mýrarjaðri. Tóftin minnir á heystæði, hún er regluleg en innra byrði mjög ógreinilegt. Stærð alls um 4 x 4 m og hleðsluhæð mest um 0,4 m, hvergi sér í grjót. Skorningur gengur eftir tóftinni endilangri frá norðri til suðurs, hugsanlega kindagata.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorlaksstaðir, 2

GK-318:021° heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var úthús á bæjarhól 001, um 10 m sunnan við útihús 018.

Nú er 30-40 ára gamalt íbúðarhús á bæjarhólnum.

Erfitt er að meta nákvæma staðsetningu útihússins en öll ummerki um eldri byggingar á hólnum eru horfnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-318:022 Rústir þúst heystæði

64°19.731N 21°31.821°V

"Skammt frá þeim [Svörtumóum] eru rústir (gamlar hleðslur kringum heystakk)," segir í örnefnaskrá. Þessi lýsing á sennilega við tóft í framræstu engjastykki um 650 m norður af bæ 001.

Marflatar, framræstar engjar með djúpum skurðum.

Greinileg, manngerð þúst en ekkert lag á henni. Hún er eins og þúfnabingur sem sker sig úr flatanum, um 20 x 10 m stór frá norðvestri til suðausturs. Hæð er mest um 1 m. Víða glittir í grjót á milli þúfna sem hlýtur að vera aðflutt. Þess má geta að áveitugarður 027 liggur að rústinni úr suðvestri og ekki ólíklegt að hún sé samtíða honum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorlaksstaðir, 2

GK-318:023 vegur samgöngubót

64°19.612N 21°32.100V



Upphlaðinn vegur liggur yfir mýri vestan bæjar. Suðurendi hans er rétt um 500 m norðvestur af bæ, skammt vestan við núverandi heyrúllustæði. Blaut mýri sem þó hefur að miklu leyti verið framræst.

Vegarspottinn er alls hátt í 100 m langur og liggur til norðnorðausturs en fjarar þar út. Hann er reglulegur og mjög greinilegur, 3 m breiður og 0,3 m hár. Hann virðist torfhlaðinn, í það minnsta sér hvergi í grjót. Ekki er ósennilegt að vegurinn tengist heyskap á engjum Þorlaksstaða, en áveitugarðar 027 og heystæði 022 eru á svæðinu norðan við.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorlaksstaðir, 3

Upphlaðinn vegur 023, horft til norðurs.

GK-318:024 *Helguhóll* þjóðsaga huldufólksbústaður

64°19.292N 21°31.931V

"Helguhóll er ofarlega í túni. Þar býr kona, sem gerir vart við sig bæði í draumi og á annan hátt," segir í örnefnaskrá. Tveir áberandi hólar eru um 200 m suðvestur af bæjarhól og Helguhóll hlýtur að vera annar þeirra þótt ekki sé nafnið þekkt í dag. Þýft tún er umhverfis, nú notað til beitar.

Hólarir virðast náttúrulegir að stofni til. Sá vestari er nokkuð lægri en hinn. Þeir eru að mestu grónir. Vesturhóllinn er nokkuð rústalegur, þ.e. úr fjarska virðist hann reglulegur og líklegur til að geta innihaldið upphlaðnar mannvistarleifar. Þó vottar fyrir klettum í honum ofarlega norðantil sem gætu mælt gegn þessu. Að svo komnu máli verður því varpað fram að þetta sé líklegasti staðurinn til að vera gamla bæjarstæðið á Þorlaksstöðum, það sem fór undir snjóflóð á því herrans ári 1624. Alls er hóllinn um 40 x 30 m stór A-V en suðurbrún hans er ógreinileg og rennur saman við hlíðina.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Þorlaksstaðir, 4**GK-318:025** tóft rétt

64°19.138N 21°32.046V

Réttartóft er uppi í hlíð skammt utan túns, rétt um 500 m SSA af bæjarhól 001. Réttin er í fremur brattri hlíð norðan í Meðalfelli og er grösugt allt í kring. Lítil foss fellur niður vestan við réttina. Réttin er grjóthlaðin og einföld, um 12 x 9 m stór frá austri til vesturs en mjókkar heldur í austurátt. Mikið hefur hrunið úr henni og einnig virðist grjót hafa fallið á hana ofan úr klettunum í fjallinu. Hæst er réttin rúmur metri á hæð. Grjótið er vel vaxið mosa og fléttum og hefur sennilega verið tekið úr hlíðinni, enda feykinnóg hleðslugrjót allt í kring. Ekki er ljóst hvar rekið hefur verið inn í réttina.

Hættumat: hætta, vegna skriðufalla*Rétt 025, horft í norðvestur.***GK-318:026** heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús á bæjarhól 001. Það hefur verið 30-40 m suðaustur af bæjarhúsum og um 20 m suðaustan við útihús 021°. Nú er 30-40 ára gamalt íbúðarhús á bæjarhólnum.

Erfitt er að meta nákvæma staðsetningu útihússins en öll ummerki um eldri byggingar á hólnum eru horfnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**GK-318:027** garðlag áveita

64°19.677N 21°31.64°3V

Hlaðnir áveitugarðar eru á engjum norðvestur af Þorlaksstöðum.

Blaut, marflöt mýri sem nú hefur verið framræst að miklu leyti með djúpum skurðum. Þar ganga hross á stykkjum. Garðarnir eru að minnsta kosti þrír talsins á svæði sem er tæplega 300 x 300 m stórt og er hér að mestu leyti lýst af loftmynd. Allir liggja þeir SSV-NNA hér um bil samsíða. Sá austasti, A, er um 360 m NNA af bæ. Hann er alls um 200 m langur. Garður B er rúmunum 100 m vestar, alls um 260 m langur. Sá þriðji, C, er rúma 170 m vestur af B, alls um 270 m langur. Við norðurenda hans er heystæði 022. Aðeins garður C var skoðaður á vettvangi. Hann er um margt dæmigerður áveitugarður, sýnilega torfhlaðinn, um 0,4 m hár og á móta breiður. Skurðleifar eða þæla sést meðfram honum að austanverðu. Ekki er ljóst hvað garðarnir eru gamlir en þó ekki ólíklegt að þeir séu frá því seint á 19. eða snemma á 20. öld. Þeir eru greinlega eldri en skurður sem liggur um engjarnar frá austri til vesturs, enda hefur hann verið grafinn gegnum þá. Leifar af lækjarfarvegi liggja um svæðið sem áveitugarðarnir eru á, frá austri til vesturs. Lækurinn sá rennur nú í skurði norðan við garðana.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**GK-318:028** tóft heystæði

64°19.722N 21°31.64°3V

Á loftmynd á GoogleEarth mótast fyrir tóft á engjum Þorlaksstaða, rétt um 150 m austur af Rústum 022.

Mýrlendi. Tóftin var ekki skoðuð á vettvangi en er nokkuð greinileg á myndinni. Hún er einföld, um 10 x 6 m A-V og virðist vera dyraop að vestanverðu en tóftin mjókkar nokkuð í þá áttina.

Hættumat: engin hætta

GK-323 Blönduholt

12 hdr 1705. Jarðarinnar er ekki getið í heimilum fyrr en 1616. Jarðabréf, 18.

Blönduholtsskot eyðihjáleiga í byggð frá um 1665 til um 1700.

1917: Tún allt sléttað 3 teigar, garðar 1280m². "Þegar Jón Stefánsson, faðir minn, kom að Blöndholti 1891 (að mig minnir), var allt túnið karga stórþýft, utan ein stór flöt, rúm hálf dagslátt, sem búið var að slétta, hún var kölluð Stóraflöt [hún var í hallanum norðaustan við bæinn]. Hann sléttaði túnið allt með handverkfærum. Þegar það var búið, ræsti hann mýrarstykki neðan við túnið [mýrin var kölluð Veitan, hún var á milli túnsins og Stöðuls], og hafði lokið að slétta það líka, áður en vinnuvélar komu til sögunnar. Hann flutti frá Blöndholti 1935, þá orðinn gamall og mjög lúinn. Verst held ég grjótið hafi farið með hann, sem kom úr þúfunum. Það setti hann allt í garða utan við túnið. Seinni árin, sem hann var við sléttun, þoldi hann ekki að rista ofan af, en var mikið við að stinga (pæla) og þekja." Ö-Blönduholt, 5

GK-323:001 Blönduholt bæjarhóll bústaður



Bæjarhóllinn í Blönduholti, horft í norður.

64°19.529N 21°38.585V

"Bærinn í Blöndholti stendur utan í móaholti eða kargaþýfi, sem ekki hafði nafn svo að Bjarni vissi til. Engar skýringar kann hann á nafni bæjarins, en segir að sumir hafi viljað bera það fram "Blundholt", en menn eru þó engu nær um merkinguna", segir í örnefnaskrá. Nýbýlið Fell var byggt út úr jörðinni árið 1960 og stendur um 530 m norðvestur af Blönduholti. Tvíbýli er í Blönduholti en þar er ekki lengur hefðbundinn búskapur.

Bærinn stóð suðvestan í holti sem er nokkuð hátt, á því er nú sléttað tún. Umhverfis holtið er mýrlent, en víðast er búið að ræsa mýrarnar fram og rækta tún.

Ekki er eiginlegur bæjarhóll í Blönduholti en mikið rask hefur orðið á bæjarstæðinu. Steypt fjárhús eru nú þar sem bærinn var áður og

litlu norðar er steypt íbúðarhús sem er nokkuð gamalt, með kjallara. Byggt hefur verið við það hús og standa framkvæmdir enn yfir. Grafið hefur verið frá húsinu sunnan- og austanmegin. Einnig hefur verið grafið frá suðurhlíð fjárhúsa og eru þau sjálf niðurgrafin. Heimreiðin að bænum liggur nú úr suðvestri að bænum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Blönduholt, 4

GK-323:002 heimild um útihús

64°19.538N 21°38.557V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var þrískipt útihús fast ofan og norðan við bæ 001.

Það hefur líklega staðið fast norðan við steypt fjárhús, ofarlega á holtinu. Þarna er lítil óræktarblettur. Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-323:003 heimild um útihús

64°19.581N 21°38.706V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var þrískipt útihús í norðvesturhluta túnsins, um 120 m norðvestan við bæ 001.

Húsið hefur staðið undir afleggjara heim að Blönduholti II eða í túninu norðvestan við hann. Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-323:004 heimild um útihús

64°19.516N 21°38.537V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var lítið tvískipt hús fast við gamla afleggjarann heim að bænum, um 40-50 m suðaustur af bæ 001.

Harðlent en grösugt sléttað tún. Enn sést vel til gamla afleggjarans og ráð gert fyrir því að hann sé sá sami og sýndur er á túnakorti.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-323:005 heimild um útihús


64°19.499N 21°38.536V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var lítið útihús um 30 m sunnan við útihús 004 og um 65 m suðaustan við bæ 001. Sléttað tún. Fast norðan við er lítil klöpp í túninu og sunnan við er skurður.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



Blönduholt: Minjar í túni. Byggt á túnakorti frá 1917.

GK-323:006 garðlag


túngarður

64°19.600N 21°38.493V

"Örnefni í Blöndholtstúni voru þessi þegar Bjarni man fyrst eftir: Að vestan var Túnhali. Að norðan: Klappir norðvestast, Markalág í norðri, austar Gerði, sem var innan við grjótagarð og dró af honum nafn. Garðinn hlóð faðir Bjarna úr grjóti, sem hann tók úr túninu (sjá síðar)," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti var túngarður meðfram norðanverðu túninu og er það líklega sami garður og faðir Bjarna hlóð. Hann er enn greinilegur að mestu leyti. Lítið gerði er nærri vesturenda túngarðsins, á milli hans og garðlags 024. Það er um 150 m norðaustan við bæ 001.

Garðurinn og gerðið eru í túnjaðri. Utan við garðinn er blautlendur þýfður mói og ræktuð tún í Grafarmýri 017.

"Loks segir í handriti Bjarna: "Þegar Jón Stefánsson, faðir minn, kom að Blöndholti 1891 (að mig minnir), var allt túnið karga stórpýft, utan ein stór flöt, rúm hálf dagslátt, sem búið var að slétta, hún var kölluð Stóraflöt [hún var í hallanum norðaustan við bæinn]. Hann sléttaði túnið allt með handverkfærum. Þegar það var búið,



ræsti hann mýrarstykki neðan við túnið [mýrin var kölluð Veitan, hún var á milli túnsins og Stöðuls], og hafði lokið að slétta það líka, áður en vinnuvélar komu til sögunnar. Hann flutti frá Blöndholti 1935, þá orðinn gamall og mjög lúinn. Verst held ég grjótið hafi farið með hann, sem kom úr þúfunum. Það setti hann allt í garða utan við túnið. Seinni árin, sem hann var við sléttun, þoldi hann ekki að rista ofan af, en var mikið við að stinga (pæla) og þekja," segir í örnefnaskrá. Frá Klöppum við norðvesturenda garðsins er grjótruðningur úr túninu eða óvönduð hleðsla sem m.a. er gerð úr miklu stórgrýti. Þessi hleðsla er um 60 m löng en um 3 m utan við hana og samsíða að hluta er sjálfur túngarðurinn sem byrjar skammt austan við Klappir. Túngarðurinn er grjóthlaðinn og vel greinilegur enn. Hleðslur í

honum eru þó hrundar. Garðurinn er mjög gróinn þar sem hann endar í suðausturenda túnsins og við vesturenda hans liggur mjór og grunnur skurður frá honum um mýrarmóa. Túngarðshleðslan sjálf er um 160 m löng og breiðust um 1 m. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Milli túngarðs og garðlags 024 er um 3 m og ógreinilegar hleðslur loka af lítið gerði milli garðanna. Það er að innanmáli 12 x 3 m og snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Blönduholt, 5

GK-323:007 *Blönduholltskot* bæjarstæði býli

64°19.501N 21°38.726V

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Blönduholltskot, hjáleiga, hefur hjer verið bygð, fyrst í manna minni innan 40 ára, en nú í eyði legið næstu fimm ár." Helgi Jónsson telur að kotið hafi verið framan við bæjarstæði Blönduholts, líklega til suðvesturs. Líklegasti staðurinn er á lágri hæð norðan við núverandi afleggjara heim að Blönduholti I. Er um 125 m vestan við bæ 001. Á milli hæðarinnar og bæjarstæðis er lægð sem hefur verið blaut en nú er í henni skurður. Tún er á hæðinni en efst er dálítill óræktarblettur.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM III, 397

GK-323:008 náma mógrafir

64°19.971N 21°39.348V

Greinilegar mógrafir eru nýrst og vestast í Blönduholtslandi, tæplega 1 km norðvestur af bæ 001.

Framræst mýrlendi, nú hestagirðing.

Allgreinilegar uppgrónar grafir á svæði sem er um 30 x 15 m stórt N-S. Þær eru þurrar og mest um 0,5 m djúpar. Skv. Helga Jónssyni var síðast tekinn mór á þessum stað milli 1940 og 1950. Mórinn var seldur til Keflavíkur, sennilega í staðinn fyrir fiskmeti. Helgi telur að mórinn hafi verið góður.

Hættumat: engin hætta

GK-323:009 *Naust* örnefni naust

64°20.037N 21°39.313V

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Heimræði má vera um vor, sumar og haust, þá fiskur er á Hvalfirði." "Skammt innan við Leynislæk, með sjónum, er lítill slakki, Naust, þar innar Naustaklettur og Naustamýrabakki. Í tíð Bjarna var varla útræði svo að heitið gæti úr Laxvogi, enda lítinn fisk að hafa inni á Hvalfirði," segir í örnefnaskrá. Naust er nánast við norðvesturmerki jarðarinnar, 40-50 m austan við Leynislæk.

Naust hefur verið í slakka þar sem land er lægst við sjóinn. Þar stendur nú bátaskemma úr timbri, með torfbaki. Lítill vík er framan við. Engar minjar sjást á staðnum.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM III, 396; Ö-Blönduholt, 2

GK-323:010 *Stekkholt* örnefni stekkur

64°19.788N 21°39.001V

"Þarna upp af, austan við Leynislæk, er Naustamýri, austan hennar Stekkholt, þar stendur nú býlið Fell og holtið er nú grasivaxið tún. Þar austur af er Stekkjarsund (mýri), síðan Blöndholtslækur, sem á upptök ofan við Þúfu, rennur austan við Þúfu áfram norður, beygir vestur fyrir Blöndholt og ofan í sjó," segir í örnefnaskrá. Helgi Jónsson mundi eftir tóft vestan við norðausturenda Stekkholts. Það er nú komið í tún. Stekkholt er um 450 m norðvestan við bæ 001. Stekkholt er gróið og að mestu komið í tún. Það liggur NA-SV og lækkar til norðausturs, endar við þjóðveg.



Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Blönduholt, 2

GK-323:011

Kerlingahóll

tóftir

leikvöllur

64°19.660N 21°38.549V

"Stutt norðan við túnið í Blöndholti er Kerlingahóll, strýtumyndaður hóll og klappir í honum. Þar var oft leikvöllur barna," segir í örnefnaskrá. Norðvestan við Kerlingahól er lítil tóft og dálítill hleðsla sem er um 240 m norðaustan við bæ 001. Kerlingahóll er hæsti punktur á holti norðaustan við túnið. Suðaustan við hólinn er smápýfður mói en til norðurs eru nokkuð brattar brekkur. Tóftin er grjóthlaðin en orðin ógreinileg. Hún er um 3 x 2,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, opin í suðvesturenda. Neðst í veggjum er nokkuð stórt grjót en ofar er smátt grjót og er mesta hleðsluhæð um 0,2-0,3 m. Í suðurhorni

tóftar er dálítill þúst sem er um 1 x 1 m og í henni er járnarusl, líklega úr gamalli eldavél. Um alla tóftina er spýtnabrák. Líklegt er að þessi tóft sé gamalt útihús sem síðar hafi verið notað sem bú fyrir börn að leika sér í. Uppi á Kerlingahól, um 5 m suðaustan við tóftina, er lítil ferhyrnd hleðsla, um 0,7 m á kant og um 0,2 m háar hleðslur. Í veggjum er einföld röð smárra steina og gróid yfir þá að hluta. Stærð minjasvæðisins er um 9 x 4 m og snýr NV-SA

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Blönduholt, 2

GK-323:012 *Móholt* náma mógrafir

64°19.766N 21°38.713V

"Neðar og norðar í hallanum er Móholt, þar neðar Vetrarmýri, sem dregur e.t.v. nafn af því að þar var góð vetrarþrá," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru um 450 m norður af bæ 001. Mógrafir eru norðvestan við Móholt við landbrot þar sem lækur rennur um mýrina, sunnan við þjóðveg, rétt við hann. Mýrin er framræst. Móholt er blásið og grýtt. Mógrafirnar eru nokkuð stórar, um 70 x 40 m, snúa NV-SA. Skurður sker í gegnum þær. Dýpstar eru þær um 1 m, þurrar að mestu og smápýfðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Blönduholt, 2

GK-323:013 *Stöðull* heimild um kvíar

64°19.372N 21°38.730V

"Sunnan við túnið í Blöndholti er Stöðull, móamelur, þar var tóft. Aldrei var mjólkað þar í tíð Bjarna. Kýr voru mjólkaðar í hallanum vestan við túnið (ekkert nafn) [014]. Kýr voru mjólkaðar úti að staðaldri a.m.k. fram til 1914. Fé var haft í kvíum ofan við sama halla [015]. Fært var frá í Blöndholti eitthvað fram yfir 1920," segir í örnefnaskrá. Ekki er nákvæm staðsetning kvíanna þekkt en líklega hafa þær verið um 300 m suðvestan við bæ 001, skammt sunnan við nýlega skemmu.

Sléttad tún er á svæðinu og mikill skurður er suðvestan við það sem skilur á milli þess og Torfholts. Minni skurðir eru norðvestan- og norðaustan við svæðið. Líklega hefur verið nokkuð þurrlent á þessum stað og hallar landinu til norðausturs.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Blönduholt, 3

GK-323:014 heimild um kvíar

64°19.559N 21°38.779V

"Sunnan við túnið í Blöndholti er Stöðull [013], móamelur, þar var tóft. Aldrei var mjólkað þar í tíð Bjarna. Kýr voru mjólkaðar í hallanum vestan við túnið (ekkert nafn). Kýr voru mjólkaðar úti að staðaldri a.m.k. fram til 1914. Fé var haft í kvíum ofan við sama halla [015]. Fært var frá í Blöndholti eitthvað fram yfir 1920," segir í örnefnaskrá. Helgi Jónsson taldi hallann vestan við túnið vera neðan og vestan við horn á afleggjara heim að Blönduholti II. Grasgefinn mói sem hallar niður að Blönduholtslæk. Skurður liggur úr suðaustri í lækinn. "Þegar Bjarni Jónsson, heimildarmaður þessarar skrár, hafði lesið hana yfir, gerði hann eftirfarandi athugasemdir: Milli nr 26 og 27: Kýr voru einungis mjólkaðar úti þegar veður var gott. Hann þorir ekki að segja um hve lengi það tíðkaðist, Síðast var færð frá í Blöndholti 1924," segir í örnefnaskrá. Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Blönduholt, 3, 5

GK-323:015 heimild um kvíar

64°19.561N 21°38.757V

"Sunnan við túnið í Blöndholti er Stöðul [013], móamelur, þar var töft. Aldrei var mjólkað þar í tíð Bjarna. Kýr voru mjólkaðar í hallanum vestan við túnið (ekkert nafn) [014]. Kýr voru mjólkaðar úti að staðaldri a.m.k. fram til 1914. Fé var haft í kvíum ofan við sama halla. Fært var frá í Blöndholti eitthvað fram yfir 1920," segir í örnefnaskrá. Kvíarnar hafa að líkindum verið í sama móastykki og kvíar 014.

Grasgefinn mói sem hallar niður að Blönduholtslæk. Milli túns og móans er mikill skurður sem liggur frá afleggjara til norðvesturs. "Þegar Bjarni Jónsson, heimildarmaður þessarar skrár, hafði lesið hana yfir, gerði hann eftirfarandi athugasemdir: Milli nr 26 og 27: Kýr voru einungis mjólkaðar úti þegar veður var gott. Hann þorir ekki að segja um hve lengi það tíðkaðist, Síðast var fært frá í Blöndholti 1924," segir í örnefnaskrá. Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Blönduholt, 3, 5

GK-323:016 Torfholt örnefni rista

64°19.343N 21°38.750V

"Skammt sunnan við Stöðul [013] er Torfholt," segir í örnefnaskrá. Helgi Jónsson man hvorki eftir að torf væri rist við Torfholt né eftir ummerkjum um ristu þar. Torfholt er um 350 m suðvestan við bæ 001.

Torfholt er nokkuð hátt, blásið og grýtt en þýfður gróðurkragi er umhverfis holtið, neðarlega. Mýrar hafa líklega verið allt í kringum holtið og þar er líklegt að hafi verið mó- og/eða torftekja. Nú eru mýrarnar framræstar.

Ekki sjást merki um ristu við Torfholt í landi Blönduholts en holtið er á merkjum móti Þúfu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Blönduholt, 3

GK-323:017 Grafarmýri örnefni mógrafir

64°19.568N 21°38.361V

"Norður úr henni rennur út í Skorá Grafarlækur. Krókurinn, þar sem keldan fellur niður í lækinn, heitir Grafarlæksbotnar, og Grafarlækskjafur, þar sem lækurinn kemur í Skorá. Vestan við Grafarlæk, en austan við grafarhring, sem er austan við túnið í Blöndholti, heitir Grafarmýri. Inn í Grafarmýri skerast að norðanverðu tvö holt, hið eystra er Langholt, vestar Litlaholt," segir í örnefnaskrá.

Framræst mýri. Tún hefur verið ræktað í mýrinni norðvestanverðri.

Helgi Jónsson mundi eftir mógröfum þar sem túnin eru í mýrinni. Hvorki var hægt að sjá greinilega af loftmynd eða á vettvangi hvort mógrafir væru sýnilegar í öðrum hlutum Grafarmýri. Mýrin hefur öll verið framræst en tún hafa aðeins verið ræktað í hluta af henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Blönduholt, 3

GK-323:018 Gerði örnefni

"Örnefni í Blöndholtstúni voru þessi þegar Bjarni man fyrst eftir: Að vestan var Túnhali. Að norðan: Klappir norðvestast, Markalág í norðri, austar Gerði, sem var innan við grjótagarð og dró af honum nafn. Garðinn hlóð faðir Bjarna úr grjóti, sem hann tók úr túninu (sjá síðar)," segir í örnefnaskrá. Ekki sjást nein mannvirki innan við túngarð önnur en gerði það sem nefnt er með túngarði 006 og kann það að vera Gerði það sem hér er skráð.

Hættumat: engin hætta

GK-323:019 Grænhólsgrafir örnefni mógrafir

64°19.209N 21°38.337V

"Þar upp af, austan við Grafarlæk, er Grænhólsmýri og Grænhólsgrafir," segir í örnefnaskrá. Af loftmynd og á vettvangi má sjá nokkrar mógrafir í mýri þessari sem er um 600 m sunnan við bæ 001.

Mýrin er stórþýfð og eru melholt norðvestan og suðaustan við hana en Skorá er við norðausturenda hennar. Mikill skurður er eftir mýrinni endilangri og annar meðfram suðausturjaðri hennar. Lækur rennur eftir mýrinni þar sem hún er lægst til norðausturs í Skorá. Í Grænhólsmýri eru 4 mógrafir á svæði sem er um 630 x 130 m að stærð og snýr NA-SV. Vestustu mógrafirnar eru ekki ýkja stórar, um 130 x 30 m og snúa NV-SA. Dýpstar er þær um 1 m og bleyta er í þeim víða. Þessar mógrafir eru afmarkaðar af skurði til norðurs og vegi til suðurs. Um 45 m norðaustan við þessar mógrafir eru aðrar nokkuð stórar, eða 140 x 90 m og snúa NA-SV. Þær eru vel grónar og nokkuð þurrar en lækur rennur um þær miðjar á milli skurða. Dýpstar eru þær um 1-1,3 m. Sunnan til er mikið þýfi en minna og smærri norðan til. Um 65 m norðan við þessar mógrafir eru aðrar, vel greinilegar, eru um 100 x 25 m, snúa NA-SV. Þær eru við læk sem rennur eftir mýrinni þar sem hún er lægst. Virðast ekki blautar og eru um 0,8 m djúpar. Eru grónar. Líklega er fjórða svæðið alveg niður við Skorá, það er um 80 x 25 m og snýr A-V. Ekki er ljóst hvað lækurinn hefur grafið hér og hvað er af mannavöldum. Mógrafirnar eru blautar sumsstaðar, um 1 m djúpar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Blönduholt, 3

GK-323:020 heimild um þvottastað

64°20.059N 21°37.987V

Rétt fyrir ofan sjávarmál er á ánni Þvottavað. Áður fyrr var þar oft skolaður þvottur frá Laxárnesi. Þjóðvegurinn lá yfir þetta vað þar til fyrir u.þ.b. 40 árum," segir í örnefnaskrá. Þvottastaðurinn er um 1,1 km norðaustur af bæ 001. Þvottastaðurinn er fáum metrum norðaustan við sumarhús sem er í árgilinu, Gilið er nokkuð djúpt við þvottastaðinn. Áin er um 5 m breið og grunn, ekki ýkja straumhörð. Gilbrekkur eru grónar. Skammt neðar í ánni til norðvesturs, er berggangur í árfarveginum og þar fram af er foss á ánni.

Ekki sést til minja.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:Ö-Blönduholt, 4

GK-323:021° Þvottavað heimild um vað

64°20.061N 21°37.983V

Rétt fyrir ofan sjávarmál er á ánni Þvottavað. Áður fyrr var þar oft skolaður þvottur frá Laxárnesi. Þjóðvegurinn lá yfir þetta vað þar til fyrir u.þ.b. 40 árum," segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 1,1 km norðaustur frá bæ 001.

Vaðið er fáum metrum norðaustan við sumarhús sem er í árgilinu, Gilið er nokkuð djúpt við vaðið. Áin er um 5 m breið og grunn, ekki ýkja straumhörð. Gilbrekkur eru grónar. Skammt neðar í ánni til norðvesturs er berggangur í árfarveginum og þar fram af er foss á ánni.

Bílfær vegur liggur að vaðinu báðum megin við ána.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:Ö-Blönduholt, 4

GK-323:022 vegur leið

64°20.060N 21°38.122V

"Rétt fyrir ofan sjávarmál er á ánni Þvottavað. Áður fyrr var þar oft skolaður þvottur frá Laxárnesi. Þjóðvegurinn lá yfir þetta vað þar til fyrir u.þ.b. 40 árum," segir í örnefnaskrá. Bílfær vegur er nærri sjávarbökkum í landi Blönduholts og liggur yfir gróðurlaust holt skömmu áður en hann fer niður í árgil Skorár. Hinum megin árinna, í landi Laxárness, liggur hann til norðurs og beygir aftur fljótlega til norðausturs. Vegurinn sést vel af loftmynd. Vegurinn er enn farinn af bílum og þarf að fara um hann að sumarhúsi sem er í árgilinu.

Vegurinn liggur yfir mýrar og gróðurlausa mela nærri sjávarbakkanum.

Vegurinn er ruddur, víða 2-2,5 m breiður og hefur verið ekinn nýlega.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:Ö-Blönduholt, 4

GK-323:023 garðlag túngarður

64°19.616N 21°38.665V

Skammt norðvestan við túnjaðar, í brekku niður að Blönduholtslæk er ógreinilegur grjótgardur, að öllum líkindum túngarður. Gardurinn er um 170 m norðvestan við bæ 001.

Beitarhólf fyrir hross. Garðlagið er í grýttri en gróinni brekku skammt norðvestan við véltækt tún.

Garðlagið er úr grjóti og liggur suðvestur-norðaustur. Garðlagið er um 33 m langt, um 1 m á breidd og um 0,7 m á hæð þar sem það er hæst. Tvö umför eru greinanleg í hleðslu. Gardurinn er víða vel gróinn. Mikið stórgrýti er í honum.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

GK-323:024 garðlag túngarður

64°19.602N 21°38.530V

Garðlag er í túnjaðri um 150 m norðaustan við bæ 001.

Garðlagið gengur út frá dálítlilli klöpp í túnjaðri. Utan við garðinn til norðausturs er blautlendur þýfður mói.

Frá Klöppum að norðvesturenda túngarðsins 006 er grjótruðningur úr túninu eða óvönduð hleðsla sem m.a. er gerð úr miklu stórgrýti. Þessi hleðsla er um 60 m löng en um 3 m utan við hana og samsíða að hluta er sjálfur túngarðurinn sem byrjar skammt austan við Klappir. Hleðslan er um 0,5 m á hæð og um 1 m þar sem hún er breiðust. Ef til vill er þetta garðlag eldri hluti túngarðs í Blönduholti og kann það að vera tengt garðlagi 023.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

GK-323:025 Smiðjutunga örnefni smiðja

64°19.509N 21°38.554V

"Sunnan til í túninu hét Smiðjutunga. Þar var ekki smiðja í tíð Bjarna, enda allt sléttá tún," segir í örnefnaskrá. Smiðjutunga er um 40 m suðaustan við bæ 001.

Smiðjutunga er sléttá tún sunnan við gamla afleggjarann. Meðfram túninu sunnanverðu er skurður.

Ekki sést til minja en á þessum túnbletti stóðu útihús 004 og 005.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar


Heimildir:Ö-Blönduholt, 4

GK-323:026 tóft fjárhús

64°19.356N 21°38.454V

"Kot það, sem Bjarni reisti 1922, hét Hóll og stóð þar sem hétu áður Stekkir [029], þar voru tættur. Þetta var

u.þ.b. 300 m í hásuður (hádegisátt) frá bænum í Blöndholti. Nú hefur þar allt verið jafnað við jörðu og er orðið að túni," segir í örnefnaskrá. Tóft er um 340 m sunnan við bæ 001, fast við veg 028. Tóftin er líklega af fjárhúsum sem kunna að hafa tilheyrt býlinu Hóli.



Tóftin er á allháu, grónu holti. Framræstar mýrar eru til allra átta og ræktuð tún milli tóftar og bæjar 001. Hrossabeit er í hólfinu.

Tóftin er greinileg og nokkuð víst að hér sé um útihús að ræða, líklega fjárhús. Tún hefur verið ræktað fast að tóftinni að vestan. Tóftin er torf- og grjóthlaðin. Hún er um 16 x 14 m stór og snýr NV-SA. Í norðvesturenda tóftar eru tvö stór hólfsamsíða, E og F, sem liggja þvert á stefnu tóftar og eru opin til suðvesturs. Þau eru um 9 x 2,5 m hvort um sig að innanmáli og í þeim miðjum virðast vera hrundir garðar en þeir ná ekki inn í enda. Ógreinilegt op er á milli hólfa E og F um 3 m frá norðausturenda, eða þar sem garðarnir enda. Norðaustan við hólfa E er lítið hólfa, um 3 x 3 m að innanmáli og er einnig garður eða veggur í því sem skiptir því. Ekki sést op á því. Norðvestast í tóftinni er hólfa sem liggur NA-SV og er um 4,4 x 2 m að innanmáli. Ógreinileg steinaröð er í suðvesturenda sem skiptir því. Á milli hólfa A og E eru tvö lítil hólfa sem snúa NV-SA og er hvort um sig 1,5-2 x 3 m á stærð. Ógreinilegur veggur skilur á milli þeirra. Ekki sjást op á hólfum A-C. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,4 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Blönduholt, 4-5

GK-323:027 heimild um uppsátur

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Skiptsuppsátur eigna menn jörðunni [Meðalfelli] í Blönduholtsslandi [...]" Ekki er vitað um uppsátur eða lendingu á öðrum stað en hjá Nausti 009 í landi Blönduholts. Eflaust hafa aðrir staðið komið til greina, til dæmis við Laxvog á merkjum Laxárness og Blönduholts, þar sem Skorá rennur til sjávar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM III, 408

GK-323:028 vegur leið

64°19.360N 21°38.426V

Gamall vegur liggur þvert yfir land Blönduholts, um 340 m sunnan við bæ 001. Hann sést vel á loftmynd í landi Blönduholts en sést illa eða ekki þegar komið er út fyrir Blönduholtssland.

Vegurinn liggur yfir blásin holt og framræstar mýrar. Vegurinn er ruddur og upphlaðinn í mýrum, hann hefur verið bílfær. Leiðinni var fylgt af Torfholti 018 til norðausturs að fjárhúsum 026 sem eru sunnan við bæ 001. Þaðan er heimreiðin að bænum, malarvegur yfir framræsta og ræktaða mýri. Vegurinn heldur áfram til norðausturs yfir Grafarmýri og Skorá yfir til Laxárness og áfram. Í lítilli mýri austan við Torfholt sést vel hvernig grafnar hafa verið rásir sitthvorum megin við veginn og jarðvegurinn notaður til að byggja upp veginn. Ekki er útilokað að þessi leið tengist leið GK-325:010 í landi Þúfu en ekki er hægt að sjá það af loftmynd eða vettvangi. Þessi vegur er líklega gamli vegurinn um sveitina og kann að vera byggður á eldri reiðleið.

Hættumat: engin hætta

GK-323:029 Stekkir heimild um stekki

"Kot það, sem Bjarni reisti 1922, hét Hóll og stóð þar sem hétu áður Stekkir, þar voru tættur. Þetta var u.þ.b. 300 m í hásuður (hádegisátt) frá bænum í Blöndholti [001]. Nú hefur þar allt verið jafnað við jörðu og er orðið að túni," segir í örnefnaskrá. Býlið hefur líklega staðið norðan eða norðvestan í holti því sem fjárhústóft 026 stendur á. Holtið er að hluta komið í tún en efst er það gróðurlítið og blásið.

Ekki er vitað úr hverju bæjarhúsin á Hóli voru byggð en líklegt er að þau hafi verið úr torfi og grjóti. Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-323:030 tóftir óþekkt


64°19.679N 21°38.502V

Tvær tóftir eru um 285 m norðaustan við bæ 001 og um 50 m norðaustan við leikvöll 011.

Tóftirnar eru norðvestanvert á sama holti og Kerlingahóll er á. Holtið er fremur gróðursnautt og grýtt.

Tóftirnar eru grjóthlaðnar, sú stærri er ferköntuð en sú minni hringlaga. Stærri tóftin er um 6 x 9 m og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin kann að hafa þjónað hlutverki réttar en ekki er útilokað að tóftirnar báðar tilheyri leikvelli 011 þó að það sé ólíklegt. Minni tóftin er um 1,5 m norðan við þá stærri og er um 2,5 m í þvermál. Veggir í tóftum eru hrundir og signir, um 0,2 -0,3 m á hæð. Grjót í hleðslum er meðalstórt og smátt. Ekki sjást op inn í tóftirnar. Þær standa efst í brekku mót norðvestri.

Hættumat: engin hætta



GK-324 Þúfa

20 hdr 1705 "Sýslumaður lætur Þúfu aðeins vera 14, en Þúfukot 6 h, að dýrleika, og efnir A.M. það með hér greindum leigumála." JJnm, 99. 1352/1397 og um 1478 á Reynivallakirkja hrossabeit í landi jarðarinnar (DI III 70-71, DI IV, 116-117, DI VI, 178-79) Þúfukot GK-325 hjáleiga í byggð 1705. Síðar byggt Litlaþúfa, eða Lindarbrekka. 1917: Tún 3 teigar að mestu slétt, garðar 1040m².

GK-324:001 Þúfa bæjarhóll bústaður




Bæjarhóllinn á Þúfu, horft til suðurs.

64°19.173N 21°39.329V

Bærinn í Þúfu stóð þar sem enn er gamalt íbúðarhús um 150 m norðvestur af nýrra íbúðarhúsi.

Hár og áberandi hóll, eini hóllinn í túninu. Á honum stendur húsið sem er steinsteypt og gæti verið frá um 1930. Enginn kjallari er undir því. Stakstætt útihús er suðvestan við húsið og braggalaga skemma vestar, í vesturjaðri hólans. Stór og ávalur hóll, allt að 40-50 m í þvermál. Hann hlýtur að vera náttúrulegur að mestu, en ekki er hægt að meta að hve miklu leyti hann er upphlaðinn. Hóllinn er allt að 5 m hár og frekar bratt niður af honum, sérstaklega til norðurs. Engar mannvistarleifar eru sjáanlegar á hólnum en þó eins og leifar af hleðslu eða grjóttstétt við norðausturhorn hússins. **Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Þúfa: Minjar í túni. Byggt á túnakorti frá 1917.

Heimildir:Túnakort 1917

GK-324:002 heimild um útihús

64°19.163N 21°39.324V

Skv. túnakorti frá 1917 voru tvö sambyggð útihús við austurjaðar gamla bæjarins 001. Snögggróinn hóll og sóleyjar í varpa. Að því gefnu að gamli bær hafi staðið á sama stað og steinsteypa húsið hefur þetta hús verið utan í austurhlíð bæjarhóls 001, en það er nú horfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

GK-324:003 heimild um útihús

64°19.165N 21°39.358V

Skv. túnakorti frá 1917 voru tvö útihús og heygarður um 10 m suðsuðaustur af bæ.

Utan í bæjarhól [001].

Það örlar á sléttum stalli utan í hólum en engar byggingaleifar sjást. Rabarbari vex utan í vegi fast sunnan við.

Heimildir:Túnakort 1917

GK-324:004 garðlag traðir

64°19.098N 21°39.562V

Leifar af einkennilegu mannvirki eru í brekkurótum milli Gerðis 009 og Lindarbrekku.



Garðlag 004, horft í austur.

Þúfukoti suður á bóginn en traðir verið hlaðnar um hann til að hlífa túnnum á Gerði.

Hættumat: engin hætta

GK-324:005 tóft stekkur

64°18.836N 21°39.682V

Tóft, sennilega stekkur, er gegnt Bæ, suðaustan undir fjalli tæpa 700 m suður af bæ [001]. Grasbali upp undir fjalli. Fleiri slíkir balar eru í kring en sundurskornir af blásnum drögum. Uppbornað lækjargil er fast norðan við og hross ganga á svæðinu. Lítil og sigin tóft, gróska í henni er nánast engin. Alls er hún um 8 x 4 m stór. Tóftin liggur frá norðri til suðurs og skiptist í tvö hólf, það nyrðra heldur minna. Rekið hefur verið inn í syðra hólf að austan. Hleðslur mikið signar en byggingin hefur líklegast verið úr torfi.

Hættumat: engin hætta


GK-324:006 tóft fjárhús

64°19.015N 21°39.305V


Í örnefnalýsingu segir: "Hóll heitir, þar sem Þúfu-fjárhúsin standa, og Hólasund er milli bæjarins og fjárhúsanna. Á þessum stað eru raunar enn fjárhús og eldri tóft norðan við þau. Þetta er rétt tæpa 300 m suður af bæjarhól 001.

Mót á grösugum túnbletti og mosavaxinni grjótbrekku.

Mannvirkið samanstendur af tveimur samhliða garðlögum sem liggja langsum meðfram brekkunni, hér um bil frá norðri til suðurs. Mannvirkið minnir helst á traðir en ekki er þó augljóst að það geti komið til greina hér, enda stefnan ekki tekin heim að bæ sem er langoftast raunin með traðir. Mannvirkið sést á alls rúmlega 60 m löngum kafla og er 4-5 m breitt að báðum hleðslum meðtöldum. Neðri veggurinn (eystri) sést yfirleitt betur og þar stendur víða grjót upp úr. Vesturveggurinn virðist hafa hrunið mikið niður á við og sést þar ekki mikið í grjót. Hæð garðlaganna er mest um 0,4 m. Helst er að giska á að þarna hafi legið vegur frá



0 2,5 5
metrar



Hár og gróinn hól.

Tóftin er fremst í hólum, 12x10 m stór og liggur frá norðri til suðurs. Tóftin er alveg opin í norður og hefur verið timburgafl. Engir garðar sjást og hefur sennilega verið rutt innan úr tóftinni. Fremur stórt grjót stendur víða út úr veggjum sem eru mest um 0,6 m háir og eru hvergi heilar hleðslur. Að austan virðist votta fyrir litlu sambyggnu hólfi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þúfa og Þúfukot, 1

GK-324:007 varða landamerki

"Þá er að rifja upp merki jarðarinnar. Móti Eyri og Eyrarkoti neðan frá Laxvogi er sá hluti af Galtargilslæk, sem heitir Arnhólslækur. Sá lækur upp í Galtargil og þá um Galtargilsbotna og upp í Skarðalág. Að sunnan uppi á fjalli ræður Skorá upp að vörðu á Skarðamel, sem er við Skarðalág," segir í örnefnaskrá. Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2007.

Heimildir: Ö-Þúfa og Þúfukot, 1

GK-324:008 Sel örnefni sel

64°18.548N 21°40.314V

"Enn hærra upp undir gljúfrunum er Sel. Ofar heitir Hlíðarhorn. Það er melhryggur, sem skerst þvert frá Skorárgljúfrum til norðurs í hnúk, sem heitir Miðaftanskista og var eyktamark fra Bæ," segir í örnefnaskrá. "Sel: Engar tóftir eru þar sjáanlegar. Þarna er grasbrekka og skjólgott," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Eftir því sem næst verður komist hefur Sel verið um 1,4 km suður af bæ 001. Er þá komið áleiðis upp í Skorárgljúfur. Mishæðott og sundurskorin brekka í halla mót austri. Talsvert þýfi og grænka þó nokkur. Engar heillegar tóftir sjást á þessu svæði en þó er ekki útilokað að það leynist í þýfinu. Staðurinn virðist óhentugur, beit lítil nema á afmörkuðu svæði og lítið hægt að sjá upp eða niður með ánni. Hugsanlega hefur Sel verið heldur neðar með ánni en allt svæðið var skoðað býsna vel með tilliti til fornleifa og hvergi fundust tóftir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þúfa og Þúfukot, 2; Ö-Þúfa og Þúfukot ath og viðb., 1

GK-324:009 Gerði þúst náthagi

64°19.115N 21°39.527V

"Suður af bæ í Þúfu er nefnt Gerði, vestan götunnar, en neðan við hólinn er stykki af túninu, sem heitir Stertur." Segir í örnefnaskrá. "Gerði var einhvers konar náthagi. Garðbrot var sjáanlegt umhverfis það," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Gerði er væntanlega stykki beint suður af bæjarhól 001, vestan við veg sem hefur legið að Þúfukoti. Hæsti punktur Gerðis er um 170-180 m suður af [001].

Stykki sem er nú hestagirðing. Skurðir hafa verið grafnir á tveimur stöðum í stykkinu en lækur rennur með því að sunnan. Stykkið er nokkuð þýft og hefur varla verið sléttað með jarðýtu.

Stykkið er hæst í miðju og þar er nokkur þúfnabingur sem gæti verið rústaleifar á svæði sem er um 20x20 m stórt og er þar skarpur kantur að austan. Fast sunnan við hólana er grjóthrúga, sennilega grjót sem hefur verið safnað úr stykkinu. Annars eru mannvistarleifar ekki greinilegar í Gerði og ekki sést nú garðbrot umhverfis það. Á loftmynd á GoogleEarth sést móta fyrir tóft austarlega í stykkinu. Hún virðist ferköntuð, um 8 x 7 m stór og gæti verið sama hesthús og hér er minnst á nr. 014. Einnig sést móta fyrir reglulegum ójöfnum þar vestan við en ekkert af þessu er augljóst á jörðu niðri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þúfa og Þúfukot, 2; Ö-Þúfa og Þúfukot ath og viðb., 1

GK-324:010 Litlaþúfa bæjarstæði býli

64°19.091N 21°39.606V

Sunnan við Gerðið [009] var kot, nefnt Litlaþúfa, en hlaut síðar nafnið Lindarbrekka. Vestur af Leynislæk er mýri, nefnd Mógrafamýri, og er efsti hluti Litlutungu, er fyrr var nefnd. Jörðin var í eigu Kjósarhrepps og var byggt þar yfir mann sem var á sveitinni, lítil baðstofa og hlöðukytra. Einnig var þar garður. "Halldór Sveinsson [...] reisti síðan húsmannsbýli í Þúfulandi er hann nefndi Litlu-Þúfu og bjó þar 1885-97." (HP Kjósarmenn, 430). "Sveinn Halldórsson [...] byggði sér húsmannsbæ á rústum Litlu-Þúfu og nefndi Lindarbrekku. Þar bjó hann 1917-30, en síðustu æviár sín var hann í Hafnarfirði." (HP Kjósarmenn, 431). Nú (2008) er ekki alveg ljóst hvar Litlaþúfa var. Hafi hún verið sunnan við Gerðið er þó líklegast að hún hafi verið uppi á nokkuð brattri hæð sem rís sunnan gerðis. Brött, mosavaxin og fremur grýtt brekka, flöt að ofan en þar er engin gróska.

Engin merki sjást um byggð en reyndar er spýtnabrák í mounum, einkum fremst í holtinu. Þar eru líka yfirgróin grjóthrúga, sennilega vörðuleifar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þúfa og Þúfukot, 3; HJ: Ljósmyndir I, 134; HP Kjósarmenn

GK-324:011 *Litlibær* bæjarhóll býli

64°19.064'N 21°38.499'E

Bær sem hét Litlibær var í Þúfulandi. Rústir hans eru greinilegar 700 m norðaustur af bæ. Skv. ritinu Kjósarmenn var búið í Litlabæ frá 1835-1944.

Áberandi hóll og leifar túns í kring. Þetta er nú sumarbústaðaland og hafa bústaðir verið reistir fyrir margt löngu bæði austan og vestan við hólinn. Á staðnum sjást minjar á svæði sem er alls um 160 x 80 m stórt frá norðri til suðurs. Áberandi hóll (A), kúptur og gróskumikill. Hann er alls um 30 m í þvermál og eru allar brúnir greinilegar nema að suðaustanverðu. Engar rústir sjást en miklar grjóthrúgur á tveimur stöðum uppi á hólnum og eru væntanlega úr rústum sem þar hafa verið. Á háhólnum eru þrjár raðir af steiptum



Stöplar undan húsi í Litlabæ 011, horft í norðvestur.

stöplum, alls 12 talsins, undan húsi sem hefur verið um 10x5 m stórt og snúið frá norðri til suðurs. 50 m sunnan við rústahól (A) er grjótlaus þúst (B), 10x5 m stór og snýr frá norðri til suðurs. Hún er iðagræn með reglulega lögun og er hæð hennar um 1 m. Sennilega er þústin leifar af útihúsi sem fyllt hefur verið upp í. Grjótgarður (C) hefur verið umhverfis túnið. Hann sést fyrst við veg um 70 m suðaustur af (A). Hefur sennilega verið rifinn handan hans. Sokkin grjóthleðsla um 1 m breidd og jarðlæg. Garðurinn liggur til austurs en sveigir svo í norður og norðvestur. Hann endar svo að segja við veg sem liggur inn í hverfið en einhverjar dreifar sjást þó í túni handan vegarins. Grjótgarðurinn og minjasvæðið er teiknað inn á kort aftast í skýrslunni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HP Kjósarmenn, 327 og 331

GK-324:012 *Kvíaflatir* örnefni kvíar

64°19.091'N 21°39.516'E

"Sunnan við Þúfubæ, upp með læknum, eru Kvíaflatir," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Sennilega eru þetta flatirnar vestan við bæjarlækinn og norðaustan undir Lindarbrekku 010.

Sléttar flatir og grösugar, nú hestagirðing.

Óvíst er hvort þetta svæði hefur verið sléttað en engar minjar sjást. Ekki er óhugsandi að kvíarnar hafi verið færirkvíar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þúfa og Þúfukot ath og viðb., 3

GK-324:013 *Móradý* þjóðsaga draugur

64°19.189'N 21°39.606'E

"Enn munnmæli, á milli Þúfu og Þúfukots var stórt dý, sem ræst var fram kringum 1930, Móradý. Ofan í það dý missti Móri annan skinnsockinn, á leið framan úr Kjós, þar sem Kortsætt bjó á hverjum bæ, og út að Eyri, en þar bjó og afkomandi Kortanna, og var berfættur á annarri löppinni eftir það. Er víst enn, því ekki kom skinnsockkurinn í leitirnar, þegar dýið var ræst fram." Dýið var þar sem nú er skurður meðfram veginum að Þúfukoti, um 220 m norðvestur af bæjarhól 001.

Skurðurinn liggur frá austri til vesturs, og vex stór í botni. Myndarleg trjárækt er á báðum bökkum.

Móradý er horfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þúfa og Þúfukot ath og viðb., 3

GK-324:014 heimild um hesthús

Á túnakorti frá 1917 segir: "Túnblettur við hesthús s.v. frá bænum, um 1400 m², talinn með." Sá blettur er þó ekki teiknaður með kortinu og ekki alveg ljóst hvar hann hefur verið. Sennilegast er þó að átt sé við Gerði og þar sjást einmitt leifar af tóft, sjá 009.

Heimildir: Túnakort 1917

GK-324:015 heimild um lendingu

1705: "Heimræði má vera vor og haust, þá fiskur gengur inn á Hvalfjörð." Nú er ekki ljóst hvar lent hefur verið fyrir Þúfulandi.

Heimildir:JÁM III, 395



GK-325 Þúfukot

Hjáleiga Þúfu GK-325. 1847 "Sýslumaður lætur Þúfu aðeins vera 14, en Þúfukot 6 h, að dýrleika, og efnir A.M. það með hér greindum leigumála. 1802 segir, að á Þúfukoti hafi verið sú kvöð til forna, að hafa 12 hesta til beitar frá Reynivalla kirkju." JJnm, 99
1917: Tún 2,4 teigar rúmlega hálf sléttað, garðar 700m².

GK-325:001 Þúfukot bæjarhóll bústaður

"Niður af Þúfukotsbæ taka við Skriðusporðar með læknum, en þar er uppgróin skriða, sem hlaupið hefur úr bæjargilinu. Það var trú að ekki mætti færa bæinn austur fyrir lækinn og boðaði ólán. Þeir feðgar, faðir minn og



Á bæjarstæði Þúfukots, horft í norður.

Þeir bróðir, brutu það bann, og lifðu skammt eftir það og gekk þá jörðin úr ættinni." Þúfukot stóð hátt í 300 m vestur af Þúfu 324:001, vestan við bæjarlæk.
Þar sem bærin stór er nú mikið raskað svæði, austan við það rennur lækur, þá kemur lítið hús og handan þess er núverandi íbúðarhús.
Á gamla bæjarstæðinu stóð til að byggja reiðskemmu og hefur jarðvegi verið rutt framan úr hól á svæði sem er allt að 50x20 m stórt og snýr frá norðvestri til suðausturs. Suðaustast í sárinu sjást steypuleifar sem skv. Pétri Jónssyni hljóta að hafa tilheyrð síðasta byggingarskeiði eldri bæjar. Rutt hefur verið allt niður á klöpp og sárið í hólnum er allt að tveggja metra djúpt. Það kemur á óvart að þar sjást í fljótu bragði engar mannvistarleifar, sem er furðulegt, og

Pétur segist ekki hafa rekist á ösku eða neitt slíkt, einungis eitthvað eins og svarta drullu norðan við steypuleifarnar sem hann taldi ef til vill hafa verið fjósflór/-haug. Ofan við sárið er hollinn býsna grænn og kúptur, allt að 30 m í þvermál þótt ekki séu brúnirnar skýrar. Ekki er ólíklegt að bæjarstæðið hafi verið þar, fremst í hólruna sem gengur út úr fjallinu til norðurs. Hann er sléttaður af fyrri ábúanda. Austan við bæjarstæðið, við lækinn, hefur verið rutt út fyrir húsi og skín í ber jarðlög umhverfis. Vottar þó ekki fyrir mannvistarleifum þar heldur. Auk þessa rasks hefur vegur nú verið lagður til VNV fast neðan við grunn reiðskemmunnar sem aldrei varð, í átt að tveimur nýjum einbýlishúsum sem standa vestan Þúfukots.

Hættumat: stórhætta, vegna rasks

Heimildir: Túnakort 1917

GK-325:002 heimild um útihús

64°19.203N 21°39.672V

Skv. túnakorti frá 1917 stóð útihús fast austan við bæ 001, sennilega í kálgarði.

Útihúsið hefur staðið fast vestan við bæjarlækinn.

Þar er nú búið að byggja lítið íbúðarhús og hefur verið rutt út fyrir því 2-3 m niður og ógróinn jarðvegur er að sunnan og vestan. Ekki sjást mannvistarleifar í sniðum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

GK-325:003 heimild um fjárhús


64°19.217N 21°39.762V

Skv. túnakorti frá 1917 var útihús 40-50 m suðvestur af bæjarhól 001.

Áður tún, nú hestagirðing. Skv. Pétri Lárussyni í Káranesi var þetta útihús fjárhús, en það er nú horfið og hefur svæðið greinilega verið sléttað. Skammt ofar er nýbyggt íbúðarhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



Þúfukot: Minjar í túni. Byggt á túnakorti frá 1917.

GK-325:004 heimild um túngarð

64°19.267N 21°39.718V

Á túnakorti frá 1917 er merkt garðlag á stuttum kafla meðfram nyrsta hluta túns að vestanverðu, um 50-60 m VNV af bæjarhól 001. Grösugt svæði norðan undir brekku þar sem töluverð trjárækt er. Engar greinilegar garðleifar sjást. Þó er er 5-6 m löng torkennileg upphækkun sem liggur frá austri til vesturs, hæð hennar er um 0,3 m og breiddin um 0,6 m. Þessi upphækkun gæti verið leifar túngarðsins.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-325:005 heimild um leið

64°19.236N 21°39.753V

Skv. túnakorti frá 1917 lá vegur eða traðir frá Þúfukoti til vesturs.

Áður tún, nú hestagirðing. Svæðið hefur greinilega verið sléttað. Ummerki um veg eru horfin. Nú liggur nýr vegur frá Þúfukoti til vesturs og suðvesturs að tveimur nýjum íbúðarhúsum sem þar eru. Hugsanlega hefur þessi vegarbútur tengst gömlum þjóðvegi sem mótar fyrir norðvestar, sjá 010.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-325:006 náma mógrafir

64°19.377N 21°40.133V

Mógrafir eru inni í hestagirðingu hátt í 500 m vestur af bæ 001.

Inni í hestagirðingu í dragi. Grafirnar eru í dragi sem liggur frá norðri til suðurs og nær yfir svæði sem er a.m.k. 20 x 10 m stórt N-S. Svæðið er fremur þurrt og jarðvegur/grjót í botni grafanna.

Hættumat: engin hætta

GK-325:007 náma mógrafir

64°19.351N 21°39.859V

Aðrar mógrafir eru austar en mógrafir 006, tæpa 300 m vestur af bæ.

Mýrlendi. Vel afmörkuð og samfelld mógröf. Alls um 30x15, og snýr frá norðri til suðurs. Femur blaut og slétt í botninn, og er um 0,6-0,8 m djúp.

Hættumat: engin hætta


GK-325:008 hleðsla óþekkt

64°19.385N 21°39.850V

Hleðsluleifar eru á og utan í holti sem er um 330 m NNV af bæ. Þær eru austan í holtinu, virðast ekki gamlar og er tilgangur þeirra óljós.

Smágrýtt, lágt holt en mýrar í kring. Austasta hleðslan er um 10 m löng og liggur frá austri til vesturs. Hún er varla hleðsla heldur runa af samanbornum hnallungum. Óljósari leifar samhliða hleðslu eru um 12 m norðar og sést hún á skemmri kafla. Þriðja hleðslan er svo um fimm metrum norðar. Hún er nær örugglega hleðsla undan girðingu en miklu erfiðara er að fullyrða með hinar. Fjórða hleðslan er svo veigamest. Vesturendi hennar er um 12 m vestur af hleðslu þrjú. Þaðan liggur hún í suðaustur og er hægt að rekja hana um 50-60 m. Í þessari hleðslu stendur ekki steinn yfir steini. Í henni er aðallega stórgrýti og er hún mosagrónari en hinar. Ofan við hleðsluna vottar fyrir gömlum vegi, sjá 010. Eftir 50-60 m sleppir holtinu en við tekur mýri. Í henni vottar fyrir torfhleðslu í beinu framhaldi, um 0,4 m breiðri og álfka hárrí. Sú torfhleðsla gæti verið undan girðingu.

Hættumat: engin hætta



GK-325:009 tóft rétt

64°19.579N 21°40.229V

Tóft er um 800 m norðvestur af bæ, fast austan við veg sem liggur að gamalli sumarhúsalóð. Þetta er skammt frá merkjum móti Eyri. Víða er mýrlent á þessum slóðum en tóftin er á þurru bletti undir kletthól.

Tóftin er hlaðin undir kletti og þjónar hann sem suðausturveggur. Hún er alls 7x3 m stór og snýr frá norðaustri til suðvesturs. Í skammhliðum sést mikið, rauðleitt grjót, sumt mjög smátt, en langhliðin er grónari þótt þar sé líka grjót. Tóftin er hér um bil ferköntuð og hefur sennilega skiptst upp með þvervegg. Hefur norðurhólfid verið dýpra. Bárujárnsleifar sjást í því. Tóftin virðist ekki gömul, engin gróska er í henni. Sennilega var hún lítil hesta- eða rúningsrétt.

Hættumat: engin hætta

GK-325:010 vegur leið

Leifar af gömlum vegi liggja um Þúfukotsland. Austurendi hans sést um 350 m NV af bæjarhól 001.

Vegurinn þræðir holt um annars mýrlent land í átt í vesturátt.

Sennilega er þetta gamall þjóðvegur. Hægt er að rekja hann af loftmynd um 500 m til norðvesturs en þar hverfur hann við núverandi þjóðveg og sést ekki aftur handan hans. Vegurinn gæti hafa legið að Harðbala eða Eyri. Ekki er útilokað að þessi vegur hafi tengst vegi GK-323:028.

Hættumat: engin hætta

GK-325:011 náma mógrafir

64°19.532N 21°40.121V

Mógrafir eru í hestagirðingu um 680 m NV af bæjarhól 001.

Þýft mýrlendi. Grafirnar eru alveg greinilegar en hvergi þó yfir 1 m á dýpt. Þær ná yfir svæði sem er a.m.k. 40 x 40 m stórt. Hugsanlega er annað mógrafasvæði fast norðvestan við.

Hættumat: engin hætta

GK-325:012 náma mógrafir

64°19.536N 21°39.987V

Mógrafasvæði er um 130 m austur af mógröfum 013. Svæðið var skoðað á loftmynd en ekki á vettvangi.

Mýrlendi. Alls er svæðið rúmlega 30 x 20 m stórt NA-SV og kantar þess nokkuð reglulega skornir. Lækjarfarvegur liggur úr gröfunum til norðausturs.

Hættumat: engin hætta

GK-325:013 náma mógrafir

64°19.541N 21°39.694V

Mógrafir eru um 200 m austur af mógröfum 012. Þær fundust á loftmynd en voru ekki skoðaðar á vettvangi.

Grafirnar virðast þurrar í botni og nokkuð blásnar, líkjast helst flagi en sennilega hefur efnistakan ýtt undir jarðvegseyðingu. Alls er svæðið hátt í 140 x 140 m stórt en U laga, þannig að ógrafin eyja gengur inn í það mitt úr norðaustri. Annað mógrafasvæði er sennilega um 100 m austur.

Hættumat: engin hættu

GK-326 Eyri (Hvalfjarðareyri)

40 hdr. 1705. 30 hdr. 1847. Hálfkirkja var á jörðinni. Landnámsjörð Svartkels, sem fyrst bjó að Kiðafelli en flutti síðar að Eyri. 1198 er jarðarinnar getið í Sturlungu þar sem rætt er um Ketil Eyjólfsson og Ljót son hans er þar bjuggu. Sturlunga I, 235. Elsta heimild um kirkju á Eyri er í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200. (DI XII, 9) Næst er kirkjunnar getið í málðaga Saurbæjarkirkju um 1220: "[í Saurbæ] liggja tiundir til millum blikdals ar. oc æilifsdals ar. nema af eyri. oc vr myrdal. ef þar bua landeigendr. þa sculu þeir taka sina tiund heima oc hiona sinna allra. en ef leiglendingar bua þar eða hiabudar menn. þa scal j saurbæ þeirra tiund gialldaz oc hiona þeirra. ef þav giora skiptingar tiund;" (DI I, 402) 1315: "Þa er Arni biskup vigdi kirkiu a Eyri gerdi hann þa skipan a ad Eyrar kirkia skal taka tyvnd oc lýsitolla af ollum heima monnvm þar: enn jngialldur leggur til kirkiu j saurbæ xij ær" (DI II, 404). Enn er kirkjunnar getið í málðaga Saurbæjarkirkju frá um 1315: "[til Saurbæjar] liggja tijundir til millum blikdazär oc eilyfsdalzar nema af eyri og yr mydal ef þar bua landeigenndur. skulu þeir taka heima tijund sijna oc allra hiona sinna. enn ef leiglenndijngar bua þar eða hiabudamenn þa skal j saurbæ gialldast tijunnd þeirra oc hiona þeirra. ef þau giora skiptijngar tijunnd;" (DI III, 32) Síðan er kirkjunnar getið í málðaga sem hefur verið tekinn saman einhverntíma á árunum 1491-

1518: "Kirkian a Eyri aa .iiij. kugilldi. ... Jtem þridung veidar j lagxfossi j lagsaa." (DI VII, 54) 1569: Biskup selur jörðina fyrir Kirkjuferju í Árnessýslu. Hvor jörð 30 hdr en 10 hdr í heimalandi er kirkjueign. (DI XV, 312-314)

"Uppkot var þar sem Eyrarbærinn stendur nú, en Útkot þar sem Eyrarkot er í dag." Ö-Eyri og Eyrarkot ath og viðb., 2

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 eru 4 býli á jörðinni, eitt með upprunalega nafninu, annað nefnt Þorkelskot eftir ábúandanum og síðan Efrakot (8 hdr) og Neðrakot (5 hdr) sem hvorugt er talin hjáleiga. Síðan er þar ein hjáleiga, Blómsturvellir í ábúð 1705. JÁM III, 393-394 Hjáleigur 1847 Eyrar-Uppkot (GK-327) og Eyrar Útkot (GK-328). Heimajörðin var lögd undir Eyrar-Uppkot. HJ: Ljósmyndir I, 66

1705: "Hætt er fyrir snjóflóðum og skriðum bæði túnnum, högum, engjum og húsum og hefur nýlega þar á skaði orðið bæði túni og engi. JÁM III, 395. 1917: Tún 2 teigar að mestu sléttað, garðar 350m². Uppkotið virðist sameinað heimajörðunni 1917.

GK-326:001 Eyri (Hvalfjarðareyri) bæjarhóll bústaður

64°19.956N 21°42.220V

"Uppkot var þar sem Eyrarbærinn stendur nú, en Útkot þar sem Eyrarkot er í dag," segir í örnefnalýsingu. Nú



Bæjarhóll og meintur bæn húshóll á Eyri. Fjær eru bæjarhúsin í Eyrarkoti.


standa engin hús á gamla bæjarstæði Eyrar og hafa sennilega ekki gert síðan snemma á 20. öld. Bæjarhóllinn er rúma 100 m austur af núverandi Eyrarkoti (GK-328:001) en um 150 m NNV af bænum sem nú kallast Eyri en var áður Uppkot (sjá GK-327:001). Hann er inni á afgirtu svæði sem markast af núverandi þjóðvegi að norðan, gamla þjóðvegi að sunnan og læk að vestanverðu. Á túnakorti sem teiknað var árið 1917 virðast enn uppistandandi hús á þessum stað og kálgarður við þau að sunnanverðu. Lag húsanna á túnakorti bendir fremur til að þau kunni að hafa verið fjárhús með hlöðu fyrir aftan en mannabústaður en um það er þó ekki vitað. Í bókinni Kjósarmenn sem kom út árið 1961 stendur: "Á rústum hins

forna Eyrarbæjar standa nú fjárhús eða tóftir."

Grösugt svæði, sléttað og iðagrænt en austar, innan sömu girðingar, er mun þýðara, grýtt og smáklettar.

Bæjarhóllinn er stór og myndarlegur, einkum ef horft er á hann norðan frá, af núverandi þjóðvegi. Hann er ávalur og sker sig úr brekkunni, er fremur sléttur að ofanverðu en brattur til norðurs. Hóllinn hefur verið sléttaður en þó sennilega ekki mikið verið tekið ofan af honum því þar sjást, ef vel er að gáð, mjög óljós veggjarbrot norðvestast á háhólnum sem stefna NV-SA, líkt og húsin sem voru uppistandandi 1917 **Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Eyri og Eyrarkot ath og viðb., 2; HP Kjósarmenn, 403



Eyri, Eyrar-Útkot og Eyrar-Uppkot: Minjar í túni. Byggt á túnakorti frá 1917.

GK-326:002 heimild um kirkju

64°19.982N 21°42.221°V

EYRI (K)

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 9

[um 1220]: [í Saurbæ] liggja tiundir til millum blikdals ar. oc ælifsdals ar. nema af eyri. oc vr myrdal. ef þar bua landeigendr. þa sculu þeir taka sina tiund heima oc hiona sinna allra. en ef leiglendingar bua þar eða hiabudðar menn. þa scal j saurbæ þeirra tiund gialldaz oc hiona þeirra. ef þav giora skiptingar tiund; Máld DI I 402 [Saurbæjar]

[1315]: Eyre Þa er Arni biskup vigdi kirkiu a Eyri gerdi hann þa skipan a ad Eyrar kirkia skal taka tyvnd oc lýsitolla af ollum heima monnvum þar: enn jngialldur leggur til kirkiu j saurbæ xij ær; Máld DI II 404 [gæti vel verið Árni mildi, Þá öld yngra]

[1315]: [til Saurbæjar] liggja tijundir til millum blikdazär oc eilyfsdalzar nema af eyri og yr mydal ef þar bua landeigenndur. skulu þeir taka heima tijund sijna oc allra hiona sinna. enn ef leiglenndijngar bua þar eda hiabudmenn þa skal j saurbæ gialldast tijunnd þeirra oc hiona þeirra. ef þau giora skiptijngar tijunnd; Máld DI III 32 [Saurbæjar - ekki er ljóst hvort sérákvæðin um tíundina eiga við um Eyri, líklega ekki]

[1491-1518]: Eyrar maldagi j Kios.

Kirkian a Eyri aa .iiij. kugilldi. Jtem ein gaumul messuklædi sterk. Jtem iij smakluckur. Jtem þridung veidar j lagxfossi j lagsaa. Máld DI VII, 54 [AM 238 4to, bl. 124 (Bessastaðabók)]

17.5.1765: Bænahús á Eyri lagt niður; (PP, 113) [konungsbréf]

1705 segir í Jarðabók Árna og Páls: "Hjer er hálfkirkja, og embættaði þá fólk er til sacramentis hjer heima og af næstum bæjum hjer fyrir innan, sem enn lengra eiga að sækja til Saurbæjarkirkju á Kjalarnesi, og þjónar presturinn Sr. Páll Sveinsson þessari hálfkirkju ásamt Saurbæjar og Brautarholts kirkjum." "Kirkjugarður er neðan Eyrarhóls. Nú er búið að slétta hann. Áður mun hafa verið bænahús á Eyri og grafreitir við það," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Flest bendir til að kirkjugarðurinn hafi verið á hól sem er við rætur norðurhluta bæjarhóls 001 og stendur 5-8 m lægra en hann. Grasi gróid svæði, nokkuð mishæðótt en þúfur hafa verið sléttaðar út að mestu.

Engar hleðsluleifar eða merki um leiði sjást á hólnum en hann er nokkuð reglulegur, ávalur og með jafnar brúnir sem bendir til að hann sé að hluta uppsafnaðar mannvistarleifar. Hóllinn er alls 25-30 m í þvermál. Það lækkar skarpt niður af honum til norðurs og austurs um 1,5-2 m en hæðin heldur sér til vesturs, að bæjarlæknum sem þar rennur í slakka. Ekki er vitað til að bein hafi komið upp við túnasléttun á 20. öld.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:DI XII 9;DI I 402; DI III 32; DI VII, 54; PP, 113; JÁM III, 392; Ö-Eyri og Eyrarkot ath og viðb., 2

GK-326:003 heimild um útihús

64°19.963N 21°42.248V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var lítið útihús um 40-50 m vestur af bæjarhól 001.

Þar er þýfður rani sem gengur út úr bæjarhól til vesturs, að læk sem skilur sundur tún Eyrar og Eyrarútkots (GK-328:001). Rani þessi er utan girðingar og hefur sennilega aldrei verið sléttaður.

Einu sjáanlegu mannvirkin þar nú eru tveir litlir kálgarðar, sýnilega unglegir og vex rabbabari í þeim syðri. Hugsanlegt er að annar þessara garða hafi verið reistur á rústum hússins, þá sennilega sá nyrðri. Hann er um 3 x 4 m að stærð og torfgarður, um 0,4 m hár, markar hann á þrjá vegu en hann er opinn í suðurátt.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

GK-326:004 Naust tóft naust

64°20.204N 21°41.962V

"Neðan við Eyrarútkot [GK-328:001] niður við sjó er standberg sem heitir Bolaklettur. Við þá er mikið aðdýpi,



og austan þeirra eru Naust og Nausthóll fyrir austan þau, en blindsker nokkuð fram undan Bolaklettum heita einnig Bolaklettur, steinar sem koma aðeins upp í stærstu fjörum," segir í örnefnaskrá. Naust eru 500 m norður af bæjarhól 001, upp af falletgri vík sem er suðvestan við Hólmahjalla.

Óslétt land sem er bitið af hrossum, mikið þýfi og töluvert grýtt inn á milli.

Upp af víkinni eru fremur óljósar leifar mannvirkis sem er alveg hrundið. Svæðið er töluvert traðkað af hrossum og sumstaðar sjást aðeins undirstöður veggja. Alls hefur mannvirkið verið um 13 x 7 m stórt og snúið austur-vestur. Að líkindum hefur það samanstðið af 3 samhlíða hólum sem hafa öll hafa haft op niður að sjónum, til norðurs. Tvö austustu hólfin

virðast hafa verið ámóta stór, um 2 m breið og 7 m löng að innanmáli en í vesturhlutanum hefur sennilega aðeins verið eitt hól, þá allt að 8 m breitt. Það er óljósasti hluti tóftarinnar, enda er rennblautt svæði innan veggja og mikill þúfnakragi í suðurenda. Bæði austur- og suðurveggur tóftarinnar eru myndaðir af hrundum, ógrónum grjóthleðslum en aðeins sjást undirstöður innri veggja, sokknar í svörð sumstaðar. Varla er ástæða til að efast um að þarna hafi verið mannvirki tengt sjósókn, naust og jafnvel sjóbúð, en skv. Haraldí Hjartarsyni voru bátar hafðir á staðnum þegar hann man eftir, eftir miðja 20. öld. Þar var lent á vetrum en sumarlending var við Miðbúðir, sjá 017.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Eyri og Eyrarkot, 2

GK-326:005 varða óþekkt


64°20.125N 21°40.813V

Varða er á nyrsta Borgarhólnum (sjá 020), norðan við hæsta punkt hans, 1,2 km norðaustur af bæjarhól 001.

Hóllinn er hálfgróinn, aflangur frá norðri til suðurs.

Varðan er greinilega nokkuð gömul, skófum vaxin. Hún er hlaðin á sléttri klöpp, ekki mjög regluleg en stendur vel og mjókkar lítillega upp. Hún er um 0,8 m há. Ekki er augljóst hvaða tilgangi hún hefur gegnt (ef einhverjum) en hún sést ekki vel að, a.m.k. ekki heiman frá bæ.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



GK-326:006 tóft skemma

64°20.137N 21°40.776V

Tóft er utan í nyrsta Borgarhólnum vestanverðum, um 10 m austan við stakan sumarbústað sem þar stendur. Þetta er 1,2 km norðvestur af bæjarhól 001.

Grösug kvos og mikil trjárækt í kringum hana.

Fátt bendir til annars en að tóftin sé mjög ung, sennilega frá miðri 20. öld eða jafnvel yngri og tengist þá sumarbústaðnum. Þó er ekki alveg útilokað að um sé að ræða upphleðslu úr eldri tóft. Tóftin er 6 x 3 m frá norðaustri til suðvesturs og hefur verið hlaðið á þrjár hliðar en hóllinn skýlir tóftinni að austanverðu. Hugsanlega hafa verið dyr nyrst á vesturhlið. Í tóftinni liggja trjágreinar og viðarkubbar og virðist sem hún hafi þjónað hlutverki eldiviðargeymslu fyrir sumarbústaðinn. Veggir eru mest um 0,5 m háir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-326:007 þúst óþekkt

Stakur, rústalegur hóll er 30-40 m vestan við rústir á Miðbúðum 015. Þýft graslendi við sjóinn, mjög sinuvaxið. Vegarslóði liggur fast við norðurjaðar hólins.

Hóllinn er þúfnabingur sem sker sig nokkuð úr umhverfinu. Hann er sporöskjulaga en ekki mjög reglulegur, 8-10 m í þvermál og allt að rúnum 1 metra á hæð. Ekki sjást greinilegar tóftir eða hleðslur á honum eða annað sem gæti skorið úr um hvort hóllinn er uppsafnaðar mannvistarleifar eða e.t.v. náttúrumyndun.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-326:008 *Búðarhöfuð* tóftir verbúð


64°20.364°N 21°41.21°5V

"Sker eru þrjú fram af Grafarmýrinni [013]. Það austasta hefur verið nefnt, þ.e. Selskerið. Næst er Búðarhöfuð

Loftmynd af Búðarhöfði, fengin af GoogleEarth.



og fellur fyrir það um flóð. Milli Búðarhöfuðs og Hólmahjalla er Brandslækur," segir í örnefnalýsingu. Búðarhöfuð er allstór hólmi framundan Eyrarlandi, rúman 1 km norðaustur af bæ. Búðarhöfuð er grösugur og mjög þýfður hólmi sem aðeins er fært út í um fjöru. Hann er rúmlega 100 m langur



og mest u.þ.b. 50 m breiður og snýr austur-vestur. Hæsti hluti hólmanum er að norðvestan og er land jafnframt sléttast þar, enda virðist jarðvegur þunnur og klettur er undir.

Sennilega eru miklar mannvistarleifar í hólmanum en þær eru nú að mestu leyti sokknar í stórbýfi og víða erfitt að dæma um hvað eru náttúrumyndanir og hvað tóftir. Lýsingin hefst hér allra austast í hólmanum en þar er greinilegasta tóftin (A). Hún er 9 x 5 m stór, einföld og snýr austur-vesturs og nærir því ferhyrningslaga. Tóftin er mjög sigin en veggir hafa þó haldið lagi sínu að mestu leyti og eru mest um 0,3 m háir. Þeir eru algrónir líkt og hólminn er allur. Dyr hafa sennilega verið í norðausturhorni tóftarinnar. Norðurlangveggur er úti á jaðri hólmanum en þaðan er brattur bakki niður í fjöru. Um 8 m vestan við þessa tóft eru tvær grunnar og óreglulegar dældir í miklu þýfi (B). Báðar eru þær um 2 m í þvermál eða rúmlega það en ekki fyllilega ljóst hvort þær eru mannvistarleifar á ferð. Þriðja dældin, C, er á norðurbrún hólmanum 25-30 m norðvestan við (B), um 2 m í þvermál þar sem mest er. Garðlag sem hér er nefnt D liggur frá vesturbrún hólmanum og stefnir í austurátt. Það verður ógreinilegt eftir fáeina metra en er mest um 0,6 m breitt og 0,3 m hátt. Ekki er ljóst hver tilgangur með því hefur verið. Þá er dæld (E) í suðurbrún hólmanum 25 m austur af garðlaginu þar sem það er greinilegast, um 4 x 2 m stór frá norðri til suðurs. Rúma 10 m austur af E enn ein dældin (F), á móta stór og (E) að stærð en dálítið íbjúg. Rof er í bakkanum framan við þessa síðastnefndu tóft, um 8 m langt. Það var hreinsað lauslega upp og kom þá í ljós að þar eru allnokkur mannvistarlög sem samanstanda aðallega af móösku og kolaleifum. Vestarlega í sniðinu er steinn og austan við hann mannvistarlög sem ná upp að honum og gæti það bent til að steinninn hafi verið hluti af vegg. Neðri brún mannvistarlaganna er um 1 m undir núverandi yfirborði Búðarhöfuðs. Alls eru lögin hátt í 30 cm á þykkt og undir þeim virðist hreyfður jarðvegur, blandaður torfi og öskuleifum. Einnig sjást brennd bein á stangli. Lögin virðast þynnast út til austurs. Engar vísbendingar fundust um hugsanlegan aldur en þetta bendir þó eindregið til að einhverskonar mannvist hafi verið í hólmanum. Nafnið Búðarhöfuð bendir helst til að hún hafi verið tengd sjósókn, e.t.v. verbúðir. Á loftmynd sjást fleiri mannvirki en hér hefur verið lýst.


Hættumat: hætta, vegna rofs

GK-326:009 tóft útihús

64°19.975N 21°42.018V

Tóft er á afgirtu svæði milli núverandi þjóðveggar og gamla þjóðveggar, 160 m austur af bæjarhól 001.

Þýft svæði undir hálfgrónu klettabelti. Sennilega hefur þetta svæði tilheyrt gamla Eyrartúni.



Tóftin er einföld með grjóthlöðnum, ógrónum veggjum og ungleg að sjá. Veggir ná nú mest um 0,3 m hæð og eru víðast hvar tvær steinaraðir. Lítið hrún er í kring og bendir það til að hleðslur hafi aldrei verið háar. Tóftin er 4 x 2,5 m að stærð og snýr norður-suður. Dyr sjást ekki en af legu tóftar að dæma hafa þær sennilega verið í norður, enda snýr suðurveggurinn upp í brekkuna og hefur verið grafinn lítillega inn í hana.

Hættumat: engin hætta

GK-326:010 heimild um hrútakofa

"Gamla túnið á Eyri var kallað Upptún fyrir ofan bæinn [...]. Vestast í Upptúni var lægð, sem nefnd var Draugalág [018]. Þar var áður hrútakofi. Aldrei sagðist Ólöf hafa heyrt að reimt væri í Draugalág," segir í athugasemdum og viðbótum við ornefnaskrá. Athugasemdirnar eru skráðar eftir Ólafíu Pétursdóttur sem var fædd á Eyri 1913. Ekki er ljóst hvort hún á við gamla bæjarstæði Eyrar (sjá 001) eða Eyrar-Uppkot, sem í seinni tíð hefur verið nefnt Eyri. Eigi það fyrrnefnda við hefur Upptún verið á milli Eyrar og Eyrar-Uppkots. Það er nú slétt og sést engin lág sem kemur heim og saman við lýsinguna. Ef Ólafía á hins vegar við það síðarnefnda hlýtur Upptún að hafa verið ofan (sunnan) við Eyrar-Uppkot, sem nú er nefnt Eyri. Raunar virðist það líkleggra. Þar sést nú aðeins ein tóft, sjá GK-327:005, sem í seinni tíð var notuð sem reykhus. Það er þó ekki ólíklegt að tóftin sé gömul og hafi áður gegnt öðrum hlutverkum. Einnig er mögulegt að önnur tóft hafi verið á sama svæði en sé nú horfin.

Óslétt og grýtt tún.

Heimildir: Ó-Eyri og Eyrakot ath og viðb., 1

GK-326:011 þúst óþekkt

64°19.676N 21°40.417V

Rústalegur hóll er fast vestan við Silungalæk, tæpa 600 m austur af Stekkjarhól 012 og um 1,5 km ASA af bæjarhól 001. Handan lækjarins er nýlegt íbúðarhús með torfpaki.


Grasþýfi á tungu milli tveggja lækjarspræna og er Silungalækur sá austari.

Hóllinn snýr norður-suður og er nokkuð erfitt að átta sig á mörkum hans sökum þýfis umhverfis. Hann gæti verið uppundir 40 m langur og 20 m breiður þar sem mest er. Hóllinn rís hæst syðst, allt að 2 m frá landinu umhverfis, en lækur til norðurs. Við norðurendann er trjárækt í girðingu og þar er einnig kálgarður. Fast sunnan við girðinguna er sporöskjulaga og býsna regluleg dæld í hólinn, 7-8 m í þvermál en að öðru leyti sjást engin greinileg yfirborðsummerki, t.d. hleðslur, í honum.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

GK-326:012 Stekkjarhóll tóftir stekkur

64°19.811N 21°41.073V



"Út með sjónum heitir Djúpagróf. Utan við hana eru kletthólar með nokkru millibili, sem heita Borgarhólar [sjá 020] og eru aðgreindir sem Neðri-Borgarhóll og Efri-Borgarhóll. Upp af Borgarhólunum er sá þriðji í sömu röð. Hann heitir Stekkjarhóll og er ofan vegar," segir í ornefnaskrá. Stekkjarhóll er ofan (sunnan) þjóðvegum um 850 m austur af bæjarhól 001.

Áberandi hóll, grasi gróinn og þýfður en víða gægjast klappir og grjót upp úr. Símaster er nyrst á hólum. Girðing liggur N-S austan við hólinn, austan hennar er þýft og fremur mýrlent. Vestan við hólinn eru nú framræst túnstykki.

Þrjár eða fjórar rústir eru uppi á hólum og gætu verið nokkrar kynslóðir stekkjara. Alls er rústasvæðið hátt í 60 m langt N-S og allt að 20 m breitt. Yngst er sýnilega tóft á miðjum hólum, hér nefnd (A). Hún er tvískipt, alls um 10 x 7 m frá austri til vesturs og nokkuð dæmigerð fyrir stekk. Austan til er hól sem er hér um bil ferkantað þótt horn séu ávöl, um 6 x 6 m stórt að utanmáli og opið í austurátt. Mikið grjóthrun er við innanverða vegg sem ná mest um 80 cm hæð. Út frá suðvesturhorni er annað hól, um 4,5 x 2-3 m stórt, opið í austur og hefur það sennilega verið lambakró. Tóft (B) er fast austan við þessa tóft og miklu ógreinilegri. Hún er um 7 x 6 m

stór og snýr norður-suður. Hún er mjög sigin svo hún líkist meira þúst. Í beinu framhaldi frá henni til norðurs er

regluleg dæld, um 8 m löng og er austurkantur hennar svo reglulegur að ætla má að þar hafi verið veggur; í honum grillir í grjóti. Alls hefur því tóftin verið hátt í 15 m löng. Tóft (C) er um 10 m beint suður af (A). Hún er óljós en þó er norðurveggur greinilegur, liggur austur-vestur. Hann er um 6 m langur og 0,3 m hár, nokkuð bogadreginn og algróinn. Um 2 m innan (sunnan) við hann vottar fyrir litlu, algrónu hólfi sem er nálægt því að vera 4 x 2 m frá austri til vesturs en það er of óljóst til að því sé hægt að lýsa nákvæmlega. Að lokum er gróin og sigrin tóft (D) 14-15 m beint norður af tóft A. Hún er einföld, um 4 x 3 m stór frá norðri til suðurs en norðurhliðin er sigrin og máð. Steinn með fuglaþúfu er í norðvesturhorni en dyr gætu hafa verið á austurvegg. Veggir eru algrónir og mest um 0,2 m á hæð, fremur litlir um sig.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Eyri og Eyrakot, 2

GK-326:013 *Grafarmýri* náma mógrafir

64°20.106N 21°41.412V

Utan við Borgarhólana [020] tekur við allmikil mýri, sem heitir Grafarmýri (Útkot og Eyri hafa jafnan rétt til hennar). Efst í henni er stór melur, nokkuð áberandi, sem heitir Torfamelur [014], segir í örnefnaskrá. Alls eru Borgarhólar þrír og er Grafarmýri vestan við tvo þá nyrðri. Hún er norðan við Torfamel og er miðja hennar hér um bil 900 m norðaustur af bæjarhól 001.

Sinuvaxin, þýfð mýri. Mýrin er meira og minna sundurgráfin. Mótar fyrir mógröfum sem sjást vel á loftmynd en síður á jörðu niðri. Því eru þær samansignar og hvergi djúpar. Alls er mýrin u.þ.b. 300 m í þvermál.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Eyri og Eyrakot, 2

GK-326:014 *Torfamelur* örnefni rista

64°20.008N 21°41.533V

Utan við Borgarhólana tekur við allmikil mýri, sem heitir Grafarmýri (Útkot og Eyri hafa jafnan rétt til hennar). Efst í henni er stór melur, nokkuð áberandi, sem heitir Torfamelur, segir í örnefnaskrá. Torfamelur er beint suður af Grafarmýri 013, stór og áberandi melur sem vegarslóðar liggja nú um að sumarbústöðum.

Vestan við melinn rennur Brandslækur í gili. Í melnum hefur verið malarnám og því hefur honum verið raskað töluvert. Ekki er vitað hvort torfrista var í mýrinni en vera má að mór hafi verið þurrkaður á melnum, enda er hann það þurra svæði sem er næst Grafarmýrinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Eyri og Eyrakot, 2


GK-326:015 *Miðbúðir* tóftir sjóbúð

64°20.220N 21°40.999V

Sker eru þrjú fram af Grafarmýrinni [013]. Það austasta hefur verið nefnt, þ.e. Selskerið. Næst er Búðarhöfuð [008] og fellur fyrir það um flóð. Milli Búðarhöfuðs og Hólmahjalla er Brandslækur. Upp af Búðarhöfði eru Miðbúðir sem tilheyra Grafarmýri. Við Miðbúðir var lendingarstaður [017], e.t.v. sjóbúðir, segir í örnefnaskrá. Engar rústir sjást nú beint upp af Búðarhöfði en þar eru nú tveir sumarbústaðir og mikil trjárækt umhverfis. Hins vegar eru tóftir, sem allt eins gætu passað við lýsinguna, upp og austur af Búðarhöfði, 1,1 km norðaustur af bæjarhól 001. Mjög þýft og sinuvaxið smáholt við sjóinn sem rís eilítið hærra en Grafarmýrin og er þurrara en hún. Rústabungur sjást á svæði sem er allt að 50 m langt frá austri til vesturs og 20 m breitt. Segja má að bungurnar séu í meginatriðum tvær en sökum þýfis og sinu er erfitt að lýsa þeim vel. Þó virðist vestar vera þýfi á svæði sem er um 15 x 7 m frá austri til vesturs og hugsanlega tvær dældir þar í. Beint framan eða norðan við austurendann er reglulegur slakki, um 3 x 2 m stór frá austri til vesturs. Um 15 m austur er aftur stórþýfi á svæði sem er um 20 x 20 m stórt. Ofan við þann þúfnakraga er jarðvegur þunnur í Grafarmýrinni og hugsanlegt að þar sé kominn botn gamalla mógrafa.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Eyri og Eyrakot, 2



GK-326:016 tóft fjárskýli

"Niður af Eyrarveitunni heitir Undirlendi, og þar framundan er Hólmahjalli. Þar er einnig sker sem fellur yfir um

flóð. Þar eru tóftir eftir fjárbyrgi. Þar getur flætt fé," segir í örnefnaskrá. Skerið sem um ræðir er skammt fram undan landi, um 400 m vestur af Búðarhöfði 008.

Skerið er gróðurlaust en á því miklir þangbunkar. Það er mjóst um miðjuna.

Ekki tókst að komast út í skerið á fjöru. Séð frá landi virðist sem hlaðna byrgið sé á vesturenda skersins, á hæsta punkti þess. Það er greinlega lítið, sennilega ekki meira en 2-3 m í þvermál. Líklega hefur byrgið verið hlaðið til að fé sem festist úti í skerinu ætti möguleika á að leita skjóls.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Eyri og Eyrakot, 2

GK-326:017 heimild um lendingu

64°20.241N 21°41.077V

Við Miðbúðir var lendingarstaður, e.t.v. sjóbúðir [015]," segir í örnefnaskrá. Lendingin var í víkinni austan við dálftinn tanga sem teygir sig til norðurs, í átt að Búðarhöfði.

Bogadregin vík, opin mót norðaustri, virðist þökkalega skjólgóð. Ströndin upp af víkinni er sendin.

Lendingin var enn notuð á 20. öld að sumarlagi skv. Haraldí Hjartarsyni en vetrarlending var við svonefnd Naust (004). Engin mannvirki sjást upp af víkinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Eyri og Eyrakot, 2


GK-326:018 tóft heystæði

64°19.884N 21°41.460V

Tóft er rúma 150 m VNV af Stekkjarhól 012, um 50 m norðan við framræst túnstykki og um 70 m sunnan við girðingu sem er ofan þjóðveg. Þyft, þurrt graslendi. Jarðvegur fremur þunnur og skammt niður á mel.

Tóftin er að mestu hlaupin í þúfur en sker sig þó þökkalega úr umhverfinu. Hún er einföld, eins og regluleg upphækkun með óljósum veggjabrotum á köntum, um 5 x 3,5 m stór frá norðri til suðurs. Hún er hæst að sunnanverðu, um 0,8 m en lækkar nokkuð fram á við, þ.e. til norðurs. Hún er hér um bil ferköntuð og hleðslugrjót gægist uppúr sverði á nokkrum stöðum. Það vottar fyrir lægð á norðurbarmi og gætu þar hafa verið dyr. Flest bendir til að tóftin sé af heystæði.

Hættumat: engin hætta



GK-326:019 Seltættur heimild um sel

"Upp af Borgarhólum [020] og Stekkjarhól [012] eru einhversstaðar Seltættur. Þær ættu helst að vera nærri Stórutungu," segir í örnefnaskrá. Um Stórutungu segir: "Vestan hans [Galtargilslækjar] upp af eyðikotinu Harðbala [025] er allbreið samfelld grastunga, sem heitir Stóratunga. Móti Galtargilslæknum myndar þessa tungu lækur, sem er nokkurskonar kvísl úr Galtargilslæk og heitir Silungalækur." Í athugasemdum og viðbótum við skrána segir: "Ólafía [Pétursdóttir, f. á Eyri 1913] kannast hvorki við Seltættur né Tjarnardal." Staðsetning Seltætta virðist ekki þekkt í seinni tíð. Gengið var upp frá Stekkjarhól, meðfram fjallinu til austurs allt að Silungalæk en engar tóftir fundust á því svæði. Þess má geta að þar sem Silungalækur og Galtargilslækur renna niður úr fjallinu, hafa þeir borið með sér mikið af sandi og grjóti og er ekki útilokað að tóftir hafi lent þar undir.

Heimildir: Ö-Eyri og Eyrakot, 2 og 3; Ö-Eyri og Eyrakot ath og viðb., 1

GK-326:020 Borgarhólar örnefni fjárskýli

64°20.125N 21°40.813V

Út með sjónum heitir Djúpagróf. Utan við hana eru kletthólar með nokkru millibili, sem heita Borgarhólar og eru aðgreindir sem Neðri-Borgarhóll og Efri-Borgarhóll. Upp af Borgarhólunum er sá þriðji í sömu röð. Hann heitir Stekkjarhóll [012] og er ofan vegar," segir í örnefnaskrá. Borgarhólarnir eru áberandi kennileiti. Sá nyrsti er um 1,2 km norðaustur af bæjarhól 001, við sjóinn, miðhóllinn er um 200 m suður af honum og sá syðsti, Stekkjarhóll er hér um bil í beina línu suður af miðhólunum, fast sunnan við þjóðveg.

Allir eru hólarnir áberandi, hálfgrónir kletthólar og ekkert bendir til annars en að forliðurinn Borg- tengist útleti þeirra en ekki mannvirkjum. Gengið var umhverfis og upp á alla hólana en hvergi fundust borglaga mannvirki sem þeir gætu verið kenndir við.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Eyri og Eyrakot, 2

GK-326:021° Þorkelskot heimild um býli

Í Jarðabók Árna og Páls árið 1703 segir að Eyri sé sundurdeild í fjögur býli: Eyri, Efrakot (sjá GK-327:001) og Neðrakot, sem sennilega er sama og Eyrar-Útkot (GK-328:001). Fjórða býlið nefndist Þorkelskot: "Annar ábúandi á parti lögmansins í því býli, sem Þorkielskot er kallað, víi c að dýrleika, er Þorkell

Ásmundsson." Kotsins virðist ekki getið í öðrum heimildum og er ekki vitað hvar það stóð. Mætti helst giska á Harðbala 025.



GK-326:022 *Fornaborg* tóft fjárskýli

64°19.857N 21°44.21°2V

"Mörkin milli Eyrar og Útskálahamars eru um Hamarendapúfu í Fornuborg og þaðan upp úr," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. "Fornaborg var við gamla veginn, og var þar oft að. Sáust þar rústir eftir einhverjar byggingar." Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Útskálahamars. Fornaborg er 50-70 m sunnan þjóðvegjar, um 1,5 m vestur af bæjarhól 001.

Ofan þjóðvegjar er melur á þessum slóðum en borgin er á háum, áberandi og gróskumiklum hól. Girðingarlitur er á merkjum neðan vegar. Járnstaur stendur upp úr norðurvegg tóftarinnar, sennilega gamall girðingarstaur.

Greinileg tóft en býsna sigin og á kafi í grasi. Hún er hring- eða sporöskjulaga, um 10 x 8 m stór og snýr NNA-SSV. Veggir eru allt að 2-3 m breiðir og algrónir svo að hvergi sér í grjóti. Veggjahæð er mest 0,6-

0,7 metrar. Sennilega hefur opið snúið í NNV en það er óljóst.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Eyri og Eyrakot ath og viðb., 1; Ö-Útskálahamar ath og viðb., 1

GK-326:023 *Hestapingshóll* örnefni þingstaður

"Þá er komið út undir Hvalfjarðareyri, sem fyrr var getið. Hún gengur eins og þríhyrta út í sjóinn. Um flóð gengur sjór yfir talsvert af henni, og þar sem fellur inn og út að austan á eyrinni eru nefndir Ósar. Austarlega upp af Ósunum niður við þá er einstakur hóll, sem heitir Hestapingshóll. Bendir þetta örnefni á, að þarna á eyrinni hafi verið höfð hestaðt til forna," segir í örnefnaskrá. Hóllinn er áberandi og vel merktur fast neðan við þjóðveg beint upp af Hvalfjarðareyri. Hann er tæpa 900 m vestur af bæjarhól 001.

Stakstaður hóll, hár og brattur að norðanverðu en gróinn og aflíðandi að sunnan og er þar gegnt upp á hann.

Engin mannvirki sjást á hólnum eða við hann en gott útsýni er yfir eyrina af hólnum og auðvelt að ímynda sér að hestaðt hafi farið þar fram.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Eyri og Eyrakot, 2

GK-326:024 *Blómsturveller* bæjarstæði býli

64°20.034N 21°42.710V

1705: "Þriðja býli af parti lögmannsins, hjáleigan Blómsturveller byggð í fyrstu úr stekkjarstæði fyrir vii árum." "Milli Hólmahjalla og Búðarhöfuðs eru lág sker, sem heita Flúðir. Þá er hér lítill vík inn, sem heitir Snorravík, og upp af því er gamla býlið Blómsturveller. Þá er komið út undir Hvalfjarðareyri, sem fyrr var getið," segir í örnefnaskrá. Blómsturveller eru beint upp af staðnum þar sem Hvalfjarðareyri mætir landi að austanverðu, um

100 m upp eða suður frá ströndinni. Þetta er um 370 m norðvestur af bæjarhól 001.



Þýður og nokkuð grösugur mói, frekar ósléttur. Lítill lækjargil eru bæði austan og vestan megin við rústina.

Rústin er ógreinileg úr fjarska en leynir sér ekki þegar komið er að henni. Hún er alls um 13 x 10 m stór frá austri til vesturs. Í henni vex bæði mikil elfting og súra. Í meginatriðum skipist tóftin í tvo hluta. Annars vegar er stórt hól vestan til, um 7 x 6 m stórt að innanmáli með op í suður. Er hlaðið með opinu að austanverðu inn í tóftina svo úr verður eins konar gangur. Austan við hólfið er skýrasta hólfið í tóftinni, þ.e. í suðausturhorni hennar, 4 x 2 m stórt N-S og virðist niðurgrafið. Þriðja hólfið er norðan við það, varla nema 2 m í þvermál og mjög óljóst.

Tóftin er ekki sérlega bæjarleg og gæti verið að stekkur hafi verið reistur á bæjarstæðinu að nýju þegar Blómsturveller fóru í eyði. Þó er upphleðsla ekki teljandi. Svipast var um á svæðinu í kring um tóftina en ekki sjást þar neinar tóftir eða þústir sem gætu verið af útihúsum frá Blómsturvöllum. Ekki vottar heldur fyrir túngarði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:JÁM III, 393; Ö-Eyri og Eyrarkot, 2

GK-326:025 *Harðbali* tóftir býli

64°20.007N 21°39.902V

"Nú byrjum við innst í landinu, inn við Galtargilslæk, og höldum út neðan þjóðvegjar með sjónum. Galtargilslækurinn er þar á merkjum eins og fyrr segir. Vestan hans upp af eyðikotinu Harðbala er allbreið samfelld grastunga, sem heitir Stóratunga," segir í örnefnaskrá. "Með aðstoð sveitunga sinna kom Þorsteinn [Þórðarson] sér upp bæjarkorni í Eyrarlandi 1875, hlaut bærinn nafnið Harðbali, átti Þorsteinn þar heima til

æviloka [1890]." (HP Kjósarmenn, 416). Harðbali er við sjóinn hér um bil gegnt Neðra-Hálsi, um 600-700 m austnorð austur af Eyrarbænum. Skilti við




af Eyrarbænum. Skilti við þjóðveginn er merkt "Harðbali" og þar standa nú nokkur hús, a.m.k. þrír sumarbústaðir. Minjar sjást þó enn, sérstaklega vestan við húsin.

Harðbali er fremur votlent, grösugt og þýft svæði.

Mikið rask hefur orðið á Harðbala og ljóst að margar minjar hljóta að hafa horfið við það. Þar standa nú a.m.k. þrír sumarbústaðir og neðst á tanga við sjóinn er sumarbústaður sem heitir Harðbali. Minjar sjást á nokkrum stöðum, einkum vestan við húsin sem nú standa, m.a. túngarður og rústir. Lýsingin hefst um 30 m vestur af húsi sem er miðsvæðis á Harðbala. Þar er einföld tóft (A) af

Túngarður á Harðbala 025, horft í norður.



vesturs. Tóftin er einföld, um 8 x 5 m stór. Veggir eru stæðilegir og ná mest um 1,3 m hæð. Gríðarlegt stórgryti er í innanverðum veggjum. Nú er tóftin opin nyrst á vesturgafli en reyndar lítur út fyrir að rutt hafi verið úr veggnum og ekki víst að um upprunalegt dyraop sé að ræða. Sokkinn grjótgarður (B) er 15-

20 m sunnan við tóftina miðja. Hann má rekja um 10 m til vesturs en þá sveigir hann um 90° til norðurs í aflíðandi beygju. Í beygjunni eru aðeins undirstöður eftir, enda hefur verið ekið þar í gegn. Þaðan liggur garðurinn alls um 95 m til norðurs en grjótgarðurinn sjálfur fjarar út um 15 m ofan sjávarbakka þótt reyndar sé eins og uppstunginn kantur í framhaldinu allt niður að sjó. Þessi garður hefur þá girt af vesturhlið túns. Um 15 m austur af garðsendanum, innan túns, er regluleg dokk sem er líkust mógröf, um 18 x 13 m stór N-S, regluleg og ferköntuð og sést hún vel á loftmynd. Á þessu svæði er annars erfitt að átta sig á fornleifum til fullnustu á jörðu niðri vegna þýfis og votlendis en allt er það greinilegra á loftmynd. Meðfram norðurbrún mógrafarinnar er eins og upphlaðinn kantur sem teygir sig bæði austur og vestur fyrir hana og er alls um 40 m langur. Þetta gæti mögulega hafa verið túngarður sem hefur markað norðurhlið túnsins. Frá enda þessa garðs liggur grunnur skurður til suðurs og þar í krikanum milli garðs og skurðs, fast austan við mógröfina, markar fyrir reglulegum bungum á loftmynd sem minna helst á beðasléttur. Þetta er milli sumarbústaðsins Harðbala og heilsárhúss sem stendur um 100 m suður af honum. Greinilega hefur orðið gríðarlegt jarðrask þegar það var reist. Þannig hefur verið grafið fyrir heilli hæð undir það og raunar grafið upp mun stærra svæði í kring, sennilega niður fyrir yfirborð jarðar um 2-3 m á allt að 30 x 30 m stóru svæði. Þá hefur stór kartöflugarður verið gerður austan við húsið. Austan þessa húss rennur lækur allt til sjávar. Austan við hann er tóft (C), rúma 100 m ANA af tóft A. Hún líkist heystæði og er ekki með eiginlega veggi heldur lágreista kraga umhverfis. Hún er 6 x 3 m stór N-S og veggjahæð mest um 0,3 m. Sennilega hefur op snúið í norðvestur. Skammt austar er moldarflag og í austurjaðri þess er steinadreif sem gætu verið leifar af garði. Að lokum má geta þess að svæðið norðan og vestan við tóft C er mjög óslétt og á loftmynd sjást þar reglulegar dokkir, þó samansignari en sú sem lýst var vestan lækjar. Hugsanlega eru þetta eldri mógrafir. Fleiri minjar blasa ekki við á Harðbala þótt sennilega hafi margt vikið vegna byggingaframkvæmda. Svæði sem ætla má að hafi verið minjasvæði gæti verið allt að 180 x 180 m stórt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Eyri og Eyrakot, 1, HP Kjósarmenn, 416

GK-326:026 *Flóðatangi* bæjarstæði bústaður

"Móti Galtargilslæknum myndar þessa tungu lækur, sem er nokkurskonar kvísl úr Galtargilslæk. og heitir Silungalækur. Á Harðbala voru fimm tómtúsbýli, sem hétu Flóðatangi, Oddsbær, Ólafsbær, Þórarinsbær og Þorsteinsbær," segir í örnefnaskrá. Ekki tókst að finna upplýsingar um hvar býlin stóðu hvert fyrir sig en allar sjáanlegar minjar á Harðbala eru hér skráðar undir einu númeri, sjá 025, og líklegt að Flóðatangi hafi verið innan þess svæðis.

Heimildir: Ö-Eyri og Eyrakot, 1

GK-326:027 *Oddsbær* bæjarstæði bústaður

Móti Galtargilslæknum myndar þessa tungu lækur, sem er nokkurskonar kvísl úr Galtargilslæk. og heitir Silungalækur. Á Harðbala voru fimm tómtúsbýli, sem hétu Flóðatangi, Oddsbær, Ólafsbær, Þórarinsbær og Þorsteinsbær," segir í örnefnaskrá. Ekki tókst að finna upplýsingar um hvar býlin stóðu hvert fyrir sig en allar sjáanlegar minjar á Harðbala eru hér skráðar undir einu númeri, sjá 025, og líklegt að Flóðatangi hafi verið innan þess svæðis.

Heimildir: Ö-Eyri og Eyrakot, 1

GK-326:028 *Ólafsbær* bæjarstæði bústaður

Móti Galtargilslæknum myndar þessa tungu lækur, sem er nokkurskonar kvísl úr Galtargilslæk. og heitir Silungalækur. Á Harðbala voru fimm tómtúsbýli, sem hétu Flóðatangi, Oddsbær, Ólafsbær, Þórarinsbær og Þorsteinsbær," segir í örnefnaskrá. Ekki tókst að finna upplýsingar um hvar býlin stóðu hvert fyrir sig en allar sjáanlegar minjar á Harðbala eru hér skráðar undir einu númeri, sjá 025, og líklegt að Ólafsbær hafi verið innan þess svæðis.

Heimildir: Ö-Eyri og Eyrakot, 1

GK-326:029 *Þórarinsbær* bæjarstæði bústaður

Móti Galtargilslæknum myndar þessa tungu lækur, sem er nokkurskonar kvísl úr Galtargilslæk. og heitir Silungalækur. Á Harðbala voru fimm tómtúsbýli, sem hétu Flóðatangi, Oddsbær, Ólafsbær, Þórarinsbær og Þorsteinsbær," segir í örnefnaskrá. Ekki tókst að finna upplýsingar um hvar býlin stóðu hvert fyrir sig en allar sjáanlegar minjar á Harðbala eru hér skráðar undir einu númeri, sjá 025, og líklegt að Þórarinsbær hafi verið innan þess svæðis.

Heimildir: Ö-Eyri og Eyrakot, 1

GK-326:030 Þorsteinsbær bæjarstæði bústaður

Móti Galtargilslæknum myndar þessa tungu lækur, sem er nokkurskonar kvísl úr Galtargilslæk. og heitir Silungalækur. Á Harðbala voru fimm tórnúsbýli, sem hétu Flóðatangi, Oddsbær, Ólafsbær, Þórarinsbær og Þorsteinsbær," segir í örnefnaskrá. Ekki tókst að finna upplýsingar um hvar býlin stóðu hvert fyrir sig en allar sjáanlegar minjar á Harðbala eru hér skráðar undir einu númeri, sjá 025, og líklegt að Þorsteinsbær hafi verið innan þess svæðis.

Heimildir:Ö-Eyri og Eyraokot, 1

GK-326:031 hleðsla óþekkt

64°20.058N 21°42.548V

Hleðsluleifar eru upp af Pétursvogi, um 320 m VNV af bæjarhól 001.

Gróin hestagirðing.

Hleðslan er um 8 m löng, hrunin og sokkin og liggur NNV-SSA. Hún er ógróin að mestu en þó sumstaðar mosi á grjótinu. Vestan við hleðsluna er talsverð grjótdreif en þó of óregluleg til að hægt sé að kalla hana tóft. Þess má geta að það hefur vafalaust verið góð lending í vikinni innan við Hvalfjarðareyri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-326:032 Hvalfjarðareyri heimild um þingstað

Talið er að höfn hafi verið við Hvalfjarðareyri og þar hafi verið verslað, í það minnsta á árunum 1658-1680. Í Ferðabók Eggerts og Bjarna segir: "Norðan á Kjalarnesi gengur Hvalfjarðareyri út í Hvalfjörð. Þar er góð höfn, sem sögur og annálar herma, að hafi verið notuð í fornöld og á miðöldum til siglinga og verzlunar. Eyrin liggur fagurlega og vel við verzlun. Jarðvegur er af hvítum sandi, og rétt hjá eyrinni er bugur á fiðinum, þar sem skipin geta snúið sér við. Hamborgarkaupmenn verzlðu hér, og danskir kaupmenn komu hér síðast árið 1680." Ekki er vitað um minjar þessu tengdar þótt þær gætu hafa verið við Hvalfjarðareyri, þá frekar innan- en utanverða. Hugsanlegt er að minjar leynist þar en annars má benda á minjar sem skráðar hafa verið skammt innan eða austan við Hvalfjarðareyri, t.d. Búðarhöfuð 008 og Miðbúðir 015.

Heimildir:FEB I, 50

GK-326:033 náma mógrafir

64°19.827N 21°39.903V

Greinilegar mógrafir eru fast neðan eða norðan við þjóðveg, 300 m suður af Harðbala 025.

Mýrlendi. Grafirnar eru greinlega ekki mjög gamlar, enda mjög reglulegar að lögun. Þær eru alls um 90 x 50 m að stærð frá austri til vesturs og gengur smá tota út frá þeim suðvestast en annars eru þær nokkuð reglulega ferkantaðar. Dýpt er innan við 1 m.

Hættumat: engin hætta

GK-327 Eyrar-Uppkot (Efrakot)

1705 eru 4 býli á jörðinni, Efra kot er talið býli, ekki hjáleiga, dýrleiki 8 hdr. Hjáleiga Hvalfjarðareyrar (GK-326) 1847. "Uppkot var þar sem Eyrarbærinn stendur nú, en Útkot þar sem Eyrarkot er í dag." Ö-Eyri og Eyrakot ath og viðb., 2

1917: Tún 4 teigar, garðar 720m², virðist sameinað heimaörðunni 1917.

GK-327:001 Eyrar-Uppkot (Efrakot) bæjarhóll bústaður



Bæjarstaði Eyrar-Uppkots sem nú heitir Eyri. Horft í suður.

GK-327:002 tóft fjárhús

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 90-100 m suður af bæjarhól 001. Þar er nú fjárhústóft áföst bragga.

Tún í halla mót norðvestri. Smáskurður liggur niður túnið skammt norðvestan við tóftina. Stæðileg tóft af fjárhúsum sem voru í notkun framundir 1990. Skv. Haraldi Hjartarsyni voru þau byggð upp úr eldri rústum. Tóftin er alls 10 x 6,5 m stór frá suðaustri til norðvesturs, opin í norðvestur. Veggir eru grjóthlaðnir og lítið sem ekkert farnir að hrynja, allt að 1,6 m háir. Steyptur garði er eftir tóftinni endilangri. Braggi er áfastur tóftinni að suðaustan, í þokkalegu ástandi og hefur vafalaust þjónað hlutverki hlöðu, a.m.k. að hluta til, meðan fjárhúsið var enn í notkun. Tóftin er hálf full af járn og timbri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-327:003 garðlag

Grjóthlaðinn garðstubbur liggur frá Brandslæk til vesturs tæpum 30 m norðan við rétt 004.

Þýft tún, býsna grýtt á þessu svæði.

Grjótgarðurinn er um 10 m langur en virðist aldrei hafa verið hár eða mikill um sig. Hann er aðeins um 0,4 m breiður og 0,2 m hár og ógróinn að mestu. Hugsanlega er þetta gömul girðingarundirstaða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-327:004 tóft rétt

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var rétt í túnjaðri eða SA- horni túns um 100 m suður af fjárhúsi 002.

Grýttur en gróinn harðbali. Brandslækur rennur fast austan við en lítill, afgirtur trjárektarreit er fast vestan við. Aurskriða fór yfir tóftina um 1970 og taldi Haraldur Hjartarson að hún væri alveg horfin af þeim sökum. Svo er þó ekki, undirstöðurnar sjást enn vel en líklega hefur tóftin fyllst upp að einhverju leyti. Réttin hefur


64°19.872N 21°42.093V

Eyrar-Uppkot stóð áður þar sem aðalbærinn á Eyri stendur nú og er nefndur Eyri. Þetta er um 180 m suður af bæjarhól Eyra (GK-326:001), skammt norðan við Brandslæk. Þar stendur nú steinsteyppt íbúðarhús auk annarra útihúsa. Lítil sem engin hólmyndun er sjáanleg undir húsunum og raunar líklegt að mannvistarleifum hafi mjög mikið verið raskað við húsbyggingar og aðrar framkvæmdir á 20. öld. Á túnakorti 1917 eru nokkur mannvirki á hólum: Tvær húsasamtæður og má leiða að því líkum að bærinn hafi verið í annarri en fjós og hlaða í hinni. Að auki voru kálgarðar bæði vestan við bæ og austan. Nú sést ekkert eftir af þessum mannvirkjum. Vitað er að íbúðarhúsið sem stóð á undan núverandi húsi var reist 1913.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

64°19.824N 21°42.105V




64°19.803N 21°42.176V

64°19.796N 21°42.212V

verið um 9 x 4 m frá austri til vesturs. Að austanverðu markast hún af ruðningi frá Brandslæknum og líklega hefur hún verið grafin inn í hlíðina að norðanverðu. Ekki er ljóst hvar rekið hefur verið inn þótt staðhættir bendi helst til að það hafi verið að norðaustanverðu; þar liggur dálítil lág upp að tóftinni neðan úr túni. Eins og áður segir eru engar eiginlegar hleðslur í réttinni, aðeins grjót eða grónir bakkar sem markar hana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



GK-327:005 tóft útihús

64°19.830N 21°42.21°6V

Stök tóft er í túninu um 90 m vestur af fjárhústóft 002.

Óslétt og grýtt tún.

Tóftin er einföld, 6 x 5 m stór frá norðri til suðurs og hafa dyr snúið í norðurátt.

Veggir hafa verið grjóthlaðnir en eru nú hrundir og grónir að miklu leyti, ná þó allt að 0,6 m hæð. Þetta hús var notað sem reykkoði fram á 9. áratug 20. aldar. Í botni tóftarinnar grillir í bárujárn og gamla skóflu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-328 Eyrar Útkot (Neðrakot)

1705 eru 4 býli í byggð á Eyri, Neðrakot (5 hdr) eitt af þeim ekki talið hjáleiga. Hjáleiga Hvalfjarðareyrar (GK-326) 1847. "Uppkot var þar sem Eyrarbærinn stendur nú, en Útkot þar sem Eyrarkot er í dag." Ö-Eyri og Eyrakot ath og viðb., 2

1917: Tún 2 teigar meira en 1/2 sléttað, garðar 760m².

GK-328:001 Eyrar Útkot (Neðrakot) bæjarhóll bústaður



*Bæjarhóll Eyrar-Útkots sem nú er kallað
Eyrarkot, horft í austur.*

64°19.960N 21°42.323V

Eyrar Útkot eða Neðrakot var þar sem nú er nefnt Eyrarkot um 80 m vestur af bæjarhólum á Eyri (326:001). Þetta er ofan eða sunnan við núverandi þjóðveg.

Allbrött brekka mót norðri. Lækur aðskilur tún Eyrar og Útkotsins.

Bæjarhóllinn er sennilega um 30 m í þvermál. Á honum standa tvö hús, nú notuð undir ferðaþjónustu. Ofar stendur íbúðarhúsið, gamall bær sem búið er að gera upp. Hann er á steiptum grunni en án kjallara. Um 5 m neðar eða norðar eru fjós og hlaða sem virðast grafin nokkuð inn í hólinn. Þegar þetta er ritað er verið að gera fjósið upp. Hóllinn er nokkuð áberandi að norðan og austan en aflíðandi að vestan og hólmyndun sést alls ekki að ofan eða sunnanverðu. Mest er hann rúmlega 1 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

GK-328:002 heimild um útihús

64°19.975N 21°42.400V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús vestarlega í túni, um 70-80 m vestur af bæ.

Þýfi og hátt gras. Engin rúst blasir við á svæðinu en þó ekki óhugsandi að mannvistarleifar leynist í þýfi og grasi. Hugsanlega er þetta sami staður og Hesthústún 003.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

GK-328:003 Hesthústún örnefni hesthús

"Í Eyrarkotstúni er Hesthústún fyrir neðan veg og Dúkar fyrir ofan veg," segir í örnefnaskrá. Lýsingin er of óljós til að hægt sé að átta sig á því hvar Hesthústún hefur verið. Þó er ekki ólíklegt að hér sé kominn sami staður og útihús er merkt á á túnakorti frá 1917, sjá 002.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Eyri og Eyrarkot, 3

GK-329 Útskálahamar

16 hdr 1705.

1917: Tún 4,8 teigar, að mestu sléttað, garðar 580m².

GK-329:001 Útskálahamar bæjarhóll bústaður

Bærinn á Útskálahamri stóð norðvestan undir Eyrarfjalli (Kiðafelli).

64°19.513N 21°44.585V

Bærinn stóð í austanverðu túninu samkvæmt túnakorti frá 1917 og lágu bæjarhúsin hvert upp af öðru meðfram Bæjarlæknum. Tvö útihús voru milli bæjar og lækjar sem skráð eru með bæjarhólnum. Kálgarðar voru vestan og sunnan við bæinn. Bæjarhóllinn stendur miðja vegu milli brekkuróta í austri og lítils hamrabeltis í vestri. Nyrst á því, þar sem það er hæst, er Hulduhóll. "[Finnbogi [kom 1901]) byggði [...] baðstofu með kjallara undir fyrir eldhús og geymslu með torf- og grjóttveggjum, en með skúr með járnþaki við hlið baðstofu. [...] Vorið 1938 tekur við jörðinni




Bæjarhóll á Útskálahamri, horft í norður.

Þorkell Ólafsson frá Fossá og hefir búið þar síðan [skrifað 1953]. [...] hann hefir nú byggt steinsteypt íbúðarhús á jörðinni."

Skammt norðan við bæjarhólinn rennur Bæjarlækur. Bæjarhóllinn er kominn í tún að mestu leyti en vestan við hann standa steinsteypt hús sem líklega hafa verið byggð um miðja síðustu öld. Steinsteyptu húsin samanstanda af íbúðarhúsi, stórrí skemmu eða útihúsi sem búið er að rífa að hluta, súrheysgryfju (að líkindum) og framan við og undir skemmumni er kjallari. Framan við skemmuna og ofan á hluta kjallarans hefur líklega einnig verið bygging sem búið er að rífa. Íbúðarhúsið er lítillaga niðurgrafið og er enn undir þaki. Miklu hefur verið rutt af steypu og öðru byggingar- og jarðvegsefni norður fyrir húsin að Bæjarlæknum.

Eiginlegur bæjarhóll virðist vera þar sem vestasti hluti bæjarins var miðað við afstöðu til annarra húsa á túnakorti. Hóllinn er um 20 x 18 m, snýr N-S. Hæstur er hóllinn vestast og nyrst, um 1,3 m, en ef til vill hefur verið grafið í hólinn í tengslum við byggingu steinsteypta hússins sem stendur um 8 m neðan við hann. Lægstur er hóllinn til suðausturs. Fast austan við hann er lítill dæld, um 2,5 x 3 m, snýr N-S.



Ekki er að sjá neinar húsaleifar utan hólins að öðru leyti. landið hallar lítillega til austurs. Uppi á hólnum, sunnan við miðjan hólinn eru leifar af húsgrunni og skorsteini. Getur hér verið um hús Finnboga að ræða og að þetta sé þá ef til vill kjallarinn. Grunnurinn er steinhlaðinn og niður grafinn að austan- og sunnanverðu. Skorsteinn er í norðausturhlutanum. Grunnurinn er um 3 x 3,5 m, snýr N-S. Dýpstur er hann í suðausturhorni, um 0,3 m. 3 umför grjóthleðslu sjást. Inngangur virðist hafa verið á vesturvegg en þó er það óskýrt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; HJ Ljósmyndir I, 69, 72.

GK-329:002 heimild um leið

64°19.473N 21°44.676V


Samkvæmt túnakorti frá 1917 var slóði heim að bænum sem lá að bænum úr suðri í túninu neðan við útihús 006.

Framræst og ræktað tún. Stór skurður er á svipuðum stað og slóðinn hefur verið, í sömu stefnu.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



GK-329:003 tóft útihús

64°19.538N 21°44.770V

Ógreinileg tóft er í túni um 70 m sunnan við fjárhús 008 og um 155 m norðvestan við bæ 001.

Tóftin er í suðvesturhorni túnsins neðan undir lágu hamrabelti sem er um 1 m á hæð og um 20 m langt og snýr norður-suður. Landið hallar lítillega til vesturs.

Tóftin er orðin mjög óskýr en heillegasti hluti hennar er breiður veggur sem liggur frá suðurenda hamrabeltisins til vesturs. Veggurinn er um 2,5 m á breidd, 0,6 m á hæð og um 7 m langur. Á suðurbrún veggjarins er grjóthruga sem bætt hefur verið í vegginn seinna. Um 4 m norðvestan við innri brún veggjarins má greina steinhleðslu í útlöftum vegg. Sá veggur er sýnilegur á um 6 m kafla en verður ógreinilegri eftir því sem dregur nær klettabelti til austurs. Steinar eru á dreif næst klettabeltinu og kunna að hafa verið framhald veggjar. Skáhallt frá þessum vegg liggur annar veggur, um 5 m langur og um 0,7 m breiður, snýr NA-SV. Hann er fremur ógreinilegur en ytri brúnn þó nokkuð skýr og er hleðsluhæð mest um 0,4 m. Við norðausturenda hamrabeltis er stórpýfður og grýttur blettur og þaðan, skáhallt niður hallann, er um 2-3 m breitt belti, einnig þýft og grýtt sem kann að vera veggjaleifar, snýr NA-SV. Milli þúfnabeltis og ógreinilegra veggja er tiltölulega slétt en grunn dæld, um 6 x 5 m. Stærð svæðis sem um ræðir er um 25 x 12 m og snýr norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-329:004 heimild um brunn

64°19.525N 21°44.569V

"Brunnhús voru á Bæjarlæk. Veturinn 1918 þraut Bæjarlæk, en í Austurlæk var nægilegt vatn, því að í honum var kaldavermsl," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var hús í Bæjarlæknum norðan við bæjarhólinn, um 80 m norðvestan við útihús 005 og um 5-10 m norðan við hús á bæjarhól 001. Farvegur Bæjarlækjarins er um 1-1,5 m breiður og er lækjarbakkinn er um 3 m hár til suðurs en um 0,4 m til norðurs á þeim slóðum sem húsið er merkt inn á túnakort.

Ekki sést til minja í læknum en grjót er í börmum lækjarfarvegar sem kann að hafa tilheyrt húsinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Útskálahamar ath og viðb. GBK, 1

GK-329:005 Lambhústún heimild um lambhús

64°19.485N 21°44.532V


Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 70 m suðaustur af vestustu húsunum á bæjarhól 001. "Þá er að halda heim í tún. Austast og efst í túni eru tveir lækir, sem nefndir eru Bæjarlækir. Annar þeirra kemur fyrst ofan úr Stóra-Mýrdal, rennur svo um Litla-Mýrdal og niður í tún. Hinn er vestar úr hlíðinni. Sameinast þeir niður í túni,

en stykkið, sem þeir afmarka, er nefnt Hjálmur. Rétt vestar heitir Lambhústún. Neðan þess er Tunga, sem myndast af einum læknum enn, sem rennur um túnið og í Bæjarlæk. Þessi lækur heitir Lambhúslækur en þar var lömbunum vatnað," segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum Guðmundar B. Kristmundssonar við örnefnaskrá segir að þarna hafi verið lambhús. Þessi lýsing passar við útihús 005 á túnakorti.

Á túnakorti er sýndur lækur ofan við þetta hús. Lækurinn rennur ekki lengur þar en farvegur hans sést ógreinilega. Mjór skurður er nú ofan við uppborðaðan lækjarfarveginn. Húsið hefur staðið þar efst í túninu sem er nú mestmegnis slétt. Þar er nú arfablettur og líklegt að skepnum sé gefið þar. Ekki sést til minja þar sem húsið er staðsett út frá túnakorti en um 10 m norðaustan við þann stað er lítið garðlag eða veggjaleifar 028 í lítilli brekku. Ólíklegt er að þær séu lambhús 005 sem merkt er á túnakort því þær eru rétt utan við túnið.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Útskálahamar ath og viðb. GBK, 1; Ö-Útskálahamar, 2.



GK-329:006 heimild um útihús

64°19.468N 21°44.654V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m norðvestan við bærjarhól 001 og um 100 m austnordæstan við lambhús 005.

Nokkuð slétt tún. Samkvæmt túnakorti rann lækur norðan við húsið. Hann er ekki lengur í túninu en þó sést móta fyrir farvegi hans skammt frá. Skurður er nú í túninu norðan við farveginn sem liggur frá fjallsrótum til vesturs og beygir til suðurs um 50 m vestan við 006.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-329:007 tóft útihús 64°19.558N 21°44.753V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús í norðvestanverðu túninu, ofan og suðaustan við tvískipt útihús 008. Tóft er enn á þessum stað um 160 m vestnorðvestan við bæjarhól 001 og um 180 m norðvestan við útihús 006. Tóftin er efst í fremur aflíðandi brekku. Í kringum hana er nokkuð þýft og stöku stórgrýti. Framan við tóft, til vesturs, er sléttur bali. Framan við hann er svo brattur stallur. Tóftin er grasi gróin og hefur skepnum verið gefið hey í tóftina. Tóftin er heldur óskýr nema suðurveggur hennar. Hún virðist vera einföld og er að utanmáli um 10 x 8 m, snýr N-S. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m. Sýnilegir veggir eru grónir og virðast hlaðnir úr grjóti. Ekkert sést af vesturvegg tóftar. Viðarleifar sjást á og við suðurvegg.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-329:008 tóft fjárhús

64°19.575N 21°44.783V

Fjárhústóft er um 30 m norðvestan við tóft 007 og um 15 m sunnan við útihús 009, á sama stað og tvískipt tóft er sýnd á túnakorti frá 1917.



Tóftin er neðst í aflíðandi brekku til vesturs og neðan við hana er stutt niður á þjóðveg. Suðvestan við hana er lítil klöpp. Umhverfis tóftina er grasi gróið en vel beitt svo tóftir sjást vel.

Fjárhústóftin er um 15 x 14 m, snýr N-S og skiptist í 5 hólf, A-E. Efst og austast er hlaða (A) sem er um 3 x 2,5 að innanmáli. Hún virðist vera grafin inn í brekkuna og er hlaðin að innan. Þar er mesta hleðsluhæð innanmáls um 1,7 m. Í hlöðutóftinni er grjót og timbur- og bárujárnsleifar eins og víðar í tóftinni, þó aðallega í hölfum B og D. Þrír garðar skipta tóftinni 4 hólf sem liggja A-V, þvert á hlöðuna. Við norður- og suðurveggi eru endahólf B og E og eru þau um 1-1,5 m á breidd og 8-9 m löng. Fyrirnefndir veggir eru stæðilegir, um 2 m á þykkt og um 1 m á hæð. Hólf C og D eru svipuð að stærð, um 2,5-3 m á breidd og um 7-8 m á lengd. Fyrir miðjum hölfum C og D sér móta fyrir leifum af skilrími milli króa. Steypt plata er ofan á öllum gördunum en á syðsta garðanum er platan að mestu horfin. Miðgarðinn stendur best og er hæstur, um 0,6 m. Vestast á honum er steypt fjárbað með tröppum ofaní. Tóftin er grjóthlaðin en útveggir eru grónir. Inngangur í krær úr vestri. Mest sjást 3 umför í hleðslum. Í veggj er notað stórt grjót en meðalstórt og smátt í garða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-329:009 tóft útihús

64°19.85N 21°44.761V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 15 m norðan við fjárhústóft 008 og tóft er á sama eða svipuðum stað, um 20 m suðvestan við Hulduhól 021°.

Næst tóftinni er nokkuð sléttlend en brött brekka upp frá tóft norðaustur að Hulduhól og framan við tóft til norðvesturs og vesturs er lítil og brött brekka með miklu stórgrýti. Allt umhverfis tóftina er grasi gróið en vel beitt. Tóftin er einföld og snýr A-V, inngangur er á vesturvegg. Utanmál tóftar er 5 x 5 m. Mesta hleðsluhæð er um 1,1 m. Hleðslur eru úr grjóti, þær eru enn vel greinilegar en grónar. Inni í tóftinni er járnarusl, grjót og timburleifar. Framan við inngang er steinaröð sem myndar lítinn, gróinn stall.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



GK-329:010 garðlag túngarður

Í norðausturjaðri túnsins á Útskálahamri sjást leifar túngarðs. Suðausturendi garðsins er um 130 m norðvestan


64°19.581N 21°44.630V

við bæ 001. Túngarðurinn liggur í jaðri túns, víða í nokkru þýfi, yfir hæðir og lægðir.


Garðurinn er niðurfallinn en hefur verið grjóthlaðinn og sjást greinilegar leifar hans frá Bæjarlæknum til norðurs og svo beygir hann til norðvesturs upp á Hulduhól 021°. Breiðastur er garðurinn á þessum kafla um 1,2 m. Þegar komið er upp á Hulduhólinn sést framhald garðsins á stuttum kafla þegar komið er suður fyrir hamrabrúnina en svo hefur garðurinn beygt niður brekkuna, milli réttar 020 og tóftar 009. Þar neðst sjást óljós merki hans. Þar sem garðurinn heldur áfram niður brekku milli réttar 020 og útihúss 009 er lítið áfast gerði (A). Hleðslan er um 0,3 m breið og er hæst um 0,5 m. Gerðið er um 8 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur, um 5 m norðan við útihús 009.



Túngarður 010, horft í norðaustur.



Gerði (A), sambyggt túngarði 010.



Gerði (B), sambyggt túngarði 010.

Austurendinn er í brekku, mörk vesturenda eru óljós. Frá gerði þessu er garðurinn ógreinilegur, en virðist svo liggja ofan við þýfðan móa suðvestan við fjárhús 008 milli klapparhóla og hættir svo að sjást sunnarlega í blautlendum jaðri véltæks túns. Á þessum kafla er garðurinn mjög gróinn en í honum sést grjót. Breiðastur er hann um 1,5-2 m. Við endann á sýnilegum garði er annað ógreinilegt gerði (B). Það er um 12 x 6 m innanmáls, snýr SV-NA. Suðvesturendinn er ógreinilegur. Mesta hleðsluhæð gerðis er um 0,5 m. Gerðin eru líklega bæði grjóthlaðin en hleðslurnar orðnar

mjög grónar. Heildarlengd sýnilegs túngarðs er um 300 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-329:011 heimild um lendingu

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705 segir: "Heimræði má hjer valla kalla, því uppsátur er ekkert nema lítt nýtandi um hásumar í blóðviðrum."

Ekki er vitað hvar lending og uppsátur voru en allbrattur hamar er víðast niður til sjávar fyrir landi Útskálahamars. Líklegasti staðurinn fyrir lendingu er skammt vestan við fjárskýli 019, þar er ekki eins bratt og

víðast annarsstaðar. Einnig getur verið að útræði hafi verið nærri Siglingavörðu 013.

Heimildir:JÁM III, 391

GK-329:012 garðlag óþekkt

64°19.482N 21°19.511V

Um 10 m norðaustan við 005 er lítið garðlag eða veggjaleifar í lítilli brekku, rétt utan túns.

Grösugur mói rétt utan við túnið, smápýft.

Tveir veggir mynda horn sem vísar í norður. Stærð minja er um 4 x 5 m, snúa austur-vestur. Mesta hleðsluhæð veggja er um 0,3 m og þeir virðast vera torfhlaðnir en ekki sést í grjóti í þeim. Neðst í brekkunni, innan veggjar/garðs er stór stakur steinn. Óvíst er um hlutverk minjanna en ólíklegt að þær séu útihús [005] sem merkt er á túnakort því þær eru rétt utan við túnið, þó að ekki sé hægt að útiloka það.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-329:013 Siglingavarða varða samgöngubót

64°19.689N 21°45.110V

"Þar uppaf neðan túns er stórt og mikið mýrarflæmi, sem heitir Kringlumýri. Varða var aðeins vestar en beint niður af bæ sem hét Siglingavarða. Var hún notuð sem mið inn fjörðinn," segir í örnefnaskrá. "Siglingavarða (5) er orðin lágbúruleg nú," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Varðan er nærri sjávarbakka, um 530 m norðvestan við bæ 001.

Varðan stendur á lítilli klöpp í grasi grónum móa.

Varðan er mjög niður fallin en hefur verið vandlega hlaðin. Hún er um 1,5 x 1 m að grunnflatarmáli, snýr NA-SV. Hún er hlaðin utan í hæstu totu á klöppinni sem hún stendur á og það sem hefur staðið upp fyrir hana er hrúnið en enn er hún um 0,5 m há. 3 umförs sjást, steinar eru stórir og meðalstórir, skófum vaxnir. Grjótið sem fallið hefur úr vörðunni er á dreif í kringum hana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Útskálahamar, 1; Ö-Útskálahamar ath og viðb., SS, 1

GK-329:014 Markavarða varða

64°19.617N 21°44.061V



Markavarða 014, horft í norður.

"Svo höldum við heim hlífðina. Hún skiptist hér í Neðrihlíf og Efrihlíf, það sem skiptir henni, er stallur í miðju, og í efstu brún heitir Nónskarð, sem er uppaf hlífðinni. Austar er svo Dagmálahnúkur á brún, og rétt austar heitir Markavarða, sem er þar sem lengst sést," segir í örnefnaskrá. Varðan er á stalli sem skiptir á milli Efri- og Neðrihlíðar, um 465 m austnorðaustan við bæ 001.

Varðan stendur fremst á klettabrún á allbreiðum stalli sem liggur í N-S í brattri fjallshlíð. Neðan við vörðuna til vesturs er annar lítill stallur og þar neðan við er snarbratt og grýtt.

"Markavarða er nú orðin lág; þar sést lengst í austur eða suðaustur," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Varðan er fast upp við

lítinn klett og er hún hlaðin austan í hann. Undir vörðunni er grasi- og mosavaxið. Steinarnir í henni eru meðalstórir og litlir og skófum vaxnir. Varðan er nokkuð kringlótt í grunninn, um 1 m í þvermál og um 0,5 m á hæð. Heðslan er óvönduð eða hrúnin að nokkru leyti. Nafn vörðunnar gefur til kynna að hún sé á landamerkjum en miðað við markalínu (sem kann að vera ónákvæm) er varðan um 30 m innan við línuna, í Eyrarkotslandi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Útskálahamar, 1; Ö-Útskálahamar ath og viðb., SS, 1

GK-329:015 Grafarmýri náma mógrafir

64°19.779N 21°44.064°V

"Austast á merkjum er klettur í Neðribrúnum, sem heitir Votiklettur og var alltaf blautur. Dalur er þar um merkin, sem heitir Módalur. Neðan við Módal og Votaklett er mýri, sem heitir Grafarmýri," segir í örnefnaskrá.

"Módalur er á merkjum móti Eyrarkoti. Þar hafði áður fyrr verið tekinn mór," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Litið er á Grafarmýri og Módal sem eitt mótekjussvæði. Mógrafir eru nærri merkjum á móti Eyrarkoti en ekki er ljóst hvort þær eru í Grafarmýri eða Módal. Þær eru um 64°5 m norðaustur af bæ 001.

Mógrafasvæðið (líklega Grafarmýri) er grænn og gróinn blettur í annars gróðursnauðri fjallshlíð. Svæðið er um 100 x 70 m og liggur í N-S eftir brún sem er í hlíðinni. Greinanlegar eru tvær mógrafir í Grafarmýri. Báðar eru á jaðri svæðisins, í vesturhorni þess. Stærri grafirnar (A) eru L-laga og snýr hornið til suðausturs. Þær eru um 8 x 6 m og liggja í N-S, mesta dýpt um 1 m, nokkuð þurrar. Sunnan við A eru aðrar minni en mun blautari. Þær eru um 4 x 3 m, snúa SA-NV. Hátt er upp á norðausturbakkann, um 1,5 m. Eins og landamerki eru sýnd á meðfylgjandi korti lenda grafirnar Eyrarkotsmegin við merkin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Útskálahamar, 1; Ö-Útskálahamar ath og viðb., SS, 1

GK-329:016 herminjar brunnur

64°19.714N 21°44.386V

Brunnur frá árum síðari heimsstyrjaldar er um 40 m í suðaustur frá Gerði 017.

Brunnurinn er í mýri þar sem vatn rennur úr fjallshlíð, í litlum lækjarfarvegi norðan við þúfnastykkið sem túnið í Gerði 017 er í. Rof er í lækjarbakkann til suðurs en í brekkunni norðan við brunninn eru flagmóar.


Brunnurinn er allur sprunginn og er hlaðinn úr steypum hellum. Tvöföld röð hellna er í hleðslunni. Brunnurinn er kringlóttur og djúpur en ekki sést til botns í honum. Hann stendur um 0,5 m upp úr jörðu og er um 1 m í þvermál að utanmáli. Um 170 m norðvestan við brunninn er steypur húsgrunnur. Hlutverk þess húss er óljóst og eins hvort grunnurinn teljist til herminja.

Hættumat: engin hætta

GK-329:017 Gerði tóft+garðlag útihús

64°19.727N 21°44.427V

"Austast á merkjum er klettur í Neðribrúnum, sem heitir Votiklettur og var alltaf blautur. Dalur er þar um



merkin, sem heitir Módalur [015]. Neðan við Módal og Votaklett er mýri, sem heitir Grafarmýri. Þá taka við svonefndar Grænulágar og þá Fornaborg [326:022] ofan við nýja veginn, þar var eitt sinn fjárborg. Þá förum við í áttina heim, og er þar allmikill rústarhaugur og tún með. Það heitir Gerði. Rétt ofar, ofan vegar, var önnur Borg [018]," segir í örnefnaskrá. Gerði er um 420 m norðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru á stórpýfðri gróðurtorfu við norðausturendann á framræstri mýri. Norðan og austan við þessa gróðurtorfu er hár bakki niður á gróðurlítið og grýtt land. Fast vestan við tóft er djúpur og breiður skurður. Á svæðinu er grænt og grasi vaxið og er þar kúabeit.

"Gerði er í norðausturátt frá bæ. Þar hefur verið garður, sem fé hefur verið geymt í. Einnig eru þar rústir eftir hús," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Tóftin er í norðvesturhorni Gerðisins og er um 10 x 7 m stór og snýr SA-NV. Hún skiptist í 3 hólfi. Í austurhluta hennar eru tvö hólfi (A og B), hvort fram af öðru og í vesturhluta er eitt langt hólf (C) sem liggur í NA-SV. Inngangur í hólfin er úr norðvestri en suðvesturendi hólfs C er einnig opinn, ef til vill vegna rasks. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og grjóthleðslur sjást í innanverðum veggjum. Þar má greina 3 umför. Hólf A er um 1,5 x 2 m að innanmáli. Örmjór gangur er úr hólfi A í hólf B sem er um 2 x 2,5 m að innanmáli. Framan við hólf B er

ógreinileg grjótlögn sem tengist túngarði umhverfis. Hólf C er um 1,5 x 7 m og mesta hleðsluhæð allra hólfa að innanverðu er um 1,1 m. Framan við tóft að suðvestanverðu er dálítil dæld þar sem líklegt er að vatn hafi runnið áður. Túngarður liggur frá tóftinni til austurs meðfram allri gróðurtorfunni sem tóftin stendur einnig á. Garðurinn er víðast greinanlegur en síst þó til norðurs og austurs en þar er hann horfinn vegna rofs. Af garðinum er aðeins eftir grjótdreif. Hann er víða um 0,5-1 m á breidd. Stærð minjasvæðis er um 55 x 25 m og snýr það SA-NV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Útskálahamar, 1-2; Ö-Útskálahamar ath og viðb., SS, 1

GK-329:018 heimild um fjárskýli

"Austast á merkjum er klettur í Neðribrúnum, sem heitir Votiklettur og var alltaf blautur. Dalur er þar um merkin, sem heitir Módalur [015]. Neðan við Módal og Votaklett er mýri, sem heitir Grafarmýri [015]. Þá taka við svonefndar Grænulágar og þá Fornaborg [326:022] ofan við nýja veginn, þar var eitt sinn fjárborg. Þá förum við í áttina heim, og er þar allmikill rústarhaugur og tún með. Það heitir Gerði [017]. Rétt ofar, ofan vegar, var önnur Borg," segir í örnefnaskrá. Heimildamaður þekkti ekki nákvæma staðsetningu borgarinnar. Svæðið á milli Gerðis 017 og tófta 023 var gengið en ekki varð vart minja um fjárborg. Ekki er útilokað að fjárborgin sé sama og tóft A í 023. Minjar fundust ekki.

Heimildir: Ö-Útskálahamar, 1-2

GK-329:019 tóftir fjárskýli

64°19.560N 21°45.259V



Sigurbjörn Hjaltason benti skráningarmanni á rústasvæði niður við sjó vestur af túni Útskálahamars. Þar eru 3 tóftir á svæði sem er um 65 x 20 m um 180 m suðvestur af Siglingavörðu 013 og um 490 m suðaustur af bæ 001.

Tóftirnar eru á klapparholti sem er umlukið túnnum og grasgefnu haglendi til allra átta nema til norðvesturs en þar hallar holtið mót hafi og er þar þurrt og nokkuð grýtt.

Tóftirnar liggja í nokkuð beinni röð frá suðvestri til norðausturs. Tóft A er hringlaga en tóftir B og C eru að lögun eins og talan 8. Tóft A er suðvestast á svæðinu og er ógreinilegust tóftanna. Hún er um 6,5 x 6 m og snýr SV-NA en er hringlaga og liggur vestan í lítilli klöpp sem myndar suðausturvegg hennar að hluta. Hleðslur eru mjög signar og eru lægri en miðja tóftarinnar. Veggir eru úr grjóti, um 1 m á breidd. Innan í tóftinni eru lausir steinar og lág bunga, grasi og lyngi vaxin. Um 24 m norðaustan við tóft A er tóft B sem er tvískipt, grjóthlaðin og er um 7 x 8 m, snýr SV-NA. Hólfín í tóftinni eru svipuð að stærð, um 2 x 3 m en hólfíð í norðausturendanum er lengra til norðvesturs og hólfíð í suðvesturendanum er lengra til suðvesturs. Norðaustur- og suðausturveggir eru nokkuð greinilegir en aðrir veggir eru niðurfallnir og grjót er á dreif um alla tóftina. Nokkrir stórir steinar virðast skipta minna hólfínu fyrir miðju. Þeir veggir sem eru greinilegir eru mosagrónir og er mesta hæð þeirra um 0,3 m. Tóft C er um 33 m norðaustan við tóft B og er nokkuð stór. Hún er um 10 x 6 m og snýr SV-NA. Mikið stórgrýti er í veggjum auk minni steina og eru þeir greinilegir og víðast grónir, mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Nær öll tóftin er þakin steinum sem hafa hrunið inn í hana, aðallega smáum. Mjög óljóst má greina skil milli tveggja hólfna og er hólfíð í norðausturendanum um 2 x 2 m og í hinum endanum er hólfíð um 2,5 x 3 m. Í norðvesturvegg er mjög mikið laust og fremur smátt grjót. Tóftin er að flestu leyti mjög svipuð tóft B. Lögun tóftanna, staðsetning og efniviður benda til þess að þær hafi verið fjárskýli og líklega er tóft A eldri en tóftir B og C. Það kemur hinsvegar á óvart hversu mikið er af smáu grjóti í


tóftum B og C sem ekki hefur hentað í hleðslu.

Hættumat: engin hætta

GK-329:020 tóft rétt

64°19.586N 21°44.721°V

"Neðst í túni er svonefndur Hali. Rétt austar neðst í túni er Hulduhóll [021°], klettahóll. Þar var fjárrétt. Í Hulduhól bjó huldufólkið og býr auðvitað enn" segir í örnefnaskrá. Réttin er um 175 m norðvestur af bæjarhól 001 og um 30 m austur af tóft 009. Réttin er norðvestan undir háum hamri Hulduhóls. Niðurundan réttinni til vesturs er brött og grýtt brekka. Réttin er grjóthlaðin og stæðileg. Hún er þríhyrningslaga, um 10 x 4 m, snýr NA-SV. Suðvestur- og norðvesturveggir réttarinnar eru hlaðnir úr stóru grjóti og sjást 5 umför í þeim. Berghamarinn sem réttin stendur undir er norðausturvegurinn. Norðaustan við miðja rétt er lítill hellisskúti inn í bergið sem er um 1,3 x 2 m að grunnfleti og um 1,5 m hár yst. Í skútanum er laust grjót og víðarleifar. Nokkuð er hrunið úr hleðslum í suðvestur- og



norðausturendum réttarinnar en mesta hleðsluhæð er um 1,3 m. Réttin er mosa- og skófum vaxin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Útskálahamar, 2

GK-329:021 *Hulduhóll* þjóðsaga huldufólksbústaður

64°19.583N 21°44.716V

"Neðst í túni er svonefndur Hali. Rétt austar neðst í túni er Hulduhóll, klettahóll. Þar var fjárrétt. Í Hulduhól bjó huldufólkið og býr auðvitað enn," segir í örnefnaskrá.

Hóllinn er í túnjaðri.

Hulduhóll er hár klettahóll sem hefur að hluta gegnt hlutverki túngarðs. Frá honum liggur túngarður 010 í norðaustur og suðvestur. Rétt 020 er niður undan hólum. Austurhlíð hólins er aflíðandi, grasi vaxin og þýfð en til norðvesturs er snarbrattur hamar, um 10-15 m niður að réttinni og þar neðan við er svo brött og grýtt brekka. Hóllinn er um 25-30 m langur og hann snýr NA-SV. Ekki sjást önnur mannaverk á eða við hólinn en þau sem nefnd eru í 020 og 010. Þrjár nokkuð hvassar nibbur standa upp úr hamrinum sem minna óljóst á bæjarburstir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Útskálahamar, 2

GK-329:022 *Halldórutóft* tóftir útihús

64°19.501N 21°44.461V

"Austast er svo tóft, sem heitir Halldórutóft og dregur nafn af Halldóru Gestsdóttur, er þar var um aldamótin," segir í örnefnaskrá. Tvær tóftir eru með stuttu millibili efst á Hjalmi, um 65 m norðaustur af lambhúsi 005 og um

100 m austur frá bæjarhól 001. Tóftirnar eru ofan og suðaustan við sumarbústað, milli sumarbústaðargirðingar og Bæjarlækjar. Önnur þeirra hlýtur að vera Halldórutóft en ekki ljóst hvor. Af orðalagi örnefnaskrár má draga þá ályktun að Halldóra hafi búið á þessum stað en ekki er útilokað að þarna hafi verið útihús, kennt við hana. Skv. ritinu Kjósarmönnum var Halldóra kona Kristmunds Guðmundssonar á Útskálahamri, f. 1850 - d. 1916. Tóftirnar standa efst á háum en fremur litlum hól sem er grösugur og nokkuð sléttlendur með dældum. Lítið er um laust grjót. Ofan við tóftir er lækjargil og grýttar en grónar fjallshlíðar.

Tóftirnar snúa í A-V. Tóft A er 4 m norðvestan við tóft B (nær sumarbústað). Hún er mjög ógreinileg en í vesturenda hennar sést móta fyrir einfaldri steinaröð og greina má óskýr veggjabrot. Innanmál tóftar A er um 5 x 1 m. Mesta hleðsluhæð innanmáls er um 0,4 m. Framan við tóftina til vesturs er ógreinilegt hól sem kann að hafa tilheyrt henni. Spýtnarusl er í tóftinni. Utanmál tóftar B er 7 x 4 m. Hún skiptist í 2 hól, það vestara er óskýrt, um 1 x 1 m og það austara er um 2 x 1,5 m. Í austara hólfinu sjást grjóthleðslur og má greina 3 umför. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Kindagötur skera austurvegg tóftar. Fremra hólfið er opið til vesturs en ekki sést gangur milli hólfa.



Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Útskálahamar, 2; HP Kjósarmenn, 388

GK-329:023 tóftir+garðlag óþekkt

64°19.600N 21°44.420V

Tóftir og garðlög eru um 21°0 m norðaustan við bæ 001 og um 235 m sunnan við Gerði 017.

Minjasvæðið er við brekkurætur hjá litlum skúr, sennilega gömlum sumarbústað. Svæðið er grasi gróið en trjágróður á því er orðinn laslegur. Í brekkunni ofan við svæðið er dálftil trjárekt. Neðan við svæðið eru flagmóar og gróðurblettir inn á milli. Nokkurt rask hefur orðið í suðurjaðri svæðisins við gerð vegaslóða.

Svæðið er um 50 x 18 m stórt og snýr NA-SV. Mjór garður (D) afmarkar svæðið til norðausturs. Í suðvesturenda svæðisins er tvískipt útgrafin tóft (B), ofan við hana og til norðausturs er garðlag (E) og í framhaldi af því til norðvesturs er annar garður sem liggur í boga (C). Norðan við tóft B er hringlaga útgrafin tóft (A). Tóftir A og B voru grafnar út fyrir um 15 árum skv. heimildamanni. Tóft A er hringlaga, um 8 m í þvermál að utanmáli og um 0,6 m á hæð, grasi gróin. Að innan er tóftin um 3 m í þvermál og hleðsluhæð um 1,5 m. Að innanverðu sjást grjóthleðslur og hægt að greina 4 umför af hleðslum. Inngangur í tóft er úr norðvestri. Garður D er grjóthlaðinn, um 0,4 m á breidd og um 17 m langur, liggur í NV-SA. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Garður E er grjóthlaðinn og er innri brún hans vel greinileg. Garðurinn er um 8 m langur og um 0,5 m breiddur og um 0,6 m á hæð. Garður D liggur í SV-NA frá tóft B og ofan við tóft A. Hann er um 18 m langur og um 1,5 m breiddur, hæstur er hann um



0,5 m. Tóft B er útgráfin eins og tóft A, að minnsta kosti að hluta. Hún skiptist í 2 hólfa sem snúa SA-NV en tóftin sjálf snýr NA-SV. Hólf I er í suðvesturendanum og er meira útgráfið en hólfi II. Suðausturhlíð tóftarinnar sést ekki og hefur henni líklega verið rutt burt við gerð vegaslóða. Tóftin er um 8 x 6 m. Hólf I er um 3,5 x 3 m að innanmáli. Þar sést í steinaröð neðst í veggjum en annars eru þeir lítilfjörlegir. Hólf II er að hluta útgráfið en er um 6 x 1,5 að innanmáli. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,6 m. Ógreinilegur inngangur er úr NV í hólfi II. Hlutverk minjanna á þessum stað eru óþekkt en mögulegt er að tóft A sé fjárskýli 018 sem ekki fannst. Tóft B kann að vera gamalt útihús en erfitt er að segja nánar til um hlutverk þess. Garðlög D og E eru líklega ung og kunna að vera í tengslum við sumarbústaðinn.

Hættumat: engin hætta

GK-329:024 vegur leið

"Fornaborg [326:022] var við gamla veginn, og var þar oft áð. Sáust þar rústir eftir einhverjar byggingar," segir í athugasemdum og viðbótum við ornefnaskrá. Gamli þjóðvegurinn sést vel á löngum köflum í landi Kiðafells og Útskálahamars. Hann sést vel á loftmynd þar sem honum hefur ekki verið raskað við síðari tíma vegagerð. Gamli vegurinn er samhliða núverandi þjóðvegi en víðast austan hans, nær fjalli. Gamli

þjóðvegurinn lá nánast um hlaðið á gamla Kiðafellsbænum 330:001. Sunnan bæjar lá hann skáhallt niður í Kvíahvamm 330:014 og þaðan suður yfir Kiðafellsá á Gamlavaði 330:015. Vegurinn lá neðan túns á Útskálahamri áleiðis norður að Fornuborg 326:022. Vegurinn lá um grösuga móa, framræstar mýrar og flagmóa. Vegurinn er enn nokkuð greinilegur, er bílfær á köflum og stundum ekinn enn. Breiddastur er vegurinn um 2 m. Hann hefur verið ruddur í gegnum lítið holt rétt norðan við Kiðafellsá. Upphlaðin mýrarbrú er á honum á um 200 m löngum kafla í framræstri mýri norðan við núverandi afleggjara heim að Útskálahamri. Í gegnum brúna hefur verið grafinn mikill skurður við norðvesturenda mýrarinnar. Frá mýrinni stefnir vegurinn að Fornuborg yfir mela og gróðurlítinn móa, þar sést hann lítið sem ekkert.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Útskálahamar ath og viðb., SS, 1

GK-329:025 herminjar

64°19.827N 21°44.751V

Í ritinu Vígdrekar og vopnagnýr segir: "Byssunum var ætlað að verja innsiglinguna í Hvalfjörð. Að Útskálahamri var tveimur smærri byssum valinn staður á sjávarbakkanum niður af bænum þar sem sér vítt um fjörðinn eins og getið verður síðar. Litlu ofar reis lítið hverfi íbúðarskála." Síðar segir: "Var tveimur fallbyssum komið fyrir á sjávarbökkum undan Útskálahamri skammt utan Hvalfjarðareyrar. Sást þaðan vel til kaubátagirðingarinnar og mátti lýsa hana upp með stórum ljóskösturum að nóttu til. Lítið herskálahverfi reis ofar á bökkunum þar sem dvöldu um 100 liðsmenn úr C Battery.[...] Átti Þorkell Ólafsson bóndi á Útskálahamri og fjölskylda hans góð samskipti við þessa granna sína." Svæðið sem herminjarnar eru á er nokkuð stórt, á milli vegar sem liggur að Hvalfjarðareyri og stórs skurðar sem liggur til vesturs frá Gerði 017 neðan við þjóðveginn. Minjasvæðið er um 600 m norðan við bæ 001.

Svæðið er hæðótt og víða virðist hafa orðið rask en nokkuð gróíð er á svæðinu en gróður er þurr og virðist víða vera nokkuð hart undir sverði.

Fyrir u.þ.b. miðju svæði er lítil tjörn, e.t.v. manngerð, og þar hjá eru steiptir veggir af einu eða fleiri húsum en steypubrot má sjá víða á svæðinu. Niður við sjávarbakka, fast við skurðinn sem afmarkar svæðið til suðvesturs, hefur fallbyssustæðið verið. Þar sést einn veggur í lítilli dæld og fleiri steypubrot í bakkanum norðaustan við dældina. Litlu norðaustar er önnur dæld um 4 x 3 m, á bakkanum sem virðist vera manngerð. Hún er miklu dýpri en sú fyrnefnda og kann þar einnig að hafa verið fallbyssustæði en þar sjást ekki mannvirkjaleifar. Á litlum hól ofan við gryfju hjá tjörninni eru steypuklumpar og líklega skorsteinn, einnig eru steypuleifar við tjörnina en ekki er hægt að sjá þar húsagrunna eða önnur mannvirki. Svæðið allt er um 220 x 150 m og snýr A-V.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 38 og 46

GK-329:026 *Mómýri* örnefni mógrafir

64°19.301N 21°45.357V

"Við Fossárdal, ofan melanna, er Mómýri," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá er Mómýri nærri landamerkjum milli Kiðafells og Útskálahamars og eru þurrir melar við Fossárdalinn neðan vegar og því talið að átt sé við þá í örnefnaskrá. Milli vegar og mela er nokkuð breitt en þurt svæði, vel gróið sem hallar til norðurs. Af því tekur við framræst og ræktað tún.

Á svæðinu sjást ekki merki um mógrafir.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:Ö-Útskálahamar, 1

GK-330 Kiðafell

16 hdr 1705. Bylið Ós í landi jarðarinnar, byggt um 1856. Landnámsjörð Svartkels sem settist þar að fyrst en flutti síðar að Eyri.

1917: Tún 4,9 teigar, að mestu sléttað (á síðustu 15 árum), garðar 700m².

GK-330:001 Kiðafell bæjarhóll bústaður

Bærinn á Kiðafelli er á miðju túnakorti frá 1917. Bærinn hefur staðið á hlaðinu hjá Kiðafelli I. Til er nákvæmt túnakort frá 1943 með örnefnum og skýringum og á því má sjá nákvæma staðsetningu bæjarins. Samkvæmt því korti hefur bærinn staðið fast norðan við traðarendann, um 20-30 m norðvestur af núverandi íbúðarhúsi á Kiðafelli I sem byggt var 1958. Íbúðarhúsið sem sýnt er á kortinu frá 1943 stendur enn og er austast á hlaðinu.



Bæjarstæðið á Kiðafelli, horft í suður.

Beitarhólf er þar sem gamli bærinn stóð og austan og sunnan við þann stað standa önnur hús hærra. Þar sem gamli bærinn stóð er lausagrjót efst í hólfinu. Á staðnum er greinilegur hóll en sennilegt að hann sé að mestu náttúrulegur og bærinn hafi einfaldlega verið reistur á hæsta hólnum í túninu. Öllu hefur verið mikið raskað af seinni tíma byggingum og ekki sjást leifar

eldri húsa á yfirborði. Kjallari er undir íbúðarhúsi frá 1958 sem stendur sunnarlega á bæjarhól. Reyndar sést hleðsla á hlaðinu vestan við gamla íbúðarhúsið, um 9 x 1,5 m, en hún stendur ekki upp úr jörðinni og getur verið gömul stétt. Austan við gamla íbúðarhúsið hefur verið mokað frá húsinu sem virðist hafa farið í uppfyllingu en í sniði má sjá örliktar leifar af kolum og brenndum beinum. Bæjarhóllinn gæti verið um 50 m í þvermál. Óljóst hvar mörkin eru milli þess sem hefur hlaðist upp og þess sem er náttúrulegt. Tvö lítil hús á túnakorti sem eru fast sunnan og austan við bæinn eru skráð með honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Túnakort 1943

GK-330:002 heimild um traðir

64°18.273N 21°46.833V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var um 100 m löng tröð heim að bænum frá miðjum vesturjaðri túnsins. "Norðan við tröðina heim hét Lambhústún [004]. Þar norður af voru Fjárhúsflatir [007]," segir í örnefnaskrá.

Þar sem tröðin hefur að líkindum verið er nú malarvegur, uppbyggður á kafla næst núverandi íbúðarhúsi á Kiðafelli I.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Kiðafell SS, 4

GK-330:003 gripir óþekkt

64°18.205N 21°46.754V

Sigurbjörn Hjaltason fann leirpeninga, e.t.v. einhverskonar taflmenn, í plógfari fyrir mörgum árum í túninu um 100 m sunnan við gamla íbúðarhúsið á Kiðafelli I.

Slétt tún. Samkvæmt lýsingu heimildarmanns fundust gripirmir á lágrí hæð í túninu sem hallar til vesturs.

Engin merki um fornleifar er að sjá í túninu en staðsetningarpunktur tekinn eftir lýsingu heimildarmanns.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-330:004 Lambhústún heimild um lambhús

64°18.267N 21°46.760V


"Norðan við tröðina heim hét Lambhústún. Þar norður af voru Fjárhúsflatir [007]," segir í örnefnaskrá.

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 40 m vestan við bæinn, fast norðan við tröðina og kemur heim og saman að það hafi staðið á Lambhústúni. Á túnakorti sést að húsið hefur verið tvískipt og frá því lá garður til austurs. Sléttað tún, nú beitarhólf fyrir hesta. Er í jaðri bæjarhólsins og hallar lítullega til vesturs.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Kiðafell SS, 4



Kiðafell: Minjar í túni. Byggt á túnakorti frá 1917.

GK-330:005 heimild um útihús

64°18.276N 21°46.838V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús vestast í túninu, fast við vesturenda heimtraðar 002, norðanmegin, og um 80 m í vestur frá lambhúsi 004. Húsið hefur verið í horninu milli heimreiðar og vegarins um sveitina.

Sléttað tún, nú beitarhólf fyrir hesta. Á þessum stað eru nokkrar ójöfnur í túninu eins og víðar.

Ekki sést til hússins. Á túnakorti er húsið eitt hólf, fremur lítið. Líklegt er að það hafi verið hesthús eða hrútakofi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-330:006 Sveinsbær heimild um útihús

64°18.313N 21°46.613V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var þrískipt hús í norðausturhorni túnsins, um 30 m norðnorðvestur frá fjárhúsum 007 og um 200 m austan við útihús 005. Hús er einnig merkt á sama stað á uppdrátt af túni frá 1943 sem hét Sveinsbær og var þá orðin rúst.

Í sléttuðu túni skammt vestan við brekku.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Túnakort 1943

GK-330:007 Fjárhúsflatir heimild um fjárhús

64°18.296N 21°46.622V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 90 m norðan við bæ 001. Á sama stað voru fjárhús og hlaða samkvæmt uppdrætti frá 1943. Í ornefnaskrá segir: "Norðan við tröðina heim hét Lambhústún [004]. Þar norður af voru Fjárhúsflatir." Það kemur heim og saman að þetta hús hafi staðið á Fjárhúsflötum.

Tún sem nú er beitihólf fyrir hesta. Lægð er í landinu sem líkist þurru lækjarfarvegi og liggur frá skóglendi í austri og vestur að lóð umhverfis Kiðafell II. Farvegurinn er um 3 m breiður. Á túnakorti frá 1943 sést skurður á þessum slóðum sem liggur frá ísgeymslu efst og austast í þáverandi túni.

Þar sem húsið var er lítill þýfður blettur í túninu og sér á stöku grjót. Að öðru leyti er ekkert sem gefur til kynna staðsetningu minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Túnakort 1943; Ö-Kiðafell SS, 4

GK-330:008 *Húskatótt* heimild um útihús

64°18.199N 21°46.589V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús í suðausturjaðri túnsins, um 150 m suðvestur af bæjarhól 001. Á túnakorti frá 1943 er á svipuðum stað merkt Húskatótt. Á sama korti er örnefnið Húskahóll og eru um 80 m á milli hólans og tóttarinnar. Hóllinn er um 20 m sunnan við gamla íbúðarhúsið. Í örnefnaskrá Kiðafells segir: "Túnið: Austan við Morastaðagötu er Harðhaus (S. Þ. þekkir ekki), en Húski var hóll vestur af syðstu sumarbústöðunum, en nú sléttaður út. Í hólnum var áður hús, líklega sauðahús. Í Húska var áður um 30 faðma löng þúfa." Lýsingin á staðsetningu hólans í örnefnaskrá passar við staðsetningu Húskatóttar á túnakorti frá 1943 og húss á túnakorti frá 1917.

Slétt tún er þar sem húsið hefur staðið. Til austurs er aflíðandi brekka niður að túninu og í henni er skógrækt og sumarbústaðaland.

Ekki sést til minja en húsið hefur verið nokkuð stórt samkvæmt túnakorti frá 1917.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Kiðafell SS, 4; Túnakort 1943

GK-330:009 garðlag túngarður

64°18.299N 21°46.815V

Á túnakorti frá 1917 er sýndur túngarður sem afmarkar vesturhluta túnsins. Frá núverandi heimreið eru sýnilegar leifar garðs meðfram malarvegi vestan við túnið að lóð Kiðafells II.

Neðst í túni sem nú er notað sem beitarhólf fyrir hesta.

Sjá má grjót er á dreif og grasi vaxinn hryggur milli girðingar á túni og malarvegur um sveitina. Frá suðvesturhorni beitarhólfsins sem er norðan við heimreið hefur verið grafið ræsi meðfram malarvegi sem liggur samhliða garðinum og hefur það líklega raskað honum nokkuð á um 30 m löngum kafla. Úr túninu virðist einnig vera ræsi sem liggur í það fyrrnefnda. Þegar komið er um 20 m norðaustur fyrir þessi mannvirki verður garðurinn greinilegri og sést á um 20 m kafla að lóð Kiðafells II. Garðurinn er breiðastur um 2,5 m og mesta hleðsluhæð um 0,3 m. Hann liggur nokkurn veginn í NA-SV. Aðrir hlutar túngarðs eru líklega komnir í tún. Lengd garðsins er um 70 m en þó eru hlutar hans horfnir vegna rasks.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-330:010 varða landamerki

64°18.369N 21°46.21°6V

"Vala heitir stutt klettabelti vestan í Eyrarfjalli. Merkin móti Morastöðum liggja úr henni beint í vörðubrot á melhrygg, sem er austanvert við svonefnda Löngulág, er síðar getur," segir í örnefnaskrá. Varða er í fjallshlíð um 440 m norðaustur af bæjarhól 001.

Varðan stendur á lítilli klöpp í fjallshlíðinni sem snýr mót suðri og suðvestri. Í kring er gróðurlítill mói, grýttur með mosa og lynggróðri. Norðvestan við vörðu er Langalág, grasigróin, sem liggur í N-S. Merkjagirðing er milli bæja upp fyrir sumarbústaðaland en þar fyrir ofan í fjallshlíðinni eru girðingar að miklu leyti niðurfallnar.

Varðan er um 1,2 x 0,7 m að grunnflatarmáli, snýr í V-A eins og klöppin sem hún stendur á og er um 1 m á hæð. Hægt er að greina 4 umför. Grjótið er meðalstórt og smátt. Varðan mjókkar upp. Flestir steinarnir eru skófum vaxnir en líklegt er að bætt hafi verið í vörðuna og/eða hún endurhlaðin að hluta.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kiðafell SS, 1

GK-330:011 *Grafarmýri* örnefni mógrafir

64°18.209N 21°46.323V

"Úr vörðubrotinu [010] liggur línar beint í skurð neðst í Grafarmýri, niður við Kiðafellsá," segir í örnefnaskrá. Grafarmýri er að mestu leyti í landi Morastaða. Ógreinileg ummerki mótekju eru um 315 m sunnan við landamerkjavörðu 010.

Mýrin er vel gróin og ekki mjög blaut. Jaðar mýrarinnar er í landi Kiðafells og þar er friðað sumarbústaðarland og trjágróður. Í Grafarmýri sjást víða vísbendingar um mógrafir, ekki síst neðarlega í henni við malarveg sem liggur um sveitina. Mögulega eru einnig grafir ofar í mýrinni, neðst í landbroti. Svæðið allt er um 150 x 200 m - allt í landi Morastaða. Landið fer hækkanði þegar kemur inn í land Kiðafells. Þar er að mestu þurrlandi í jaðri Grafarmýrar og allt grjótið og skógi vaxið. Á einum stað getur verið að hafi verið mótak þó að þess sjáist ekki skýr merki. Þar er brún í móanum og neðan við hana er blautara en annarsstaðar í kring, er mjög ógreinilegt. Svæðið er um 10 x 10 m og dýpst er við bakkann, um 0,3 m. Það er við landamerkjagirðingu milli Kiðafells og

Morastaða.

Hættumat: hætta trjáræktar

Heimildir:Ö-Kiðafell SS, 1



0 2,5 5
metrar

GK-330:012 tóft rétt 64°18.688N 21°45.694V

"Neðanvert við Völu [sjá 010] er gömul lambarétt, sem nú er mikið fallin. Þar voru lömbin geymd, áður en þau voru rekin upp í Stardali," segir í örnefnaskrá. Ógreinileg tóft er undir Völu um 1,2 km norðaustur af bæ 001. Tóftin stendur mjög hátt uppi í fjalli.

Tóftin er í mjóu gróðurbelti milli klettabeltis til austurs og blásins mels til vesturs. Stöku stórgrýti er hér í móanum en annars er hann smáþýfður og lyngi- og mosavaxinn en ofan við tóftina eru grösugar og brattar brekkur með grjótskriðum.

Tóftin er ógreinileg, einföld og hringlaga. Ógreinilegur inngangur er í tóft úr vestri. Hleðslur eru mjög grónar og signar, eru lyngi- og mosavaxnar. Óvíst er um hleðslufni en ekki sést í grjóti fyrir utan eitt stórt bjarg sunnan við inngang. Tóftin er um 4 m í þvermál og mesta hleðsluhæð er um 0,6 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Kiðafell SS, 1

GK-330:013 Seljadalur örnefni sel 64°18.682N 21°44.360V

"Fossá ræður merkjum móti Útskálahamri, frá því hún kemur upp í Stardölum, og rennur um Fossárgljúfur til sjávar. Rétt fyrir neðan Stardali rennur hún um smádal, sem heitir Seljadalur," segir í örnefnaskrá.

Seljadalur er pröngur og stuttur dalur og þar er nokkur uppblástur og grónar jarðvegsskriður.

Seljadalur var allur genginn og hluti Stardala en ekki fundust leifar af seli. Líklegur staður fyrir selið er um 2 km norðaustan við bæ 001. Hann er neðan við lítinn foss í ánni þar sem hún liggur í sveig til vesturs áður en hún rennur til suðurs í Fossárgljúfri. Ofan og sunnan við sveiginn á ánni er gróin eyri neðst í brekku. Á miðri eyrinni hefur hlaðist upp jarðvegur sem vatn hefur borið úr hlíðinni og er skarð í gegnum þann hól sem vatnið hefur myndað. Á hólum vex sef og fifa en annarsstaðar er grasi- og lyngivaxið, sérlega næst árbakkanum. Áin hefur runnið víða hér um bakkana og mótað þá. Austast á þessari eyri er líklegast að tóftir hafi verið þó að ekki sé hægt að sjá það vegna þeirra breytinga sem hafa orðið á landslagi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Kiðafell SS, 1-2

GK-330:014 Kvíahvammur örnefni kvíar

64°18.098N 21°46.788V

"Beint suður af bænum, niður við Kiðafellsá, er hvammur, sem heitir Kvíahvammur, og úr þeim hvammi er vað á ánni, sem heitir Gamlavað." Segir í örnefnaskrá. Kvíahvammur er rúma 300 m suður af bæ.

Náttúrulega sléttur og grösugar hvammur sem er vel afmarkaður af bröttum brekkum að norðan og vestan en Kiðafellsá að austan og sunnan. Alls er hvammurinn um 100x100 m stór og mjög sléttur í botninn. Þar fannst engin tóft og Sigurbjörn Hjaltason man ekki eftir slíkri. Hvammurinn gæti verið kenndur við færikvíar, í það minnsta er líklegt að svona slétt og grösugt svæði hafi verið áborið og slegið. Sigurbjörn telur víst að hér hafi verið áningarstaður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Kiðafell SS, 2

GK-330:015 Gamlavað heimild um vað

64°18.097N 21°46.767V

"Beint suður af bænum, niður við Kiðafellsá, er hvammur, sem heitir Kvíahvammur, og úr þeim hvammi er vað á ánni, sem heitir Gamlavað," segir í örnefnaskrá. Gamlavað var á gamla þjóðveginum 329:024, rúnum 200 m austan við brúna, það er efri brúna á Kiðafellsá. Þetta er rúma 300 m suður af bæ 001. Kiðafellsá er sjálfsgat áætlega fær víðast hvar. Hér er áin um 5-6 m breið á milli bakka og töluvert stórgrýtt. Merki um gamla veginn sjást beggja vegna við vaðið. Hann sést þó greinilegar að norðanverðu enda keyrt þar enn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Kiðafell SS, 2

GK-330:016 Stekkjarhvammur tóft stekkur 64°18.087N 21°47.204V

"Ef farið er neðan við melana með ánni, er Fosshvammur næstur neðan við brúna og þá Stekkjarhvammur. (S. Þ. þekkir ekki)," segir í örnefnaskrá. Af lýsingum að dæma og tóft sem fannst á vettvangi er Stekkjarhvammur

skammt ofan eða austan við núverandi þjóðveg, 500 m suðvestur af bæ 001. Tóftin er hátt í 100 m austan vegar, 20-30 m suðvestan við rætur bratrar brekku og um 40-50 m norðan við Kiðafellsá.

Grösugur hvammur, dálítil brekka er frá honum og niður að ánni.

Tóftin er fremur sigrin og samlit umhverfi sínu, gróska ekki meiri en í kring. Hún er alls 8 x 6 m og skiptist í tvö hólf. Austar er aflangt hólf sem liggur frá norðri til suðurs, alls um 8 x 3,5 m að utan, hugsanlegur þverveggur um miðbikið. Minna hólf er sambyggt að vestan, um 4,5 x 2,5 m og liggur einnig frá norðri til suðurs. Engin greinileg op sjást í veggjum en hugsanlegt er að op sé í stærra hólfinu til suðausturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kiðafell SS, 2



GK-330:017 Gamlistekkur tóft stekkur

64°18.639N 21°46.600V


"Næst fyrir innan er Móhvammur [027] og síðan Gamlistekkur, einnig nefndur Bollastekkur, nokkuð langt fyrir innan," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 715 m norðan við bæ 001, vestan við þjóðveg, um 150 m norðan við sumarhús sem byggð voru fyrir um 30 árum.

Stekkurinn er á miðri tungu milli tveggja skarða. Tungan er mjög grasi gróin nefst en verður harðari undir fót og gróðurminni er neðar dregur og um miðbikið, þar sem hún er hæst.

Tóftin er suðvestarlega á tungunni þar sem hún er hæst. Tóftin er þrískipt og snúa hólfín í NV-SA og er inngangur í þau úr norðvestri. Suðvestasta hólfíð er ógreinilegt. Tóftin snýr NA-SV og er um 10 x 7 m stór. Mesta hleðsluhæð er um 0,2 m. Tóftin er hlaðin úr grjóti en mjög gróin, vaxin mosa, grasi og elftingu. Hólfín eru um 4-5 m löng og 0,8-1,5 m breið að innanmáli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kiðafell SS, 3



GK-330:018 Ós bærjastæði býli

64°18.881N 21°46.426V

"Eiríksþólsgrófir eru fyrir neðan Eiríksþól; en vegurinn liggur yfir hólinn. Næst er býlið Ós, sem byggt var fyrst um 1856. Kringum það er Óstún," segir í örnefnaskrá. "Magnús Magnússon [...] reisti nýbýli á eignarhluta sínum úr Kiðafellinu, sem var fullur þriðjungur heimajarðarinnar, og nefndi bæinn Ós, þar bjó Magnús frá 1857-70 en fluttist þá að Niðurkoti og dó þar fáum árum síðar. Byggð lagðist niður á Ósi er Magnús fór þaðan, og jarðarparturinn var sameinaður heimaörðinni." Samkvæmt Sigurbirni Hjaltasyni stóð Ósbærinn þar sem nú er ræktað tún norðan við Kiðafellsá, um 400 m vestan við þjóðveg og um 145 m norðvestan við rústir 026 sem sennilega hafa verið útihús frá Ósi.

Þar sem bærinn hefur staðið eru nú mikil tún en bærinn hefur líklega verið þar sem nokkuð hart er undir fæti og minni grasvöxtur og meira um sóleyjar og hundasúru. Túnið hallar lítillega að árgili Kiðafellsár.

Ekki sjást neinar minjar þar sem bærinn Ós stóð en Sigurbjörn man eftir að hafa rutt burt smá grjóti sem þarna var við túnræktun fyrir fáum árum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kiðafell SS, 3, HP Kjósarmenn, 381-382

GK-330:019 Húskahóll álagablettur 64°18.229N 21°46.656V

Samvæmt túnakorti frá 1943 var Húskahóll um 20 m í suðaustur af gamla íbúðarhúsinu og um 80 m suðaustur af bæ 001. Hóllinn var álagahóll og mátti ekki slá hann en nú hefur hann verið sléttaður.

Sléttað tún.

Ekki sést til hólsins.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1943

GK-330:020 tóft rétt

64°18.358N 21°46.557V

"Norðan við Kiðafell eru tveir ásar, sem heita Litlás og Stórás. Norðaustan við þá heita Ásbrekkur (S. Þ. þekkir ekki). Undir Stórás er fjárrétt," segir í örnefnaskrá. Réttin er um 21°0 m norðaustan við bæjarhól 001. Beint niður af réttinni er nýlegt íbúðarhús, Kiðafell III. Réttin er beint niður undan bröttum hamri efst í gróinni brekku. Trjágróður er á alla kanta nema til vesturs. Brekkan neðan við Stórás og réttin er vaxin elftingu.



Austurveggur réttarinnar er hamarinn sem hún stendur undir. Réttin snýr SSV-NNA og er eitt hólf. Hún er um 9 x 6 m og er breiðust í SSV-enda en mjókkar til norðnorðvesturs þar sem er inngangur í hana. Réttin er grjóthlaðin en mosavaxin og sést á stöku stað í hleðsluna en ekki hægt að greina fjölda umfara. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Í suðsuðvesturenda eru steypar hellur í bunka, mosavaxnar en ekki hluti af hleðslu réttarinnar. Mesta breidd veggja er um 1,3 m.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Kiðafell SS, 4

GK-330:021 Brunnbrekkur örnefni brunnur

64°18.178N 21°46.513V

"Brunnbrekkur eru í landsuður (suðaustur) frá bænum," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1943 er brunnur sýndur um 240 m suðvestur af bæ 001. Björn Sigurbjörnsson man eftir brunninum sem brekkurnar draga líklega nafn sitt af. Eftir lýsingu hans var brunnurinn staðsettur neðan við suðaustasta sumarbústaðinn, ofan við túnið, um 220 m suðaustan við bæ 001. Brunnurinn hefur verið í brekku mót suðvestri, nú mjög skógi vaxinni. Er nærri malarvegi um sveitina. Þurrir vatnsskorningar eru til suðvesturs. Ekki sést til brunnsins og hefur líklega verið fyllt upp í hann eða hann fyllst en hann var ekki hlaðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kiðafell SS, 4; Túnakort 1943

GK-330:022 Morastaðagata gata leið

64°18.234N 21°46.521°V

"Gata er beint í austur frá bæ, sem nefnd er Morastaðagata," segir í örnefnaskrá.

Í landi Kiðafells hefur leiðin legið um gróið land og skógi vaxið að hluta, upp dálitla hæð til austurs, yfir mela og mýrar. Ekki er hægt að sjá nein merki götu við bæinn en eftir leiðbeiningum Sigurbjörns Hjaltasonar var farið hjá bústað sem er beint í austur af bænum og upp til norðausturs frá norðausturhorni bústaðar. Þar virðist liggja gata í skóginum og er hún um 1 m breið neðst en breiðkar eftir því sem ofar dregur og er um 2 m breið efst. Þegar kemur upp úr skóginum er ekki hægt að sjá nein merki um leiðina en ef beygt er til A er komið að litlum melhól og var stefnan samkvæmt heimildamanni þaðan í norðaustur, upp fyrir efsta bústað og þaðan beina stefnu á Morastaði. Engin óyggjandi merki um leið fundust þegar þessari leið var fylgt en líkur taldar á því að leiðin hafi legið í flagi yfir landbrot í landi Morastaða skammt austan við landamerkin.

Hættumat: hætta trjáræktar

Heimildir: Ö-Kiðafell SS, 4

GK-330:023 frásögn brunnur

64°18.285N 21°46.595V

Sigurbjörn Hjaltason minnst frásagnar af brunni í norðurhluta túnsins og áttu að hafa verið 13 þrep niður í hann. Brunnurinn var sunnan við brekku í túnjaðri, um 100 m norðaustur af 001 og um 30 m suðaustur af fjárhúsum 007. Sléttað tún, nú beitarhólf fyrir hesta. Er rétt hjá uppþornuðum lækjarfarvegi eða gömlum skurði sem liggur A-V. Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-330:024 náma mógrafir

64°18.999N 21°45.904V

Samkvæmt heimildamanni voru mógrafir milli núverandi þjóðvegjar og gamla malarvegjarins um 530 m norðaustan við útihús 026. Sunnan við mógrafir er skurður þvert á milli vegar sem skilur á milli mógrafa. Nokkuð slétt og grösugt er á svæðinu. Mógrafirnar ná nánast alveg á milli vega. Neðan við neðri veg (þann eldri) og mógrafir eru svo tún. Nokkuð greinilegar mógrafir eru á ferköntuðu svæði sem er 25 x 15 m. Mesta dýpt er um 0,5 m. Mógrafirnar eru alveg þurrar og mjög grasgefnar og smápýfðar. Vestan við þessar grafir er skurður. Um 50 m norðaustan við þessar mógrafir eru aðrar ógreinilegri og óvíst að séu mógrafir. Það svæði er um 20 x 40 m. Suðausturjaðar mógrafanna er skýr en önnur mörk eru óskýrari. Mógrafirnar eru þurrar og grónar, mesta dýpt er um 1,5 m. Snúa SV-NA. Sléttað hefur verið í kringum mógrafirnar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Kiðafell SS, 4

GK-330:025 gripir óþekkt

64°18.391N 21°46.795V

Sigurbjörn Hjaltason fann sveðju um 250 m norður af bæ 001.

Fundarstaðurinn var á holti sem liggur í SSV-NNA milli Kiðafellsbæjanna og núverandi þjóðvegjar. Í lægð milli holtisins og bæjanna er gamli vegurinn (malarvegurinn). Niður af holti til vesturs er snarbratt og hátt, um 30 m. Brekkan niður af holti til vesturs er gróin, aðallega mosa og grasi, en ofaná því er grösugt beitarhólf fyrir hesta.

Fundarstaðurinn var staðsettur vestan við beitarhólf, nærri brún holtsins, milli Kiðafells II og III. Engar minjar eða vísbendingar um minjar er að sjá á þessum stað.

Hættumat: engin hætt

GK-330:026 tóftir útihús

Sigurbjörn Hjaltason benti á rústir um 145 m suðaustan við býlið Ós 018 og hafa sennilega verið útihús frá því býli. Þessar rústir eru um 400 m norðaustan við Gamlastekk 017. Rústirnar eru neðarlega á mjórri tungu milli tveggja skarða. Tungan liggur niður að Kiðafellsárgili. Á tungunni er mikill gróður, séstaklega mikið um elftingu, og mjög stórpýft.

Rútasvæðið er um 22 x 14 m stórt og er allt heldur óljóst og stórpýft. Mikill gróður er yfir hleðslum sem að líkindum hafa verið grjóthlaðnar en eru mosavaxnar og grónar. Hægt er að greina þrjár tóftir á svæðinu. Tóft B er langgreinilegust þeirra og er sunnarlega á svæðinu miðju. Hún er um 6 x 3 m stór og snýr A-V. Op er á tóftinni á vesturgafli og í suðausturhorni. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Það sést í grjóthleðslur í innanverðri tóftinni og 2 umför sýnileg. Hringlaga tóft A er um 2 m norðvestan við tóft B og er hún um 3 m í þvermál, opin til vesturs, mesta hleðsluhæð 0,3 m. Efst og syðst á svæðinu er lítil, hringlaga tóft á brún tungunnar og er í nokkrum halla til suðvesturs. Hún er um 2 m í þvermál og meðsta hleðsluhæð um 0,3 m. Annað er mjög óskýrt á svæðinu en líklegt að leifar fleiri mannvirkja leynist hér.

Hættumat: engin hætt



GK-330:027 Móhvammur náma mógrafir

64°18.454N 21°46.863V

"Blautihvammur fyrir innan (norðan) Kattarhrygg, svo kemur Móhvammur, svo Gamlistekkur [017] og niður undan honum mýri, sem heitir Kópamýri," segir í örnefnaskrá. Heimildamaður kannaðist við að mógrafir væru á þessu svæði, milli Blautahvamms og Móhvamms en mógrafir eru líklega á tveimur öðrum stöðum í Móhvammi. Mógrafasvæðið er um 375 m norðvestn við bæ 001.

Mógrafirnar eru á svæði sem hallar til vesturs í átt að Kiðafellsá. Víða eru uppsprettur og mýrarblettir og hefur jarðvegur runnið fram og víða hafa myndast skörð í brekkurnar þar sem vatn hefur runnið niður þær. Víðast nokkuð vel grótt og sumstaðar grýtt.

Samkvæmt heimildamanni var tekinn mór í þýfðu hagahólfi, afar grösugu og vel framræstu, milli Blautahvamms og Móhvamms (A). Mógrafir eru mögulega á tveimur stöðum syðst í hólfinu, hvor upp af annarri í brekku mót vestri. Efri mógrafir eru sýnu stærri, um 7 x 8 m, snúa A-V. Þær eru þurrar og grónar og mesta dýpt er efst þar sem brekkan er hæst eða um 1 m á austurhlíð en engin brún afmarkar vesturhlíð. Um 8 m suðvestan við fyrirnefndar mógrafir eru aðrar mjög litlar og ógreinilegar. Þær eru um 4 x 2 m, mesta dýpt 0,5 m, snúa A-V og eru mjög grasi grónar og þurrar. Neðst í miðjum Móhvammi má sjá móta fyrir mógröfum (B) ofan við skurð sem skilur hvamminn frá túni, er um 110 m vestan við (C) og um 105 m norðaustan við (A). Mógrafirnar eru í grasi gróinni, aflíðandi brekku til vesturs. Mógrafir eru nokkuð blautar í miðju og og syðstu totu þar sem dýjamosi vex. Þær eru heldur óreglulegar í laginu, eru lengstar til A-V um 30 m en út úr þeim miðjum er tota til S og vestast og neðst er tota til norðausturs og þær eru þær ógreinilegar. Mesta breidd um 25-30 m. Dýpstar eru þær um 0,5 m. Mógrafasvæðið kann að ná lengra til norðurs en er enn óskýrara þar. Beint niður undan nýlegu fjósi, efst og norðaustast í Móhvammi eru óljós merki um mógrafir (C), um 110 m A við B og um 21°0 m norðaustan við A. Mógrafirnar eru í grasigróinni aflíðandi brekku til vesturs. Norðan megin við þær er lágt barð og er rof í því vestast. Þar undir eru víðarleifar á dreif. Lægra barð er sunnan megin og lækkar til vesturs. Niður undan mógröfum er skarð í hlíðina sem liggur niður að engjatúnnum. Mógrafirnar eru grasi- og mosagrónar og sést stöku steinn í þeim og grjót er á jöðrum þeirra. Dýpstar eru mógrafirnar um 0,3 m, þær eru um 13 x 20 m og snúa A-V. Grafirnar eru nokkuð ferhyrningslaga, ógreinilegar. Heildarstærð mógrafasvæðis er um 21°0 x 80 m.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Kiðafell, 1

GK-330:028 Eiríkhólsgrafir náma mógrafir

64°18.738N 21°46.324V

"Blautihvammur fyrir innan (norðan) Kattarhrygg, svo kemur Móhvammur [027], svo Gamlistekkur [017] og niður undan honum mýri, sem heitir Kópamýri. Þar fyrir innan Kerbarð, svo Eiríkhólsgrafir [...]" segir í örnefnaskrá. Eiríkhólsgrafir heita Eiríkhólsgrófir í annarri örnefnaskrá. Óvíst er að mógrafir hafi verið á þessum stað eða hvar þær voru nákvæmlega. Norðvestur undir Eiríkhól er á einum stað grafið úr brekkunni sem kann að hafa gerst við jarðvegsskriðu en ekki útilokað að sé af mannavöldum. Sá staður er skráður og er um 150 m suður af rústum 026. Gróin brekka að mestu leyti, í suðurjaðri mýrardrags sem liggur niður að Kiðafellsá til vesturs. Um 25-30 m eru upp á topp Eiríkhóls en sjálfum hólnum hefur verið raskað við vegagerð.

Svæðið sem um ræðir er um 20 x 10 m, liggur NV-SA. Suðausturhornið er mjög greinilegt efst í brekkunni, um 1,4 m eru þar upp á brún. Svæðið er að mestu þurrt og gróíð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kiðafell, 1; Ö-Kiðafell SS, 3

GK-330:029 náma mógrafir

64°18.557N 21°46.758V

Nokkuð greinilegar mógrafir eru um 150 m suðvestan við tvo sumarbústaði vestan við þjóðveg og um 100 m frá mógrofum 028C neðst í Móhvammi.

Neðst í grasigróinni brekku við skurð sem skilur þær frá túni og hefur að líkindum raskað þeim. Slóði af túninu liggur norðan við grafir að sumarbústöðum.

Mógrafirnar eru um 20 x 15 m og snúa NV-SA. Suðausturhorn mógrafanna er mjög skýrt og þær eru dýpst, um 1 m. Lögun grafanna og mörk eru óskýr til norðurs en skurðurinn markar vesturmörk þeirra. Mógrafirnar eru lítið blautar nema í suðausturhorninu. Þær kunna að halda áfram til NA en það er óljóst, þær er bakki í brekkunni en þær er mjög þurrt og gróíð.

Hættumat: engin hætta

GK-330:030 náma mógrafir

64°18.548N 21°46.607V

Tvær mógrafir eru norðvestan við nýlegt útihús, um 100 m vestan við þjóðveg. Þær eru um 60 m norðaustan við mógrafir 028C efst í Móhvammi 027 og um 120 m austan við mógrafir 029.

Efst í brekku sem liggur niður að á og engjum í litlum halla til norðvesturs eru tvær mógrafir í grónum móa. Um 10 m skilja á milli mógrafanna en á milli þeirra er þýfður, aflangur hóll og er rof í honum efst.

Syðri mógrafirnar eru óreglulegar í laginu, um 15 m í þvermál. Þær eru aðeins blautar í miðjunni og er járnstaur þar en óvíst er um hlutverk hans (e.t.v. girðingastaur). Mesta dýpt er um 0,5 m. Nyrðri mógrafirnar eru um 15 x 5 m, og snúa N-S, mesta dýpt um 1 m. Mörk mógrafanna til norðurs eru óskýr en til suðurs tekur við melur efst í brekku. Til vesturs er fyrrnefndur hóll og til austurs er nokkuð skýr brún. Þessar mógrafir eru nokkuð blautar og í þeim vex djámosi.

Hættumat: engin hætta

GK-330:031 náma mógrafir


64°18.574N 21°46.534V

Mógrafir eru um 75 m norðaustur af mógrofum 030 og um 50 m vestan við þjóðveg.

Mógrafirnar eru ofarlega í brekku mót norðvestri í grasi grónum móa. Í þeim er djámosi og gras. Neðan við þær og norðan við eru miklir skurðir og skurðruðningar.

Mógrafirnar eru hringlaga og nokkuð blautar. Upp á brún er hæst til austurs, um 2 m en óvíst að grafirnar hafi verið svo djúpar. Þær liggja í NV-SA og eru um 30 x 15 m stórar. Í þeim miðjum er stallur og nokkrar þúfur en svo hallar landinu frekar til norðurs. Mörk grafanna eru skýr nema til vesturs og suðvesturs.

Hættumat: engin hætta

**GK-330:032**

tóft óþekkt

64°18.207N

21°46.550V

Útgráfin tóft er um 160 m suðaustan við bæjarhól 001, um 15 m austan við túnjaðar, milli sumarbústaðar og lítils geymsluskúrs.

Gróin sumarbústaðarlóð, umlukin tjágróðri. Sunnan við tóft eru leiktæki barna, rólur og sandkassi, og fast norðan við rústina er fyrrnefndur geymsluskúr.

Þorvaldur Friðriksson frá Kiðafelli gróf út tóftina en hann er fornleifafraeðimenntaður. Líklega hefur þetta verið á 8. áratug síðustu aldar. Tóftin liggur í austur-vestur og er eitt langt hólfi. Innanmál hennar er um 0,7 x 4 m og mesta hleðsluhæð að

innanverðu er um 0,6 m. Ekki er hægt að sjá hvert utanmál tóftar hefur verið því hún stendur lítið sem ekkert upp úr jörðinni, síst til norðurs og hún virðist aðeins hafa verið grafin út að hluta. Grjóthleðslur sjást í öllum veggjum nema norðurvegg. Hleðslugrjótið er stórt og sjást aðeins 2 umför. Mesta þykkt veggja er um 1 m en erfitt er að sjá þykkt suðurveggjar fyrir gróðri en hann er stæðilegastur. Við vestur- og austurenda má sjá nokkuð stórt grjót.

Enginn sýnilegur inngangur er á tóftinni. **GK-330:033** hleðsla óþekkt 64°18.376N 21°46.493V Á túnakorti frá 1943 er merkt inn rúst fyrir neðan Litlås (Litla-Ás). Beint fyrir neðan Litlås er nú sumarbústaður með burstabæjarlagi í eigu Björns Sigurbjörnssonar. Björn ólst upp á Kiðafelli og þekkir því vel til svæðisins eins og það var áður en bústaðurinn var byggður og trjárækt hófst. Hann man ekki eftir að hafa séð rúst á þessum stað. Litlås er lítill kletthamar norðan við Stórás og á rústin að hafa verið undir honum. Rústin er staðsett þar en ekki sést til minja. Sunnan í Litlási er lítið veggjarbrot og þar ofan við, til austurs, er lítil lág. Þetta er mun ofar en sýnt er á korti en ekki útilokað að sé það sama.

Umhverfis Litlås er allt mjög vel gróið og skógi vaxið. Bratt og grýtt er undir hamrinum til vesturs.

Veggjarbrotið sem áður er nefnt er um 10 m austur en áætluð staðsetning rústar á túnakorti. Hann er um 3 m langur, um 0,6 m breiður og um 0,5 m hár. Ekki sést í grjóthleðslur en veggurinn er mjög mosavaxinn. Láginn ofan við vegginn er um 1,5 m í þvermál og er grunn.

Hættumat: hætta trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1943

GK-330:034 heimild óþekkt

64°18.313N 21°46.563V

Á túnakorti frá 1943 er sýnd rúst, um 40 m austur af útihúsi 006. Þar er nú neðri kantur vegar sem liggur að sumarbústöðum utan í Stórasi, ofan við túngirðingu.

Í vegkantinum er mjög grasi gróið og nokkuð slétt en um 1 m er upp á veginn.

Ekki sést til minja á þessum stað og líklegt að þær hafi raskast við vegagerð ef þær hafa enn verið til staðar þegar hann var lagður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1943

GK-330:035 varða óþekkt

64°18.480N 21°46.21°2V

Tvær litlar vörður eru á næstu melbundu norðvestan við þá sem landamerkjavarða 010 stendur á, um 21°0 m norðan við hana. 12 m eru á milli varðanna. Vörðurnar standa á miðri melbundu í halla mót suðvestri. Næsta lítill gróður er á melbungunni. Austan við hana er Langalág, grasi gróin. Efri varðan (A) er hringlaga í grunninn, um 0,7 m í þvermál og um 0,3 m á hæð. Smáu grjóti hefur verið safnað í hrúgu, er ungt. Neðri varðan (B) er veigameiri og í henni er skófum vaxið grjót og hún kann að vera gömul í grunninn en miklu hefur verið bætt í hana nýlega. Hún er aflöng, liggur í norður-suður. Hún er um 1 x 1,2 m og um 0,6 m á hæð. Grjótið er meðalstórt og smátt. Hún stendur á litlum kletti og er grasi gróin neðst að hluta til. Stærri grjótið er grónara en það minna.

Hættumat: engin hætta

GK-330:036 tóft hesthús


64°18.421°N 21°46.543V

Á túnakorti frá 1943 er merkt hesthús norðvestan við tóft undir Litlasi 033. Greinileg tóft er í beitarhólfi neðan við nyrstu sumarhúsin milli Kiðafells III og nýlegs útihúss og kemur heim og saman við staðsetningu á korti. Tóftin er ofarlega í beitarhólfinu, um 60 m vestan við tóft 038 og um 100 m norðvestur af Litlasi.

Sléttlent beitarhólf fyrir hesta sem hallar örlítið til vesturs. Stöku stórgrýti er í hólfinu. Tóftin er 7 x 7 m, er opin til vesturs og snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Tóftin er hlaðin úr grjóti og ef til vill torfi einnig. Veggir eru 2-2,5 m breiðir. Austan við hesthús hefur sennilega verið heystæði, um 2 m frá hesthústöftinni. Þar sést móta fyrir lágum veggjum í suður- og norðurendanum og kantur er á vesturhlidinni. Innanmál heystæðisins er um 9 x 5 m, snýr í norður-suður og mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Heystæðið er fast við girðingu meðfram sumarbústaðalandi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1943



GK-330:037 tóft óþekkt

64°18.424N 21°46.464°V

Um 100 m norður af Litlasi er útgrafin tóft um 30 m frá girðingu sem afmarkar sumarbústaðaland. Tóftin er um 355 m norðaustan við bæ 001. Gróinn en grýttur hagi er hér ofan við beitarhólf.



0 5 10
metrar

Þorvaldur Friðriksson frá Kiðafelli gróf út tóftina en hann er fornleifafræðimenntaður. Líklega hefur þetta verið á 8. áratug síðustu aldar. Tóftin er að utanmáli um 9 x 9 m. Hledslur sjást best í innanverðum norður- og vesturvegg en einnig lítið eitt í suðurvegg. Grafin hafa verið út tvö hólf og skilur dálítið haft þau að. Ekki er ljóst hvort tóftin hafi upprunalega verið tvískipt eða hvort haftið hafi verið skilið eftir í uppgreftinum. 3 stór björg eru ofan á rústinni norðanverðri. Ekki er ljóst hvar inngangur hefur verið í tóftina. Dýpst er tóftin um 1,5 m. Hólf A er í norðurenda tóftar og er um 1,5 x 1 m og 1 m á dýpt. Í norðurveggnum sjást 3 umför. Hólf B er um 4 x 2,5 m og dýpst um 1,5 m. Í vesturvegg sjást 2 umför. Tóftin er grasi gróin. Lítið sem ekkert sést af veggjum ofanjarðar.

Hættumat: engin hætta

GK-335 Bær

16 hdr 1508/1705. 1508 er jarðarinnar getið í sölubréfi er jörði er seld fyrir 8 hundruð í lausafé, á liggur jörðin í Saurbæjarkirkjusókn. DI VIII, 207. 1847 er hjáleigunnar Litlabæjar getið.

1705: "Úthey eru mjög ljett, so að valla eru fódurgæf þaug bestur. Hætt er fyrir foruðum, torfgröfum og holpytta lækjum." JÁM III, 399. 1917: Tún 3,8 teigar, allt sléttað, garðar 1600m².

GK-335:001 Bær bæjarhóll bústaður

64°18.672N 21°39.170V

Bæjarstæðið og túnið á Bæ standa nokkuð hátt á hæðóttum hrygg milli Skorár og Bæjarlækjar. Bærinn stóð á miðju túninu á hól sem er að einhverju leyti náttúrulegur en hann er ekki sá hæsti á svæðinu.


Til vesturs hækkar landið og hólarnir en þeir lækka að sama skapi til austurs. Á túnakorti frá 1917 liggur vegur um hlaðið á Bæ. Malarvegur um sveitina liggur líklega enn á sömu eða svipuðum slóðum, í dæld neðan við bæjarstæðið. Bæjarhóllinn virðist vera náttúrulegur að miklu leyti. Ekki sést til rústa á hólnum en grafið hefur í hann fyrir rotþró og steinsteypt hús stendur sunnan eða suðvestan við staðinn þar sem gamli bærinn hefur staðið. Ekki er hægt að sjá að kjallari sé undir því húsi. Afar grasgefið er á þessum stað en malarplan er við steipt hús. Ekki er ólíklegt að hóllinn hafi raskast við vegagerð og lagningu heimreiðar. Ekki er lengur hefðbundinn búskapur á Bæ eða föst búseta. Hóllinn er um 30 x 20 m og liggur N-S.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



Bæjarhóll á Bæ 001, horft í norður.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-335:002 tóft hesthús

64°18.691N 21°39.239V

"Niður með Skorá heita Brekkur en upplendið Lambhústún, er þar nú hesthúskofi," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti var tvískipt hús norðvestast í túni. Sýnilegar minjar eru á þessum stað, um 65 m norðvestur af bæjarstæði 001, efst í aflíðandi brekku niður að Skorá til norðurs. Líklegt er að hesthúsið sem getið er í örnefnaskrá sé það sama og merkt er inn á túnakort.

Brekkubrúnnir hækkar til vesturs en lækkar til austurs. Há bunga er í túninu sunnan við tóftina. Grasi vaxið allt í kring og nokkuð slétt.

Tóftin er tvískipt, um 11 x 7 m stór og snýr NV-SA. Í norðvesturhlutanum er dálítill hóll en veggir sjást ekki, aðeins grjót og smápúfur. Hóllinn er um 7 m í þvermál og um 1 m á hæð. Í suðausturhlutanum er hringlaga gerði, um 4 x 6 m, snýr SV-NA, mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Ógreinilegt hvar inngangur er í tóft. Óvíst er hvort tóftin hafi gegnt hlutverki lambhúss eða hesthúss en líkur eru til þess að annað eða bæði hús hafi staðið á þessum stað eða nærri honum.

GK-335:003 heimild um fjárhús

6518.653N 21°39.375V

"Hæðsti [svo] hóllinn á Bæjartúni heitir Magrihóll. Ofan við hann eru fjárhús. Suður af honum er Fjárhúshóll," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stórt þrískipt hús í vesturjaðri túnsins, um 170 m vestur frá

bæjarhól 001 og um 130 m suðvestur frá hesthúsi 002 og er það að öllum líkindum fjárhúsið sem getið er í örnefnalýsingu. Húsið hefur staðið vestan undir hól á norðvesturbrún túnsins. Niður af brúninni eru brattar brekkur niður að Skorá. Vegarslóði er í túninu sunnan við staðinn.

Ekki sést til minja á þessum stað en smápýft og grýtt er á svæðinu sem er dálítill lægð, um 12 x 7 m. Steinarnir þarna eru sumir mjög stórir. Að líkindum hefur verið rutt úr rústinni við túnasléttun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Bær, 4

GK-335:004 *Hesthúsmelur* heimild um hesthús 64°18.729N 21°39.008V

"Hæsti hóllinn á Austurtúninu heitir Túnhóll. Útnorður við hann er Harðhaus. Þar austast er Hesthúsmelurinn," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti var einfalt hús í norðausturhorni túnsins, neðan við veg, um 170 m norðaustur af bæjarhól 001 og um 200 m austur af hesthúsi 002 og bendir allt til að um sama stað sé að ræða.

Grösugt tún er sunnan við staðinn en norðan við er brött brekka niður að Skorá. Grýttur en nokkuð gróinn melur er til austurs, Hesthúsmelur.

Ekki sést til hússins en í brekkubrúninni í norðausturjaðri túnsins eru þúfur og grjót í lítilli dæld og eru það líklega leifar hússins. Ekki sést móta fyrir veggjum og hefur tóftinni líklega verið rutt út úr túni eða svo niður fallið að það er vart greinanlegt. Svæðið sem um ræðir er um 6 x 3 m og snýr í NA-SV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Bær, 4

GK-335:005 *Litlibær* bæjarstaði býli

1847: "Prestur telur Litlabæ, sem hjáleigu, en hennar er hvorki getið af sýslumanni, né í nokkurri jarðabók."

Eini staðurinn sem er þekktur undir nafninu Litlibær er í landi Þúfu og skráður þar undir númerinu GK-324:011.

Heimildir: JNm, 100

GK-335:006 tóft fjárskýli

64°19.047N 21°37.882V

"Þar sem löndum skiptir milli Laxárness og Bæjar, heitir Krafshóll, þar eru gamlar borgartættur," segir í örnefnaskrá. Um 1,3 km norðaustan við bæ 001 er stór tóft á grónu holti um 70-100 m frá Skorá.

Suðvestan við tóftina er flagmói og lengra í suður er Votamýri. Klettahóll er um 40 m sunnan við tóftina, líklega Krafshóll.

Tóftin er stór, um 13 x 10 m, og vel greinileg en þó aðallega norðaustur- og suðvesturendar hennar en hún snýr NA-SV og er sporöskjulaga. Tóftin líkist helst dálitlum hól sem dæld er í. Hæstur er hóllinn eða hleðslan til suðvesturs þar sem hún er um 0,8 m. Innan tóftar er smápýft. Veggir til norðvesturs og suðausturs eru mjög ógreinilegir og kann inngangur inn í tóftina að hafa verið þar en hann sést ekki greinilega. Tóftin er algróin og ekki sést í grjót.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bær, 1



GK-335:007 *Réttarvað* heimild um vað

64°18.752N 21°38.094V

"Við takmörk Votumýrar og Stórhólts, er á Dælu Réttarvað, Bæjarvað í seinni tíð. Rétt þar neðar rennur Grafarkeldan [020] í Dælu. Er kelda þessi afrennsli af Bæjarengjum," segir í örnefnaskrá. Vaðið hefur líklega verið móts við rétt GK-336:029 sem er hinum megin við ána, þar sem nú liggur jeppaslóði yfir ána. Vaðið er um 880 m austan við bæ 001. Grónar eyrar eru meðfram ánni. Vaðið er á mörkum Votumýrar og Stórhólts.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um leiðina sem vaðið var á. Nöfnin á því benda til að það hafi verið farið af innansveitarmönnum. Alfaravegur sem farinn var á haustin og um vetur frá Hvalfirði til Reykjavíkur lá meðal annars vestan um Esju og norðan eða sunnan um Eyrarfjall að Hálsi eða Reynivöllum. Sú leið hefur legið á svipuðum slóðum og leiðin um Réttarvað. Líklega er þó að alfaraleiðin hafi farið um Norðlingavað 011 sem er litlu austar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bær, 1

GK-335:008 *Torfamelur* náma mógrafir

64°18.525N 21°38.982V


"Sunnan við Dýjakróka er Norðlingavað [011] á Dælu. Vestan Grafarkeldu [020] tekur Laxfossnýri, við af Hvarfi og nær hún að Torfamel og Hjallholti [013]. Torfamelur er austur við Grafarkeldu gengt Móbrekkum [012], en Hjallholt liggur við Bæjarlæk, stefnir suðvestur," segir í örnefnaskrá. Rista eða mógrafir eru milli

Hjallholts og Torfamels. Mógrafirnar ná niður að Laxafossmýri. Þær eru um 300 m suðaustan við bæ 001.

Mógrafirnar eru í nokkuð blautri og gróinni mýri, smápýfðri.

Mógrafirnar eru ekki mjög greinilegar en greinilegastar eru þær í suður- og suðvesturendanum og í austurjaðrinum neðan við Torfholt. Mógrafirnar snúa nokkurn veginn NA-SV og eru um 100 x 90 m stórar, mesta dýpt er um 0,7 m. Ekki er vatn í gröfunum.

Hættumat: engin hætta



Bær: Minjar í túni. Byggt á túnakorti frá 1917.

GK-335:009 Skötufossgrafir örnefni mógrafir 64°18.657N 21°38.453V

"Sunnan við Stórholt, austan Grafarkeldu [020], er mýri, kölluð Stórholtsmýri. Suðaustan við hana er melmýri hringur utan um mýri, sem kölluð er Skötufossgrafir (mýri?). Fyrir sunnan þessar mýrar taka við melbrekkur, sem einu nafni eru kallaðar Móbrekkur [012]. Mýrarblettur er suðvestur af Skötufossi [sem] heitir Fossmýri. Sunnan við Móbrekku er Grafamýri," segir í örnefnaskrá. Þetta svæði er um 700 m austan við bæ 001.

Smápýfð, gróin mýri er þar sem heitir Skötufossgrafir. Framan við þessa mýri er búið að grafa mikla skurði og þurrka ferkantað stykki. Ekki sjást mógrafir í boganum innan við klappir í Skötufossgrofum en framan við þær, við lágan melhól norðaustan við ferkantað, þurrkað stykki, eru greinilegar mógrafir sem eru að mestu grónar en nokkuð blautar. Mógrafirnar eru um 60 x 20 m stórar, snúa VNV-ASA, og eru um 1 m djúpar. Til vesturs eru grafirnar afmarkaðar af skurðgrefti og til norðvesturs af læk sem rennur um mýrina og þar vestan við eru tún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bær, 1

GK-335:010 Grafarmýri náma mógrafir 64°18.396N 21°38.788V

"Sunnan við Stórholt, austan Grafarkeldu [020], er mýri, kölluð Stórholtsmýri. Suðaustan við hana er melmýri hringur utan um mýri, sem kölluð er Skötufossgrafir [009] (mýri?). Fyrir sunnan þessar mýrar taka við melbrekkur, sem einu nafni eru kallaðar Móbrekkur [012]. Mýrarblettur er suðvestur af Skötufossi [sem] heitir Fossmýri. Sunnan við Móbrekku er Grafamýri," segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru á tveimur stöðum í Grafarmýri. Þær vestari (A) eru um 600 m SA af bæ 001. Mógrafir B eru fáum metrum fyrir austan mógrafir A.

Mógrafirnar eru í stórra mýri, pýfðri og grasi gróinni.

Mógrafir A liggja í hálfhring og mynda n.k. kraga utan um lágan mel. Þær eru grónar en blautar og situr vatn í þeim á stöku stað. Þær eru um 80 x 60 m og dýpstar eru þær um 1 m. Mógrafir B eru um 90 x 120 m og liggja í NA-SV. Þær virðast ná milli tveggja holta. Þessar grafir eru ekki eins greinilegar og A en þó er suðvesturkanturinn mjög skýr. Grafirnar eru að mestu grónar og þurrar en suðvestast og vestast eru þær blautar og þar situr vatn í þeim. Í miðjum gröfunum hefur verið skilið eftir þurrt svæði, um 30 x 10 m. Mesta dýpt er um 1 m. Grafir A og B ná næstum því saman í vesturhorni B og norðurhorni A.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bær, 1

GK-335:011 Norðlingavað heimild um vað 64°18.073N 21°39.118V

"Sunnan við Dýjakróka er Norðlingavað á Dælu," segir í örnefnaskrá. Lýsing á staðsetningu vaðsins er

ónákvæm en það er staðsett á líklegum stað, suðaustan við Niðurengi, þar sem slóði sést á móti vaðinu hinum megin árinna og stefnir til norðausturs. Er um 1,1 km sunnan við bæ 001.

Árbakkarnir eru háir og nokkuð brattir við vaðið, grasi grónar brekkur að mestu leyti en skriður hér og hvar. Við vaðið eru tvö stór björg og nokkur minni í miðri á. Neðan við steinana eru minni flúðir og er þar líklegt að farið hafi verið yfir. Ekki liggja fyrir skýrar upplýsingar um leiðina sem vaðið var á. Nafnið á því bendir til þess að það hafi verið á alfaraleið. Alfaravegur sem farinn var á haustin og um vetur frá Hvalfirði til Reykjavíkur lá meðal annars vestan um Esju og norðan eða sunnan um Eyrarfjall að Hálsi eða Reynivöllum. Sú leið hefur legið á svipuðum slóðum og leiðin um Norðlingavað. Ekki sjást götur liggja að vaðinu í landi Bæjar en þær sjást hinum megin árinna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bær, 2

GK-335:012 *Móbrekkur* náma mógrafir

64°18.556N 21°38.519V

"Sunnan við Dýjakróka er Norðlingavað [011] á Dælu. Vestan Grafarkeldu [020] tekur Laxfossmýri, við af Hvarfi og nær hún að Torfamel [008] og Hjallholti [013]. Torfamelur er austur við Grafarkeldu gengt [svo] Móbrekkum, en Hjallholt liggur við Bæjarlæk, stefnir suðvestur," segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru norðaustan undir Móbrekkum, um 560 m suðaustan við bæ 001. Mógrafirnar eru í mýri við brekkurætur neðan við norður- og austurmörk hólts. Grafirnar eru grónar og eru um 170 x 50 m, breiðastar austast. Þær eru ekki ýkja blautar og mesta dýpt er um 0,5 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bær, 2

GK-335:013 *Hjallholt* örnefni hjallur

64°18.597N 21°38.982V

"Sunnan við Dýjakróka er Norðlingavað [011] á Dælu. Vestan Grafarkeldu [020] tekur Laxfossmýri, við af Hvarfi og nær hún að Torfamel [008] og Hjallholti. Torfamelur er austur við Grafarkeldu gengt [svo] Móbrekkum, en Hjallholt liggur við Bæjarlæk, stefnir suðvestur. Vestan þess er Hjallholtskelda, rennur í Bæjarlæk rétt við holtsrætur," segir í örnefnaskrá. Hjallholt er um 200 m suðaustan við bæ 001.

Hjallholt liggur í suðvestur-norðaustur, er gróðurlítið og grýtt, hæst til norðurs. Norðvestan, sunnan og suðaustan við það eru mýrar, suðvestan við það er Miðmundaholt og norðaustan við það eru tún.

Gengið var í kringum holtið og upp á það en engin ummerki um mannvirki fundust.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bær, 2

GK-335:014 *Miðmundargrafir* örnefni mógrafir

64°18.488N 21°39.123V

"Suður af Hjallholti [013] er Miðmundaholt, nærri áfast. Mýrarblettur milli þess og Hjallholts að vestan, sunnan og austan, en Hjallholtskeldu að norðan, heitir Miðmundagrafir," segir í örnefnaskrá. Miðmundagrafir eru um 340 m suður af bæjarhól 001.

Þurr og smápýfður mýrarblettur sem myndar grunna, kringlóttu skál í landið milli holtanna og er aflíðandi brekka úr henni til austurs og suðausturs. Mýrin hefur ekki verið ræst fram og er grasi vaxin og gróin.

Ekki sést til minja á þessum stað en það kann að vera vegna þess að engar brúnir eru á gröfunum aðrar en holtin í kringum þær.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bær, 2



GK-335:015

Fjárhúshóll

tóft

beitarhús

64°18.385N 21°39.070V

"Austur frá Miðmundaholti er Fjárhúshóll. Þar eru gamlar beitarhúsatættur. Sundið milli holtanna heitir Fjárhúshólssund," segir í örnefnaskrá. Beitarhúsatóftin er um 540 m sunnan við bæjarhól 001.

Tóftin er norðan í Fjárhúshól, grænum og grasi vöxnum. Norðan og vestan við hólinn er grösug mýri að Miðmundaholti. Um hana miðja rennur mýrarlæna. Sunnan og austan við hólinn eru lágir melkollar og mýrlendi.

Tóftin er tvískipt og snúa hólfín norður-suður eins og tóftin sjálf. Inngangur í hólfín er úr norðri en norðurveggir eru alveg útflattir og

illgreinanlegir. Tóftin er um 7,5 x 7 m og mesta hleðsluhæð um 0,5 m. Í kringum tóftina er þýft og kunna að hafa verið hér fleiri rústir en þær eru ekki greinanlegar. Ekki sést hlöðutóft og í hólfunum sjást hvorki garðar né jötur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Bær, 2

GK-335:016 *Stöðullinn* örnefni kvíar 64°18.634N 21°39.069V
"Suðvestan Miðmundaholts eru Uppengi. Milli Hjallholtskeldu og Bæjarlæks er Stöðullinn. Nokkru ofar nær keldunni er Litlimelur," segir í örnefnaskrá. "Fært var frá kvíaám síðast 1925." (HJ Ljósmyndir I, 146). Leitað var að kvíum á svæðinu neðan við Litlanel, milli Bæjarlækjar og Hjallholts [013], um 100 m suðaustan við bæ 001 en ekki sáust ummerki um þær þar.

Í athugasemdum við örnefnaskrá segir að heimildamaður muni ekki eftir kvíum á Stöðlinum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Bær, 3; Ö-Bær ath, 1; HJ Ljósmyndir I, 146

GK-335:017 *Skothúsbarð* örnefni skotbyrgi
"Norðan við Hvamma er hátt grasbarð, nefnt Skothúsbarð. Neðan við það er mýrarkrókur er Þríhyrna heitir," segir í örnefnaskrá. "Skothúsbarð: Í skothúsinu hefur líklega verið setið fyrir öndum. Mikið var af öndum, einkum straumönd, á þessum slóðum," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Allstórt svæði var gengið frá suðurmerkjum til norðurs að upptúni án þess að vart yrði minja um skothús. Staðsetning samnefnds barðs er ókunn.

Heimildir:Ö-Bær, 3; Ö-Bær ath, 1

GK-335:018 þúst óþekkt 64°18.848N 21°38.311V
Um 600 m austur af 004 er þúst á Langholti, skammt upp frá Skorá við vestnorðvesturenda Votumýra. Grýtt og gróðurlítið holt, um 10 m austan við þústina er grasi gróin hundapúfa. Þústin er stór grjóthruga sem virðist hafa verið hlaðið mannvirki. Hrugan er sporöskjulaga, snýr norður-suður og er um 4 x 3 m. Hrugan stendur lítið sem ekkert upp úr jörðu, er hæst um 0,2 m. Grjótið er meðalstórt og smátt. Ef til vill hefur hér verið smalakofi eða skothús en það er ómögulegt að segja nokkuð um það með vissu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Bær, 4

GK-335:019 *Lambhústún* örnefni lambhús 64°18.691N 21°39.239V
"Niður með Skorá heita Brekkur en upplendið Lambhústún, er þar nú hesthúskofi," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt lýsingunni er Lambhústún líklega þar sem hesthús 002 hefur staðið. Ekki er vítað um staðsetningu lambhúss þar en ekki er útilokað að það hafi staðið á sama stað og hesthúsið síðar. Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Bær, 4

GK-335:020 *Grafarkelda* örnefni mógrafir
"Við takmörk Votumýrar og Stórhólts, er á Dælu Réttarvað [007], Bæjarvað í seinni tíð. Rétt þar neðan rennur Grafarkeldan í Dælu. Er kelda þessi afrennsli af Bæjarengjum. Rennur vestan við Stórholt. [...] Vestan Grafarkeldu tekur Laxfossmýri við af Hvarfi og nær hún að Torfamel (008) og Hjallholti [013]. Torfamelur er austur við Grafarkeldu gengt [svo] Móbrekkum (012), en Hjallholt liggur við Bæjarlæk, stefnir suðvestur," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt ofangreindu virðist Grafarkelda liggja um nokkurt svæði og gæti hún dregið nafn sitt af ýmsum mógröfum sem skráðar eru, s.s. við Torfamel (008), Móbrekkum (012), Grafarmýri [010] eða Skötufossgrofum (009). Ekki fundust fleiri mógrafir í eða við Grafarkeldu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Bær, 1

GK-336 Meðalfell

60 hdr. 1705. Bændaeign. 60 hdr. 1847. Landnámsjörð Valþjófs Örlygssonar.

Kirkju í Meðalfelli er fyrst getið um 1200 í kirknaskrá Páls biskups. (DI XII, 10) Næst er kirkjunnar getið í máldaga frá um 1367: "xlvi. A medalfelle j kios er kirkia vijgd med gude mariu drottningu." (DI III, 21°9) Máldagi kirkjunnar hefur varðveist í Vilchinsbók frá 1397: a xxc j heimalandi. leiguland þat er ad Hurdarbaki heitir. ...Þar liggia vnder tiunder af Hurdarbaki oc Karanesi oc lysitollar. so gropttur." (DI IV, 115-116) 1473: Jörðin nefnd í bréfi. DI V, 728. 1512: Jörðin nefnd í bréfi. DI VIII, 410. 1575: Máldagi kirkjunnar (DI XV, 633-634) Meðalfellskot GK-337 hjáleiga 1705, einnig eyðihjáleiga nefnt Dæliskot. Hjarðarholt nýbýli frá 1905. 1705: "Hætt er túnunum mjög fyrir fjallskriðum og verður oftast árlega þar af skaði, sem með stórerfiði þarf að umbæta." JÁM III, 408. 1840: "... liggur þar við undir hálsendanum að sunnanverðu, þar er stórt tún, engi á Laxárdalsbökkum, landslítið heima, en því meira á Meðalfellsdal, hvar haghús er brúkað." SSGK, 257. 1917: Heimatún og austurtún 11,1 teigar, garðar heima 950m². Allt slétt. "Meðalfell á engjar í Laxárdalnum með fram ánni að sunnan, á alllögum kafla." Ö-Meðalfell, 6

GK-336:001 Meðalfell bæjarhóll bústaður

64°19.134N 21°35.964°V

"Bærinn stendur í nokkuð brattri hlíð undir Meðalfelli og við norðvesturhorn Meðalfellsvatns," segir í örnefnaskrá. Gamli bærinn í Meðalfelli var á svipuðum stað og íbúðarhúsið stendur nú en þó um 10-20 m suðvestan við íbúðarhúsið. Greinilegur bæjarhóll er á þessum stað og hefur honum ekki verið hróflað að ráði, aðeins sléttað úr bæjartóftunum.

Íbúðarhúsið sem nú stendur á Meðalfelli er á bæjarhólnum.

Bæjarhóllinn er 65 X 40 m (austur-vestur) og allt að 3 m á hæð. Framan við bæinn er fánastöng og hún stendur á hellu sem var í eldri bænum á hólnum. Á hlaðinu er einnig hestasteinn sem stóð áður við tröðina 016 en stendur nú vestan megin við húsið. Við hann voru hestarnir bundnir og á honum er járnlykkja. Enginn kjallari er undir íbúðarhúsinu og engin útihús standa á sjálfum bæjarhólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Meðalfell, 9

GK-336:002 tóft kirkja

64°19.121°N 21°35.922°V

MEÐALFELL Í KJÓÐS (K) -Maríu, heilögum krossi, Jóni postula, Ólafi, Þorláki, Maríu Magdalenu (REYNIVALLAANNEXÍA)

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 10

[1367]: xlvi. A medalfelle j kios er kirkia vijgd med gude mariu drottningu. þetta ber alltt saman við Vilchinsbok. vtann Vilchinsbok er fyllre; Hítardalsbók DI III 21°9

1397: a xxc j heimalandi. leiguland þat er ad Hurdarbaki heitir. [+mannshlut í Laxá] Þar skal vera heimilisprestur og messa hvern helgann dag og j ollumm ix lestra holldum. Hvern dag vmm Langafostv oc Jolafostv oc ij daga j viku Þess j millumm. Þar liggia vnder tiunder af Hurdarbaki oc Karanesi oc lysitollar. so gropttur. kirk[iu] messa krossmessv a haustid portio Ecclesiae vmm xiiij ar ix. fiell þar nidur af cc; Máld DI IV 115-116

1575: Máld DI XV 633-634

[1600]: Kyrkiukugillde j kios. ...

A medalfelli vj. kyrckiu kugilldi ... JS 143 4to, bl. 374.

12.8.1808: Meðalfellskirkja lögð niður; (PP, 114) [konungsbréf

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Kirkjustaður og er annæcteruð með Reynivalla sókn." Merki kirkju og kirkjugarðs sjást ennþá 20-30 m suðaustan við íbúðarhúsið á Meðalfelli. "Suðaustan við bæinn er Kirkjugarðurinn. Fyrir austan hann er Kirkjugarðsflötin, austur að skurðinum og niður að vegi, sem liggur þar austur túnið," segir í örnefnaskrá


Í jaðri bæjarhóls.

Garðurinn og kirkjutóftin snúa VNV-ASA. Kirkjugarðurinn er 25 X 18 m að stærð, ferhyrndur. Garðurinn er hlaðinn úr torfi. Að sunnan er hleðslan þó nærri orðin ógreinileg. Inn í garðinum sér móta fyrir kirkjutóft eða grunni. Hún er 8 X 5-6 m að stærð og þar má sjá móta fyrir grjóthleðslu. Kirkjan hefur verið í norðurhorni kirkjugarðsins og er opið sem er á vesturvegg garðsins miðjum skakkt á kirkjuna. Í garðinum eru 1-2 leiði greinileg og eitt kirkjutóftinni. Ekki hefur verið gróðursett tré í garðinn. Garðurinn er girtur af honum til varnar. Fast sunnan við garð er óljós vegslóði. Vegir lágu heim að bænum og kirkjunni bæði úr suðvestri og suðri. Slóðinn úr suðri lág til norðurs að bæjarhólnum en beygði svo með honum til suðausturs meðfram garði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: DI XII 10; DI III 21°9; DI IV 115-116; Máld DI XV 633-634; PP, 114; JÁM III, 406; Túnakort 1917; Ö-Meðalfell, 1

Túnakort - Meðalfell og Meðalfellskot (337)



Meðalfell og Meðalfellskot: Minjar í túni. Byggt á túnakorti frá 1917.

GK-336:003 heimild um útihús

64°19.136N 21°35.907V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 40 metrum austan við bærjarhól 001. Það hefur verið um 20 metrum ofan við kirkjugarðinn 002.

Grasi vaxinn trjálundur með nokkrum háum trjám í kring sem hefur verið plantað í fering utan um litla flöt. Austan og norðan megin eru tún og sunnan megin er kirkjugarðurinn.

Ekki sjást neinar minjar á staðnum. Líklega hefur verið sléttað úr þeim og síðan plantað trjám á staðnum.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-336:004 heimild um útihús

64°19.131N 21°36.037V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 60 metra suðvestan við bærjarhól 001. Það hefur verið á mjög svipuðum stað og nú stendur fjós, vestan megin við veginn sem liggur upp að bænum.

Malarplan er í kringum fjósið. Sunnan við er vegur og tún. Austan megin er vegur og skurður og norðan við er skemma. Ekki sjást neinar minjar á staðnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-336:005 heimild um útihús

64°19.120N 21°36.057V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús vestan megin við heimkeyrsluna að bænum, um 70 metra suðvestur af bærjarhól 001. Húsið hefur staðið skammt sunnan við núverandi fjós, við suðurenda þess, þar sem fjóshaugurinn er. Malarplan í kringum fjósið, austan megin við fjóshauginn. Sunnan megin er tún og austan megin er vegur. Ekki sjást neinar leifar af minjum á staðnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-336:006 heimild um heygryfja

64°19.144N 21°36.037V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var mannvirki, sennilega súrheysgryfja, um 20 m vestan við útihús 004. Mannvirkið hefur sennilega staðið við norðurenda fjóssins sem nú stendur vestan eða suðvestan við bæinn og um 60 metra suðvestur af bærjarhól 001.

Svæðið hefur allt verið sléttað og þar er nú fjós og malarplan í kringum það. Rúllustæða er á planinu auk ýmissa heyrinnuvéla. Ekki sjást neinar leifar af minjum á staðnum. Mannvirkið sem dregið er upp á túnakorti er sýnt hringlaga og líklegast að það sé ekki átt við hús heldur annaðhvort brunn eða súrheysgryfju. Gísli Ellertsson veit ekki til þess að brunnur hafi verið á þessum stað og flest bendir því til að um súrheysgryfju hafi verið að ræða. Þess má geta að afi Gísla var frumkvöðull í verkun súrheys í Kjósarhreppi síðla á 19. öld.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-336:007 heimild um heygryfja

64°19.145N 21°36.025V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var súrheysgryfja um 50 metra vestsuðvestur af bæjarhól 001. Hún hefur verið um það bil mitt á milli fjóssins og traðarinnar 016. Sléttað malarplan. Fjósið er sunnan megin, geymsla er norðan megin og þar fyrir aftan er tröðin. Ekki sjást neinar leifar af súrheysgryfjunum á staðnum en Gísli Ellertsson hefur heyrt að þar hafi verið súrheysgryfjur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-336:008 heimild um útihús

64°19.226N 21°35.989V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús í vesturjaðri túnsins um 170 metra norðvestur af bæjarhól 001. Tóftin er um 150 metrum ofar en vesturendi traðarinnar.

Tóftin er í jaðri túnsins í óræktaðri brekku neðan undir Meðalfelli. Töluvert af grjóti er í brekkunni.

Rústin er ekki mjög greinileg og ekki sést nema í vesturvegg hennar og eitt horn. Veggurinn er um 5 metrar á lengd og um 1m á breidd þar sem hann er breiðastur. Hann er töluvert gróinn og líklega eitthvað sokkinn. Miðlungsstórir steinar eru í hleðslunni og aðeins sést í eitt umfar af hleðslum sem eru mest um 0,3 m háar. Nokkrir steinar eru fyrir innan hleðsluna og þeir gætu hafa hrunið úr tóftinni. Ef til vill hefur verið sléttað úr stórum hluta tóftarinnar þegar túnið var sléttað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-336:009 heimild um hesthús

64°19.132N 21°36.231V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús í vesturjaðri túnsins áfast túngarði 010. Þetta er rúma 200 m VSV af bæjarhól 001. Sléttað tún. Vestan við er skurður og þar enn vestar er tún. Sunnan við er vegur meðfram Meðalfellsvatninu. Austan við er vegurinn sem liggur upp að Meðalfelli.

Ekki sjást neinar leifar af rústum á staðnum. Ef til vill hefur uppkastið úr skurðinum verið sett yfir rústina eða staðinn þar sem húsið stóð. Mikið og hátt gras er á staðnum og erfitt er að sjá hvernig jörðin er undir því. Gísli Ellertsson man ekki eftir rústunum en telur sig hafa heyrt að hesthús hafi verið á svipuðum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-336:010 garðlag túngarður

64°19.138N 21°36.236V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 lá túngarður upp með vesturhlið túnsins. Grjótgarður er einnig merktur meðfram austurhliðinni en ekki er ljóst hvort girt hefur verið að norðanverðu.

Sléttað tún er sitthvoru megin og skurður á milli þeirra. Norðvestan megin er óræktaður mói.

Nú sjást engar leifar af túngarði meðfram vestanverðu túninu en þar er skurður í túngarðsstæðinu. Sennilega hefur túngarðurinn horfið þeim megin þegar skurðurinn var grafinn. Gísli Ellertsson man eftir honum. Hlaðinn túngarður liggur meðfram austurhlið túnsins. Nyrsti hluti hans er nokkuð ógreinilegur en hann verður greinilegri þegar sunnar dregur. 20 m sunnar en nyrsti punktur hans er lítil rétt samhlaðin honum. Réttin er um 3x3 m að stærð og liggur norður-suður. Veggirnir eru mikið hrundir og aðeins sést móta fyrir tveimur umförum af hleðslum. Mannvirkið er ekki mjög vel hlaðið og ekki er annað að sjá en það sé frá svipuðum tíma og garðurinn. Rústin er mosavaxin og algróin að innan og ekkert sjáanlegt op er á henni. Vesturveggurinn stendur best og mesta breidd veggja er um 0,5 m. 15 m fyrir neðan réttina er 6 m löng eyða í garðinum. Engin augljós skýring er á þeirri eyðu. Túngarðurinn endar svo 14 m sunnar. Syðsti hluti austurhliðar túngarðsins er best hlaðinn og hann stendur nokkuð vel. Þar sem hann er hæstur er hann um 1 m á hæð eða um 7 umför. Miðlungsstórir steinar eru í garðinum og hann er nokkuð mosavaxinn. Garðurinn virðist nokkuð sokkinn norðan megin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917


GK-336:011 heimild um sel

Í jarðabók Árna og Páls 1705 segir: Selstöðu [frá Hurðabaki] í Meðalfellsland þarf með þágu að þiggja eður betala verði ..." Ekki er vitað hvar selstaða Hurðabaks í Meðalfellslandi var. Einu selrústirnar og selörnefnin

sem þekkt eru eru hér skráð undir 013 og mögulegt er að átt sé við þann stað.

Heimildir:JÁM III, 411

GK-336:012 Hjarðarholt bæjarstæði býli



64°18.657N 21°38.137V

"Hjarðarholt er býli upp frá Dælisá," segir í örnefnaskrá. Býlið Hjarðarholt var stofnað 1905 af Guðmundi Erlendssyni. Á túnakorti frá 1917 sést að túnið sléttað telst 0,7 teigar, garðar 250m². Þar er þá bæjarhóll og tvö útihús. Hjarðarholt er um 2 km suð-suðvestan við bæjarhól 001. Farið er niður afleggjara sem stendur á Hjarðarholt og alla leið niður hann þar til komið er að hliði á girðingu. Þar er óræktað tún og í vesturkanti þess rétt ofan við gilbarminn hjá Dælisá er bæjarstæðið. Hugsanlega hefur Hjarðarholt verið byggt upp þar sem Dæliskot var áður, sbr. 015. Vestan við bæjarstæðið er túngarður, norðan við er sumarhús sem heitir Hjarðarholt, og sunnan og austan við er tún. Túnið var sléttað á sínum tíma en er núna komið í órækt. Þar

voru kvígur þegar þetta var skráð.

Engar mannvistarleifar sjást á staðnum fyrir utan nokkra stóra steina í röð sem snúa austur -vestur nálægt gilbarminum, um 70 m suðvestan við vestasta sumarbústaðinn. Meðal þeirra er einn steypuklumpur og lítur út eins og grjótinu hafi verið rutt saman af stórvirkri vél. Túngarðurinn 037 breiðir mikið úr sér vestan við bæjarstæðið. Gísli Ellertsson telur að síðast hafi staðið torfbær í Hjarðarholti. Staðurinn var skráður á vettvangi sumarið 2007. Síðar kom eftirfarandi í ljós: Þegar túnakort frá 1917 er borið saman við loftmynd virðist sem bæjarstæðið hafi verið allt að 130 m suðvestar en upphaflega var áætlað. Þar hefur orðið geysmikið rask, gerð gryfja með ruðningum í kringum.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Meðalfell, 10; HP Kjósarmenn, 320



Meðalfellssæl 013, horft í norður. Kúpti höllinn sem getið er í lýsingu er fjær, ofan og hægra megin við miðja mynd.


GK-336:013

Meðalfellssæl

tóftir sel

64°17.302N 21°38.787V

1705: "Selstaða er í heimalandi og er þar mótak nóg til eldingar." "Sunnan við Holtin og Sundin er allstór mýri, sem heitir Selmýri. Framan við hana er Selið á vallendisbala, sem þar er. Selið er næstum beint niður undan upptökum Drápskriðulækjarins," segir í örnefnaskrá. "Meðalfellssæl. Jón Magnússon og kona hans Guðríður Ásmundsdóttir byggðu að stofni upp í Meðalfellssæli og bjuggu þar frá 1859-68." (HP Kjósarmenn, 320). Meðalfellssæl er í Eilífsdal, um 300 m vestur af girðingarenda sem markar suðurenda sumarbústaðahverfis. Þetta er rúma 4 km suður af bænum á Meðalfelli.



Rústirnar eru efst eða syðst á mjóum rana sem gengur til norðurs út úr hæð eða holti þar sem land tekur að hækka í dalnum. Flatneskjulegt mýrlendi er neðan við holtið en mýralækir renna í það beggja megin við þústina. Mógrafir virðast vera í holtinu beggja megin við og raunar einnig fast upp við rústirnar að austanverðu.

Selrústirnar eru ekki mjög greinilegar og skera sig lítið úr umhverfinu, þýðar og bitnar af hrossum. Þær virðast ná yfir svæði sem er alls um 15 x 10 m stórt frá suðvestri til norðausturs. Í tóftinni sjást tvö hólf, ámóta stór, sem bæði snúa með op í VNV. Hvort hólf um sig er um 5 x 2 m stórt að innanmáli frá NV-

SA og sést grjóti í veggjum þess syðra en sunnan þess verður tóftin ólöguleg og þústarleg. Veggir eru fremur jarðlægir og skera sig ekki mikið úr umhverfinu. Ekki eru aðrar rústir greinilegar en þó má geta þess að um 70-

80 m norðan við rústina er áberandi kúptur hóll sem ekki eru afgerandi rústamerki á en gæti þó verið upphlaðnar mannvistarleifar að einhverju leyti. Þetta er á miðjum rananum sem er tekinn að mjókka mjög til norðvesturs.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM III, 407; Ö-Meðalfell, 5, HP Kjósarmenn, 320

GK-336:014 heimild um leið

64°19.063N 21°36.851V

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Selvegur erfiður yfir torfærar keldur." Væntanlega er hér átt við leiðina í selið 013, enda ekki vitað um aðra selstöðu í Meðalfellslandi. Ekki er vitað nákvæmlega hvaða leið var farið í selið þótt Selvað sé enn þekkt, sjá 026. Sennilega hefur leiðin legið nokkurn veginn stystu leið, fyrir vesturhorn Meðalfellsvatns, meðfram Dælísá og um votlendið fyrir neðan sumarbústaðahverfið í Eilífsdal að selinu. Ekki sjást áberandi gamlar götur á þessari leið, enda að miklu leyti um votlendi að fara.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM III, 407

GK-336:015 Dælís Kot bæjarstæði býli

1705: "Dælís Kot segja menn verið hafi býli til forna og sjest þar enn fyrir túngörðum og tóftum, en enginn veit að segja nær eður hvarfyrir eyðilagst hafi, liggur þetta eyðiból í átölulausri Meðalfells landeign, og eru þar Meðalfells fjárhús, og hafa verið yfir 60 ár, og það langt menn til muna. Tún öll eru komin í holt og hrjóstur, og kann ei aftur að byggjast." Ekki er nú vitað hvar Dæliskot stóð og þess er ekki getið í síðari tíma heimildum. Líklegt er þó að það hafi verið nálægt Dælísá og þá kemur Hjarðarholt 012 upp í hugann. Það er nýbýli frá 1905 og líklegt að því hafi verið valinn staður þar sem einhver rækt var til staðar, jafnvel gamalt tún. Hér er sá möguleiki talinn líklegastur að Dæliskot og Hjarðarholt sé einn og sami staður.

Heimildir: JÁM III, 409

GK-336:016 Tröð gata traðir

64°19.154N 21°36.050V

"Í vestur frá bænum er gata út úr túninu, hún er kölluð Tröð, enda er hún niðurgrafin nokkuð," segir í



Tröð 016, horft í austur.

örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1917 lá tröðin frá bæjarhólnum 001 og til vesturs. Hún sést enn og er austurendi hennar um 70 m vestur frá bæjarhólnum og er á milli skemmu og túns þar fyrir ofan. Beggja megin við tröðina er girðing. Ofan við tröðina, norðan við, er vel sléttatún við jaðar Meðalfells. Sunnan við eru tvær skemmur og þar enn neðar er fjósið.

Tröðin er mjög greinileg, eins og niðurgrafin rás en sennilega hafa traðarveggirnir verið upphlaðnir að innanverðu. Veggirnir eru grónir en þó sést víða í grjóti. Botn traðarinnar er ógróinn og troðinn eftir kúr, enda er tröðin enn notuð til að reka kúr í haga og heim í fjós. Þar sem traðarveggirnir eru hæstir eru þeir um 0,6 metrar og tröðin er mest um 2 m

breið en lengd hennar er alls hátt í 100 m. Þar sem hún endar í vestri tekur vegslóði við af henni út úr túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Meðalfell, 1

GK-336:017 *Brunnhúsflöt* örnefni brunnur 64°19.056N 21°36.202V

"Þar fyrir vestan heitir Niðurtún, þó eru þar ýmsir blettir með sérnöfnum, svo sem Brunnhúsflöt, neðan til austur undan fjósinu," segir í örnefnaskrá. Brunnhúsflöt var um 240 metrum suðvestan við bæjarhól 001, þar sem vegurinn meðfram Meðalfellsvatni liggur nú. Hún hefur verið um 50 metrum austan við bátaskýli sem eru niður við vatnið, nokkur í röð.

Nú liggur vegur yfir flötina en norðan við hann er röð aspartrjá og tún þar fyrir ofan.

Það sjást ekki neinar leifar af brunni, enda telur Gísli Ellertsson að vegurinn hafi farið yfir hann. Norðan við veginn er þó alltaf talsverð bleyta. Brunnurinn var steypdur, a.m.k. undir það síðasta, og mjólkinn var kæld í honum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Meðalfell, 1-2

GK-336:018 *Gildruholt* örnefni refagildra 64°18.981N 21°36.687V

"Heim við Bugðu, ofarlega, er grýtt hæð, sem heitir Gildruholt. Efst á því sér fyrir gamalli hleðslu," segir í örnefnaskrá. Gildruholt er rétt við Meðalfellsvatnið, sunnan við Bugðu, um 650 m suðvestur af bæjarhól 001.

Grýtt en vel gróið holt. Engin hleðsla sem gæti verið leifar af refagildru sést á holtinu þótt ekki sé útilokað að þær leynist undir grænum þúfum efst á því. Utan í holtinu er hins vegar grjótrúst sem getur ekki verið gildra, sjá 030.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Meðalfell, 4

GK-336:019 *Hlöðugarðurinn* heimild um hlöðu 64°19.145N 21°36.038V

"Norðan við hlöðuna að Tröðinni [016] er Hlöðugarðurinn," segir í örnefnaskrá. Hlöðugarðurinn er um 60 metrum vestsuðvestan við bæjarhól 001, þar sem nú stendur geymsla með gráu þaki. Þetta er bak við fjósið og sunnan megin við tröðina 016. Geymsla er á staðnum og sléttað malarplan vestan, sunnan og austan megin en tröðin norðan megin.

Engar leifar af hlöðunni sjást en nafnið "Hlöðugarðurinn" er enn í notkun og þá er átt við geymsluna. Gísli Ellertsson telur að hlaðan hafi staðið þar. Líklega hefur þetta verið fjóshlaða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Meðalfell, 1-2

GK-336:020 *Lambhústún* heimild um lambhús 64°19.038N 21°35.376V

"Austan við Bæjargilið er Kotatún, austan við það er Lambhúsgilið. Austan við Kotatúnið ofan til er tunga milli tveggja gilja, sem bæði heita Lambhúsgil, eystra og vestra, og koma saman neðan við tunguna. Þaðan og niður úr heitir þetta Lambhússkriða. Tungan milli giljanna heitir Lambhústunga. Austan við eystra Lambhúsgilið og Lambhússkriðu heitir Lambhústún," segir í örnefnaskrá. Lambhústún hefur verið norðausturhorn túnsins, um 21°0 m norðaustan við Meðalfellskot 337:001.

Túnið er vel sléttað. Skurðir eru sunnan, austan og vestan megin en Meðalfell er norðan við það.

Ekki sjást neinar minjar á staðnum. Gísli Ellertsson man eftir rústum af lambhúsi á staðnum en þær voru rifnar þegar túnið var sléttað. Lambhúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1917 og hlýtur því að hafa verið reist eftir að það var teiknað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Meðalfell, 2

GK-336:021 *Stekkur* heimild um stekk 64°18.882N 21°35.075V

"Neðst á honum er lítill túnblettur nýlegur, kallaður Móatún. Austan við Móann neðan til er greiðfær hallandi grund, sem heitir Stekkjartún. Neðst á grundinni sést móta fyrir gamalli rúst, þar heitir Stekkur," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn var neðan við núverandi þjóðveg, við Meðalfellsvatnið um 850 m suðaustur af bæjarhól 001. Þar stendur nú sumarbústaður sem heitir Stekkur.


Í kring um sumarbústaðinn er skógarlundur í hallandi brekku niður að vatninu. Bílaplan er austan við bústaðinn. Ekki sjást neinar minjar á staðnum en Gísli Ellertsson man eftir rústum af stekk sem var sléttað úr.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Meðalfell, 2

GK-336:022 *Kvíarúst* tóft kvíar 64°19.199N 21°36.237V

"Vestan við túnið er dálítill hæð, sem nær ofan frá fjallsöxlinni, sú hæð er kölluð Holt. Á Holtinu eru nokkrar gamlar rústir, sú hæsta þeirra heitir Kvíarúst," segir í örnefnaskrá. Rústin er í öræktuðum móa um 260 m vestan við bæjarhól 001. Ræktuð tún eru allt um kring fyrir utan norðan megin, en þar er fjallið Meðalfell. Móinn er nokkuð þýfður og töluvert af grjóti stendur upp úr honum.



Tóftin er á litlum hól. Hún er algróin, alls 8x4 m og snýr austur-vestur. Veggirnir eru mjög ógreinilegir og mikið hrundir. Á nokkrum stöðum sést aðeins rétt móta fyrir þeim og norðvesturhorn tóftarinnar sést ekki. Tóftin er algróin fyrir utan einstaka steina á stangli og líklega nokkuð sokkin. Mesta breidd veggja er um 1,0 m og mesta hæð er um 0,3 m. Op er á tóftinni norðvestanverðri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Meðalfell, 3

GK-336:023 *Grafarmýri* náma mógrafir

64°19.171N 21°36.572V

"Vestan við túnið er dálítill hæð, sem nær ofan frá fjallsöxlinni, sú hæð er kölluð Holt. Á Holtinu eru nokkrar gamlar rústir, sú hæsta þeirra heitir Kvíarúst [022]. Mýri er vestan við Holtið, hún heitir Grafarmýri," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar voru um 500 m suðvestan við bæjarhól 001 í suðausturhorninu á sléttuðu túni. Þetta er norðan við veginn sem liggur að Meðalfelli og vestan við veginn sem liggur að Káranesi. Sléttað tún með skurðum á öllum hliðum.

Ekki sjást neinar leifar af mógrofum á svæðinu. Gísli Ellertsson man eftir þeim en segir að sléttað hafi verið úr svæðinu þegar tún var gert. Austan við veginn sem liggur að Káranesi, rétt vestan við núverandi fjárhús á Meðalfelli, í suðvesturhorni túns, voru einnig mógrafir samkvæmt Gísla. Þess má geta að á loftmynd fæst ekki betur séð en stök mógrof sé fast sunnan við veginn að Meðalfellsvatni, 600 m VSV af bæ 001 og hefur þá væntanlega tilheyrt sama mógrafasvæði. Grof þessi er nokkurnvegin ferköntuð, um 30 x 30 m stór.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Meðalfell, 3

GK-336:024 *Fúsastekkur* heimild um stekk

64°19.382N 21°36.169V

"Vestur úr fjallsöxlinni gengur lágur bali, sem endar í klöpp, er stendur nokkuð upp úr jarðveginum. Við klöppina sér fyrir gamalli hleðslu; þarna heitir Fúsastekkur," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn var um 500 m norðvestan við bæjarhól 001 við rætur Meðalfellsins. Þetta er rétt austan við veginn sem liggur að Kárastöðum. Á staðnum stendur nú gámur og svo virðist sem klöppin sem hann stendur á hafi verið sprengd. Þar í kring eru nokkur tré, timbur og járn. Sunnan megin eru sumarbústaðir og vestan megin er ræktað tún.

Ekki sjást neinar minjar á staðnum. Gísli Ellertsson segir að þar hafi verið tóft sem var hrunin þar sem gámurinn er staðsettur nú. Ekki er vitað við hvaða Fúsa stekkurinn var kenndur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Meðalfell, 3

GK-336:025 *Grunnabrot* heimild um vað

64°19.041N 21°36.724V

"Suður af Grafarmýrinni [023] eru tveir hvammar meðfram ánni. Gengur holt suður milli þeirra alveg fram að ánni. Holtið heitir Selvaðsholt [sjá 026] og hvammurinn austan við það Efribugur, en sá vestan við Neðribugur. Bugga heitir áin, sem rennur úr vatninu. Á henni eru þessi vöð: Grunnabrot suður úr Efribugnum, Selvað [026], suður af Selvaðsholtinu, og Bugavað [028] vestur úr Neðribugnum norðarlega," segir í örnefnaskrá. Grunnabrot var um 64°0 metrum suðvestur af bæjarhól 001 og um 100 m ofar en vað 026 og brúin sem nú liggur yfir Bugðu þegar farið er niður að Hjarðarholti, á móts við sleppitjarnir sem nú eru þar við árbakkann.

Árbakkinn er mikið gróinn en þó sést á nokkrum stöðum í ógróid holtið. Vatnsmælir frá Vatnamælingum er skammt neðar við ána.

Engar leifar sjást af vaðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Meðalfell, 3

GK-336:026 *Selvað* heimild um vað

64°19.063N 21°36.851V

"Suður af Grafarmýrinni eru tveir hvammar meðfram ánni. Gengur holt suður milli þeirra alveg fram að ánni. Holtið heitir Selvaðsholt og hvammurinn austan við það Efribugur, en sá vestan við Neðribugur. Bugga heitir áin, sem rennur úr vatninu. Á henni eru þessi vöð: Grunnabrot [025] suður úr Efribugnum, Selvað, suður af Selvaðsholtinu, og Bugavað [027] vestur úr Neðribugnum norðarlega," segir í örnefnaskrá. Vaðið var þar sem brúin er nú á Bugðu þegar farið er niður að Hjarðarholti um 720 m suðvestan við bæjarhól 001.

Árbakkinn er grasi gróinn nema þar sem sem vegurinn liggur. Áin rennur frá austri til vesturs og beygir til norðurs rétt neðan við brúna. Hún er frekar lygn og grunn. Ekki sjást neinar leifar af vaðinu á staðnum en talið

er að það hafi verið þar sem brúin er nú. Reyndar er sjáanlegt það á ánni rétt austar. Væntanlega hefur vaðið dregið nafn sitt af því að farið hefur verið um það á leiðinni í sel 013.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Meðalfell, 3

GK-336:027 *Bræðrapartur* heimild um býli

"Benjamín Jónsson og kona hans Kristín Þorkelsdóttir bjuggu í Bræðraparti 1858-61." (HP Kjósarmenn, 320). "Benjamín Jónsson [...] reisti nýbýlið Bræðrapart og bjó þar 1857-61. (Í aðalmanntali 1860 er tekið fram að Bræðrapartur sé hjáleiga frá Meðalfelli)." (HP Kjósarmenn, 451). Ekki er vitað nákvæmlega hvar Bræðrapartur var en Gísli Ellertsson og Pétur Lárusson í Káranesi telja þó sennilegt að bærinn hafi verið í svonefndum Hrosshólma við Laxá. Upplýsingarnar fengust eftir að vettvangsvinnu lauk og því var ekki farið á staðinn. Hrosshólmi er eiginlega tangi sem gengur út í Laxá til norðurs, þ.e. Laxá rennur um hann norðanverðan í krappri bugðu. Þetta er rúma 2 km norðaustur af bæ í beinni loftlínu, hér um bil gegnt Grímsstöðum sem eru norðan Laxár. Þessi hluti tangans hefur verið sléttður og þar er tún sem er slegið. Sunnar eru framræsluskurðir. Gísli Ellertsson man eftir rústum sunnarlega í Hrosshólma en þær voru sléttðar milli 1940 og 1950. Hann telur að þær séu alveg horfnar og engin mannvistarmerki sjást á loftmynd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HP Kjósarmenn, 320 og 451

GK-336:028 *Bugavað* heimild um vað

64°19.184N 21°36.842V

"Suður af Grafarmýrinni eru tveir hvammar meðfram ánni. Gengur holt suður milli þeirra alveg fram að ánni. Holtið heitir Selvaðsholt og hvammurinn austan við það Efribugur, en sá vestan við Neðribugur. Bugga heitir áin, sem rennur úr vatninu. Á henni eru þessi vöð: Grunnabrot [025] suður úr Efribugnum, Selvað [026], suður af Selvaðsholtinu, og Bugavað vestur úr Neðribugnum norðarlega," segir í örnefnaskrá. Bugavað var um 220 m neðar við ána en Selvað. Þar hefur tveimur varnargörðum verið ýtt út í ána til að mynda einhvers konar lón. Þar hjá er veiðiskilti sem á stendur Bugavað.

Árbakkinn er vel gróinn fyrir utan raskið vegna varnargarðanna. Allt í kring er óræktað land. Vegurinn kringum Meðalfellsvatnið liggur rétt norðar.

Egnar leifar sjást af vaðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Meðalfell, 3

GK-336:029 *Réttarholt* gerði rétt

"Meðfram Dælísá eru á stöku stað grasigrónar eyrar, þær heita Litlubakkar. Holt, sem er meðfram Dælísá heiman frá Fossmýri og fram að Hjarðarholti, heitir Réttarholt," segir í örnefnaskrá. Réttin sem holtið er kennt við er um 1,8 km suðvestur af bæjarhól 001, vestan vegar þegar farið er niður að Hjarðarholti. Réttin er inni í sumarhúshverfi en Dælísáin rennur vestan megin við réttina. Girt er utan um réttina.

Réttin er ágætlega uppistandandi að hluta til. Hún er grjóthlaðin, ferköntuð í grunninn, um 14 x 14 m stór, aðeins eitt hólf og má vera að henni hafi verið skipt upp með trégrindum. Vestur- og norðurveggirnir standa best. Enginn sjáanlegur veggur er suðaustan megin og það vantar norðvestur hornið á réttina. Rúmlega 20 m langur hlaðinn garður liggur að opinu að suðaustan, væntanlega aðrekstrargarður. Lítið hólf, næstum þríhyrnt, er við utanvert suðausturhorn, rúmir 5 m á kant. Hleðslugrjót er miðlungsstórt og hleðslur nokkuð mosagrónar, mest 7 umför og hæðin 1,5 m. Réttin var notuð sem rúningsrétt til 1965 og einnig þegar verið var að smala Eilífsdalinn.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Meðalfell, 4


GK-336:030 tóft óþekkt

64°18.976N 21°36.688V

Utan í Gildruholti 018 er grjóthlaðin rúst, um 650 m suðvestur af bæjarhól 001.

Holtið er nokkuð gróið en töluvert af grjóti stendur upp úr því. Verið er að byggja sumarhús rétt austan við rústina. Rústin er um 14 x 7 m stór frá norðri til suðurs. Hún er tvískipt og er syðra hólfíð um þriðjungur af heildarlengd rústar. Mesta veggjabreidd er 1,5 m og mesta hæð veggja er 0,4 m. Engar dyr sjást, hvorki á útveggjum né milli hólfá. Svo virðist sem grafið hafi verið fyrir suður vegg rústarinnar inn í holtið og stórir steinar

64°18.705N 21°38.009V



0 5 10
metrar

hafa verið notaðir þar í vegginn. Rústin er mosavaxin og aðeins sést í neðstu röðina af hleðslunum nema í suðausturhorninu, en þar sjást allt upp í 4 umför af hleðslum. Rústin er algróin að innan fyrir utan nokkra steina sem standa upp úr mosanum. Rústin er í mikilli hættu þar sem verið er að skipuleggja sumarbústaðabyggð á svæðinu sem hún er á. Ekkert er vitað um hlutverk mannvirkisins og það liggur ekki í augum uppi. Af lögun að dæma hefði einna helst verið hægt að giska á stekk. Ekki er það útilokað en þó má benda á að engin gróska er í rústinni, eins og oftast gerist með stekki, og ekki sérlega gott aðhald á staðnum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Meðalfell, 4

GK-336:031 frásögn landamerki

64°19.436N 21°36.393V

Landamerkjasteinn með áletrun er um 660 m norðvestur af bæjarhól 001 og um 200 m fyrir neðan veginn sem liggur að Káranesi. Þetta er suðvestan við Fúsastekk 024.

Steinninn er í óræktuðu landi sem er þýft og gróið, mjög stakur og áberandi. Áin Bugða rennur vestan við hann en austan við hann er vegur sem liggur að Káranesi. Landamerkjagirðingin liggur í um 1 m fjarlægð frá honum.

Steinninn er um 4x3 m, um 1,2 m á hæð og mosagróinn að ofan. Í hann á að vera höggvin áletrunin LM en hún fannst ekki við leit. Gæti verið undir mosanum sem er ofan á honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-336:032 Mylluskurður heimild um myllu

64°19.024N 21°36.543V

"Þorbergur man aðeins eftir þremur myllum í Kjósinni: Á Valdastöðum, Sogni og Meðalfelli," segir í örnefnaskrá PB. Myllan á Meðalfelli að hafa staðið norðan megin við Bugðu, nánast alveg við ósinn þar sem hún rennur úr Meðalfellsvatni. Þetta er um 500 m suðvestur af bæjarhól 001.

Árbakkinn er grasi gróinn en þó eru nokkrir stórir steinar sem standa upp úr grasinu. Rétt neðar í ánni eru tveir steypir stólpar sitt hvoru megin við ána. Landið í kring er óræktað en rétt norðan við er sumarhús.

Svæðið er mikið gróið og nokkuð óslétt svo ekki sjást greinilega leifar af myllu eða skurðum. Gísli Ellertsson man eftir skurði sem sennilega hefur verið notaður til að leiða vatn að myllunni vatn. Þess má geta að á loftmynd vottar fyrir dæld sem gætu verið skurðleifar 50-60 m neðan við ósinn vestanverðan. Hann liggur að því er virðist nokkurn veginn samsíða ánni á 70-90 m löngum kafla.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Valdastaðir PB, 3

GK-336:033 gerði kálgarður

64°19.114N 21°35.493V

Um 380 m norðaustur af bæjarhól 001 eru rústir af fjórskiptu gerði sem líklega hafa verið kálgarðar eða annarskonar sáðreitir. Gerðið er ofan við túngirðinguna í hlíðum Meðalfells um 160 m upp eða norður af bæjarstaði Meðalfellskots 337:001.



Brekkan er grasi vaxin og nokkuð þýfð. Engir sjáanlegir steinar eru í brekkunni en um 100 m eru upp í klettabelti Meðalfells.

Tóftinni er hér að mestu lýst af loftmynd. Hún er alls um 25 x 22 m stór og liggur hornrétt út frá túnjaðrinum nokkurn veginn til norðurs. Hún er ferhyrnd en næstum trapisulaga og skiptist í fjögur hólf. Tóftin er næstum samhverf, þ.e. norður- og suðurhlutinn eru næstum því eins. Í báðum hlutum eru austurhólfir töluvert minni en þau vestari, þ.e. 9 x 4 m N-S á móti 9 x 7 m að sunnan. Á jörðu niðri er tóftin mjög gróin og óljós á köflum. Vestur- og austurhlíðarnar eru greinilegastar en engin op sjást á útveggjum sem eru mest um 0,4 m háir og algrónir. Í gegnum garðinn að neðan liggur gata sem kýr og kindur virðast nota og er hann því töluvert skorinn í sundur að

neðan (sunnan megin). Gísli Ellertsson (f. 1935) veit ekki hvenær garðurinn var í notkun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-336:034 garðlag varnargarður

64°18.916N 21°35.497V

Niður við Meðalfellsvatn, um 550 m suðaustur af bæjarhól 001 er garðlag. Það er neðan við veginn, fyrir neðan sumarbústað sem er númer 2 þegar keyrt er frá Meðalfelli og til austurs meðfram Meðalfellsvatninu.

Grösugt er ofan við vatnsborðið. Garðurinn er alls 29 m langur en þó er 5 m löng eyða í honum. Hann liggur í austur-vestur og er aðeins ein steinaröð með stórum steinum í. Aðeins sést framan á steinana eða á suðurhlíð þeirra þar sem tyrft hefur verið ofan á þá og þeir mynda eins konar framhlíð á upphækkun. Garðurinn er fast við sumarbústað og hefur spilað stórt hlutverk í landmótun lóðarinnar. Sennilega hefur hann upphaflega verið

hlaðinn til að gera vatnsbakkann stöðugri eða sem hluti af túngarði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-336:035 garðlag varnargarður

64°18.919N 21°35.491V

Annar garður er um 5 m ofan eða norðan við garð 034.

Grösugt er ofan við vatnsborðið. Garðurinn er alls 9 m á lengd og liggur austur-vestur. Hann er mest 1,5 m á breidd og hæðin er 1 m þar sem hún er mest. Vesturhlutinn er hlaðinn úr frekar stóru grjóti en það er smærra í austurendanum. Sumir af þeim steinum hafa ef til vill ekki verið þar mjög lengi og gætu tengst sumarbústaðnum. Hleðslan er gróin að stórum hluta með mosa og grasi. Tyrft hefur verið alveg að hleðslunni svo aðeins sést í framhlið hennar eða suðurhlið hennar. Hugsanlega hefur þessi garður tengst garði 034 en samhengið er nú orðið óljóst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-336:036 áletrun landamerki

64°19.425N 21°35.999V

Landamerkjasteinninn með áletrun er 540 m norðvestur af bæjarhól 001 við vesturenda Meðalfells. Hann er um 100 m ofan en vegurinn sem liggur heim að Káranesi og um 200 m norður frá Fúsastekk 024.

Allt í kringum steininn er óræktað land. Landamerkjagirðingin er alveg við steininn.

Steinninn er um 2x1,5 m og um 1,2 m hár þar sem hann er hæstur. Gísli Ellertsson segir að það sé áletrun á steininum og að hún sé LM. Ekki tókst að finna þá áletrun enda er steinninn vel mosavaxinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-336:037 garðlag túngarður

64°18.668N 21°38.120V


Túngarður hefur veirið utan um býlið Hjarðarholt 012. Hann sést vel, t.d. í norðvesturhorni túnsins, rétt ofan við gilbarminn við Dælísá. Túnið er komið í órækt en er þetta var skráð voru kvígur þar á beit. Sumarbústaðir eru norðan við túnið. Túngarðurinn er mjög mis greinilegur í kringum túnið. Engar leifar af honum sjást norðan megin við túnið en mest sést hann vestan megin við túnið þar sem einungis eru litlar eyður á honum. Þar virðist hann einnig vera best hlaðinn eða hefur verið haldið lengst við. Þar er garðurinn alveg á brún gilsins sem Dælísá rennur um. Mesta breidd garðsins er 1,5 m og mesta hæð hans er 1 m. Sunnan og austan megin er garðurinn ekki eins greinilegur og töluvert af eyðum í honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-336:038 tóft rétt

64°16.024N 21°38.807V

Rétt er í Eilífsdal, Meðalfellsmegin við Dælísá þar sem hann heitir í raun Meðalfellsdalur. Réttin er á mosavaxinni skriðu um 100 m ofar en þar sem Fossá og Þverá sameinast og mynda Dælísá. Þetta er um 6 km suður af bæ.



Allt í kringum skriðuna er frekar blautt nema niður við Dælísána. Til norðurs sést út Eilífsdalinn/Meðalfellsdalinn en á hinar þrjár hliðarnar eru fjöll.

Tóftin er um 4 m á lengd og 3 m á breidd. Þar sem hleðslan er breiðust er hún um 0,5 m og hæst er hún um 0,8 m, allt upp í 5 umför. Rústin er mosagróin og töluvert er af skófum á henni, nokkuð vel hlaðin úr miðlungs stórum steinum. Op er á hleðslunni í norðvestri og hún er gróin að innan. Um 50 m frá hleðslunni er vel hlaðin varða. Tóftin er reyndar nokkuð lítil af rétt að vera en þó heldur of stór

til að geta verið af smalakofa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-336:039 hleðsla útihús

64°18.627N 21°38.045V

Samvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 80 m austan við býlið Hjarðarholt 012. Útihúsið stóð í austurjaðri Hjarðarholtstúnsins í dálitlum halla. Á þessum stað sjást leifar af hleðslu.

Túnið er komið í órækt en er þetta var skráð voru þar kvígur á beit. Norðan við túnið er sumarbústaðabyggð en í austri sést í Meðalfellsvatnið. Hleðslan er ekki mjög greinileg og aðeins sést í neðstu röðina af henni. Vesturveggur hennar sést best og hann er um 4 m á lengd og liggur norður-suður. Norurveggur sést einnig að hluta og hann er um 4 m á lengd. Austurveggurinn er nokkuð greinilegur en suðurveggurinn er alveg horfinn eða hefur aldrei verið til staðar. Hleðslan er mikið gróin og ef til vill eitthvað sokkin. Gísli Ellertsson telur að þarna gæti hafa verið fjárhús. Skráningin fór fram árið 2007. Staðsetning bæjarstæðis 012 var endurskoðuð árið 2008 með hliðsjón af túnakorti frá 1917 og er sennilegt að bærinn hafi staðið allt að 130 m suðvestar en áður var talið. Þar af leiðandi hefur útihús 039 verið sunnar og vestar en hér er áætlað, enda var staðsetningin miðuð við



bæjarstæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-336:040 heimild um útihús

64°18.602N 21°38.084V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 70 m suðaustan við Hjarðarholt 012 og um 2 km suðvestur af bæjarhól 001. Útihúsið stóð í asutur jaðri túnsins rétt sunnan við útihús 039.

Túnið er komið í órækt en er þetta var skráð voru þar kvígur á beit. Húsið hefur staðið við austurenda túnsins. Nordan við túnið er sumarbústaðabyggð en austan megin sést í Meðalfellsvatnið.

Engar leifar sjást af útihúsinu. Skráningin fór fram árið 2007. Staðsetning bæjarstæðis 012 var endurskoðuð árið 2008 með hliðsjón af túnakorti frá 1917 og er sennilegt að bærinn hafi staðið allt að 130 m suðvestar en áður var talið. Þar af leiðandi hefur útihús 039 verið sunnar og vestar en hér er áætlað, enda var staðsetningin miðuð við bæjarstæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-336:041 brunnur brunnur

64°18.671N 21°38.031V

Brunnur frá Hjarðarholti 012 er um 50 m austan við samnefndan bústað, um 30 m austan við veginn og um 15 m frá girðingu utan um sumarhúsið sem er syðst austan megin við veginn.

Grasi gróin órækt, mjög þýfð með nokkrum skurðum

Fjalir eru á brunninum en hann var notaður allt til 1998 af sumarbústaðaeigendum í kring. Þá var einungis mokað upp úr honum en ekkert átt við hleðslurnar í honum. Símalína liggur í gegnum brunninn og því er hleðslan skemmd að hluta.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-337 Meðalfellskot

Hjáleiga Meðalfells (GK-336) í byggð 1705. Kominn í eyði 1917, þá er bæjarstæðið sléttað 1840: "Hefir land nokkuð heima, og á Meðalfellsdal haghús, en engið á Laxárbökkum; sæmileg heyskaparjörð." SSGK, 257. 1917: Tún kotsins 4,6 teigar, garðar 1020m².

GK-337:001 Meðalfellskot bæjarhóll bústaður 64°19.047N 21°35.637V
Bæjarstæði Meðalfellskots var sléttað 1917 skv. túnakorti. Sennilega hefur síðasti ábúandi þar verið Þórður Edilonsson sem getið er í ritinu Kjósarmenn. hann bjó í kotinu frá 1900-1904 en fluttist þá til Hafnarfjarðar. Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð bærinn um 380 m austar en Meðalfell 336:001. Hann stóð þar sem nú er vel sléttað tún ofan við þjóðveginn meðfram Meðalfellsvatni á milli tveggja skurða. Vel sléttað gróið tún. Fjallið Meðalfell er noraðn megin við það en Meðalfellsvatnið er sunnan megin við það. Engar leifar af bæjarstæðinu sjást. Samkvæmt Gísla Ellertssyni stóð bærinn þar sem nú er smá ógróinn malarblettur í túninu. Þar kemur stundum upp grjót. Ekki vottar fyrir teljandi hólmyndun á þessum stað. Fyrir framan eða sunnan íbúðarhús var kálgarður samkvæmt túnakorti frá 1917 en hann er líka horfinn. Þess má geta hér að sennilega hafa öll útihús í austanverðu túninu, sjá 002-005, verið nytjuð frá Meðalfelli þegar túnakortið var teiknað árið 1917, enda Meðalfellskot þá komið í eyði fyrir nokkuð löngu.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-337:002 heimild um útihús 64°19.053N 21°35.634V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 10 m norðan við bæjarhól 001. Útihúsið stóð þar sem nú er vel sléttað tún. Meðalfellið er norðan megin við það en skurðir eru á aðrar hliðar. Engar leifar af minjum sjást á staðnum. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður sunnan og vestan við útihúsið og heygarður norðan við það.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-337:003 heimild um útihús 64°19.072N 21°35.633V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 45 m norðan við bæjarhól 001. Útihúsið stóð þar sem nú er sléttað tún. Túnið hallar töluvert á þessum stað. Engar leifar af minjum sjást á staðnum.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-337:004 heimild um útihús 64°19.090N 21°35.624V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 80 m norðan við bæjarstæði 001. Mjög vel sléttað tún sunnan undir Meðalfellinu. Ekki sjást neinar minjar á staðnum.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-337:005 Lambhústunga heimild um lambhús 64°19.041N 21°35.472V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 80 m norðaustan við bæjarhól 001, á tungu sem heitir Lambhústunga og er lítil tunga á milli tveggja gilja. Hlið er inn á túnið beint suður af staðnum. Túnið er mjög vel sléttað. Meðalfellið er norðan við en skurðir eru á hinum þremur hliðunum. Túnið er nokkuð bratt og ekki stórt.

Ekki sjást neinar minjar á staðnum.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-337:006 Kotabrunnurinn heimild um brunn 64°19.096N 21°35.831V
"Neðan við veginn og vestan Skriðunnar (þ. e. Bæjarg. neðan vegar) heitir Svunta, vestur að „skurðinum“, á henni miðri upp við veginn, var Kotabrunnurinn," segir í örnefnaskrá. Farið er veginn sem er fyrir neðan kirkjuna 336:002 til vesturs. Brunnurinn var um 130 m frá bæjarhól 336:001 og um 30 m frá skurði sem er austan megin við bæjarhól 336:001.

Túnið er sléttað og malar vegur er fyrir ofan staðinn. Nánast beint í suður er hólmi út í Meðalfellsvatni.

Engar leifar sjást af brunnum en Gísli Ellertsson talur að sléttað hafi verið yfir hann.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Meðalfell, I

GK-338 Eyjar

40 hdr. 1705. Bændaeign. 40 hdr. 1847. Hálfkirkja var á jörðunni. Kirkjunnar á Eyjum er fyrst getið í máldaga fram því um 1180: "Mariu kirkia i Eyvm a .x. hundraþ j lande oc scog j Svinadal." (DI I 267) Í máldaga kirkjunnar frá um 1367 segir: "xlvij. Mariukirkia j eyjum a xc j lande og skog j Suijnadal." (DI III, 21°9) í Vilcinsmáldaga er textinn svipaður: 1397: "a xc j landi oc skog j Svijnadal." (DI IV, 116)

Hjálegur 1705 Eyjahóll og Hvassanes (í eyði frá því snemma á 18. öld) báðar í byggð, Gróukot hjáleiga í eyði frá um 164°5 og önnur nafnlaus eyðihjáleiga einnig í eyði frá um 164°5. Eyjahóll (GK-339) hjáleiga 1847, í sömu ábúð og Eyjar frá 1888. Á túnakorti er einig nefnt Hólahúsatún sem virðist vera í byggð 1917.

1705: "Engjum spilla skriður úr fjalli, en túnunum bæði og engjunum vatnságangur af á, sem nærri rennur með aur og grjóti og landbroti. Hætt er kvikfjænaði fyrir foruðum. Búfjárhögum spilla skriður." JÁM III, 405. 1840: "... á þýfði láglendi, hefir stórt tún, engi víðslægt en heimaland minna, útbeitarlítið á vetrum; jörðin á Eyjadal." SSGK, 257. Tvíbýli 1917: Tún alls 10,79 teigar, garðar 2000m².

GK-338:001 Eyjar bæjarhóll bústaður

64°18.447N 21°33.705V

Skv. túnakorti frá 1917 stóðu Eyjabæirnir tveir á svipuðum stað og íbúðarhúsin nú og ekki er annað vitað en það



Hluti af bæjarhól Eyja, horft í suður á hlaðinu í Eyjum I.

séu gömul bæjarstæði að öðru leyti en því að Eyjar I stóðu áður dálítið austar en nú er. Í þessari skráningu er lögð áhersla á Eyjar II sem eru austar á bæjarstæðinu.

Bæirnir standa á náttúrulegum hæðarrana sem liggur frá austri til vesturs og eru Eyjar I á vesturenda hans. Hæð þessi sem og aðrar í kring urðu áður fyrir stundum umflotnar vatni í flóðum og skýrir það líkast til bæjarnafnið, þ.e. Eyjar. Nú er fjöldi húsa á bæjarstæðinu, bæði íbúðarhús og útihús.

Ekki er gott að staðhæfa að hve miklu leyti hóllinn undir húsunum er náttúrulegur og erfitt að meta stærð hans. Þó má ætla að hið eiginlega bæjarstæði sé um 100 x 50 m frá austri til vesturs. Það virðist votta fyrir upphleðslu

vestan við íbúðarhúsið á Eyjum II en þar var kálgarður 1917 ef marka má túnakort. Hóllinn rís einmitt hæst á þessum stað, þar sem girðing liggur þvert yfir hann mitt á milli Eyja I og II. Ekki eru djúpir kjallarar undir íbúðarhúsunum og því ekki víst að mannvistarleifum hafi mikið verið raskað þegar þau voru byggð. Á heildina lítið hefur þó mikið umrót verið á bæjarhólnum á 20. öld því þar er fjöldi útihúsa og skemma auk íbúðarhúsa. Engin tóftamerki eða hleðslur sjást á yfirborði. Árið 2008 var eftirfarandi bætt við skráninguna um vesturhluta bæjarhóls: Gamli bærinn á Eyjum I stóð 30-40 m vestar, á sama hól. Hann var aflagður 1917, enda hafði steinhús verið reist framan við hann 1906 (sjá 004). Rústin af gamla bænum mun þó hafa verið til nokkuð lengi eftir það en nú sjást engin ummerki um hann. Þó vottar fyrir hól í garðinum austan við núverandi íbúðarhús en hann er hluti af bæjarhól 001.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-338:002 heimild um hálfkirkja

64°18.446N 21°33.703V

EYJAR Í KJÓS (K) - Mariu (REYNIVALLAÞING) - HÁLFKIRKJA

[1180]: Mariu kirkia i Eyvm a .x. hundraþ j lande oc scog j Svinadal. buning sinn allan i tioldom oc alltara klæpom. krosom oc kloccom oc kertisticom. oc þat er at skylldo þarf til guþs pionostu at hafa. þa er messo scal syngia. fyrir þat vtan er prestr hefir með ser. þar scal syngia annan hvern dag loghelgan af reyne vollom. scildir til paska dagr oc kyndil messa. kavpa hundraþe alna. Heima tivnd oc lysa of vetrinn of nær þa er svngit er oc fyrir allar log hatíþer. [Þar scal syngia annan hvern dag loghelgan. oc kaupa slico kaupe sem biskup vill*; Máld DI I 267 (frá [yngri viðbót?)]


[1367]: xlvij. Mariukirkia j eyjum a xc j lande og skog j Suijnadal. les Vilchinsbok; Hítardalsbók DI III 21°9 1397: a xc j landi oc skog j Svijnadal. Þar skal syngia annann hvern dag loghelgann af Reynivollumm. paskadag oc kyndilmessv. Þar skal lvkast c presti. tekzt heimatiund lysa vmm vetrinn vmm nætur þa er sungid er oc firir allar hatíþer; Máld DI IV 116

{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 63, 65} Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Hjer segja menn að til forna hafi hálfkirkja verið, en enginn minnst, að það hús hafi uppi verið nje tíðir fluttar og við öngvan þykjast menn talað hafa, sem það mundi." "Í fjallinu móti Fjárhúshólnum eru Votuhjallaklettur og Votahjalli þar uppi. Þar utar Kirkjuhjallagil og Kirkjuhjalli. Þar uppi er dálítið graslendi," segir í örnefnaskrá.

Ekki er vitað hvar kirkjan stóð en líklega hefur það verið, líkt og víðast hvar, á bæjarstæðinu. Ekki er vitað til að bein hafi komið upp þegar jarðrask hefur verið þar í kring. Eina örnefnið sem gæti verið vísbending um staðsetningu kirkjunnar er Kirkjuhalli ofarlega í Meðalfelli, norðaustan við bæjarstæðið. Gíska má á að kirkjan hafi verið í stefnu beint suður af honum eða e.t.v. borið í hjallann frá bæ séð. Af því að dæma hefur hún staðið austan við Eyjar II en þar eru nú m.a. hæsnahús og skemma.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir:DI I 267; DI III 219; DI IV 116; JÁM III, 404; Ö-Eyjar HM, 5



Eyjar: Minjar í túni. Byggt á túnakorti frá 1917.

GK-338:003 heimild um útihús

64°18.463N 21°33.678V

Skv. túnakorti frá 1917 stóð útihús um 30 m norðvestur af íbúarhúsi á Eyjum II.

Húsið hefur staðið á bæjarhól eða norðurjaðri hans, fast við staðinn þar sem nú liggur girðing milli Eyja I og II.

Húsið er alveg horfið.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

GK-338:004 heimild um bústað

64°18.463N 21°33.698V

Á túnakorti frá 1917 er merkt hús sem hefur staðið 20-30 m NA við núverandi íbúðarhús í Eyjum I. Þetta hlýtur að hafa verið íbúðarhús sem afi Páls Ingólfssonar reisti árið 1906. Það var úr steini.

Grasblettur rétt sunnan við beygju á heimreiðinni sem liggur að Eyjum II. Húsið var veglegt steinhús en nú sjást engar leifar af því. Eldri bær var fast sunnan við húsið, austan við núverandi íbúðarhús, sjá 001.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

GK-338:005 heimild um útihús

64°18.464°N 21°33.707V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús vestan við bæ 004 en um 10 m sunnan við fjós 006. Þetta hús hefur verið því sem næst beint fram af bæjardyrum núverandi íbúðarhúss á Eyjum I.

Slétt malarhlað.

Húsið er horfið.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

GK-338:006 heimild um fjós

64°18.467N 21°33.707V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús fast norðvestan við steinhús frá 1906, sjá 004.

Þar er nú rennislétt malarhlað.

Á þessum stað stóð gamalt, heimasteypt fjós þegar Páll Ingólfsson man eftir. Núverandi fjós er fast vestan við. Ekki er víst að það sé steypa fjósið sem sýnt er á túnakorti en þá sennilega forveri þess.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-338:007 heimild um fjárhús

64°18.479N 21°33.719V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús fast norðvestan við fjós 006.

Þar er slétt malarhlað framan eða norðan við austurenda núverandi fjóss.

Páll Ingólfsson man eftir torf- og grjóthlöðnum fjárhúsum á þessum stað en þau voru rifin upp úr 1970. Húsin eru með öllu horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917


GK-338:008 tóft rétt

64°18.304N 21°33.359V

Tóft er undir suðvestanverðum Stórás, tæpa 400 m austur af bæjarhól 001. Tóftin er hlaðin undir klettum, efst í ræktuðum, litlum túnskika sem er iðagrænn; sennilega gamalt tún en hefur verið sléttað í seinni tíð. Lækur sem nefnist Ósinn skilur túnskikann frá aðaltúninu á Eyjum.

Greinileg, einföld tóft sem hlaðin er á tvær hliðar, að sunnan og vestan en klettarnir eru aðhald að austanverðu. Op er í norðurátt og hefur verið rekið þar inn meðfram klettunum. Alls er tóftin 7 x 4 m frá norðri til suðurs með myndarlegum veggheðslum sem eru miklar um sig, allt að 1 m breiðar og 0,8 m háar. Töluvert grjót hefur hrúnið úr veggjum og inn í tóftina. Ekki er hægt að útiloka að tóftin sé af útihúsi en þó er líklegra að hér hafi verið lítil rétt, sennilega kvíar. Túnið neðan við tóftina er töluvert hæðótt og virðist ekki ólíklegt að þar hafi einhverntíma staðið mannvirki.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

**GK-338:009** heimild um útihús

64°18.472N 21°33.581V

Skv. túnakorti frá 1917 var lítið útihús í túni um 70 m NNA af íbúðarhúsi á Eyjum II og því um 50 m norður af norðurenda núverandi fjóss.

Þar er nú sléttað tún.

Engin ummerki sjást um hús í túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-338:010 heimild um útihús

64°18.443N 21°33.650V

Skv. túnakorti frá 1917 stóð útihús 20-40 m norður af íbúðarhúsi á Eyjum II.

Húsið hefur staðið í námunda við vesturenda fjóssins sem nú er.

Engin merki sjást um eldra hús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-338:011 heimild 64°18.326N 21°33.449V

Á túnakort frá 1917 er merktur lítill hringur fast norðan við Lambhús 012. Sennilega hefur þar verið annaðhvort súrheysgryfja eða brunnur. Nú standa steinsteypt fjárhús á sama stað og Lambhús voru áður. Þetta er austarlega í túni, suðvestur af Ásnum. Lækur rennur skammt austan við húsin. Mikil uppfylling virðist vera undir þeim. Engar leifar sjást af mannvirkinu og sennilega hefur það lent undir uppfyllingu norðan við fjárhúsin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-338:012 Lambhús heimild um lambhús

64°18.324N 21°33.464°V

Á túnakorti frá 1917 er sýnt útihús tæpa 300 m ASA af bæjarhól 001. Skv. Ólafi Magnússyni voru þetta

Lambhús en um þau segir í örnefnalýsingu: "Hali heitir túnið austan og sunnan Lambhúss, sem fjárhús eru." Nú standa steinsteypt fjárhús á sama stað og Lambhús voru áður. Þetta er austarlega í túni, suðvestur af Ásnum. Lækur rennur skammt austan við húsin. Mikil uppfylling virðist vera undir þeim.

Engar leifar sjást af eldra húsi. Af túnakorti að dæma hafa þau hugsanlega staðið eilítið norðar en núverandi hús en þó er hugsanlegt að dálítil skekkja sé í kortinu. Á loftmynd á GoogleEarth vottar fyrir reglulegum þeim sunnan við steinsteypta fjárhúsið, hugsanlega eru þar gamlar beðasléttur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Eyjar HM, 5

GK-338:013 heimild um útihús


64°18.469N 21°33.733V

Skv. túnakorti frá 1917 hefur agnarsmátt útihús staðið norðvestast á bæjarhól 001.

Nú mætast þar bílastæði og garðurinn á Eyjum I. Húsið er horfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



GK-338:014 tóft fjárhús

64°18.243N 21°33.431V

Fjárhústóft frá Eyjarhóli er utan í Torfholti um 430 m austur af bæjarhól 001. Torfholt er vel gróið og nokkuð um stórgryti. Stór varða er á hæsta punkti þess, sjá 016.

Tóftin er einföld og alls 7 x 5 m stór frá austri til vesturs. Hún hallar dálítið mót vestri. Hún er nánast ferköntuð en þó er austurveggurinn ögn bogadreginn. Dyr eru á miðri vesturhlið. Veggir eru vel grónir en þó greinilega grjót í þeim, mest um 0,6-0,7 m á hæð. Ekki vottar fyrir jötum eða garða og raunar er engu líkara en tóftin hafi verið fyllt upp að hluta því að gólfíð stendur óvenjulega hátt.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-338:015 hleðsla

64°18.270N 21°33.400V

Leifar grjóthleðslu sjást meðfram vestanverðu og norðvestanverðu Torfholti.

Gróið er við rætur holtsins. Aðeins undirstöður eru sjáanlegar og ekki óhugsandi að um fremur ungt fyrirbæri sé að ræða, hugsanlega girðingaundirstöður en þó er mögulegt að grjóthlaðinn garður hafi

verið um holtið, a.m.k. að hluta. Hleðslan sést fyrst við girðingu sem liggur A-V við norðurenda holtsins og stefnir í suðvestur á um 25 m kafla. Þá sveigir hún í suðurátt og er hægt að rekja hana um 35 m til viðbótar áður en hún hverfur. Aðeins er um eitt umfar að ræða, þ.e. eina grjótröð, og sumsstaðar er dágott bil á milli steina og því varla hægt að tala um samfellda hleðslu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-338:016 varða

64°18.235N 21°33.416V

Varða er á hæsta punkti Torfholtis, um 15 m austur af fjárhústóft 014.

Varðan er hlaðin á klöpp sunnan við miðju holtsins sem annars er ágætlega gróið. Varðan er heilleg og vel hlaðin, ekkert farin að hrynja. Undirstöðusteinarnir eru gríðarstórir en smærra grjót er ofan til. Varðan er ungleg að sjá, laus við skófir og mosa og hefur sennilega verið hlaðin upp á 20. öld, hugsanlega á rústum eldri vörðu. Að grunnfleti er hún um 1 m í þvermál en hæðin er mest 1,8 m.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-338:017 gata leið

64°18.135N 21°31.189V

Leifar af töluverðum götuslóðum sjást víða sunnan við Eyjatjörn, um 200 sunnan við bakka hennar uppi í hlífðinni. Gróið, harðlent svæði sem hallar mót norðri. Neðar og nær tjörninni er mýrlendi ráðandi.

Göturnar eru misgreinilegar en þegar best lætur sjást allt að 14-15 samhlíða paldrar sem eru að langmestu leyti grónir nema efsta gatan sem er greinilega fjárgata nú. Ekki er vitað hvort þetta var alfaraleið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917



er að henni hafi a.m.k. eitthvað verið haldið við fram á 20. öld.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Eyjar HM, 1

GK-338:019 heimild um skotbyrgi

Magnús Sæmundsson man eftir hlöðnu byrgi á Eyjadal, í Stóruskál á austanverðum dalnum, hér um bil gegnt selinu 040. Þetta var skotbyrgi, hlaðið skammt frá greni.

Á svæðinu er mikil urð sem hefur hlaupið fram úr fjallinu, kjörlendi fyrir refi.

Byrgið er grjóthlaðið og lítið og telur Magnús að þar hafi verið pláss fyrir einn mann. Hann telur að byrgið hafi verið notað á 19. öld og sennilega hafi afbróðir sinn m.a. notað það. Skotbyrgið var ekki skoðað á vettvangi, enda fengust upplýsingar um það eftir að gengið var inn Eyjadal.

GK-338:020 Hagagarður heimild um vörslugarð

"Gljúfur heitir einu nafni allt með ánni. Þá er Hagagarður gamalt mannvirki heimast í dalnum," segir í örnefnaskrá "Kippkorn fyrir innan Sand, en að austanverðu við Sandsá, er gamalt garðlag ofanúr fjalli niður í á. Það er gamall vörslugarður, og er nú kallaður Hagagarður. Hann hefur verið úr grjóti og sér enn undirstöður hans." Garðsins var leitað, bæði á vettvangi og af loftmynd sumarið 2007 en fannst ekki þrátt fyrir það. Sumarið 2008 var Magnús Sæmundsson, fyrrverandi bóndi í Eyjum, spurður út í Hagagarð og kom þá í ljós að hann mundi vel eftir honum. Garðurinn var hlaðinn á barmi lítils gils sem er rétt fyrir innan mynni Eyjadals, heldur innar en til móts við suðurenda túnsins á Sandi. Garðurinn var grjóthlaðinn og talsvert mannvirki en sópaðist í burtu í skriðu fyrir nokkrum árum og taldi Magnús að hann væri alveg horfinn.

Skriðurunnin fjallshlíð. Sennilega er garðurinn horfinn en þó ekki útilokað að einhverjar leifar leynist ofar í hlíðum Eyjadals. Þess má geta að hleðsla 044 gæti mögulega verið síðustu leifar Hagagarðs í grunninn þótt grjóti kunni að hafa verið bætt ofan á í seinni tíð.

Hættumat: hætt, vegna skriðufalla

Heimildir: Ö-Eyjar HM, 3; MG: Ferðabók, 39

GK-338:021 garðlag landamerki

64°18.818N 21°34.316V

Hlaðinn grjótgarður er á merkjum milli Meðalfells og Eyja. Hann er í mjög brattri brekku norður af austanverðu Meðalfellsvatni, um 500 m vestur af Kaffi Kjós. Þetta er um 800 m norðvestur af bæjarhól 001.

Brött brekka, ágætlega gróin en grýtt. Garðurinn liggur beint niður brekkuna frá norðri til suðurs allt frá litlu gili við klettabeltið efst í fjallinu og niðurfyrir miðja brekku. Hann er um 130 m langur, hlaðinn úr stórgrýti og víðast hvar um 0,6 m hár. Helst er að giska á að tilgangur hans hafi aðallega verið undirstaða fyrir girðingu enda er lítil jarðvegur svo ofarlega í fjallinu og erfitt eða ógerlegt að girða. Leifar af gamalli girðingu standa einmitt upp úr garðinum, fúaspýtur og vír. Núverandi girðing er hins vegar um 10 m austur af garðinum og helst greinilega illa uppi, í það minnsta lafa sumir staurarnir. Magnús Sæmundsson telur að garðurinn sé ekki ýkja gamall, kannski á bilinu 100-120 ára.

Hættumat: engin hætt

64°18.547N 21°30.978V

"Norður við Laxá er Lambhagi; nokkru neðar er Markalækur þaðan í Prestvörðu og upp á Meðalfell, eftir háfjallinu vestanvert við Svarthamra í Meðalfellsvatn," segir í örnefnaskrá. Varðan er austan undir Meðalfelli, 4-500 m norðvestan við nýbýlið Hvassnes.

Varðan er á litlum en áberandi kletthól. Merkjagirðing liggur frá Laxá í stefnu á vörðuna en hornstaur er þó um 15 m norðaustan við hana, undir hólnum. Þar sveigir girðingin svo til fjalls.

Varðan lítur ekki út fyrir að vera gömul og er grjótið nánast ógróið. Hún er digur að neðan, hátt í 2 m í þvermál en mjókkar upp á við. Hún er alls um 1 m há og ekki vel hlaðin heldur meira eins og hrúgald. Líklegt



Landamerkjagardur 021, horft í suður.

GK-338:022 *Dagfjárhúsmelur* heimild um beitarhús 64°18.253N 21°32.439V
 "Upp af Grashvammí eru Mórauðuhnúkar. Þá er Dagfjárhúsmelur fyrir vestan Ferhyrning, gömul rúst, nú nýbýlið Hjalli," segir í örnefnaskrá HM. "Þar var reist nýbýlið Hjalli, sem byggt var ca. 1953," segir í örnefnaskrá AG. Í athugasemdum og viðbótum við skrána segir: "Dagfjárhúsmelur er um 1 km frá Eyum. Hans telur, að á vetrum hafi fé verið haft þar á beit á daginn, en verið rekið inn í hús þar og gefið einu sinni á dag." Hjalli er nýbýli um 1 km austur af Eyjum. Þar er búið og rekin ferðaþjónusta. Brekka undir Meðalfelli í halla mót suðri.

Umrædd rúst er vitanlega löngu horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Eyjar HM, 4; Ö-Eyjar AG, 4; Ö-Eyjar aths. og viðb., 3

GK-338:023 *Fjárhúshóll* örnefni fjárhús 64°18.429N 21°32.956V
 "Fjárhúshóll er upp undir fjallinu og Grjóthóll austur af honum," segir í örnefnaskrá. Að öllum líkindum er Fjárhúshóll sami staður og nefndur er Hólahúsatún á túnakorti frá 1917. Á kortinu eru greinilegar byggingar á túninu, það sem hér er skráð og að auki 036. Grasi gróinn hóll og túnskiki umhverfis. Nú standa gömul, steinsteypt fjárhús með hlöðu á hólum og er vitað að þau voru byggð upp úr eldri fjárhúsum. Húsin snúa hér um bil austur-vestur. Mikið grjót er meðfram bæði austur- og suðurhlið og engu líkara en þau hafi verið steypt inni í hlöðnum grunni eldri húsa. Grjótið er stórt og að nokkru leyti gróið. Sunnan í fjárhúsbrekkunni, um 10 m suðvestur af fjárhúsinu, er myndarleg grjóthrúga, lítt gróin, og ekki ósennilegt að grjótið komi úr eldri rústum. Um 15 m suður af húsinu er grjóthlaðinn kantur utan í brekkunni og liggur austur-vestur. Hlaðið er úr stórgrýti og sést aðeins sú hlið hleðslunnar er snýr mót suðri. Alls er kanturinn um 7 m langur og um 60 cm hár. Hlutverk hans er óljóst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Eyjar HM, 4; Túnakort 1917

GK-338:024 *Sandsgrafir* heimild um mógrafir
 "Við Djúpálæk að norðanverðu var Efrabarð, þá Sandsgrafir og Neðrabarð," segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum segir: "Sandsgrafir: "skammt suður og vestur af þeim voru gamlar uppgrónar mógrafir, nefndar Hringurinn. Þar er nú sléttuð tún." Ekki fengust upplýsingar um hvar Sandsgrafir voru nákvæmlega en Djúpilækur rennur töluvert austan við tún, nú að mestu í skurði. Hann heitir Ósinn þegar inn í tún er komið. Grafirnar gætu hafa verið á svæðinu sunnan við Fjárhúshól 023 eða jafnvel austar, nær nýbýlinu Hjalla. Framræst og sléttuð tún eru á stóru svæði. Ekki sést móta fyrir mógröfum á loftmyndum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Eyjar HM, 4; Ö-Eyjar ath og viðb., 3

GK-338:025 *Ormsnaust* heimild um naust 64°18.537N 21°34.261V
 "Niður við vatnið var gamalt naust, sem heitir Ormsnaust, að mestu horfið, kennt við Orm Vigfússon sýslumann

í Eyjum," segir í örnefnaskrá. Ormsnaust var við vesturenda Meðalfellsvatns, hátt í 500 m vestur af bæ 001. Ormur Vigfússon lést árið 1675. Þar liggur nú vegur meðfram sumarústöðum við vatnið. Smátangi gengur fram í vatnið undan veginum. Hann er valllendur og marflatur. Engar mannvirkjaleifar sjást þar.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Eyjar HM, 5

GK-338:026 heimild um rétt

Magnús Sæmundsson man eftir hlaðinni rétt á Eyjadal, á svonefndum Hnífstanga sem gengur fram í Sandsána á austanverðum dalnum. Þetta er um 2,8 km suðaustur af bæ 001. Magnús telur að réttin sé horfin, hafi sópast burt í flóði fyrir um 10 árum. Þannig háttar til á Eyjadal að skriður geta fallið úr hlíðum, stíflað ána og safnast þá í lón sem að lokum ryðja sér leið gegnum stífluna með tilheyrandi látum. Magnús segir að réttin hafi verið tvískipt og tekið allt að 100-150 fjár. Hann telur að hún hafi verið notuð eitthvað fram á fyrstu ár 20. aldar, e.t.v. sem rúningsrétt. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi, enda fengust upplýsingar um hann að lokinni vettvangsferð.

GK-338:027 Eyjólsmógrafir náma mógrafir 64°18.407N 21°33.338V

"Þá er það í Eyjatúninu: Höfðar eru norður við ósinn. Þar á móti hinu megin við Ósinn er Ósstykki, svo Móar þar austur eftir og Mógrafir og Eyjólsmógrafir undir Stóraásnum," segir í örnefnaskrá. Mógrafir sem virðast passa við þessa lýsingu voru vestanundir miðjum Stórás, tæpa 300 m austur af bæ 001.

Á þessum stað eru nú framræst túnstykki, víða mjög blaut. Fremur óljósar leifar mógrafa sjást í túnunum. Þau eru mjög óslétt og var mógröfum jafnan kennt um. Alls taka stykkinn yfir svæði sem er um það bil 100 x 70 m stórt frá austri til vesturs.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Eyjar HM, 5

GK-338:028 Borgarhóll örnefni fjárskýli 64°18.533N 21°33.411V

"Borgarhóll heitir klapparhóllinn neðan við veginn," segir í örnefnaskrá. Nú stendur nýlegt íbúðarhús á Borgarhól, rúma 250 m norðaustur af bæjarhól 001. Ekki er vitað til þess að mannvirkjaleifar hafi verið þar áður en húsið er byggt og nú eru engar slíkar sjáanlegar. Það er ekki ólíklegt að nafn hólins sé af náttúrulegum toga frekar en að það sé dregið af mannvirki, þ.e. fjárborg.


Heimildir: Ö-Eyjar HM, 5

GK-338:029 Smiðjutún heimild um smiðju 64°18.493N 21°33.583V

"Smiðjutún heitir túnblettur á milli Eyjabæjanna niður að Ós," segir í örnefnaskrá. "Smiðjutún: Áður fyrr hefur verið smiðja fyrir framan vestra íbúðarhúsið í Eyjum, sem nú er. Guðni faðir Hans mundi ekki eftir henni, en heyrði talað um hana. Þar var eitt sinn grafið niður á viðarkol, minjar um þessa smiðju," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Norðan við Eyjabæina er sléttað tún allt að Ósnum. Heimreiðin liggur um túnið. Þar er nú sléttað tún. Engin merki sjást á yfirborði um mannvistarleifar. Af lýsingunni að dæma hefur meint smiðja staðið býsna nálægt Eyjum I og því sennilega utan skipulagssvæðis en Smiðjutúnið verið nefnt eftir henni og náð yfir töluvert svæði, sennilega allt uppundir 130-150 m norður fyrir bæjarhól 001.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Eyjar HM, 5; Ö-Eyjar ath og viðb., 3



GK-338:030 náma mógrafir 64°18.283N 21°30.843V

Mógrafir eru 4-500 m austur af Eyjatjörn, sunnan við veginn sem liggur í átt að Möðruvöllum og 2-300 m suðvestur af nýbýlinu Hvassnesi. Gljúp mýri sem hefur verið framræst með skurðum að hluta.

Greinilegar mógrafir, nokkrir óreglulegir pollar í mýrinni á svæði sem er um 30 x 30 m stórt. Á nokkrum stöðum eru brúnir grafanna reglulega stungnar. Dýpt er um 0,6 m.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Eyjar HM, 5

GK-338:031 Réttarbolli tóft rétt

64°18.565N 21°33.196V

"Þar utar [en Votahjalli] Kirkjuhjallagil og Kirkjuhjalli. Þar uppi er dálítið graslendi. Þar niður frá við gilið er Réttarbolli rétt við veginn," segir í

örnefnaskrá. Tóft sem líkast til er í Réttarbolla er norðan við veginn, tæpa 500 m NA af bæjarhól 001. Hún er 20-30 m norðan við vegar slóða sem gætu verið leifar af eldri vegi. Vel gróin brekka sem snýr mót suðr undir Meðalfelli. Mikið er um uppróna skriðtauma í hlíðinni og stórgryti sem hrúnið hefur úr fjallinu. Tóftin er alls 9 x 7 m stór og snýr frá austri til vesturs, þvert á brekkuna. Hún hefur verið grafin inn í brekkuna og rís norðurhliðin hæst, allt að rúmum metra. Hún hefur verið hlaðin upp að innanverðu og vesturhlið einnig. Hleðslur eru að mestu leyti grónar en þó grillir í grjóti hér og þar. Tóftin hefur sennilega verið alveg opin í austur en fyrir suðurhlið hefur verið hleðsla, nú afar illla farin en sennilega um 5 m löng. Við suðvesturhorn tóftarinnar mótast mjög óljóst fyrir litlu hólf, um 3 x 2 m stóru frá austri til vesturs og gæti það hafa verið opið í austur líkt og stóra tóftin. Þessi tóft gæti verið af stekki en ekki er vitað um slíkt mannvirki annarsstaðar í landi Eyja.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Eyjar HM, 5

GK-338:032 *Vörðuhjalli* örnefni

"Næsta gil[eftir Kirkjuhjallagil] er Vörðuhjallagil og Vörðuhjalli þar uppi," segir í örnefnaskrá. Vörðuhjalli er efst uppi í Meðalfelli sem er snarbratt á þessum slóðum, svo til beint upp af bæ. Ekki var farið upp á fjallið til að kanna hvort þar væri varða.

Heimildir: Ö-Eyjar HM, 6

GK-338:033 *Eyjarétt* þúst rétt



Réttarstæði 033, horft í vestur.

Hún er um 15 x 5 m að stærð frá austri til vesturs og einhverjar grjótdreifar sjást þar norðan við. Ágætlega vottar hins vegar fyrir útlínun réttarinnar á loftmynd á GoogleEarth. Þar sjást tveir hringir, innri og ytri og vottar á nokkrum stöðum fyrir hleðslum milli hringanna. Sá innri, almenningurinn hefur verið nálægt 20 m í þvermál en sá ytri um 45 m.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Eyjar HM, 6

GK-338:034 *Kvíastæði* örnefni kvíar

64°18.566N 21°33.736V

"Kvíastæði heitir landið vestan vegar þegar farið er ofan frá fjalli heim að Eyjum og Mönguvað á Ósnum þar við og Hundapyttur í Ósnum nokkru neðar þar sem hann er breiðastur með vík inn í suðurbakkann," segir í örnefnaskrá. Kvíastæði var við Ósinn fast austan við Mönguvað 035.

Þar er nú slétt að tún beggja megin og Ósinn rennur í skurði.

Engar mannvistarleifar sjást á Kvíastæði og Magnús Sæmundsson man ekki eftir mannvirkjum þar. Kannski er Kvíastæði kennt við færiskvíar.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Eyjar HM, 6

64°18.701N 21°34.160V
"Í Grókotsklettum er mjótt gil, sem heitir Skora; þar utar er gil, sem heitir Svarthamarsgil við Svarthamra. Þar niður frá er Eyjarétt," segir í örnefnaskrá. Réttin var norðan við austurenda Meðalfellsvatns, suðvestan við Kaffi Kjós og rúma 500 m norðvestur af bæjarhól 001. Slétt flöt og slegin. Réttin er svo til horfin. Lóðin tilheyrir sumarbústað vestan réttarstæðis og sumarbústaðaeigendur fjarlægðu grjótið úr veggjunum, sennilega í kringum 1970. Þetta var ein aðalrétt Kjósverja en hin var í Brynjudal. Þegar þessi Eyjarétt lagðist af var ný, steinsteypt rétt reist á Möðruvöllum. Páll Ingólfsson á Eyjum I man vel eftir gömlu réttinni sem var með hringlaga almenningi og dilkum í kring. Hið eina sem nú sést eftir er jarðlæg, L-laga hleðsla nyrst á svæðinu sem grjót gægist upp úr.

GK-338:035 *Mönguvað* heimild um vað

64°18.567N 21°33.759V

"Kvíastæði heitir landið vestan vegar þegar farið er ofan frá fjalli heim að Eyjum og Mönguvað á Ósnum þar við og Hundapyttur í Ósnum nokkru neðar þar sem hann er breiðastur með vík inn í suðurbakkann," segir í örnefnaskrá. Ósinn rennur nú í skurði um túnið á Eyjum, um 170 m norður af Eyjum I.

Sléttað tún. Skurðurinn er býsna djúpur.

Magnús Sæmundsson segir að Mönguvað hafi verið á Ósnum hér um bil beint norður af Eyjum I og kannski örlítið vestar. Það var ekki notað að staðaldri, í það minnsta ekki í hans minni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Eyjar HM, 6

GK-338:036 þúst útihús

64°18.418N 21°33.015V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús sunnarlega í Fjárhúshólum 023, um 70 m suður af sjálfu fjárhúsinu.

Sléttað tún er neðan við hólinn. Engar leifar sjást af húsi á þessum slóðum en 20-30 m ofan eða norðan við staðinn er sléttur stallur utan í hólum og sést þar mjög óljós tóft. Hún er allt að 4 x 7 m stór frá austri til vesturs. Ekki sést grjót í meintum hleðslum og ekki ljóst hvort um er að ræða húsið sem merkt er inn á túnakortið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-338:037 *Sjálfkvíavað* heimild um vað

Í örnefnalýsingu Þorlaksstaða segir frá Sjálfkvíum við Laxá: "Á landamerkjum norður við Laxá er klettakví eða krókur, sem heitir Sjálfkvíar." "Á flötinni er ekkert sem bendir til sjálfkví fyrir fé. Í ánni niðurundan var Sjálfkvíavað," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Girt er á merkjum frá Prestvörðu og skáhallt niður í Laxá. Við girðingarendann er ekki áberandi krókur sem kemur vel heim og saman við nafnið. Bjarni Kristjánsson á Þorlaksstöðum telur mögulegt að Sjálfkvíar séu norðar, innan Þorlaksstaðalands ef marka má veiðistað í ánni sem merktur er með því nafni. Ekki er vitað um nein dæmi þess að Sjálfkví-örnefni bendi á mannvirki heldur virðist um náttúruheiti að ræða, þ.e. stað sem er "kvíar" af náttúrunnar hendi. Því eru sjálfkvíar ekki skráðar sérstaklega hér og ekki tókst að finna nákvæma staðsetningu á Sjálfkvíavaði, þótt sjálfsagt hafi það verið í námunda við merkin u.þ.b. 2,5 km ANA af bæ 001.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Eyjar ath og viðb., 3

GK-338:038 gata leið

64°16.990N 21°31.540V

"Vegur hefur legið eptir dalnum [Eyjadal] og hafa Kjósarmenn mest farið hann. - Hann kemur saman við Svínaskarðsveginn hjá nyrðri disinni á skarðinu [sennilega GK-343:016], og liggur austan og norðanundir Móskaðshnúki enum eystasta." Vegurinn um Svínaskarð GK-343:035 var alfaravegur um Kjósina en þetta hefur greinilega verið afbrigði af honum. Greinilegur götuslóði liggur inn eftir austanverðum Eyjadal og lítur sumstaðar út fyrir að hafa verið ruddur. Hann sést til dæmis um 1,5 km NNA af seli 040.

Vegurinn er utan í hlíð sem hallar mót vestri. Væntanlega hefur þessi vegur legið upp úr Eyjadalnum innst, norðan við Móskaðshnúka og sameinast Svínaskarðsveginum u.þ.b. í hæsta hluta skarðsins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: MG: Ferðabók, 39

GK-338:039 *Huassnes* bæjarstæði býli

64°18.398N 21°30.687V

1705: "Huassnes, annað afbýli af þessari jörðu." "Norður við Laxá er Hvassnes, þar var eitt sinn búið. Lagðist byggð þar snemma niður á 18. öld. Þar eru því gamlar tættur," segir í örnefnaskrá. Nú er nýbýli sem nefnist Hvassnes austan undir Meðalfelli. Rústir af Hvassnesi eldra voru í túninu 30-40 m suðvestur af íbúðarhúsinu. Þetta er um 2,3 km austur af Eyjabænum 001.

Núverandi íbúðarhús, sem er nýlegt, er norðarlega í sléttuðu túni. Vestur af því er búið að plægja nokkuð stórt svæði, líklega kálgarð. Greinilegur hóll er í hæsta hluta túnsins þar sem tóftirnar voru áður en þær hafa nú verið sléttaðar. Hann er ávalur og ber töluvert á honum, 30-40 m í þvermál en brúnir óljósar og renna saman við túnið sem er rennislétt. Mjög líklegt er að mannvistarleifar leynist undir sverði.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM III, 406; Ö-Eyjar, 3

GK-338:040 *Selholar* tóftir sel

64°16.197N 21°32.007V


1705 segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín: "Selstöðu á jörðin í heimalandi." "Svo er Seltindur framanvert við Hrútaðal og Selmýrar þar fyrir neðan og Sel, við Hrútaðalsá þar sem hún rennur í Sandsá," segir í örnefnaskrá. MG: "Sel hefur verið í miðjum dalnum vestanmegin árinna, sem eptir honum rennur. Við selið gengur upp afdalur dálftill á snið suðvestur í vesturhlíð dalsins, og kalla menn dalkorn það Hrútaðal, en Seltindur



heitir milli dalanna." Þá er talað um Selhóla í örnefnaskrá: "Selhólar eru niður við ána heimanvert við Stóruskálarlæk." Selið frá Eyjum er innarlega í Eyjadal, en það er dalur sem gengur til suðurs inn í fjalllendið fyrir innan bæinn Sand, milli Möðruvallaháls að austan og Sandsfjalls að vestan. Selið er nánar tiltekið í vestnaverðum Eyjadal, austan við mynni Hrútaðals, sem gengur vestan úr fjöllum, og gegnt þeim stað þar sem Stóruskálarlækur rennur í Sandsá, en það er áin sem rennur eftir Eyjadal. Selið er 4,4 km suður frá Eyjabænum (001) í beinni loflínu. Þess ber að geta að Selhólar eru 300-400 m norðaustur af seltóftunum, austan við Sandsána, en bera

þó nafn sitt áreiðanlega af þessu seli. Þó var skimað eftir rústum nær hólunum en fundust ekki. Rústirnar eru á grasgefinni tungu sem markast af Hrútaðalsá að norðan en minni læk að sunnanverðu. Bæði áin og lækurinn renna í Sandsá.

Seltóftirnar eru geysifallegar og tilkomumiklar, áreiðanlega misgamlar. Alls eru þær fimm talsins og ná yfir svæði sem er rúmlega 60 x 30 m stórt. Mest áberandi er rústahóll (A), svo stór að hann líkist helst bæjarhól. Hann er syðst á svæðinu vestanverðu, alls um 20 x 10 m stór frá norðri til suðurs. Syðst í honum er tvískipt hólf með miklu grjóti í og gæti hafa verið byggt lengur á þeim hluta rústahólsins því að norðurhlutinn rís lægra og er ógreinilegri. Op er á suðurhlutanum austast að norðanverðu og liggja bæði hólfín í þessum hluta rústarinnar austur-vestur, eru um 5 x 2 m stór að innanmáli. Innangengt er á milli þeirra austast og er umtalsvert meira grjót í syðra hólfínu. Óljósari hluti rústahólsins er norðar og þar vottar óljóst fyrir þremur hólfum en þau gætu tilheyrð misgömlum byggingarstigum. Rústahóllinn er hæstur að norðanverðu, allt að 1,5 m, gróskumikill og algróinn. Tóft B er á árbakka um 10 m norðvestur af A. Hún er ferköntuð og grjóthaðin, hleðslur aðeins 1-2 umförf af grjóti og alls er hún um 2 x 2 m að utanmáli. Engar dyr sjást á tóftinni sem er mest um 0,3 m há. Tóftin minnir á smalakofa en nálægðin við ána vekur upp grun um annars konar hlutverk, jafnvel mjólkurkælingu. Þó virðist tóftin of ung til að tilheyra eldri byggingarstigum á svæðinu. Tóft C er sennilega lítið aðhald, mögulega kvíar,



10-12 m norðaustur af tóft A. Hún er að nokkru leyti hlaðin við jarðfasta kletta. Tóftin snýr norður-suður og er alls um 7 x 3 m stór, opin í norður en vesturlanghlið er skemmri en sú eystri. Veggir eru grjóthlaðnir, mest um 0,5 m háir. Tóft D er fast suðaustan við C, 6 x 3 m stór og snýr norður-suður. Hún er tvískipt og opnast bæði hólfín í austurátt. Veggir eru grónir að mestu og sýnist tóftin styðajast við jarðfast grjót að einhverju leyti í vesturlanghlið. Það grillir í grjót í innanverðu norðurhólfi. Neðst og austast í seltúninu eru síðan tvær grjóthlaðnar réttir, nær ábyggilega yngri en seltóftirnar. Sú efri (E) er um 25-30 m austur af tóft D. Hún er nokkurn

Horft yfir selstæðið 040 til suðvesturs.

vegin ferköntuð, snýr SA-NV, er um 10 x 7 m stór og styðst við kletta, einkum að suðaustan. Veggir eru hlaðnir úr stórum hnallungum, mest um 0,7 m háir, 2-3 umför grjóts. Ekkert op sést á veggjum og hlýtur að hafa hrunið fyrir það. Tóft F er aðeins um 5 m norður af E. Hún er hér um bil ferköntuð og tæplega 12 x 12 m stór með 2 m breitt op á norðausturhorni. Gamall, uppgróinn farvegur liggur meðfram henni að sunnan og suðaustan. Norðvesturhlíð réttarinnar er náttúrulegur bakki, upphlaðinn að innanverðu, mest um 0,8 m hár.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:JÁM III, 405; Ö-Eyjar HM, 2; MG: Ferðabók, 38

GK-338:041 Svínahús heimild um útihús 64°18.490N 21°33.714V

Heima á hlaði í Eyjum I, fáeinum metrum framan eða norðan við fjárhús 007, var torf og grjóthlaðið útihús, nefnt Svínahús þegar Páll Ingólfsson man eftir. Þar er nú jaðar á malarplani, geymslusvæði fyrir kerrur o.fl.

Húsið er horfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-338:042 heimild um útihús 64°18.501N 21°33.712V

Páll Ingólfsson man eftir hálfhrundum torfkofum 20-30 m norðvestur af Svínahúsi 041, norðan við skemmu sem nú er nyrst á hlaðinu í Eyjum I. Ekki er vitað um hlutverk kofanna. Nú er sléttað tún fast norðan við skemmuna. Kofarnir eru horfnir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

GK-338:043 heimild um áveitu

"Fyrir heiman Öxl er Grashvammur vel gróid, þá Grjóthvammur og Ferhyrningur, dálítið klettabelti rétt við veginn. Þar út í mýrinni var Lóma, sem nú er búið að þurrka upp. Tjarnarhringur heitir mýrin við tjörnina sem afmarkast af gömlum skurðum sem áttu að þurrka hana," segir í örnefnaskrá. Tjörnin sem talað er um er Eyjatjörn, um 1,7 km austur af Eyjum. Stór og mikil tjörn, um 400 x 200 m frá austri til vesturs. Nú hefur töluvert land verið framræst við hana að vestan en einnig verið grafnir skurðir að sunnan og austan.

Gömlu skurðirnir voru handgrafnir og áttu að leiða vatn úr tjörninni, enda var þar starengi. Hefur þetta verið töluvert framkvæmd. Leifar gamals skurðar sem sennilega er frá þessum tíma sést sunnan við tjörnina en talið er að skurðir hafi náð allan hringinn. Skurðurinn á upptök sín um 1,6 km ASA af bæ 001. Þaðan liggur hann til austurs og er hægt að rekja hann meðfram tjörninni á 5-600 m löngum kafla. Skurðurinn var ekki rannsakaður nákvæmlega á vettvangi en á loftmyndum sést að hann er mun óreglulegri og minni um sig en vélgröfna skurðirnir allt í kring. Hann er 1-1,5 m breiður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Eyjar HM, 3-4

GK-338:044 hleðsla óþekkt 64°17.617N 21°32.075V

Lítill hleðsla er norðarlega á austanverðum Eyjadal. Hún er um 2 km SSA af bæjarhól 001 en 2,6 km m norður af Eyjaseli 040. Hleðslan er neðan eða vestan við óljósan vegarslóða sem liggur inn dalinn en virðist ekki hafa verið ekinn lengi. Grýtt brekka mót vestri en mosi og lyng vex innan um grjótið. Hleðslan er norðan við dálítið gil sem liggur niður brekkuna. Ekki er víst að hleðslan sé mjög gömul. Hún liggur frá jarðföstum steini við vegarslóðann og í sveig, fyrst til norðvesturs og svo vesturs. Myndast þannig smágerði milli hleðslu og lækjar sem er sunnan við, um 10 x 3 m stór frá austri til vesturs. Staðurinn er samt ekki líklegur fyrir rétt eða annað aðhald og óljóst hvaða tilgangi hleðslan hefur gegnt. Hleðslan er alls um 10 m löng, mest um 2 umför grjóts og um 0,2 m há. Ekki er útilokað að hluti af hleðslunni séu leifar af Hagagarði 020, enda telur Magnús Sæmundsson að hann hafi verið einmitt við þetta gil.

Hættumat: engin hætta

GK-338:045 bæjarstæði býli

Í jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Önnur hjáleiga var bygd heima í túninu og ekki nafngift bygd alleina um eitt ár og hvorki fyrir nje síðar. Er nú síðan nær 60 ár. Kann ei aftur að byggjast á heimajarðarinnar skaða." Ekki er vitað hvar þessi hjáleiga stóð. Klárlega er ekki átt við Hvassnes, Gróukot eða Eyjarhól, enda er þeirra allra getið sérstaklega í sama riti.

Heimildir:JÁM III, 406

GK-338:046 Grou Kot bæjarstæði býli 64°18.658N 21°33.914V

Í jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "... hjáleiga frá Eyjum, bygt um fáein ár. Landskuld vita menn ei hvör verið hefur, en meira ekkert kúgildi fylgt hafa. hefur í auðn legið fram undir 60 ár, og kann ei aftur að byggjast án jarðarinnar skaða." "Fyrir utan Góðagil er Gróukotsgeiri og Gróukotsskriða utar, klettarnir fyrir ofan

Grókotsklettur, þar niður frá er Gróukot og Grókotsmýri. Í Grókotsklettum er mjótt gil, sem heitir Skora; þar utar er gil, sem heitir Svarthamarsgil við Svarthamra" Segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Magnúsi Sæmundssyni voru rústir Grókots um 70 m austan við norðausturhorn Meðalfellsvatns og rúma 400 m norðaustur af bæ 001. Þetta er skammt austan við veg sem liggur að sumarbústöðum við austurenda vatnsins.

Þar er nú slétt malaruppfylling, bílastæði fyrir sumarbústað sem er sunnan við.

Öll ummerki um Gróukot eru nú horfin en Magnús telur að það hafi horfið undir uppfyllingu en í raun ekkert verið hreyft við rústunum. Ljóst er að ekki hefur verið rústahóll á staðnum, enda svæðið hér um bil marflatt. Dálítið þýfi er vestan við planið en ekkert rústalag á því.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM III, 406; Ö-Eyjar, 6

GK-338:047 tóft óþekkt

64°17.037N 21°31.621°V

Tóft er á austanverðum Eyjadal, sennilega um 500 m norðar en gegnt Myrkagili. Þetta er um 1,1 km suður af hleðslu 036 og um 1,5 km NNA af seli 044.



Mjög grösugt en þýft svæði milli tveggja smágilja. Í kring eru víðast grýttar brekkur með gilskorningum.

Nokkuð greinileg tóft en þó sigrin og alveg grasi gróin. Hún virðist tví- eða hugsanlega þrískipt, alls um 10 x 6,5 m stór frá austri til vesturs. Vestast er stærsta hólfið, alls rúmlega 6 m í þvermál að utanverðu, sporöskjulaga fremur en ferkantað. Út frá því til austurs nyrst er minna hólfið eða kró, um 4 x 3 m stórt frá austri til vesturs. Hugsanlega hefur verið eitt hólfi til viðbótar í krianum þar sunnan við en nú sést þar aðeins ólöguleg þúst. Ekki sjást dyr á útveggjum, sem eru algrónir, og ekki heldur op á milli hólfa. Veggir ná mest um 0,5 m hæð.

Hættumat: engin hætta

GK-338:048 Borgir örnefni fjárskýli

Í örnefnalýsingu segir í lýsingu á Eyjadal: "Þá heita næst Borgir sunnan í Hálsinum og Lægribrún upp af Borgum. Þetta er talsvert framan við Sand. Um Borgirnar í Hálsinum rennur Hálsælur. Næst er Dagmálalækur. Þar á milli er nafnalaust. Þar vestur af er Dagmáladalur. Þá er næst Hnífstangi." Svæðið innan eða sunnan Hnífstanga (sjá 026) var skoðað á vettvangi en engar rústir fundust. Magnús Sæmundsson telur sig hafa séð hringlaga rúst á þessum slóðum, algróna og varla meir en 10 m í þvermál.

GK-338:049 vegur leið

64°18.630N 21°33.639V

Leifar af gömlum þjóðvegi sjást samhliða núverandi þjóðvegi ofan eða norðan við Eyjar. T.d. sést vegurinn vel um 350 m beint norður af bæ 001. Vegurinn liggur ofar en núverandi vegur, neðst í skriðrunninni fjallshlíð. Hann er 2-3 m breiður og næstum algróinn víðast hvar en hefur greinilega verið ruddur. Ekki fengust upplýsingar um hversu lengi þessi vegur var í notkun. Auðveldlega má fylgja honum á loftmynd, í það minnsta frá Kaffi Kjós og að nýbýlinu Hjalla, um 1,5 km leið.

Hættumat: engin hætta

GK-338:050 heimild um landamerki

64°18.143N 21°30.571V

Varða var á Hnífhól, á landamerkjum milli Eyja og Möðruvalla, um 2,6 km austur af bæ 001.

Klettóttur hæðarrani sem gengur út úr Meðalfelli til norðausturs. Engin varða sést á hólnum. Merkjagirðing liggur ofan úr fjalli, yfir hólnum og svo er skurður í framhaldi yfir mýrina neðan við. Á hólnum er reyndar áberandi klettanibba fremst sem lítur út svipað og varða úr fjarska. Ekki er útilokað að einhverju hafi verið raskað á hólnum þegar girðing var sett upp, enda lausagrjót við hana víða til að styðja við staura.

Hættumat: engin hætta

GK-338:051 heimild um lendingu

64°18.684N 21°34.152V

Skv. Magnúsi Sæmundssyni notaði afi hans lendingu við Meðalfellsvatn hér um bil beint niður af Eyjarétt 033.

Sléttur vatnsbakki skammt fyrir neðan girðingu um sumarbústað. Engin mannvirki sjást og reyndar ekki víst þau hafi verið, í það minnsta man Magnús ekki eftir þeim.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-339 Eyjahóll

Hjáleiga Eyja (GK-338) 1705 og 1847, í sömu ábúð og Eyjar frá 1888.

1840: "Þar er heyskapur sæmilegur, beitarland minni, lítil útigangur." SSGK, 257.

GK-339:001 Eyjahóll bæjarhóll bústaður

64°18.248N 21°33.617V

Býlið Eyjahóll stóð skammt utan Eyjatúns, þar sem nú er áberandi hóll í annars flatneskjulegu túni. Þetta er rétt



Sumarbústaður á Eyjahól, horft til suðausturs.

tæpa 500 m suðaustur af bæjarhól 001. Helsta heimild um húsaskipan þar snemma á 20. öld er túnakort sem var teiknað 1917. Á því eru sýnd fjögur hús en ekki hægt að sjá hvert af þeim hefur verið íbúðarhúsið og þar er enginn áberandi bæjarhóll. Hér er skráður vestasti hluti Eyjarhóls, enda man Páll Ingólfsson eftir rústum þar. Á þeim stað er sýnt stakt hús á túnakorti frá 1917, um 80 m vestur af tóft 002. Slétt tún uppi á aflöngum hólrana sem liggur austur-vestur. Engar rústir sjást nú á þessum stað en heimildamaður kveðst muna eftir rústum, sennilega þremur tóftum í þyrpingu fast sunnan við veginn sem liggur upp á Eyjahól. Allt var þetta slétt á árunum kringum 1970. Nú er iðagræn hólbunga á þessum stað, örugglega náttúruleg að stofni til en ekki útilokað að mannvistarleifar leynist

undir.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-339:002 tóft útihús

64°18.235N 21°33.623V

Býlið Eyjahóll stóð skammt utan Eyjatúns, þar sem nú er áberandi hóll í annars flatneskjulegu túni. Þetta er rétt



0 5 10
metrar

tæpa 500 m suðaustur af bæjarhól 001. Helsta heimild um húsaskipan þar snemma á 20. öld er túnakort sem var teiknað 1917. Á því eru sýnd fjögur hús en ekki hægt að sjá hvert af þeim hefur verið íbúðarhúsið. Ein tóft er sjáanleg í gamla Eyjahólstúni. Hún er fast norðan við sumarbústað sem þar stendur, austarlega í túninu. Túnið hefur verið á hólrana sem liggur frá austri til vesturs. Austurhluti hólans er nánast undirlagður af trjágróðri umhverfis sumarbústaðinn. Tóftin er greinilega af útihúsum og óstaðfestar heimildir herma að það hafi verið fjárhús. Hún snýr austur-vestur, er alls hátt í 10 m löng og 5 m breið. Hún skiptist í tvennt. Austara hólfið er um 4 x 2 m að ainnamáli, með dyr í norður vestast.

Veggjahæð er allt að 0,8 m og grjóthleðslur sjást víða að innanverðu. Vestara hólfið er heldur minna en óljósara, enda á kafi í rabbabara. Sumarbústaðurinn eða pallur við hann er nánast ofan á suðurvegg tóftarinnar.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-339:003 heimild um útihús

64°18.21°7N 21°33.546V

Eftir því sem næst verður komist var útihús í Eyjarhólstúni um 20 m sunnan við tóft 002. Þessi niðurstaða er fengin af túnakorti frá 1917. Sumarbústaður er á svipuðum slóðum og mikil trjárákt kringum hann.

Hugsanlega hefur húsið lent undir suðurhluta sumarbústaðar eða verið skammt sunnan við hann. Nú sjást engar leifar af mannvirkjum á þessum stað.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-339:004 heimild um útihús

64°18.247N 21°33.530V

Eftir því sem næst verður komist var útihús í Eyjarhólstúni um 40 m norðan við tóft 002. Þessi niðurstaða er fengin af túnakorti frá 1917. Á þessum stað er komið niður af sjálfum hólnum. Skurður er fast við.

Engar mannvirkjaleifar sjást á staðnum, enda hefur miklu verið raskað með sléttun og skurðagrefti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-341 Flekkudalur (enn neðri)

Til 1802 voru Flekkudalir taldir en jörð. Jörðin nefnd Flekkudalur neðri og Grjótreyri í heimildum en jörðin heitir nú Grjótreyri.

1705: "Hætt er fyrir skriðum og snjóflóðum bæði húsum og túni. Á brýtur engjar og tún og ber grjót yfir til stórmeina. Hætt er fyrir foruðum og dýjum." JÁM III, 403. 1840: "... ekki stór heyjajörð, lík hinni hvað landkosti snertir .." SSGK, 257. 1917: Tún 5,6 teigar garðar 580m².

GK-341:001 Flekkudalur (enn neðri) bæjarhóll bústaður

Jarðabók Johnsen 1847: Grjótreyri nefnd í sumum heimildum þá 15 hdr á meðan að Flekkudalur sé 25 hdr.



Bæjarstæði 001.

Flekkudals. Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð bærinn þá neðan við veginn sem liggur nú að Grjótreyri, um 300 m norðan við íbúðarhús sem þar stendur nú. Þetta er austan við Flekkudalsá og og veg sem liggur niður að sumarbústöðum sem eru niður við Meðalfellsvatnið. Túnið er vel sléttað. Kristján Finnsson sléttaði úr því á sínum tíma en þó hafði verið sléttað úr því áður. Engar rústir sjást á staðnum en greina má leifar af óljósum bæjarhól. Kristján Finnsson telur að bærinn hafi staðið á þessum stað. Hann var notaður til 1924 er hann var fluttur upp að fjallinu vegna ágangs Flekkudalsár.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1917; JNm, 100; Ö-Grjótreyri Flekkudalur, 3-4

GK-341:002 náma mógrafir

64°18.319N 21°35.815V

Farið er framhjá Gróteyri og yfir Flekkudalsá og þar niður til norðurs. Mógrafirnar voru nánast neðst í túninu vestan megin, rétt sunnan við sumarbústaðina sem eru niður við Meðalfellsvatnið.

Túnið er vel sléttað og það er skurður rétt austan við staðinn. Tún eru sunnan og vestan megin en Flekkudalsáin rennur austan megin. Ekki sjást neinar leifar af mógrofunum enda segist Kristján Finnsson hafa sléttað úr þeim og þurrkað þær. Samkvæmt Kristjáni var svæðið sem þær þöktu um 60 m í þvermál.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

GK-341:003 heimild um útihús

64°18.151N 21°35.527V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 70 m norðan við bæjarhól 001.

Túnið er vel sléttað. Vestan megin við staðinn rennur Flekkudalsá og þar rétt austar er vegur sem liggur til norðurs, niður í sumarbústaðahverfi við Meðalfellsvatn. Sunnan við staðinn stendur bærinn Grjótreyri.

Húsið er horfið.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-341:004 heimild um útihús

64°18.079N 21°35.588V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 70 m suðvestur af bæjarhól 001. Það hefur verið í suðvesturhorni

túnsins, alveg upp við veginn sem liggur niður að sumarbústöðunum við Meðalfellsvatn.

Vegir eru sunnan og vestan megin en tún norðan og austan megin.

Ekki sjást neinar minjar á staðnum enda hefur verið sléttað vel úr túninu. E.t.v. liggja vegir yfir hússtæðið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-341:005 heimild um hrossaborg

64°18.172N 21°35.812V

"Þegar undirritaður fluttist að Grjóteyri 1905 gekk Grjóteyartúnið vestan ár undir nafninu Tutlutún, móarnir neðan þess Flekkudalsmóar. Í þeim var Kaplaskjólspúfa gamalt byrgi fyrir útigönguhross." Segir í örnefnaskrá. Farið er fram hjá Grjóteyri og yfir Flekkudalsá. Þar er beygt niður til norðurs og staðurinn er neðarlega í túninu áður en það skiptist niður í fjögur smærri tún. Um 250 m norðvestan við bæjarhól 001.

Túnið er vel sléttað og girðingar eru allt í kringum það. Ræktað tún er vestan megin sem Flekkudalur á. Sunnan megin er óræktað tún, austan megin er Flekkudalsáin og norðan megin eru sumarhús niður við Meðalfellsvatnið. Engar minjar sjást á staðnum.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Grjóteyri Flekkudalur, 3-4

GK-341:006 heimild um túngarð

64°18.112N 21°35.566V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru leifar af túngarði á nokkrum stöðum kringum túnið. Um 20 m vestan við bæjarhól 001 og um 10 m vestur af vegi sem liggur að sumarhúsunum niður við Meðalfellsvatnið eru mögulegar túngarðsleifar.

Túnjaðarinn er mjög gróinn og ósleginn. Honum hallar aðeins niður á við til vesturs.

Í túnjaðrinum þar sem túnið hallar aðeins niður á við eru nokkrir steinar. Þeir gætu verið leifar af túngarði eða steinar sem hafa verið teknir úr túninu þegar verið var að slétta það. Þeir sjást ekki mjög vel þar sem grasið er mjög hátt. Túnjaðrinum hefur nánast ekkert verið breytt skv. Kristjáni Finnssyni.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-341:007 heimild um útihús

64°18.104N 21°35.540V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús rétt austan við bæjarhól 001, nánast alveg upp við hann. Þetta er neðan við veginn sem liggur að Grjóteyri og um 300 m norður af íbúðarhúsinu sem þar stendur nú.

Túnið er vel sléttað og vegir eru sunnan og vestan megin við útihúsið en tún annars staðar.

Engar leifar sjást af útihúsinu.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-341:008 Stöðull örnefni kvíar

64°17.987N 21°35.654V

"Stöðull niður með Flekkudalsá, Stöðulbrekka ofan hans. Lindarbrekka frá bænum vestur af Stöðli," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 240 m suðvestur af bæjarhól 001. Það var vestan við íbúðarhúsið á Grjóteyri, á túni sem er kallað Stöðull og því sennilegt að um sama stað sé að ræða.

Túnið er vel sléttað. Norðan megin er vegur sem liggur að Flekkudal, austan megin er skógrækt sem er í garði Grjóteyrar, sunnan við er óræktað land og vestan við er vegur sem liggur upp að húsi ofar í brekkunni.


Engar leifar af rústum sjást á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Grjóteyri Flekkudalur, 3; Túnakort 1917

GK-341:009 Stekkur tóft stekkur

64°18.060N 21°35.205V



"Stekkur heitir túnskákin austur með Sandsfjallinu. Þar voru fornar rústir um sl. aldamót. Flekkudalsnesið nær upp undir Stekkinn," segir í örnefnaskrá. Stekkur er um 300 m suðaustur af bæjarhól 001 neðan í Sandsfjallshlíðinni. Túnskikinn er afgirtur en hann er þó ekki ræktaður. Þar eru kýr og hross á beit. Hann er töluvert grýttur með fram fjallshlíðinni. Um 10 m frá tóftinni er ógróinn hóll út úr fjallinu. Tóftin er 7x3 m og snýr austur-vestur. Veggirnir eru mest um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Enginn sjáanlegur veggur er á suðurhlíð en þar hefur fjallshlíðin verið notuð sem veggur. Norðurveggur tóftarinnar er best farinn.

Vesturveggurinn er töluvert hrúinn og ef til vill hefur verið op á tóftinni í norðvesturhorninu. Tóftin er töluvert gróin og algróin að innan. Miðlungsstórir steinar eru í hleðslum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Grjóteyri Flekkudalur, 3

GK-341:010 Tutlutættur bæjarstæði býli

64°17.998N 21°35.860V


"Í Grjóteyjarlandi, vestan Flekkudalsár veit ég um þessi nöfn: Tutlutættur þar mun fyrsti Flekkudalsbærinn hafa verið byggður, og jarðirnar þá eitt býli, mun það nafn frá ofanverðri 19. öld, hét fyrr Neðri-Flekkudalur og Flekkudalur, Efri-Flekkudalur. Um 1840 var Neðri-Flekkudalur fluttur austur fyrir Flekkudalsá og fekk sá bær nafnið Grjóteyri, en kotbýli verið um skeið í Neðri-Flekkudal sem fékk þetta heiti. Þegar undirritaður fluttist að Grjóteyri 1905 gekk Grjóteyartúnið vestan ár undir nafninu Tutlutún, móarnir neðan þess Flekkudalsmóar," segir í örnefnaskrá Grjóteyriar og Flekkudals. Farið er fram hjá Grjóteyri og yfir Flekkudalsá. Þar er beygt niður til norðurs og farið inn á tún sem Grjóteyri á vestan Flekkudalsár. Kristján Finnsson telur að bærinn hafi staðið í suðvesturhorni túnsins. Túnið heitir Tutlutún.

Túnið er stórt og vel sléttað með girðingum á alla kanta. Það nær alveg niður að sumabústöðunum niður við Meðalfellsvatn. Sunnan og vestan megin eru tún sem farin eru í órækt og tilheyrja Flekkudal en austan megin rennur Flekkudalsáin. Rafmagnslína liggur í gengum túnið rétt norðar.

Ekki sjást neinar minjar á staðnum enda er túnið vel sléttað.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir:Ö-Grjóteyri Flekkudalur, 3-4



Grjóteyri: Minjar í túni. Byggt á túnakorti frá 1917.

GK-342 Sandur

10 hdr 1705. 1687 er jörðin seld og er á 10 hdr. Jarðabréf, 20. Bærinn var færður fyrir 1705 vegna skriðu og vatnsfalla. Austurkot nefnt í örnefnaskrá.

1705: "Tún eru nær engin, því öll hin fornu eru eyðilögð af skriðum og vatni og varð fyrir þeim háska bærinn af honum fornu tóftum að færa. Landþröng er mikil. Á hin sama brýtur árlega og fordjarfar engið, túnið og það lítið, sem verið er að rækta. Ekki má óhætt kalla bænum þar sem nú er hann fyrir skriðum og snjóflóðum. Sandfjók spillir túni og engjum." JÁM III, 404. 1840: "Túnið er ekki mikið, engi nokkurt, land til sumarbeitar nóg, en lítið um vetrartíma." SSGK, 257. 1917: Tún 3,5 teigar, mestallt slétt, garðar 1100m².

GK-342:001 Sandur bæjarhóll bústaður



Bæjarhóllinn á Sandi, horft í suðvestur.

við. Húsið, sem er reisulegt og steinsteypt, stendur í sléttu kvos framan í hól og má vera að það hafi verið grafið úr honum þegar það var reist. Engin hólmyndun er þó undir húsinu. Á hinn bóginn er grösug sóleyjabunga sunna eða aftan við húsið. Ekki er hægt að kalla hana áberandi hól en ræktin er mikil í smábungu sem er um 50 x 30 m stór frá norðri til suðurs. Ekki er lengur búskapur á Sandi en jörðin er í eigu fólks í Reykjavík.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM III, 404; Ö-Sandur, 2; Túnakort 1917

GK-342:002 Sandur bæjarhóll bústaður

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Tún eru nær engin, því öll hin fornu eru eyðilögð af skriðum og vatni og varð fyrir þeim háska bærinn af honum fornu tóftum að færa. Landþröng er mikil. Á hin sama brýtur árlega og fordjarfar engið, túnið og það lítið, sem verið er að rækta. Ekki má óhætt kalla bænum þar sem nú er hann fyrir skriðum og snjóflóðum. Sandfjók spillir túni og engjum." "Gamli bærinn var norður við á, en áin tók hann. Þá var hann fluttur heim á fjárhússtæði," segir í örnefnaskrá. Magnús Sæmundsson frá Eyjum hefur heyrt að bærinn hafi staðið á túni sem er norðan við Sandsá, um 360 m norðan við yngri bæjarstæði 001.

Sléttuð tún sem virðist enn slegið. Engin ummerki sjást um bæjarhól eða rústir. Að sögn Magnúsar var Sandsáin mjög óstýrilát á árum áður og flæddi stjórnlaut yfir tún og engjar þegar mikið var í henni en nú hefur farvegurinn verið dýpkaður og lagaður til. Sennilega hefur eldri farvegur verið austar en nú er og þá austan við umrætt tún, enda myndi Sandsáin vera eðlilegustu landamerkin milli Sands og Eyja en þau liggja nú austan við hana. Þar eru leifar af gömlum farvegi sem menn reyndu einmitt að veita ánni í með stíflugerð á 19. öld, sjá 017.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM III, 404; Túnakort 1917; Ö-Sandur, 2

GK-342:003 heimild um fjós

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var tvískipt útihús um 10-15 m vestan við kálgarð sem var norðan bæjar 001, fast sunnan við útihús 004. Sennilega hafa þetta verið fjós og hlaða sem minnst er stuttlega á í örnefnalýsingu:

64°17.733N 21°32.617V

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Tún eru nær engin, því öll hin fornu eru eyðilögð af skriðum og vatni og varð fyrir þeim háska bærinn af honum fornu tóftum að færa. Landþröng er mikil. Á hin sama brýtur árlega og fordjarfar engið, túnið og það lítið, sem verið er að rækta. Ekki má óhætt kalla bænum þar sem nú er hann fyrir skriðum og snjóflóðum. Sandfjók spillir túni og engjum." "Gamli bærinn var norður við á, en áin tók hann. Þá var hann fluttur heim á fjárhússtæði," segir í örnefnaskrá. Hér er skráð yngri bæjarstæði á Sandi en það eldri er nr. 002. Það er sýnt á túnakorti frá 1917. Bærinn hefur staðið hér um bil á sama stað og núverandi íbúðarhús, nyrst í miðju túni.

Húsið stendur fremst á brekkubrún.

Lækur rennur í smágili fast vestan

64°17.934N 21°32.536V


64°17.768N 21°32.605V

"Austurtún er niður undan fjárhúsunum heiman við Austurkot [013]. Kinn er þar í brekkunni vestan við fjós og hlöðu. Þar er nú stundum nefnt Hesthústún, því efst í þeim bletti var Steinhús [006]." Fleira sem kemur fram í örnefnaskrá er sennilega tengt sama fjósi, þar er t.d. minnst á Fjósdý 020. Smáhóll eða tota sem gengur fram úr hólbrún til norðurs. Hún markast af lögðum að austan og vestan. Í þeirri eystri rennur bæjarlækurinn.

Húsið er alveg horfið.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Sandur, 2



Sandur: Minjar í túni. Byggt á túnakorti frá 1917.

GK-342:004 *Lambhúsflöt* heimild um lambhús 64°17.761N 21°32.595V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús fast norðan við útihús 003, neðar í brekkunni. Þetta gæti vel verið hús sem Lambhúsflöt var kennd við en um hana segir í örnefnaskrá: "Nú er bezt að miða allt við skrá þá, sem til er, og ganga þar á röðina. Þar er Skemmuflöt, sem er vestast í heimatúni. Þar austur af, aðskilið af nafnlausri lögð, er Lambhúsflöt. Þar austast er Hjálmur, og þar austast heitir Moðflöt." Segir í örnefnaskrá Smáhóll eða tota sem gengur fram úr hólbrún til norðurs. Hún markast af lögðum að austan og vestan. Í þeirri eystri rennur bæjarlækurinn.

Húsið er horfið.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Sandur, 1-2

GK-342:005 *Skemmuflöt* heimild um útihús 64°17.781N 21°32.630V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 30 m vestur af útihúsum 003 og 004. Þetta gæti hafa verið Skemmuflöt en um hana segir í örnefnaskrá: "Nú er bezt að miða allt við skrá þá, sem til er, og ganga þar á röðina. Þar er Skemmuflöt, sem er vestast í heimatúni." Túnhóll sem skagar fram úr brúninni ofan við Sandsá.

Húsið er horfið.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Túnakort 1917

GK-342:006 *Steinhús* þúst hesthús

64°17.791N 21°32.709V

Samkvæmt túnakorti var útihús um 70 m vestur af útihúsi 005 og um 120 m vestur af bæjarhól 001, á stökum túnbleðli. Þetta er greinilega Steinhús sem sagt er frá í örnefnalýsingu: "Austurtún er niður undan fjárhúsunum heiman við Austurkot [013]. Kinn er þar í brekkunni vestan við fjós og hlöðu. Þar er nú stundum nefnt Hesthústún, því efst í þeim bletti var Steinhús. Þar var geysimikið bjarg, sem var steinn í hesthúsveggnum." Leifarnar af Steinhúsi sjást enn. Tóftin er vestan við stóran stein og hefur húsið verið sambyggt honum. Brekka sem hallar örlítið mót norðri. Tóftinni hefur líklega verið rutt að hluta eða hún fyllt upp með grjóti því að nú sjást engir eiginlegir veggir, aðeins hálfgróin grjóthruga. Af henni að dæma hefur tóftin verið um 5 x 4 m stór frá norðri til suðurs og sennilega op undan brekkunni, í norðurátt. Hæð hrúgunnar er mest um 0,4 m en engar eiginlegar hleðslur sjást.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Sandur, 2

GK-342:007 *Húsalækur* heimild um fjárhús

64°17.706N 21°32.586V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 50 m austur af bæjarhól 001. Tún sem nú er ekki hirt. Hér hallar landi til norðurs. Engin merki sjást um húsið en á svipuðum slóðum, heldur neðar og norðar, stendur járnklætt útihús með steypum veggjum. Magnús Sæmundsson, fyrrv. bóndi í Eyjum, telur að eldri fjárhús hafi áður staðið á svipuðum slóðum. Ofan við járnklædda húsið er rof utan í brekkunni. Jarðvegur þar er mjög þurr þegar þetta er ritað en vottar þó óljóst fyrir torfi og mögulega taðleifum í sniði. Húsalækur er mjög líklega kenndur við þessi hús en um hann segir í örnefnalýsingu: "Neðan við lækinn er Ullarhvammur. Þá er Stöðull sem er austan við lækinn. Svo er Kvíaból, og lækurinn heitir Húsalækur. Hann kemur úr Miðmundagili."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

GK-342:008 heimild um rétt

64°17.733N 21°32.685V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var rétt í túni, austan við norðurenda garðlags 009. Sléttað tún sem nú er ekki lengur hirt. Garðlagið (009) sést enn á þessum stað en réttin virðist alveg horfin. Þó er dálítið grjót sem liggur til austurs frá garðlaginu um 10 m sunnan við staðinn þar sem réttin var, þar sem nú liggur girðing, og gæti verið leifar af hleðslu. Ekki er útilokað að réttin hafi verið rifin eða að hún hafi jafnvel verið úr timbri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917


GK-342:009 garðlag túngarður

64°17.696N 21°32.714V

Garðlag er merkt inn á túnakort frá 1917 hér um bil 80 m beint upp eða suður af bæ 001. Túngaðar í fjallsrótum. Enn sést garðlag á staðnum og liggur eins og sýnt er á kortinu, frá norðri til suðurs. Skriða hefur verið nýtt við hleðsluna, þannig er garðurinn í raun upphlaðinn austurjaðar á skriðu. Land er því lægra innan eða austan garðs en utan. Garðurinn hefst um 100 m suðvestur af bæjarhól 001. Hann er hvorki hár né áberandi til að byrja með, rétt eins og skriðujaðarinn hafi rétt aðeins verið lagfærður en smám saman verður hann þokkaleg hleðsla, allt að 0,6 m hár en að miklu leyti gróinn. Alls má rekja garðinn um 80 m til norðurs en þar fjarar hann smám saman út. Ekki sjást túngarðsleifar annarsstaðar kringum Sandstún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



GK-342:010 tóft útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús syðst og austast í túnstykki vestan bæjar. Þetta túnstykki heitir Gerði skv. örnefnaskrá: "Svo kom aukatún, sem nefnd var Gerði, vestan við heimatúnið, aðskilið af gili." Á þessum stað er tóft, umm 100 m VSV af Steinhústóft 006.

Tún í órækt, gróskuminna og harðlendara en heimatúnið. Tóftin, sem gæti verið af útihúsi eða hugsanlega litlu aðhaldi eða kvíum, er alveg í túnhorninu, fast norðan undir brekku. Fast austan við er gil sem aðskilur Gerði frá heimatúni. Ekki ber mikið á tóftinni sem er algróin en gróskulaus. Hún er einföld, 5 x 5 m stór en austurgafi er

þó ekki nema 4 m langur. Veggir rísa lágt, ekki nema 0,2 m, og eru algrónir. Dyr eru ekki sjáanlegar en gætu þó hafa snúið að brekkunni, enda er sú hlið tóftarinnar óljósust.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Sandur, 2

GK-342:011 *Barnhús* heimild um 64°18.068N 21°34.526V

"Merkin byrja við landsuðurhorn Meðalfellsvatns, í Flekkudalsós, upp úr honum í Barnhús, sem svo er kallað. Frá því beint upp gilið, upp á Sandfellsbrún....," segir í örnefnaskrá Flekkudals. "Landamerki beggja jarðanna að norðanverðu liggja að Meðalfellsvatni. Að austan um Flekkudalsós, Stokkinn (efsta hluta óssins) um Kelduna suður í Barnhúsvörðu ..." segir í örnefnaskrá Gjóteyrar og Flekkudals. "Barnhús: Hans getur sér þess til að nafnið sé af því dregið, að börn hafi þar verið geymd meðan fólk var á engjum. Langt var á engjar á Sandi og matur færður. Þar voru tóftir. Þess má geta, að í Hækingsdal er einnig til Barnhús, haft um klapparhæð, en á henni voru tóftir. Ekki kunni heimildamaður þar skýringar á nafninu, en framangreind skýring hefur ekki verið borin undir hann." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Sands. Skv. lýsingum ætti Barnhús að hafa verið við enda keldunnar, sem er á merkjum milli Grjóteyrar og Sands, í fjallsrótum eða hugsanlega eitthvað ofar. Þetta er um 1,8 km VNV af bæjarhól 001. Mýri nær að fjallsrótum en svo tekur við brött en ágætlega gróin fjallshlíð. Girt er á merkjum hátt upp í fjall. Alls engar rústir eða vörðuleifar fundust á merkjum. Sennilegast er að Barnhús hafi verið alveg í fjallsrótum og þá vikið þegar keldan var grafin í skurð.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:Ö-Flekkudalur, 1; Ö-Grjóteyri Flekkudalur, 1; Ö-Sandur ath og viðb., 1

GK-342:012 *Hústóftarfoss* tóft óþekkt 64°17.467N 21°32.072V

"Austan við Leitið er gömul Hústóft. Rétt neðar er Hústóftarfoss," segir í örnefnalýsingu. Leitið er hæðin innan eða austan við bæ sem byrgir sýn inn Eyjadal. Möguleg tóft er um 100 m vestan við foss sem er næstur ofan við Sandsfoss, sennilega er það Hústóftarfoss. Svæðið var skoðað í talsverðum snjó.

Brekka sem hallar mót norðri. Dalurinn opnast mót vestri og virðist snjóþyngri en svæðið vestar.

Þúfur standa upp úr snjónum og mynda hólf sem er um 8 x 6 m stórt N-S. Engar dyr sjást og ekkert grjót í veggjum. Töluvert þýfi er sunnan og vestan við. Með réttu mætti segja þennan stað á Leitinu en hann er þó í hvarfi frá bænum. Erfitt er að segja til um hlutverk en af staðháttum að dæma mætti þó helst giska á stekk eða beitarhús. Snjóþyngsli virðast þó mikil inni á dalnum og ekki líklegt að hægt hefði verið að beita fé þar langt fram á vetur. Þess má geta að staðurinn var skoðaður á loftmynd (GoogleEarth) og þar kemur tóftin (A) skýrt fram. Á myndinni virðist einnig mögulegt að önnur tóft (B) sé um 30 m austar, handan við lítinn læk. Sú snýr A-V og er um 9 x 7 m stór. Þriðja tóftin (C) gæti verið rúma 40 m beint suður af henni en það er óljóst. Hvorki tóftir B né sé sáust á vettvangi vegna snjóalaga.

Hættumat: engin hætt

GK-342:013 *Austurkot* bæjarstaði býli 64°17.677N 21°32.492V

"Fyrir neðan mýrarsund er Austurkot, smáblettur í jaðri túns, tóft, nú sléttur. ... Austurtún er niður undan fjárhúsunum heiman við Austurkot. Kinn er þar í brekkunni vestan við fjós og hlöðu. Þar er nú stundum nefnt Hesthústún, því efst í þeim bletti var Steinhús [006]. Þar var geysimikið bjarg, sem var steinn í hesthúsvegnum," segir í örnefnaskrá. Austurkot virðist nú óþekkt og þess er hvorki getið í jarðabókum árið 1705 né 1847. Kotið hlýtur að hafa verið austan við fjárhús 007.

Lækur er austan fjárhúsa en svo þokkalega slétt tún. Engin ummerki sjást í túninu.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Sandur, 2

GK-342:014 *Ullarhvammur* örnefni þvottastaður 64°17.701N 21°32.502V

"Fyrir neðan mýrarsund er Austurkot [013], smáblettur í jaðri túns, tóft, nú sléttur. Neðan við lækinn er Ullarhvammur. Þá er Stöðull sem er austan við lækinn. Svo er Kvíaból, og lækurinn heitir Húsálækur. Hann kemur úr Miðmundagili," segir í örnefnaskrá. Nafnið Ullarhvammur bendir til að þar hafi ull verið þvegin. Örnefnalýsingin er mjög óljós og ekki alveg ljóst neðan við hvaða læk Ullarhvammur var. Þó er líklegast að átt sé við Húsálæk og sennilega er það hann sem rennur fast sunnan við fjárhús 007. Neðan við lækinn gæti einna helst merkt nálægt Sandsá. Þar er nokkuð hár, gróinn bakki niður að ánni.

Engin ummerki sjást og ekki alveg ljóst hvort þetta er hinn rétti Ullarhvammur eða hvort hann hefur verið ofar, jafnvel við sjálfan Húsálækinn.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:Ö-Sandur, 2

GK-342:015 *Stöðull* örnefni kvíar

"Neðan við lækinn er Ullarhvammur [014]. Þá er Stöðull sem er austan við lækinn. Svo er Kvíaból, og lækurinn heitir Húsálækur. Hann kemur úr Miðmundagili," segir í örnefnaskrá. Erfitt er að átta sig á því hvar Stöðull og Kvíaból hafa verið út frá þessari lýsingu. Þó er sennilegt það hafi verið austan við Húsálæk, sennilega á svipuðum slóðum og Austurkot 013. Þetta verður þó að teljast óljóst að svo komnu máli. Engar tóftir fundust sem komið geta heim og saman við lýsinguna.

Heimildir:Ö-Sandur, 2

GK-342:016 Engjahústóft heimild

"Markakelda lá niður allar engjar rétt niður að vatni. Þar beygir hún að ánni. Markabali er þar rétt við mörkin neðarlega, heldur neðar en Engjahústóft, sem er norðan við Engjalæk, sér fyrir henni," segir í örnefnaskrá. Engjahústóft fannst ekki á vettvangi og sennilega hefur hennar ekki verið leitað á réttum stað. Magnús Sæmundsson telur sig muna eftir henni á Sandsengjum. Af lýsingum hans að dæma er hún skammt austan við skurð sem er á vesturmerkjum Sands, um 1,8 km VNV af bæ 001. Hann giskaði á að börn hefðu leikið sér í tóftinni meðan fullorðna fólkið var á engjum.

Þar eru flöt, nú að mestu framræst engjastykki með skurðum á milli. Sennilega leynist tóftin í smá upphækkun á einu þeirra. Hrossum er beitt á sum stykkjanna.

Heimildir: Ö-Sandur, 3

GK-342:017 heimild um áveitu

64°17.677N 21°32.349V

"Guðmundarflag: Árið 1885 stíflaðist Sandsá vegna skriðu. Kom þá mikið flóð í ána og flæddi hún yfir allt. Var þá á takmörkunum að jarðirnar Sandur og Eyjar væru byggilegar. Þá var tekið til þess ráðs að veita ánni norður í Djúpalæk. Stungnir voru hnausar upp og hlaðnir garðar hvor sínum megin við árfarveginn. Flagið, sem þar myndaðist, var síðan kennt við verkstjóran og nefnt Guðmundarflag. (Guðmundur sá mun hafa verið faðir Lofts heitins ljósmyndara.) Hans gat þess og, að skiptar skoðanir hefðu orðið um framkvæmd þessa, enda fór brátt svo, að áin sprengdi þetta af sér og hefur síðan runnið í sínum gamla farvegi," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Stíflan var í Sandsá um 140- 150 m austan við brúna á heimreiðinni að Sandi.

Á þessum stað er tekið að myndast gljúfur við ána. Nú hefur verið rutt upp garði fyrir austan (eða norðan) á til að hún haldist í farvegi sínum.


Engar leifar sjást af stíflunni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sandur ath og viðb., 1

GK-342:018 tóft rétt

64°17.668N 21°32.314V



Grjóthlaðin rétt er við Sandsá um 270 m austan við bæ 001.

Flöt eyri austan undir 2-3 m háum kletti.

Heilleg réttartóft, sennilega yngri en stíflan sem gerð var í ánni 1895, sjá 017, enda hefur vatn sennilega flætt yfir staðinn eftir að stíflan var gerð. Réttin snýr NA-SV en kletturinn myndar vesturhlið. Stærð alls 14 x 6 m. Réttin er tvískipt og nyrðra hólfið minna eða um 6 x 6 m að utanmáli. Veggir eru grjóthlaðnir, standa þokkalega eða allt að 0,6 m, 5 umför. Op sést austast á millivegg. Sennilega hefur verið rekið inn að sunnan en sá veggur er sýnu verst farinn. Suðausturhorn réttarinnar er alveg horfið vegna ágangs árinna.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Sandur, 2

GK-342:019 Gerði örnefni

64°17.808N 21°32.880V

"Svo kom aukatún, sem nefnd var Gerði, vestan við heimatúnið, aðskilið af gili," segir í örnefnaskrá. Gerði er auðfundið vestan við heimatún. Það er sýnt sem aðskilinn túnskiki á túnakorti frá 1917, um 160 m norðvestur af bæjarhól 001. Slétt og harðlent vallendi, sennilega slétt frá náttúrunnar hendi. Mun minni rækt er í Gerði en í heimatúni. Útihús 010 er í suðausturhorni Gerðis. Annars sjást þar ekki greinileg merki um önnur mannvirki og ekki er að sjá að girt hafi verið um svæðið með hleðslum. Reyndar er ræfill af grjóthlöðnum garði, 12-15 m löngum nálægt suðurhlið Gerðis en það er einföld steinaröð, sennilega hleðsla undan gamalli girðingu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sandur, 2

GK-342:020 Fjósadý örnefni fjós

"Fjósadý er alveg við heygarð og hlöðu, sem nú er," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvar heygarður og hlaða var þegar örnefnaskrá var rituð. Helst er þó að giska á að það hafi verið norðvestan við bæ, sjá 003.

Heimildir: Ö-Sandur, 2

GK-342:021° Stekkjarlækur tóft stekkur

64°17.963N 21°33.555V

"Stekkur er efst upp við fjall, innst og ofan við engjarnar, spöl frá túni. Stekkjargilsskriða er á milli tófta, en sést ekki frá bæ. Stekkjarlækur kemur upp neðan við skriðuna og myndar læk eftir endilöngum engjunum niður í Flekkudalsós. Stekkjarnef er innsti bletturinn í engjunum, næst bæ heiman við lækinn," segir í örnefnaskrá og

virðist alveg skýrt að öll nöfnin séu dregin af einum og sama stekk. Stekkurinn er utan eða vestan við mikla, ógróna skriðu 870 m vestur af bæjarhól 001. Hann er um 100 m suðvestan við annan tveggja sumarbústaða í Sandslandi.

Gróið en grýtt svæði í fjallsrótum ofan framræstra engja. Nú er þetta hestagirðing og tóftin er greinilega eftirsótt af hrossunum.

Stekkurinn er greinilegur en nokkuð óvenjulegur að gerð, enda skiptist hann í fimm hólf. Fjögur þeirra eru lítil, hlaðin umhverfis stóran, jarðfastan klett sem er í hér um bil miðri tóftinni en hið fimmta er stærra og hefur verið rekið inn í það að sunnanverðu. Litlu hólfín eru öll á bilinu 1-2 m í þvermál að innanverðu nú en vitanlega hefur grjótið hrunið inn í þau úr veggjunum. Stærri hólfíð er allt að 8 x 4 m stórt að innanmáli frá austri til vesturs. Alls er tóftin um 12 x 10 m stór frá austri til vesturs. Hugsanlega eru hólfín misgömul, enda eru hleðslur sunnan og austan við klettinn grónari en þær sem eru vestan og norðan við. Víðast hvar standa þær þó ágætlega og eru um 0,5 m háar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Sandur, 3

GK-342:022 *Grafarlækur* örnefni mógrafir

64°17.328N 21°32.030V

"Austan við Leitið er gömul Hústóft. Rétt neðar er Hústóftarfoss. Austar er Grafarlækur og Grafarlækjarsfoss," segir í örnefnalýsingu. Grafarlækur hlýtur að vera á Eyjadal, innar eða suðaustar en Hústóft 012. Farið var inn dalinn þarna megin í töluverðum snjó og því fundust ekki mógrafir.

Dalurinn er fremur mýrlundur, sundurskorinn af smálækjum sem koma ofan úr fjalli.

Mógrafa var einnig leitað á loftmyndum en ekki fundust greinileg merki um þær. Fjölmargir lækir eru á þessum slóðum og enginn líklegri en annar til að heita Grafarlækur.

Heimildir:Ö-Sandur, 3


GK-343 Möðruvellir

40 hdr 1702, tveir bæir. 1198 jarðarinnar getið í Sturlungu. Sturlunga saga I, 235 Jarðarinnar er einnig getið í Hauksbók og Þórðarbók Landnámu.

Tvö eyðibýli nefnd 1705, Svínadalsskot byggð á selstöðu en komin í eyði og nýtt sem sel og Grámói sem fátt virðist vitað um. JÁM III, 415. Nefnd í örnefnaskrá Múlakot og nafnlausar rústir af býli, báðar töftir virðast vera í Svínadal og gæti önnur því verið af Svínadalsskoti. Svínadalur er grösugur og fagur dalur. Vestari hlutinn tilheyrir Möðruvöllum en eystri hlutinn Írafelli

1705: "Skriða spillir túninu merkilega ... Engjar eru snögglenðar mjög, og fordjarfast af skriðum árlega meir og meir og þurfa ábúendur engi annarstaðar til að fá. Vetrarríki er mikið. Hætt er fyrir snjóflóðum bæði túni og húsum." JÁM III, 415. "Þar er land mikið á Svínadal og dalverpi Trönudals. En engi örðugt mjög, sem þó er undirlagt oft grasspjöllum af leita- og lestamönnum á sumrin." SSGK, 256. 1917: Tún 8,7 teigar á báðum býlum, garðar 2200m² á báðum býlum. "Túnin sléttuð að mestu og nokkuð slétt af náttúru. Fjárþælið er nú um stund í órækt (óþjárhæft) og því ekki talið hér með túninu. En blettur hjá því, núþægður, í góðri rækt." Túnakort.

GK-343:001 Möðruvellir bæjarhóll bústaður



64°17.656N 21°29.085V

Bærinn á Möðruvöllum stendur austan undir Möðruvallahálsi. Frá árinu 1914 hefur verið tvíbýli á jörðinni. Ekki er búið á Möðruvöllum II og búið er að byggja nýtt íbúðarhús á Möðruvöllum I nálægt vesturmörkum jarðarinnar. Nýbýlið Brekkukot var byggt fyrir fáum árum litlu norðaustan við gamla bæjarstæðið. Bæjarhóllinn er fast suðvestan við malarveginn sem liggur um sveitina. Sunnan og suðvestan við bæjarhóllinn eru steinsteypt útihús. Neðan vegar til norðausturs, beint niður af bæjarhólnum er steipt íbúðarhús og áföst skemma sem tilheyrir Möðruvöllum II. Á túnakorti eru bæjarhúsin í röð frá norðvestri til suðausturs og kálgarðar eru umhverfis bæinn. Vestan við bæinn, áfast kálgarði, er lítið hús

sem skráð er með bæjarhólnum, sem og lítið marghólfa mannvirki fáum metrum þar norðaustan við.

Bæjarhóllinn er í aflíðandi brekku niður að á. Hann er grasi gróinn og nokkuð er um illgresi ofarlega á honum, njóla, túnfífl og sóleyjum. Lækir renna úr fjallshlíðum með norðaustur- og suðvesturjöðrum gamla túnsins.

Hóllinn sem bærinn stóð á samkvæmt túnakorti frá 1917 er um 60 x 20 m stór og snýr SA-NV. Hann er ekki ýkja hár en hæstur er hann um 1,2 m til suðausturs, niður undan haughúsi fjóssins sem byggt hefur verið í jaðri hólins og inn í hann að hluta. Vegaslóði er af malarvegi að steiptum útihúsum í norðurjaðri bæjarhólins. Hlaða sem stendur aftan við þessi útihús og eru beint upp af bæjarhólnum er grafin niður og inn í brekkuna. Ekki eru merki um hús eða önnur mannvirki á sjálfum hólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-343:002 garðlag túngarður

64°17.558N 21°28.798V

Leifar garðlags sjást á hól umhverfis lítinn túnblett sem útihús 009 og 010 stóðu áður á samkvæmt túnakorti frá 1917. Á sama hól standa nú steipt fjárhús. Garðurinn er ekki sýndur á túnakorti en hann hefur líklega verið

túngarður. Ójafn og smápýfður hóll, nokkuð flatur að ofan. Klettanibbur eru upp úr grassverði og grjót hér og hvar. Stórt steypfjárhús er á hólum og vegaslóði liggur að því.

Austurhlíð garðsins er um 10 m austan við útihús 010. Stórir steinar eru í röð á brún hólins á milli klappa. Garðurinn er greinilegur á austur- og norðausturbrún hólins en ógreinilegur framan við steypfjárhús upp í brekkuna meðfram læknum sem þar er. Loks er hann greinanlegur utan í klöppinni fast við 010. Ekki sjást hleðslur, aðeins einföld röð (víðast) af stórum steinum. Niðurundan norðausturgafli steyptra fjárhúsa, á hólbrún, er mjótt garðlag út frá vörslugarðinum til suðausturs, um 7 m langt og um 1 m breitt. Þar sést í grjót en ekki hleðslu, er mest um 0,3 m á hæð. Lega svæðisins er ANA-VSV. Heildarlengd greinanlegs garðs er um 130 m, og mesta breidd víðast um 0,5 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



GK-343:003 tóft óþekkt

64°17.583N 21°28.844V

Óljós tóft er norðvestast á hól sem steypfjárhús standa á. Hún er norðan við fjárhúsin, hæst og fremst á hólum, um 30 m norðvestan við útihús 009 og um 75 m suðaustan við útihús 008.

Tóftin er rétt innan við klöpp á hólbrúninni norðanverðri. Innan í henni er dökkgrænt gras en í veggjum og á brúninni er ljósari grasgróður og mosavaxnara. Til suðurs og suðausturs verður gróðurinn dekkri eftir því sem landið lækkar. Tóftin snýr í norðvestur-suðaustur. Hún er um 9 x 6 m stór og mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Mesta breidd veggja er um 2 m. Suðausturgafi er ógreinilegur og rof er í langvegg á 1,5-2 m bili á norðvesturgafli. Ekki sést móta fyrir grjóti í hleðslum. Ekki er vitað um hlutverk en mögulega hefur tóftin verið heystæði því veggir eru óverulegir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-343:004 heimild um útihús

64°17.667N 21°29.055V

Samkvæmt túnakorti var útihús, nokkuð stórt, beint niður af bæjarhólum þar sem íbúðarhúsið á Möðruvöllum II stendur nú. Það hefur verið um 30 m suðvestan við bæjarhól 001.

Íbúðarhúsið stendur fast við malarveginn um sveitina. Ofan við það er hlaðinn kantur, um 2 m frá húsinu, sem liggur meðfram því norðvestur að viðbyggðu úthúsi eða skemmu. Kanturinn er um 10 m langur og um 0,6 m á hæð en hann er að öllum líkindum ekki fornleif.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-343:005 heimild um útihús

64°17.672N 21°29.045V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var lítið útihús beint niður af og fast upp við útihús 004. Húsið hefur verið við inngang í íbúðarhúsið á Möðruvöllum II.

Fyrir neðan íbúðarhúsið er sléttuð, gróin lóð. Hún hallar lítillga til norðausturs í átt að ánni.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-343:006 heimild um heygryfja

64°17.668N 21°29.059V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var súrheysgryfja fast upp við útihús 004 og um 30 m norðaustan við bæjarhól 001.

Gryfjan er staðsett við suðvesturgafi skemmu sem er áföst íbúðarhúsinu á Möðruvöllum II. Þar er harður og sléttur grasbali fast við veginn. Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917


GK-343:007 heimild um heygryfja

64°17.659N 21°29.038V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var súrheysgryfja skammt austur af bæjarhólum. Hún hefur verið í neðanverðum vegkantinum í suðurhorni lóðar umhverfis íbúðarhús Möðruvalla II. Lóðin í kringum húsið er slétt og slegin flöt, utan hennar til norðausturs og austurs eru tún og ofan hennar liggur vegurinn milli lóðar og bæjarhóls.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Möðruvellir: Minjar í túni. Byggt á túnakorti frá 1917.

GK-343:008 heimild um útihús

64°17.609N 21°28.917V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 160 m suðaustan við bæjarhól 001, þar sem nú er bakgarður nýbýlisins Brekkukots. Húsið hefur staðið norðaustan við þar sem tveir lækjarfarvegir mætast fyrir aftan húsið í Brekkukoti. Annar lækurinn rennur úr suðaustri og hinn úr suðri. Sléttur grasvöllur er aftan við Brekkukot og ekki neinar vísbendingar um nákvæma staðsetningu hússins en hér vex hundasúra og túnnfíll. Tvö brunnlok eru í horninu þar sem lækjarfarvegirnir mætast. Til suðurs er lítil brekka og ofan við hana eru nú steipt fjárhús.

Troðningur liggur héðan upp á hól þar sem útihús 009 og 010 stóðu og á stígnum, við enda hans næst 008 er þúst sem gæti mögulega verið leifar af húsi en staðsetning hennar kemur ekki heim og saman við túnakort og líklegt að hún sé til komin vegna framkvæmda við húsbygginguna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

GK-343:009 heimild um útihús

64°17.571N 21°28.822V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var þrískipt hús við troðning, um 180 m suðaustur frá útihúsi 008 og um 15 m norðaustan við steipt fjárhús. Húsið hefur staðið norðvestarlega á hól sem steipt fjárhús standa nú á. Hóllinn er nokkuð flatur en ójafn og smáþýfður, grösugur og grýttur. Klapparnibbur sem standa upp úr hólnum mynda nokkurs konar hring í kringum staðinn þar sem þetta hús og útihús 010 hafa staðið. Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

GK-343:010 heimild um útihús

64°17.563N 21°28.803V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var tvískipt hús um 20 m austan við útihús 009. Húsið hefur staðið nærri lækjarfarvegi, klöpp er fast ofan við staðinn og þar ofan við og til austurs liggur vegarslóði frá steiptum

fjárhúsum. Við austurenda klapparinnar er garðlag 002. Á þessum stað eru stórar þúfur og grjót en ekki greinanlegar útlínur veggja. Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917


GK-343:011 heimild um traðir

64°17.703N 21°29.181V

Á túnakorti frá 1917 virðast vera upphlaðnar traðir meðfram vegi heim að bænum sem kemur úr norðvestri. Þær hafa verið um 200 m langar. Vegurinn liggur nú þar sem áður hafa verið traðir. Tún eru enn ofan og neðan vegar og hallar landinu til norðausturs í átt að ánni. Vegurinn er lítið upphækkaður, vegkantur er gróinn og grösugur. Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917



GK-343:012 garðlag túngarður

64°17.741N 21°29.299V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var túngarður frá heimtröð 011 í norðvestri til suðsuðausturs upp í brekku og frá brekku sunnan við bæinn meðfram lækjarfarvegi sem liggur til norðausturs. Svo beygir túngarðurinn til norðvesturs neðan við bæjarhól og útihús til móts við áður nefndar traðir. Í jaðri sléttu tús, á köflum á lækjarbökkum. Túngarðurinn er enn greinilegur að miklu leyti vestan og suðaustan við bæinn. Ofan vegar og í vesturjaðri túsins er garðurinn grjóthlaðinn en í suðausturjaðri er hann gróinn og hefur verið hlaðinn á brún lækjarfarvegs að mestu leyti. Þar sem garðurinn beygir til suðsuðausturs heldur hann líka áfram upp í fjallshlíðina dálítinn spotta. Á milli túngarðs og lækjarfarvegs, upp frá veginum þar til hann beygir til suðsuðausturs er dálítill gróðurraema utan við garðinn og þar má óljóst sjá móta fyrir 5-6 hólfum á gerði eða útihúsi sem hefur verið upp við garðinn. Svæðið er um 30 x 5 m stórt og snýr N-S. Þar er mesta hleðsluhæð um 0,3 m. Veggir eru mjög signir og grónir mosa og grasi en sést í stöku stein. Mesta breidd túngarðs er um 2 m og mesta hæð eru um 0,7 m. Mest er hægt að greina 3 umför. Heildarlengd garðsins er um 400 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-343:013 Trönudalsrétt tóft rétt

64°16.787N 21°28.265V


"Mýri er þar austar [en Gildruholt 029] nafnlaus, nema ofan til er valllendis- svæði nefnt Tunga, sem er ekki í neitt að neðan. Þar austur af er Trönudalsrétt. [...] E.t.v. er gamalt býli hjá Trönudalsrétt. Þar eru og miklar rústir," segir í örnefnaskrá. Réttin er um 1,7 km norðvestan við bæ 001. Stekkjartóft 034 er um 15 m suðvestan við réttina. Líklega byggir kenningin um býli við réttina á þeirri tóft og ef til vill öðrum sem ekki sjást lengur.

Réttin stendur á dálitlum hól í grónum, stórpýfðum móa milli Gildruholtslækjar og Trönudalsár.

Tóftin er tvískipt, grjóthlaðin og er um 22 x 10 m að stærð og er nokkuð ferköntuð að lögun. Hún snýr SA-NV og er op á henni til suðausturs. Stærri hólfið er um 8 x 6 m að innanmáli. Suðvesturlangveggur er lengri til suðausturs en tóftin sjálf og er þar framan við innganginn inn í tóftina dálítill hlft. Minna hólfið liggur þvert á stóra hólfið, NA-SV, innanmál þess er um 2,5 x 1 m en mikið grjót hefur hrúnið inn í hana. Op er á báðum endum hólfsins en það er greinilegra í NA enda. Ekki er hægt að sjá op á milli hólfa. Mesta hæð á tóftinni utanmáls er um 1,3 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Möðruvellir, 4-5, 6





Svínadalssel 014, horft í suður.

lækjarfarvegi, sem greinilega er löngu uppþornaður, milli fjalls og ár, undir norðanverðu holti, gróðurlausu. Umhverfis tóftir er grösugt og gróið og norðan við þær skiptast á sléttar flatir og smáþýfi.

Þrjár tóftir sjást á svæðinu sem er um 30 x 10 m stórt og snýr A-V. Tóft A er vestast á svæðinu. Hún er um 5 x 4 m stór og snýr N-S. Suðurveggur er í barðinu sem er ofan við allt rústasvæðið til suðurs. Op er á tóft í norðausturhorni. Tóftin er allgreinileg en gróin og ekki sést í grjóti. Mesta hleðsluhæð um 0,5 m. Tóft B er á miðju svæðinu, um 8 m austan við tóft A. Hún er einnig vel greinileg en gróin og ekki sést í grjóti. Mesta hleðsluhæð er 0,4 m. Tóftin er um 3,5 x 3,5 m og snýr í NV-SA. Norðausturveggur er ógreinilegur og líklegt að op inn í tóftina hafi verið á þeirri hlið. Tóft C er um 2,5 m austan við tóft B. Hún er mjög óskýr og gróin, ekki sést í grjóti. Tóftin er um 8 x 4 m stór og snýr A-V. Ekki er víst að um tóft sé að ræða, er mjög hlaupin í þúfur. Mesta hleðsluhæð í tóftum er um. Fátt bendir til þess að býli hafi verið á þessum stað og ekki er að sjá rústahól eða túngarð í grenndinni.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: JÁM III, 414-415

GK-343:015 Grámói bæjarstaði býli

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Bygð hyggja menn að verið hafi til forna í Möðruvalla landi, þar sem er kallaður Grámói, en enginn veit nær það verið hafi eður hvar fyrir eyðilagt. Alleina eru girðingar og tóftaleifar vitni til þess, að þar hafi bygging verið. Sumir halda bærinn á Möðruvöllum hafi þar til forna staðið, og þaðan fluttur verið þangað sem nú er, og kann hjer ómögulegt aftur bygð að setjast." Nákvæm staðsetning Grámóa er óviss og er hans ekki getið í ornefnaskrá. Heimildamaður taldi hann geta verið norðan við Svínadal og Trönudal. Mikið af svæðinu norðan við dalina var gengið en ekki fundust minjar býlis. Ólíklegt er að býlið hafi staðið þar sem sumarbústaðabyggð er nú þar sem það svæði hefur verið gróðurlítið og klettótt. Ekki er ólíklegt að býlið í Grámóa hafi verið þar sem tóft 034 og rétt 013 eru. Tóft 034 gæti mögulega verið ofan á gömlu býlisrústunum.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: JÁM III, 415

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Selstöðu á jörðin, aðra þar sem heitir Trönudalur [030] og eru þar hagar mjög fordjarfaðir af skriðum, aðra þar sem heitir Svínadalur og eru þar sumarhagar bæði góðir og miklir." Þar segir einnig: "Suinadals Kot, hjáleiga bygð fyrst í manna minni í selhögum jarðarinnar, og eyðilögð aftur fyrir 10 árum. [...] Eyðilagðist fyrir vetrarriki. Kann ei aftur að byggjast að bagalaus, síðan selstaðan á Trönudal er fordjörfuð [...]." Býli þetta er skráð sérstaklega þar sem ekki er víst að það hafi staðið á sama stað og selið, sjá 039. Seltóftir eru um 600 m suðvestur af seli GK-344:016 í landi Írafells sem er hinum megin við Svínadalssá, og um 3,5 km suðaustan við bæ 001. Seltóftir eru í breiðum





Dys 016, horft í norðvestur.

norðvesturendanum, um 1,8 m. Í þeim enda er grjóthrúgan um 5 x 5 m og í suðausturendanum er lítið hólf með sömu stefnu og dysin. Það er að innanmáli 1 x 2 m milli tveggja veggja sem eru í framhaldi af og samtengdir grjóthrúgunni í norðvesturendanum. Op er inn í hólfið úr suðaustri. Ekki sjást eiginlegar hleðslur og grjótið er meðalstórt og smátt og virðist vera bætt í hrúguna af göngufólki sem á leið hjá. Dysin er mosa- og grasi gróin neðst. Sigurður Guðmundsson á Möðruvöllum taldi að tvær dysjar væru á þessum stað en ekki sást til nema þessarar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Möðruvellir, 1; Ö-Möðruvellir ath og viðb., 2

GK-343:017 Grafirnar örnefni mógrafir


64°18.21°5N 21°30.425V

"Grafirnar eru heimast við Hvassnes. Þær ná frá Hvassneslæk og að Börðum, sem ná að Stóragili," segir í örnefnaskrá. "Grafir (30) voru mógrafir, eru nú komnar í tún," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Milli merkjaskurðar og Stóragils eru víðfeðm tún; 3 túnstykki sem aðskilin eru með 2 skurðum. Að líkindum var Hvassneslækur þar sem nú er merkjaskurður milli Möðruvalla og Eyja.

Ekki sést til minja.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Möðruvellir, 2; Ö-Möðruvellir ath og viðb., 2



GK-343:018 Stekkur tóft stekkur

64°17.969N 21°29.723V

"Efst á Eyrnum heiman við Börðin heitir Stekkur, og þar upp af um fjallsræturnar er brekka, sem heitir Stórsteinabrekka," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 30-40 m ofan (suðvestan) við malarvegin um sveitina, um 780 m norðvestur af bæ 001.

Stekkurinn er undir lágum klettahamri í friðuðu sumarbústaðalandi. Ofan við hamarinn er trjárækt, neðan við stekkin, niður að vegi er rennisléttur og frekar harður völlur. Gil eru beggja vegna við hamarinn upp í fjallið.

"Smáhleðsla er undir stórum kletti, þar sem heitir Stekkur. Kletturinn er nú nefndur Mönguklettur. Nafnið ber hann af því, að kona frá Eyjum, sem Margrét hét, mun hafa haldið ball að sumrinu við klettinn, en þar er slétt flöt. Sennilega hefur það verið fyrir 1920," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Stekkurinn er um 14 x 5 m stór og snýr NV-SA. Hann skiptist í þrjú hólfi, í suðvesturenda eru 2 lítil hólfi sem snúa NA-SV og í norðvesturenda er eitt langt hólf sem hefur sömu stefnu og tóftin í heild. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Litlu

hólfín eru um 2,5-3 x 0,5-1 m að innanmáli og eru opin til norðausturs. Opið er úr miðhólfinu inn í langa hólfið, en óljóst. Langa hólfið er um 8 x 3 m að innanmáli. Í miðju því hólfi hefur mikið bjarg hrunið úr hamraveggnum - að öllum líkindum eftir að hætt var að nota stekkin. Það virðist ekki hafa verið notað sem hluti byggingarinnar. Í suðausturenda hólsins mótast fyrir grjóthleðslu í gólfi sem kann að hafa skipt því. Norðavesturendinn er óskýr, þar hefur sennilega verið inngangur. Tóftin er gróin en víða sést í grjóthleðslur og líklegt að stekkurinn hafi eingöngu verið grjóthlaðinn.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Möðruvellir, 2; Ö-Möðruvellir ath og viðb., 3

GK-343:019 heimild um leið

64°17.990N 21°30.093V

"Efst á Eyrinum heiman við Börðin heitir Stekkur [018], og þar upp af um fjallsræturnar er brekka, sem heitir Stórsteinabrekka. Þar upp milli klettanna er grasgeiri, sem heitir Göngugeiri. Þar er uppganga upp á hálsinn. Þar upp af klettum eru Miðaftansbrekkur. Þar upp af er hólinn, sem fyrr var nefndur (?) og heitir Miðaftansbunga. Innan við þetta er gil, sem heitir Ytra-Réttargil [sjá 020]," segir í örnefnaskrá. Ekki er augljóst hvar Göngugeiri er nákvæmlega gæti þó hafa verið neðarlega og vestarlega í Stórsteinabrekku, undir Stóragili, á suðvestustu gróðurbungunni milli lækjarfarvega. Það er um 300 m upp af stekk 018 til suðvesturs.

Undir Stóragili er landið sundurgrafið af vatnsgangi og þar er mikið stórgrýti. Þrjár bungur eru milli farvega og eru þær mosavaxnar. Neðan við bungurnar eru nokkrir sumarbústaðir og svo taka við eyrnar.

Ekki sjást leifar leiðar hér en héðan er stefna á ruddan veg í fjallshlíðinni sem kann að vera á gamalli leið. Sá vegur er um 2-3 m breiður og hefur miklu stórgrýti og öðrum jarðvegi verið rutt af honum.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Möðruvellir, 2


GK-343:020 Möðruvallarétt tóftir rétt

64°17.709N 21°29.464°V

"Innan við þetta er gil, sem heitir Ytra-Réttargil. Sultarmói er næst, nú túnblettur upp af Eyrinum, sérskiðið er ofan við götuna heiman, en neðar er tún á Eyrinum niður að á. Næst er Heimra-Réttargil eða Réttargil. Milli þessara gilja er stuttur kambur. Upp af Eyrinum neðan við Réttargilið er Hæðarskarð, þar sem vegurinn liggur í gegnum. Upp af skarðinu undir rótum er Réttarhóll, og heiman við hólinn er Réttin, gömul fjárrétt. Innar, rétt utan bæjar, er gil á ská upp," segir í örnefnaskrá. Réttin er um 340 m norðvestan við bæ 001. Ekki er vitað hvenær réttin var síðast í notkun.

Réttin er í lögð milli tveggja ílangra hæða þar sem landinu hallar til norðausturs. Réttin er innan um og neðan við fjölda stórra bjarga sem hrunið hafa úr fjallinu. Framan við réttina til norðausturs er grösugt dalverpi. Búið er að planta trjám um allt svæðið sem réttin stendur á en þau eru enn mjög smá.


"Möðruvallarétt er milli Ytra- og Heimra-Réttargils," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Réttin skiptist í a.m.k. 14 hól og svo eru tvær aðskildar tóftir neðan við réttina til norðurs og norðausturs. Svæðið allt er um 40 x 30 m og snýr NA-SV. Í miðri réttinni er stærsta hólfið sem hefur verið almenningur, það er um 18 x 7 m að stærð og snýr NA-SV. Það hólfi er þar sem lægst er í dældinni og sléttast. Ekki sést greinilega hvar rekið hefur verið inn í almenninginn en það hefur að öllum líkindum verið við norðausturhlíð hans þar sem engir dylkar eru. Ofan við þetta hólfið og báðum megin við það eru minni hólfið, dylkar. Dilkarnir sem eru norðvestan við almenninginn eru nokkuð svipaðir að stærð og eru allgreinilegir. Dilkarnir sem eru sunnan og austan við almenninginn eru óljósari og erfiðara að sjá dilkaskiptinguna. Ef til vill er sá hluti réttarinnar eldri eða hefur síður verið haldið við. Réttin er grjóthlaðin milli stórra bjarga og eru



steinar í hleðslum víða mjög stórir. Hleðslur eru mjög signar og víða grónar. Öll hólfin halla inn að almenningnum. Tóftin sem er 2 m norðan við réttina er tvískipt, um 8 x 5 m og eru hleðslur signar. Tóftin snýr NA-SV, ekki sést op milli hólfa. Hólfið í suðvesturendanum er mjög óljóst, þar sjást nokkrir steinar í röð en ekkert grjótt sést í hleðslum hólfsins í norðausturendanum. Tóftin sem er um 8 m norðaustan við réttina er einföld, um 7 x 5 m, snýr NV-SA, opin til suðvesturs. Tóftin er vel gróin en grjótt sést í hleðslum sem eru signar. Nokkur stór björg eru í veggjum tóftar. Ekki er víst hvaða hlutverki þessar lausu tóftir hafa gegnt. Ólíklegt er að tóftin sem er fjær réttinni hafi verið hús vegna þess hve stór björg eru í veggjum hennar. Líklegt er að tóftin sem er nær réttinni hafi verið hús, a.m.k. norðausturhólfið þar sem veggir eru rúmur 1 m á þykkt. Mesta hleðsluhæð í rétt og tóftum er um 0,4 m.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Möðruvellir, 2; Ö-Möðruvellir ath og viðb., 3



GK-343:022 garðlag óþekkt 64°17.584N 21°28.881V


Garðlag er upp og austur af útilhúsi 008 suðvestan í brekkunni upp á hólinn þar sem úrihús 009 og 010 voru. Garðurinn er í grasi gróinni brekku upp af nýbýlinu Brekkukoti. Nokkur trjágróður er í brekkunni. Garðurinn liggur í sveig utan í brekkunni um 5 - 10 m ofan við læk sem rennur niður með honum. Hann endar suður við girðingu móts við steipt fjárhús, neðan við hæstu klöpp á hólnum. Til norðurs endar hann þar sem komið er niður af lóð Brekkukots. Þar er grýttur stallur til beggja handa en sennilega hefur garðurinn endað þar þó að hann virðist hafa getað beygt til suðvesturs. Garðurinn er um 33 m langur. Við norðurenda hans tekur við stórgryti á lækjarbakka. Stígur er meðfram garðinum og hefur legið að útilhúsum. Garðurinn er breiðastur um 1,2 m. Hann verður óskýrari eftir því sem norðar dregur og mosavaxnari. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Ekki sést í grjótt í garðinum nema við suðurenda vegna rofs sem þar er. Garðurinn afmarkar ekki tún en hefur hugsanlega verið vörslugarður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-343:023 Hádegisstígur gata leið 64°17.508N 21°29.048V

"Þar upp af taka við Brekkur, og í þeim er Hádegisstígur, sem er skarð í brún og gamalt dagsmark frá bænum. [...] Upp af Litluhólum austur af Hrosshólum er kletthóll, sem heitir Skygginn. Þar upp af eru grashjallar með klettum, sem heita Neðristígur og Efristígur," segir í örnefnaskrá. "Hádegisstígur er beint upp af Stóra-Hrosshól," segir í viðbótum við örnefnaskrá. Ekki er hægt að sjá annað en að ofanefndir stígar séu allir á sömu leið og eru því skráðir saman. Mögulega eru þeir einnig hluti af leið 019. Leiðin sést fyrst í fjallshlíð um 280 m SA við bæjarhól 001. Leiðin liggur yfir hæðótt svæði sem er víða gróðurlítið og grýtt. Á köflum liggur hún yfir keldur og mýrar þar sem hún sést illa eða ekki. Gatan er breiðust um 1 m en er víða lítið annað en kindagata. Leiðin liggur ofan við Stóra-Hrosshól, um Neðri- eða Efristíg en þaðan er lega leiðarinnar óskýr. Líklegt er að hún liggi inn í Svínadal og sveigi hjá mestu mýrarsvæðunum. Eitt lítið skarð er á milli Efri- og Neðristígs. Ekki er útilokað að þar hafi leiðin greinst í tvær leiðir, önnur hafi legið inn í Svínadal og hin inn að Írafelli. Á Neðristíg eru margir götutroðningar eftir skepnur.

Hættumat: engin hætta



Heimildir:Ö-Möðruvellir, 3, 4; Ö-Möðruvellir, viðb., 4

GK-343:024 tóft óþekkt

64°16.031N 21°27.639V

Tóft er í Svínadal um 340 m norðan við sel 014 og um 3,2 km norðaustan við bæ 001.

Tóftin er utan í barði, norðan við blásinn mel. Tóftin er við mót tveggja lækjarfarvega. Grösugt er meðfram lækjunum.

Tóftin er heldur ógreinileg. Hún er einföld og ferköntuð, um 6 x 3,5 m og snýr NV-SA. Tóftin er nokkuð fornleg og gróin, ekki sést í grjóti í hleðslum. Mesta hleðsluhæð um 0,4 m. Ekki er sýnilegt op inn í tóftina. Líklega er tóftin hústóft en erfitt er að segja til um hvaða hlutverki hún hefur gegnt þarna langt inn í Svínadal. Ólíklegt er að hún hafi tengst selinu 014 eða Svínadalaskoti 039. Ekki er útilokað að tóftin sé náttúruleg og hafi myndast af aurframburði lítils lækjar sem síðan hafi gróið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Möðruvellir, 4

GK-343:025 frásögn mógrafir

64°17.259N 21°28.338V

Samkvæmt Sigurði Guðmundssyni voru mógrafir austan við Skyggni, um 950 m suðaustan við bæ 001.

Framræst mýri sem lækjarfarvegur skiptir í tvö stykki. Á báðum stykkjum hafa verið grafnir miklir skurðir. Það syðra er gróðurmeira og deiglandara en nyrðra stykkið. Í nyrðra stykkinu er búið að slétta að nokkru leyti úr þúfnakarga næst Skyggni. Á sama stykki er djúp gryfja við skurðenda við Skyggni en virðist ekki vera í tengslum við mótak. Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Möðruvellir, 4

GK-343:026 *Norðlingavað* heimild um vað

64°17.598N 21°27.463V

"Þar er Norðlingavað á Laxá. Þar er sagt, að Oddur Gottskálksson lögmaður hafi drukknað," segir í örnefnaskrá. Vaðið er neðan við Króarhamar þar sem nú er steipt skilarétt, um 1,3 km austan við bæ 001.

Vaðið er á grunnum flúðum við ármót niður undan suðaustanverðum Króarhamri. Áin er um 15-20 m breið hér. Til suðausturs eru grjóteyrar og til norðausturs er brattur hamarinn og dálítið vík inn í hann, grunn. Við suðausturenda Króarhamars er dálítið skarð sem farið hefur verið um á bílum og eflaust öðrum farartækjum því hamarinn nær austur að Svínadalssá þar sem hún rennur í Laxá.

Vaðið er að öllum líkindum á alfaraleið í Kjósarsýslu 040 sem lá úr Hvalfjarðarbotni til Reykjavíkur um Svínaskarð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Möðruvellir, 4

GK-343:027 *Kumlhóll* örnefni legstaður

64°16.994N 21°28.580V

"Ofan við Lágumýrar eru Hellisskriður. Austan og ofan við þær er grjóthóll, Kumlhóll, og þar upp af er grjóthóll með helli í, Helli," segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 1,3 km norðvestan við bæ 001.

Grjóthóll er neðan og austan við Helli, suðaustan við tvö stór björg sem eru neðan við hollinn. Neðan við hollinn er gróðurlítill klapparhóll og brekka niður að mólendinu.

Hóllinn er lítill um sig, um 10 x 5 m. Hann er flatur að ofan og gróinn en sést í steina undir gróðri. Nokkrar dældir eru í hann en að öðru leyti er hann flatur. Ekki sjást nein mannaverk eða annað sem gæti gefið til kynna kumlstaði. Ólíklegt er að örnefnið sé til komið vegna heykumls á þessum stað því allbratt er upp á hollinn og ekki vænleg slægjulönd í næsta nágrenni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Möðruvellir, 4

GK-343:028 *Skessa* þjóðsaga

"Vestur af Helli og austur af Stígum gengur Skessugil. Efst í hömrnum á því að vestanverðu er Skessuhellir. Á mótí Skessuhelli er Skessa, klettadrangur undir Hnúksbrún, allferðugur kvenmaður, áður en hún varð að steini," segir í örnefnaskrá. Skessa er beint upp af Skyggni til vesturs, um 1,3 km sunnan við bæ 001.

Er í bróttu, djúpu og sendu gili upp við fjallsbrún. Skessan er stór drangur í miðju gili þar sem það er brattast og dýpst. Drangurinn er nokkuð ferkantaður að lögun en breikkar neðst. Grasi vaxin að nokkru leyti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Möðruvellir, 4

GK-343:029 Gildruholt örnefni

64°16.985N 21°28.100V

"Gildruholtslækur er hér innar. Hann rennur í Svínadalssá. Upp með honum að austan eru Brúnkublettir milli Gildruhólts og Trönudalsár. Þar uppi er Gildruholtið," segir í örnefnaskrá. "Sennilegt er, að Gildruholt beri nafn af rjúpnagildrum, sem hafi verið lagðar þar. Það er við Trönudalsá austur af Lágumýrum," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Gildruholt er um 1,5 km suðaustur af bæ 001. Gróðurlítið grjótholt milli Trönudalsár og Gildruholtslækjar, liggur í SA-NV.

Ekki sést til minja á holtinu.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Möðruvellir, 4-5; Ö-Möðruvellir ath og viðb., 4

GK-343:030 tóftir sel


64°16.098N 21°28.783V

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Selstöðu á jörðin, aðra þar sem heitir Trönudalur og eru þar hagar mjög fordjarfaðir af skriðum, aðra þar sem heitir Svínadalur og eru þar sumarhagar bæði góður og miklir." "Framan við Pokagil eru Rauðshjallar, og framan þeirra er nafnlaust gil. Hryggur þar innar heitir Dyngja. Í henni er gróður, en ekki sjást þar selrústir. Þar neðst við Dyngju við ána eru Selflatir, og handan þeirra austar eru Marteinsvellir. Framan við Dyngju er Trönudalsbotn," segir í örnefnaskrá. Selið er í njarlega í Trönudal austanverðum. Það er um 2,9 km frá bæ 001. Sunnan og ofan við selið eru klettur sem úr fjarlægð minna á kýr eða kind með lömb á gangi. Selið er neðst í grösugri og brattri brekku nærri árgilinu sem er vestan við það. Austan við selið er lækjardrag og rofabörð. Framan við selrústir til norðer uppspretta, lítill pollur og dýjamosi.

Stærð rútasvæðis er um 25 x 25 m. Á rútasvæðinu eru alls 4 tóftir og garðlag eða veggjaleifar í norðvesturjaðri svæðisins. Allar tóftirnar og garðlagið snúa NA-SV nema tóft D sem snýr NV-SA. Öll mannvirkin á svæðinu eru nokkuð fornleg og gróin, hvergi sést í grjóti í hleðslum. Hleðslur eru signar, eru um 0,3 - 0,5 m á hæð. Tóft A er um 9 x 4 m stór og skiptist í tvö hólfa sem eru hvert fram af öðru, opin til norðausturs. Um 2 m eru á milli tóftar A og B. Tóft B er um 8 x 5,5 m, hún skiptist í 3 hólfa. Á suðausturhlíð hennar eru tvö lítil óskýr hólfa en eitt nokkuð greinilegt í norðvesturhorni tóftarinnar. Garðlag C er um 6 m langt, um 8 m vestan við tóft B. Norðvestan við það eru þúfur sem kunna að vera byggingaleifar og garðlagið e.t.v. frekar veggur í tóft. Tóft D sem er 2 m vestan við tóft E er grafin inn í brekku að hluta en veggir á öðrum hliðum eru greinilegir. Tóftin er um 4 x 2 m stór, ógreinilegt op er á tóftinni í austurhorni. Tóft E er ógreinileg, einföld, um 6 x 5 m, opin í norðausturenda. Líklegt er að öll mannvirki tilheyri sama byggingarstigi en þó eru tóft E og garðlag/veggur C mun ógreinilegri en tóftir A, B og D. Það kann ef til vill að vera vegna þess að þær tóftir hafi verið hús en erfitt er að geta sér til um hlutverk annarra mannvirkja. Ekki sjást rústahólar undir tóftum.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: JÁM III, 414-415; Ö-Möðruvellir, 5

**GK-343:031** heimild um vað

64°17.300N 21°27.607V

"Í nesinu milli Trönudalsár og Svínadalssár er þetta nefnt Nes. Þar niðri eru þrír fossar í ánni. Nesið nær fram að Múlakoti, upp að Múla. Þessir þrír fossar, sumir fallegir, eru nafnlausir. Í nesinu er hóll við veginn. Annar hóll er frá vaðinu til vinstri. Uppi á honum virðist vera gömul rétt eða stekkur, e.t.v. gamalt heystæði [32], Langholt," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvar vaðið hefur verið nákvæmlega en líklegur staður er þar sem Trönudalsá rennur í Svínadalssá, um 205 m norður af stekk 032. Í Mikið rask hefur orðið á grjóteyrum við árfarvegin til suðurs vegna efnistöku og brú er yfir Trönudalsá skammt frá vaðinu. Grunnar flúðir eru á þessum stað og grýtt. Austan við ána er brött brekka og svört klöpp til norðvesturs. Vestan við er gróinn bakki neðan við veginn sem hér liggur um sumarbústaðahverfi. Ekki eru sjáanleg mannaverk við vaðið.


Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Möðruvellir, 5

GK-343:032 tóft óþekkt

64°17.189N 21°27.601V

"Í nesinu milli Trönudalsár og Svínadalssár er þetta nefnt Nes. Þar niðri eru þrír fossar í ánni. Nesið nær fram að Múlakoti, upp að Múla. Þessir þrír fossar, sumir fallegir, eru nafnlausir. Í nesinu er hóll við veginn. Annar hóll er frá vaðinu til vinstri. Uppi á honum virðist vera gömul rétt eða stekkur, e.t.v. gamalt heystæði, Langholt," segir í örnefnaskrá. Tóft sem kemur heim og saman við lýsinguna er austan í háum hól í sumarbústaðalandi framarlega



á Nesinu, um 1,5 km suðaustur af bæ 001.

Efst í hólum sem tóftin stendur utan í er kletthamar og stór björg úr honum hafa hrúðið niður brekkuna til austurs og norðausturs. Brekkan er þakin lúpínugróðri og það er tóftin einnig að hluta.

Grjóthleðsla er sýnileg milli tveggja stórra bjarga sem liggur í suðaustur-norðvestur og út frá henni eru ógreinilegir veggir til norðausturs, við norðvesturenda og frá miðri grjóthleðslu. Suðausturendi grjóthleðslu er að miklu leyti nýlegur og mikið af litlu grjóti þar sem sett hefur verið ofan á eldri hleðslu að líkindum. Hleðslan er 5 metra löng og um 0,5-1 m breið. Lengri veggurinn frá hleðslunni er um 3 m langur en sá styttri um 2 m. Ekki er veggur sýnilegur á norausturhlíð tóftar. Tóftin er um 5 x 3 m, ógreinileg og mosavaxin. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Tóftin er ekki fornleg en erfitt er að segja til um hvaða hlutverk hún hefur haft. Miklar breytingar hafa orðið á svæðinu umhverfis tóftina vegna sumarbústaðarbyggðar og friðunar lands fyrir beit en líklegt er að þarna hafi áður verið gróðurlítið og berangurslegt. Það er því ekki líklegt að þarna hafi verið heystæði og minjarnar minna ekki séstaklega á stekk eða rétt.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Möðruvellir, 5

GK-343:033 *Múlakot* bæjarstæði býli

416.421°N 21°27.551V

"Svínadalur afmarkast af Svínadalsá og Múlanum. Neðst í honum er Múlakot, gamalt býli," segir í örnefnaskrá. Múlakot er um 2,6 km suðaustur af bæ 001. Í mynni Svínadals, milli ár og jeppaslóða er a.m.k. ein tóft í stórbýfðri brekku norðan við lítið lækjargil. Brekkan sem tóftin er í er mjög grösug og þýfð. Ofan við brekkuna til vesturs er grýttur og brattur Múlinn. Sjáanleg er ein stór tóft sem snýr í NA-SV. Hún er um 15 x 9 m að stærð og skiptist í eitt stórt hól í miðju sem snýr SA-NV (I), norðvestan við það eru 2 mjög óskýr hól sem snúa í NA-SV (II-III) og 1 óskýrt hól í SA-enda (IV). Veggir milli hólfa er mjög ógreinilegir. Inngangur í tóftina virðist vera úr norðaustri. Hólf I er um 4 x 6 m, hólfi II og III eru um 1-2 x 1 m og hólfi IV er um 2,5 x 1,5 m. Ekki sést í grjóti í veggjum. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Op er inn í hólfi IV úr hólfi I.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Möðruvellir, 6



GK-343:034 tóft stekkur 64°16.788N 21°28.299V

"E.t.v. er gamalt býli hjá Trönudalsrétt [013]. Þar eru og miklar rústir," segir í örnefnaskrá. Tóftin er um 15 m norðaustan við Trönudalsrétt 013 og gæti ályktun um býli verið dregin af henni.

Ofan við Gildruholt 029 er stórbýfður og gróinn mói milli Gildruholtslækjar og Trönudalsár. Landinu hallar lítilliga til norðausturs, í átt að Laxá. Tóftin stendur uppi á litlum hól. Nokkuð bratt er fram af honum til norðurs og þar undir er sléttur blettur í þýfinu. Grænni gróður er á hólum og tóftinni en í móanum umhverfis.

Tóftin er um 8 x 5 m stór og er mesta hleðsluhæð um 0,7 m. Tóftin snýr NV-SA og er orðin heldur óskýr. Hún virðist vera einföld en ekki er útilokað að lítið hól sé í suðvesturendanum. Frekari mannvirki er erfitt að greina í stórbýfinu en þó getur verið að annað hól sé á tóftinni norðaustanverðri. Op er á tóftinni á miðjum norðausturvegg. Ekki sést í grjóti í veggjum. Óvíst er að býli hafi staðið á þessum stað og líklegt að hlutverk tóftar hafi verið stekkur áður en hætt var að nota bygginguna. Ljóst er að þarna hafa mannvistarlög safnast upp á hólum. Ef til vill er

þessi tóft í Grámóa sem getið er í 015 og að hér hafi staðið býlið sem þar er nefnt. Hóllinn sem tóftin stendur á er um 15 m í þvermál og um 1,5 m hár.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Möðruvellir, 6



GK-343:035 *Brú* heimild um leið "Brú er upphleyptur vegur á heimanverðri Háumýri," segir í örnefnaskrá. Brú þessi hefur að öllum líkindum verið á alfaraleið í Kjósarsýslu 040 sem lá úr botni Hvalfjarðar til Reykjavíkur. Háumýri er í Svínadal sem er víður, mýrlendur mjög grösugur en þó eru sumstaðar blásnir melar. Jeppaslóði liggur inn í Svínadal og hefur orðið nokkuð mikið rask við gerð hans. Gengið var langleiðina inn í botn Svínadals en ekki sást til brúarinnar og kann hún að vera horfin eða henni verið raskað við slóðagerð.


Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Möðruvellir, 6

GK-343:036 *Draugagil* örnefni draugur

"Brú er upphleyptur vegur á heimanverðri Háumýri. Uppundan henni eru Svörtuklettur uppi í brún á Trönu, og framan við Háumýri er Draugsgil." Segir í örnefnaskrá "Háumýri er framan við Fremrimela að Draugagili. Engar sagnir eru um drauga þar." Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Ekki tókst að staðsetja þetta gil með vissu en þau eru allnokkur í Svínadal.

Heimildir: Ö-Möðruvellir, 6; Ö-Möðruvellir ath og viðb., 6



GK-343:037 *Króarhamar* mannvirki rétt

64°17.598N 21°27.493V

"Króarhamar er annar en fyrr var nefndur. Undir honum er gömul fjárrétt. Nú er steinsteyp skilarétt á melnum upp af honum," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Í litlu viki, um 30 m vestan við Norðlingavað 026 eru viðarleifar sem kunna að hafa tilheyrð lítilli rétt. Hamarinn er snarbrattur ofan við réttina og undirlendi ekkert, aðeins grasi gróin en grýtt brekka, um 10 m löng niður að Laxá. Framan við rétt er gríðarstórt bjarg sem hefur hrúnið úr hamrinum.

Ekki er hægt að komast að réttinni nema um einstigi úr norðvestri. Kindagötur liggja að henni. Malarskriða er nú þar sem réttin var og sést orðið lítið af henni. Leifar sjást af trégrindum úr tveimur veggjum réttarinnar. Réttin hefur verið um 3 x 3 m og hún er opin til norðvesturs. Ekkert bendir til að grjóthlaðið mannvirki hafi verið undir hamrinum.

Heimildir: Ö-Möðruvellir ath og viðb., 4

GK-343:038 varða óþekkt 64°16.971N 21°28.746V

Varða er ofan og suðvestan við Hellinn og Kumlhól 027.

Hellirinn er í kletti milli tveggja árfarvega sem myndað hafa gil. Upp af Hellisklettinum er brekka, grýtt og mosavaxin. Þrjú skörð skera brekkuna þvert. Á milli efsta og næstefsta skarðsins er hóll og á honum stendur varðan, niðurfalinn. Varðan er um 0,7 m í þvermál í grunninn og um 0,4 m á hæð. 2 umför eru greinanleg, grjótið er meðalstórt og skófum vaxið. Líklegt er að varðan hafi hlutverkið samgöngubót ef leið 023 inn í Svínadal hefur legið um þessar slóðir.

Hættumat: engin hætt

GK-343:039 *Suinadals Kot* bústaður býli

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Suinadals Kot, hjáleiga byggð fyrst í manna minni í selhögum jarðarinnar, og eyðilögð aftur fyrir 10 árum. [...] Kúgildi var ekkert og töðuvöllur nær enginn, en útheyja slægjur nægilegar. [...] Eyðilagðist fyrir vetrarriki. Kann ei aftur að byggjast að bagalaus, síðan selstaðan á Trönudal er fordjörfuð [...]." Svínadalur var genginn að miklu leyti en þar fundust ekki aðrar tóftir en getið er um hjá seli 014 og tóft 024. Ekki er víst að býli þetta hafi verið á selstaðinu en það verður að teljast líklegt.

Hættumat: engin hætt

GK-343:040 heimild um leið

"Alfaravegur í Kjósarsýslu liggur frá Hvalfjarðarbotni, vestan fram með Múlafjalli, yfir Brynjudalsvog og út með Þrándarstaðahlíði, suður Reiðhjalla, yfir Fossá og Reynivallaháls, ofan Sandfellsgötu til Laxár í Kjós, hjá Möðruvöllum, fram Svínadal og yfir Svínaskarð, fram hjá Mosfelli í Mosfellssveit og yfir Elliðaár til Reykjavíkur. Þetta er sumarvegur, en á vetrum og um haust, þegar rigningar eru, er farið inn yfir Leirvogsár og vestan um Esju og annað hvort norðan eða sunnan um Eyrarfjall að Hálsi eða Reynivöllum, eftir því sem á stendur. Torfærur eru engar á þessum vegi, nema ef telja skyldi það, að norðan til á Svínaskarði er illt yfirferðar að því leyti, að vegurinn liggur tæpt og því oft ófær af svellalögum, því djúpt gil er á aðra hönd."

Ekki er ljóst hvar leiðin hefur legið nákvæmlega í landi Möðruvalla frá Norðlingavaði 026 inn í Svínadal þar sem Brú 035 var upphlaðin á leiðinni á Háumýri og hvorki sáust ummerki leiðar á því svæði á vettvangi né af loftmynd. Jeppaslóði liggur inn allan Svínadal, að Svínaskarði og áfram, áleiðis inn í Mosfellssveit og líkur á því

að hann sé að hluta til á sama stað og leiðin var áður.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:Sýslu- og sóknalýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu, 49

GK-343:041 heimild um túngarð

Á túnakorti frá 1917 er ferköntuð nýrækt um 340 m austan við bæ 001. Umhverfis hana hefur verið túngarður og áfast honum lítið gerði á utanverðri norðvesturhlið. Túngarðurinn var 140 x 80 m, sneri NV-

SA. Um 50 m langur garður liggur til vesturs frá vesturhorni túnsins. Norðaustan hans var lítið túnstykki.

Sléttuð tún er nú á þessum stað og allt um kring.

Ekki sést til minja á vettvangi en greina má garðinn af loftmynd.

GK-344 Írafell

20 hdr 1705, 1/2 konungseign. Bændaeign (áður konungseign). 20 hdr. 1847. Tvíþýli á jörðinni. Bænhús var á jörðunni. 1705 er nefnd eyðihjáleigan Fornaskjól. Ónafngreind eyðihjáleiga nefnd í örnefnaskrá. Svínadalur er grösugur og fagur dalur. Vestari hlutinn tilheyrir Möðruvöllum en eystri hlutinn Írafelli.

1705: "Snjóflóð og skriður granda högum og engi, þó meir á kóngsins parti." JÁM III, 417. 1840: "Heyskarpjörð allgóð og á mikið og gott land bæði til fjalls og láglendis um hæðir og mýrarsund ..." SSGK, 256. 1917: Tún 5 teigar, garðar 1500m². "Túnið mest alt sléttað á síðustu 20 árum, heldur sérvel." Túnakort.

GK-344:001 Írafell bærstæði bústaður

64°16.957N 21°26.062V

Gamli bærinn á Írafelli, sá sem merktur er in á túnakort frá 1917, var um 200 m suðaustan við steinsteyppt íbúðarhús sem nú stendur en 130 m suðaustan við sumarbústað. Ekki er lengur föst búseta á jörðinni en síðustu ábúendur stunda þar frístundabúskap. Í brekku sem hallar til vesturs að læk. Bærstæðið, ásamt fjölda útihúsa,



Bærstæði á Írafelli 001.

hafa verið í einfaldri röð á syllu í brekkunni. Ekki er bæjarhóll á þessum stað. Enn sjást leifar nokkurra gamalla en steinhlaðinna grunna. Einnig eru þúfnabelti (útflattar mannvistarleifar) á milli. Neðan við allar mannvistarleifarnar er vegslóði sem liggur, eins og leifarnar norður-suður. Neðan við sylluna tekur við fremur brött brekka en í henni eru kálgarðar. Ofan við eru sléttuð tún þar sem nokkrar hæðir eru og þar voru útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Ekki er óhugsandi að bærinn hafi áður verið í túninu ofan við 001 en það er að sumu leyti vænlegri staðsetning fyrir bæ.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-344:002 heimild um bænhús

64°16.956N 21°26.063V

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Hjer segja menn, að bænhús hafi til forna verið, og er það eyðilagt fyrir manna minni." Ekkert er vítað um staðsetningu bænhúss á Írafelli. Líklegast er þó að það hafi verið í nágrenni bæjarins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM III, 415

GK-344:003 heimild um útihús

64°16.955N 21°26.036V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 10 m austan við bærstæði 001.

Steyptir grunnar og húsarústir eru á um 70-100 m breiðu svæði þar sem bærinn stóð áður á syllu í brekku sem hallar til vesturs að læk.

Þeir húsgrunnar sem nú eru sýnilegir eru líkast til ekki þau mannvirki sem kortlögð eru á túnakorti og því sést ekki til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-344:004 heimild um útihús

64°16.951N 21°26.024V


Samkvæmt túnakorti frá 1917 var tvískipt hús um 10 m austan við 003 og hefur húsið verið í grunni steyppts húss sem hefur verið rífið að öðru leyti.

Steyptir grunnar og húsarústir eru á um 70-100 m breiðu svæði þar sem bærinn stóð áður á syllu í brekku sem hallar til vesturs að læk.

Ekki sést til minja. Grafið hefur verið inn í brekkuna ofan við sylluna fyrir grunni húss þess sem hér hefur seinna verið byggt og grunnurinn sést enn af.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



Írafell: Minjar í túni. Byggt á túnakorti frá 1917.

GK-344:005 heimild um útihús

64°16.948N 21°26.011V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var lítið útihús um 5-10 m austan við útihús 004, fast norðan við slóða sem liggur í austur frá bænum.

Steyptir grunnar og húsarústir eru á um 70-100 m breiðu svæði þar sem bærinn stóð áður á syllu í brekku sem hallar til vesturs að læk. Þetta hús hefur staðið í austurenda rústasvæðis.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-344:006 heimild um útihús

64°16.980N 21°25.934V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var tvískipt hús í norðausturjaðri túnsins, um 110 m norðaustur af bærjarhól 001 og um 80 m norðaustur af útihúsi 005. Búið er að slétta úr rústunum og þær komnar í tón en mörk túnsins á þessum stað eru á svipuðum stað og á túnakorti. Ofan við tón eru brattar brekkur, grösugar en grýttar. Niður að bærjarstaðinu er brött brekka í tóninu. Hérna efst í tóninu er nokkuð hart undir og grasvöxtur minni en neðar.

Ekki sést til minja en þó er hryggur í tóninu, um 1,5 m á breidd og um 10 m langur, liggur í NA-SV. Hryggur endar í túnjaðri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-344:007 heimild um útihús

64°16.969N 21°26.019V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 40 m austan við bæjarstæði 001 og um 40 m sunnan við útihús 005. Húsið hefur staðið nærri bæjarhúsunum, neðarlega í túnbrekku. Neðan við er aflíðandi brekka en ofan til er hér heldur brattara. Mjög grasgefið er á þessum stað.

Ekki sést til minja vegna túnasléttunar en dálítill lægð er í túninu á þessum stað og ójöfnur í kringum hana.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-344:008 heimild um útihús

64°16.960N 21°26.051V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stórt útihús um 10 m ofan og norðan við bæjarstæði 001, og um 30 m í vestur frá útihúsi 007. Hús þetta hefur verið í jaðri rústasvæðis á bæjarstæðinu. Þar er dálítill stallur og niður undan er ungleg hleðsla, grjót og yngri byggingarefni í bland; járn og steypa. Mjög grösugt er hér en ofan við hleðsluna er tiltölulega slétt þó að almennt sé þýft milli rústanna.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-344:009 heimild um útihús

64°16.963N 21°26.070V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var tvískipt hús um 5-10 m vestan við bæjarstæði 001.

Húsið hefur verið norðvestan við steypu hús vestast á rústasvæðinu sem er hrútið en í grunni eru leifar af bárujárni, steypu og spítum, um 15 m norðvestan við bæ 001 og um 15 m suðvestan við útihús 008. Ofan við er aflíðandi brekka í túni og neðan við er brött brekka niður á mýratún. Ekki sést til minja en vestan við vestustu steypu rústina er ferhyrnt gryfja eða mannvirki sem hvorki er talið gamalt né hafa tilheyrt 009.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-344:010 þúst útihús

64°16.969N 21°26.080V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 5-10 m vestan við útihús 009, þar sem traðir 012 enda við bæjarstæði 001. Húsið hefur staðið neðarlega í túninu norðan við bæinn. Fram af þessum stað til norðvesturs er allhótt barð niður á veginn heim að bænum þar sem áður voru traðir 012. Þar sem hús þetta hefur að líkindum staðið er dæld í túnið, allgreinileg. Aðeins er hægt að sjá eins og horn á húsi sem vísar í norðaustur. Innanmál dældarinnar er um 1,5 x 2 m. Hægt er að greina veggir en þeir standa ekki upp úr túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-344:011 heimild um útihús

64°16.976N 21°26.073V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stórt útihús í túninu norðan við bæinn, um 15 m norður af útihúsi 010.

Tiltölulega flatur bali er í túninu á milli útihúsa 010 og 011.

Ekki sést til minja en dældir eru í túninu á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-344:012 heimild um traðir

64°16.981N 21°26.122V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru traðir heim að bænum, um 60 m langar, sem lágu úr norðvestri til suðausturs. Gróinn malarvegur liggur frá sumarhúsi að gamla bæjarstæðinu eftir syllunni sem bærinn stóð á þar sem traðirnar lágu áður. Ekki sjást leifar traða en ofan við veginn til norðausturs er dálítill renna milli túnjaðars og vegar frá beygju á veginum áður en komið er að bænum og langleiðina að hliði við sumarbústað. Rennan er um 50 m löng.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-344:013 heimild um útihús

64°16.971N 21°26.234V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús fast sunnan við útihús 014 í vesturjaðri túnsins.

Þurrt og hart tún við mýri sem hefur verið framræst að mestu og komin í tún að miklu leyti. Milli bæjarstæðis 001 og útihúss 013 er dálítill hæð og efst í henni er moldarflag.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-344:014 heimild um útihús

64°16.975N 21°26.231V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús fast norðan við útihús 013, um 140 m vestan við bæjarstæði 001 í vesturjaðri túnsins við endann á túngarði 015.

Þurrt og hart tún við mýri sem hefur verið framræst að mestu og komin í tún að miklu leyti. Milli bæjarstæðis 001 og útihúss 014 er dálítill hæð og efst í henni er moldarflag.

Ekki sést til minja en þó er greinanleg dæld í túninu á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-344:015 heimild um túngarð

64°16.983N 21°26.21°5V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var túngarður meðfram mýri frá norðvesturenda heimtraðar 012 til suðvesturs að útihúsi 014. Enn er nokkuð mýrlent í vesturjaðri túnsins. Mýrin hefur verið þurrkuð að miklu leyti og skurður er í vestur frá vesturenda heimtraðar. Ekki sést til túngarðsins en hann hefur líklega sokkið í mýrlendi eða farið í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-344:016 tóftir sel


64°16.000N 21°26.970V

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Selstöðu á jörðin í sínu eigin landi á Svínadal." "Í Svínadal eru þessi örnefni: Harðivöllur heimastur að Rauðhúfugili (djúpt jarðfallsgil). Þá Selflatir og Selgil. (Þar var haft í seli áður fyrr)," segir í örnefnaskrá. Selið er um 1,9 km suðvestan við bæ 001 og um 600 m norðaustur af seli GK-343:014 í landi Möðruvalla, hinum megin árinna. Selið er ofarlega á smáþýfðri, grösugri og mosavaxinni tungu milli tveggja gilja sem hallar mót vestri. Svínadalur er víður og mjög grasgefinn en gróðurlausir melar eru sumsstaðar við árbakkann og gróðurlítið er í skriðum úr sumum gljúfrum.

Þrjár tóftir eru í selinu á svæði sem er alls um 48 x 16 m stórt og snýr A-V. Neðst á svæðinu og vestast er grænn og grösugur, stórhýfður hóll, um 20 x 15 m að stærð og snýr norður-suður. Á honum efst er hægt að greina einfalda tóft (A). Um 30 m þar ofan við til ASA er tvískipt tóft (B) á barmi gils sem lítill lækur rennur eftir. Í kringum hana er harðlent og slétt. Enn ofar, þar sem gilið mjókkar, um 10 m ASA við (B) er einföld lítill tóft (C) við stórt svart bjarg. Tóft A er um 5,5 x 3 m stór. Hún snýr norður-suður og er inngangur inn í hana í norðvesturhorni. Ekki er hægt að greina önnur greinileg hólfr eða aðrar tóftir á hólnum en þó virðist lítið hólfr framan við tóftina til vesturs, er um 1,5 x 1 m að innanmáli. Tóft B er 6 x 5,5 m og liggur austur-vestur. Hún skiptist í 2 hólfr og er það vestara að innanmáli 1,5 x 1 m og það austara um 2 x 1 m. Inngangur í tóftina er í norðvesturhorni. Þaðan er op til suðurs inn í vestara hólfið og til austurs í austara hólfið. Tóft C er um 4 x 3 m og snýr austur-vestur. Grjóthleðsla sést í suðurvegg þessarar tóftar en annars sjást ekki grjóthleðslur í veggjum tóftanna. Tóft C er veigaminnst og líklegt að þar hafi verið aðhald. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM III, 417; Ö-Írafell, 1

**GK-344:017** Fornaskjól bæjarstæði býli

64°16.676N 21°27.196V

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Bygð halda menn verið hafi í Írafells landi, sem kóngseigninni fylgir, þar nú er kallað Fornaskjól. Girðingar og tóftaleifar, sem þar sjást enn nú, leiða menn í þá meiningu, en enginn veit hjer til annað að segja. Túnstæði alt er komið í blauta mýri og því ómögulegt aftur að rækta og kann ómögulegt aftur að byggjast." "Kúamelur nokkru vestar [en Torfstapi 021°] og Fornastekkholt (þar sem Blálækur kemur í Svínadalsá). Sunnar með ánni (syðst í Ennum) eru Fornuskjól (gamlar bæjarrústir)," segir í örnefnaskrá. Um 100 m upp frá Svínadalsá til austurs og um 1,1 km suðvestan við bæ 001 er dálítill hóll og er líklegt að þar hafi Fornuskjól verið samkvæmt lýsingu.

Mýrlent er í kringum hólinn en grasgefið. Læna sem liggur úr mýrinni til austurs hefur grafið sig meðfram

hólnum austan- og norðanverðum og svo í átt að ánni.

Hóllinn er um 50 x 40 m og snýr norður-suður. Hann er um 1,2 m á hæð, stórbýður og líklegt að minjar séu undir sverði. Hóllinn er algróinn og hvergi sést í grjóti. Eftir vettvangsvinnu fannst garðlag norðan við hóllinn á loftmynd en ekki sást til þess á vettvangi. Garðurinn er um 150 m langur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:JÁM III, 417; Ö-Írafell, 1

GK-344:018 Þjóðsaga legstaður

64°17.133N 21°25.612V

"Írafellsfjall, sem bærinn stendur undir. Á því eru þessi örnefni: Kýrdalsklettur (klettagnípa sunnan í miðri fjallsbrún), og vestur frá honum eru Stigabrekkur upp undir fjallsbrún. Ír[a]dalur er vestast á háfjallinu. Þjóðsaga segir, að þar sé frumbyggir Írafells (Íri) dysjaður. Vestur af fjallinu eru Axliir," segir í örnefnaskrá

Litlu norðaustan við gróna skriðu úr vestanverðu fjallinu er lítið dalverpi uppi á brún fjallsins, grasi gróið. Fyrir miðju er stallur og þar framan við er sefgras og engjagróður því sem næst fram á brún, en þurrt.

Dældir eru í dalverpinu en engin sýnileg merki um legstað. Þessi staður er um 500 m norðaustan við bæjarstæði 001.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Írafell, 1

GK-344:019 Réttarstapi tóft rétt

64°16.822N 21°26.161V

"Stykkið nær frá Blálæk að Ennum að vestan og Hádegisfjalli að sunnan. Í því eru þessi örnefni: Einstakistapi, Réttarstapi, Miðstapi og Syðstistapi. (Í stöpunum var bær um miðja 19. öld, en óvíst, hvaða ár hann hefir farið í eyði [020])," segir í örnefnaskrá. Grjóthlaðin rétt er norðan undir Réttarstapa, um 260 m sunnan við bæjarstæði

001. Réttin er undir norðurhlið Réttarstapa fast við læk sem rennur úr mýrarskurðum úr austri til vesturs. Réttarstapi er norðvestastur stapanna. Réttin er skammt suður frá túnunum neðan við gamla bæjarstæðið.

Réttin er nokkuð gróin þó að enn sjáist hleðslur vel þar sem þær standa. Hún snýr austur-vestur og er inngangur í hana úr austri. Vesturhliðin er hinsvegar nær öll horfin, sennilega vegna rofs af völdum lækjarins. Réttin er einföld, um 20 x 8 m og mesta hleðsluhæð er um 1 m. Í hleðslum sjást 4 umför.

Hættumat: hætta, vegna rofs


Heimildir:Ö-Írafell, 1

GK-344:020 bæjarstæði býli

64°16.758N 21°26.281V

"Stykkið nær frá Blálæk að Ennum að vestan og Hádegisfjalli að sunnan. Í því eru þessi örnefni: Einstakistapi, Réttarstapi [019], Miðstapi og Syðstistapi. (Í stöpunum var bær um miðja 19. öld, en óvíst, hvaða ár hann hefir farið í eyði)," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvað stapinn heitir sem tóftirnar eru á en hann er norðan við Syðstastapa og eru tóftirnar um 400 m suðvestan við bæ 001.


Tóftirnar eru á háum hól með litlum klöppum og stórum björgum. Hóllinn er milli Syðstastapa og þess hæsta, líklega Miðstapa. Ekki er víst að hóllinn sjálfur teljist til stapa þar sem hann er síður hömrum girtur en hinir. Hóllinn er grasi gróinn en hart er undir og þurrt. Mýrar eru allt um kring en mikið af þeim er búið að ræsa fram.



Tóftirnar eru tvær ofan á hólum og liggja þær samsíða og ná yfir svæði sem er alls um 60 x 20 m og snýr N-S að meðtalinni þriðju tóftinni. Þær eru í dálitlum halla mót vestri, snúa í austur-vestur og op á þeim til vesturs. Syðri tóftin (A) er eitt hólf og er um 8 x 5 m, mesta hleðsluhæð um 0,8 m. Tóftin er grasi gróin en víða sést í steinhleðslur í veggjum og má sjá 3 umför. Um 2 m eru á milli tóftanna. Tóft (B) skiptist í 2 hólf, hún er um 9,5 x 5,5 m og mesta hleðsluhæð er um 1 m. Stærri hólfíð snýr eins og tóftin og er 6 x 1,5 m að innanmáli en minna hólfíð er norðan við stærri hólfíð og snýr eins og það. Það er um 2 x 1 m og er op á því til NNA. Neðan og sunnan við tóftir A og B er ógreinileg tóft (C) niður við læk sem rennur milli hólsins og syðsta stapans. Hún er um 40 m suðvestan við tóft A. Þar sem lækurinn kemur fram milli hólanna hefur verið grafið í lækjarfarveginn dýpri skurð sem liggur frá Syðstapana til norðurs og er tóftin alveg á horninu þar sem skurðurinn tekur við af lækjarfarvegi. Brött brekka er til norðausturs upp að tóftum A og B. Í tóftinni og umhverfis hana er grasgefið og þurrt. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er norðurhorn hennar grafið inn í hallann. Op eða rof er í vesturhorni tóftar en það liggur út í skurð. Tóftin er um 6 x 2 m að innanmáli. Suður- og austurhorn tóftar eru mjög ógreinileg. E.t.v. hefur verið inngangur í öðru þeirra, líklegast austurhorni. Mesta hleðsluhæð innanmáls er um 0,5 m.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Írafell, 1



GK-344:021 Torfstapi náma mógrafir

64°16.799N 21°26.452V

"Enni. Þau ná frá stöpunum að austan, Blálæk að norðan, að Svínadalsá að vestan og Svínadal (dalsmynni) að sunnan. Í þeim eru þessi örnefni: Torfstapi austast norður við Blálæk," segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru austan við Torfstapa, um 150 m norðvestur af býli 020 og um 430 m suðvestur af bæjarstæði 001 og er sennilegt að Torfstapi dragi nafn sitt af þeim. Norðan við Torfstapa er Blálækur og suðvestan við hann er Kúamelur. Miklar mýrar eru í kringum Torfstapa sem liggja að Blálæk og eru nú frammræstar. Tún er í mýrinni norðan við Blálæk. Ekki sjást skýr merki um mógrafir eða ristu umhverfis Torfstapa en líklega eru mógrafir neðst í mýrarstykkinu næst austan við Torfstapa, skammt frá Blálæk. Þar er nokkur bakki í mýrinni og er þar hæst fram af um 0,8 m. Mógrafirnar eru um 9 x 6 m og snúa austur-vestur en vesturhlutinn er greinilegastur. Þar er slétt í botninn og nær alveg þurrt. Til austurs verða mógrafirnar óskýrari og þýðari. Mógrafirnar eru grónar að mestu en í norðurjaðri er dálítið rofabað.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Írafell, 1

GK-344:022 Fornastekksholt örnefni stekkur

64°16.892N 21°26.797V

"Kúamelur nokkru vestar [en Torfstapi 021°] og Fornastekksholt (þar sem Blálækur kemur í Svínadalsá)," segir í örnefnaskrá. Fornastekksholt er um 600 m VSV við bæ 001. Fornastekksholt er blásið og gróðurlaust holt, ekki hátt. Fast sunnan við það er stór skurður sem liggur austur-vestur og Svínadalsá er vestan við það. Blálækur er norðan við holtið og lítill mýri er milli þess og Kúamels. Gengið var í kringum holtið og með Blálæk að Svínadalsá en ekki fundust leifar af stekki. Stekkurinn kann að hafa horfið vegna rofs eða skurðgrafter.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Írafell, 1

GK-344:023 Kvíamýri örnefni kvíar

64°16.978N 21°26.341V

"Í Nesinu eru þessi örnefni: Kvíamýri frá Blálæk norður að Básbrekkum, sem eru suðvestur af áður nefndum Öxlum. Norður af Básbrekkum er Bauluhvammur. Neðan til við Kvíamýrina er Gráhöll. Suður frá honum er Kvíamýrarsund og Vörðuholt [...]" segir í örnefnaskrá. Samkvæmt heimildamönnum er Kvíamýri í mýrarkraga, frammæstum að miklum hluta, neðan og vestan við bæinn, þann gamla og þann nýja. Þeir vissu ekki hvar kvíarnar voru staðsettar. Líklegur staður fyrir kvíar nærri bæ er undir klapparhól sem er niður undan steinsteyptum fjárhúsum á nýja bænum, um 85 m austan við 014. Er í þurru jaðri mýrar sem hefur verið ræst fram og þar ræktað tún. Ekki sést til minja.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Írafell, 2

GK-344:024 *Vörðuholt* örnefni

64°17.21'N 21°26.65'V

"Í Nesinu eru þessi örnefni: Kvíamýri frá Blálæk norður að Básbrekkum, sem eru suðvestur af áðurnefndum Öxlum. Norður af Básbrekkum er Bauluhvammur. Neðan til við Kvíamýrina er Gráhöll. Suður frá honum er Kvíamýrarsund og Vörðuholt ..." segir í örnefnaskrá.

Vörðuholt er ekki ýkja hátt holt, það er gróðulítið og alveg gróðulaust þar sem það er hæst. Þar eru nokkrir stórir steinar. Annarsstaðar er mosavaxið á köflum. Mýrar eru allt í kringum holtið og norðan við það er mikill skurður sem liggur í austur-vestur. Ekki sést til vörðu á holtinu og ólíklegt er að steinarnir á holtinu þar sem það er hæst séu úr vörðu en ekki er hægt að útiloka það.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:**Ö-Írafell, 2**GK-344:025** *Brúarhlaðaás* örnefni brú

64°17.760'N 21°25.659'V

"Austan við Stóraflóa er Brúarhlaðaás og Brúarhlaðeyrar," segir í örnefnaskrá. Ásinn er um 1,5 km norðnorðaustan við bæ 001. Brúarhlaðaás er klapparás niður við Laxá sem áin beygir meðfram honum til norðurs þegar hún kemur úr austri í stefnu norðaustur. Norðan við Brúarhlaðaás rennur þverá í Laxá og þar á milli eru allmiklar eyrar. Heimildamenn könnuðust hvorki við brú eða vað yfir ána við Brúarhlaðaás og ekki sjást ummerki um slíkar minjar. Ekki er ólíklegt að vað hafi verið yfir ána á eyrunum. Þar eru tveir tiltölulega grunnir og mjóir álar. Vegaslóði liggur af aðalvegi um sveitina meðfram ásnum og yfir hann um lítið skarð. Sá slóði er líklega í tengslum við laxveiði í ánni. Örnefnið Brúarhlaðaás kann að vera sprottið af því að ásin líkist hlaði undir brúarsporð.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:**Ö-Írafell, 2**GK-344:026** *Gullkistuhóll* þjóðsaga

64°17.600'N 21°25.773'V

"Austan við Stóraflóa er Brúarhlaðaás og Brúarhlaðeyrar. Vestast á þeim er Gullkistuhóll. Þjóðsaga segir, að þar hafi Íri grafið gull sitt o. fl. Þrisvar sinnum hefir verið grafið í hólinn (síðast 1909 af Reykvíkingum) og ekkert fundizt. Austan til á miðjum Brúarhlaðeyrum er Svartiskúti.



Gullkistuhóll 026, horft til vesturs.

Suður frá honum (norðan í áðurnefndum Öxlum) er Gildurás [033], " segir í örnefnaskrá. Gullkistuhóll er skammt ofan við þjóðveginn suður af Brúarhlaðaási 025, um 1,2 km norðan við bæ 001.

Hólinn er lágur og liggur gömul leið 034 fast við hann og yfir hann að hluta. Norðan og norðvestanvert á hólnum er gróðurlaus melur og flagmói en annarsstaðar vex mosi og lyng. Nokkuð þýft er á gróna hlutanum. Vestan við hólinn er mýrlent, sunnan við hann eru hólar og hæðir og norðan og austan við hann eru grónar áreyrar.

"Magnús telur að enginn núlifandi maður geti bætt þessa skrá og staðfesti hann hana, en lét þess þó getið í sambandi við gröft í

Gullkistuhól, að Magnús í Stardal hafi líklega stjórnað uppgreftinum 1909. Og sagan segir að þeim er unnu þetta verk hafi sýnst Hækingsdalsbærinn standa í björtu báli. En Hækingsdalur er eini bærinn sem sést af Gullkistuhól," segir í viðbótum við örnefnaskrá. Ekki eru greinileg merki þess að grafið hafi verið í hólinn en það hefur eflaust átt þátt í því að gróður er horfinn á köflum, auk vegagerðar. Hólinn er um 25 x 20 m, liggur norðaustur-suðvestur.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:**Ö-Írafell, 2; Ö-Írafell viðb., 1**GK-344:027** þúst óþekkt

64°17.073'N 21°26.195'V

Útflattar tóftir eru á dálitlum hól um 240 m norðvestan við bæjarstæði 001, um 70 m norðan við steinsteypt íbúðarhús á nýja bæjarstæðinu. Hólinn er brattur og hár til vesturs, niður að afleggjara að bænum. Austan við hólinn hækkar landið lítillega og norðaustan við hann er Írafellið. Allt í kring er að mestu grasi gróðið, fyrir utan

nokkur flög. Lækur rennur úr austri en hverfur norðan við hólinn. Smábýft er að mestu í kringum hólinn en vestan við hann er slétt brekka og og norðvestan við hann er stórbýft og líkur á að þar séu minjar undir sverði. Samkvæmt heimildamanni grænkar þessi hóll alltaf fyrstur á vorin og taldi hann víst að hús hefði staðið á honum en það var farið þegar hann kom á bæinn árið 1968. Hóllinn er um 20 x 6 m stór og snýr N-S og að austanverðu er hann hæstur um 1 m. Ekki er hægt að greina útlínur bygginga eða hólfa en hólinn er þýfður og grjót er á dreif um hann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-344:028 Írafellsmóri þjóðsaga draugur

Í Þjóðsögum Jóns Arnasonar er sagt frá Írafellsmóra, uppvakningi sem sendur var á hjónin Kort Þorvarðarson og Ingibjörgu (án föðurnafns) sem bjuggu á Möðruvöllum í Kjós og átti að fylgja þeim hjónum og niðjum þeirra í níunda lið og vinna þeim margt til meins. Magnús, sonur þeirra Korts og Ingibjargar, bjó á Írafelli og fylgdi mórinn honum þangað og dregur nafn sitt af þeim bæ.

Heimildir: ÞJÁ I, 364-373.

GK-344:029 gata leið


64°16.932N 21°25.883V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 lá slóði af bæjarhlaðinu til austurs og sést hann vel í túninu og áfram til austurs.

Leiðin liggur í túnjaðrinum og uppi í hlíðinni austan við gamla bæinn, fyrir ofan allar torfærur og bleytu.

Götunni er viðhaldið af skepnum og er mjög greinileg. Leiðinni var fylgt frá hlaðinu á gamla bænum, upp í skarð milli Dagmálafjalls og Írafells. Varða er við leiðina í skarðinu, sjá 032. Leiðin hefur líklega verið alfaraleið um sveitina milli bæja. Breiðust er gatan í túninu, um 1 m og þar er hún dýpst en hár bakki er ofan við hana upp í túnið, um 0,7-1 m. Gatan er víðast gróin nema þar sem hún liggur um grjóturð eða flagmóa.

Hættumat: engin hætta



0 2,5 5
metrar

GK-344:030 tóft stekkur

64°16.701N 21°25.922V

Heimildamaður benti á tóft í svokölluðu Stykki undir Dagmálafelli. Tóftin er um 500 m suður af bæjarstæði 001.

Tóftin er í jaðri mýrar við fjallrætur þar sem hart er undir og grasi gróði. Hún er við endann á skurði sem liggur í norðaustur-suðvestur. Til vesturs og norðurs eru framræstar mýrar og Staparnir eru hér skammt vestan við. Umhverfis tóft er flatlent og óþýft. Tóftin er þrískipt, um 12 x 9 m og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð er um 0,8 m. Tóftin er grasi gróin en á stöku stað sést í grjóti í veggjum. Hólf A er í norðvesturenda tóftarinnar, um 3 x 4 m. Op er inn í það á miðjum suðvesturvegg. Hólf B er í framhaldi af A, um 2 x 1,5 m. Gengt er inn í það úr hólfi A. Þessi hólf snúa eins og tóftin. Hólf C er í suðausturenda tóftarinnar, er 4 x 1 m, snýr norðaustur-suðvestur og op er á því suðvesturenda. Líklega hefur tóftin verið stekkur.

Hættumat: engin hætta

GK-344:031 garðlag óþekkt

64°16.826N 21°25.748V

Heimildamaður hafði heyrt af tóft niðrundan Stigabrekkum. Ekki fundust aðrar minjar á þessu svæði en greinilegt garðlag, um 350 m suðaustur af 001.

Garðlagið er vestan við lágt klapparholt í mýri. Innan garðsins er nokkuð slétt en mýrlent og utan þess er víðast hvar þýft. Garðurinn liggur í hálfhring vestan við klapparholtið. Hann nær utan um svæði sem er um 30 x 20 m og snýr NA-SV, mesta hæð er um 0,5 m og mesta breidd er um 2 m. Ekki sést grjót í hleðslum, þær eru orðnar útflattar og rof farið að myndast í þeim. Dálítil þúfnablettur er innan við suðvesturhorn garðlagsins. Ekki sáust aðrar minjar innan garðs eða utan.

Hættumat: engin hætta

GK-344:032 varða samgöngubót

64°16.835N 21°24.997V

Varða er í skarði milli Dagmálafells og Írafells við leið 029. Varðan er um 890 m ASA við bæ 001.

Varðan stendur nokkuð hátt í skarðinu, á suðausturbrún lítillar klappar fast við leiðina. Ofan við vörðu til norðvesturs er gróðurlaus melur og fjallshlíð. Suðaustan og sunnan við eru gróðurlausir holmóar en grösugt í skarðinu þar sem það hallar til norðvesturs.

Varðan er um 1,2 x 0,8 m að grunnfleti og um 0,8 m á hæð, snýr suðaustur-norðvestur. Grjótið í vörðunni er

meðalstórt og mest af því er skófum vaxið. Varðan mjókkar lítið eftir því sem ofar dregur. Hleðsla óvönduð en virðist nokkuð gömul í grunninn þó að líklega hafi verið bætt í hana.

Hættumat: engin hætt

GK-344:033 *Gildurás* hleðsla refagildra

64°17.388N 21°25.689V

"Austan við Stóraflóa er Brúarhlaðaás og Brúarhlaðaeyrar. Vestast á þeim er Gullkistuhóll [026]. Þjóðsaga segir, að þar hafi Íri grafið gull sitt o. fl. Þrisvar sinnum hefir verið grafið í hólinn (síðast 1909 af Reykvíkingum) og ekkert fundizt. Austan til á miðjum Brúarhlaðaeyrum er Svartiskúti. Suður frá honum (norðan í áðurnefndum Öxlum) er Gildurás," segir í örnefnaskrá. Á Gildurási er hleðsla sem getur verið refagildra eða vörðubrot, um 400 m suður af Gullkistuhól og um 800 m norður af bæ 001.

Hleðslan er á háum ási í halla mót norðri, niður að Laxá. Það er mjög grýtt en mosagróið. Niður af því til beggja handa eru grónar lautir og framan við til norðurs er gróðurlítill melur.

Í hleðslunni sjást 5 umför og er grjótið meðalstórt og tiltölulega flatt, skófum vaxið. Hleðslan er ferköntuð, um 0,5 m á kant og um 0,5 m á hæð. Holrými er í hleðslunni sem sést best sunnan á henni en þó eru steinar í holrýminu. Hleðslan er e.t.v. fallin saman að hluta. Líklega er að hleðslan sé refagildra en varða. Ekki er ljóst hvort stafavíxl hefur orðið í nafni ássins og það heiti Gildurás í staðinn fyrir Gildurás en svo virðist ekki vera.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Írafell, 2

GK-344:034 vegur leið

64°17.561N 21°25.906V

Gömul leið um sveitina sést hjá Gullkistuhól 026 og var fylgt áleiðis heim að Írafelli.

Leiðin liggur að mestu leyti á þurrum melum. Vegurinn er ruddur og upphlaðinn yfir mýrar, hann er um 2-3 m breiður. Um 130 m suðvestur af Gullkistuhól greinist vegurinn í tvo og var neðri leiðinni fylgt að hluta sem liggur heim að bænum. Hin virðist stefna í átt að Möðruvöllum. Vegurinn heim að Írafelli virðist vera eldri og mjórri en hinn.

Hættumat: engin hætt

GK-352 Neðri-Háls

Pr. lénsjörð. 30 hdr. 1847. 30 hdr. 1705, jörðin gefin presti sem þjónar Seltjarnarnesi. Bænhús er talið hafa verið á jörðinni. 1468: Jörðin er nefnd í vitnisburðarbréfi. DI V, 516.

1705 er Ullarhóll eyðihjáleiga og einnig er greint frá meintu býli sem nefnt er Arnakot en ekki þótti ljóst hvort þar var býli eða ekki.

1917: Tún 8 teigar, garðar 1450m². 1840: "... jörðin hefir þó grasgefið tún, víðslægt engi og notagott beitiland vetur sem sumar." SSGK, 255.

GK-352:001 Neðri Háls (Stóri Háls) bæjarhóll bústaður

64°20.931N 21°37.282V

Fornleifaskráning 2003: Á Neðra-Hálsi standa nú þrjú íbúðarhús. Miðjuhúsið er elst, byggt skömmu eftir



Bæjarstæði á Neðra-Hálsi 001, horft í norður.

aldamótin 1900. Gamli bærinn var í námunda við þetta íbúðarhús. Gamli bærinn hefur e.t.v. staðið aðeins sunnar eða í suðurjaðri hússins.

Vart er hægt að tala um eiginlegan bæjarhól, norður- og vesturbrúnir hólans eru a.m.k. ekki greinilegar. Hins vegar má sjá móta fyrir suður- og austurbrún og af þeim má giska á að bæjarhóllinn nái yfir svæði sem er 40-50 X 30 m.

Við framkvæmdir í garði sunnan við hús og við viðbyggingu austan þess komu ábúendur niður á öskulög og steinhleðslur. Viðbót við skráningu 2007: Á staðnum sést vel kúptur hóll, um 50 x 30 m stór, einkum ef staðið er sunnan við húsið sem liggur frá austri til vesturs. Sunnan og austan við húsið er ræktarlegur garður með mikilli trjárækt, einnig er kartöflugarður skammt austan við

húsið. Kristján Oddsson ítrekar að hann hafi komið niður á ösku við gróðursetningu í garðinum. Kjallari er undir íbúðarhúsinu, töluvert niðurgrafinn. Malarplan og vegur er beint ofan eða norðan við húsið.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-352:002 heimild um bænhús

64°20.951N 21°37.281V

1705: "Sumir ætla og þykjast eyrt hafa, að hjer hafi til fonra bænhús verið. Eru þó óvissu hjer um." Ekkert er vitað um staðsetningu bænhúss á Neðra-Hálsi. Líklega hefur það þó verið í námunda við gamla bæinn (001).

NEÐRI HÁLS Í KJÓÐ (K) - BÆNHÚS MUNNMÆLI

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM III, 428

GK-352:003 heimild um útihús

64°20.923N 21°37.218V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð stakt útihús 40-50 metra austan við fjós 004.

Hóll í miðju trjáþykkni, fast norðvestan við austasta íbúðarhúsið.

Ekkert sést til minja á staðnum en gætu þó leynst undir sverði.

Hættumat: hættu, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-352:004 heimild um fjós


64°20.953N 21°37.248V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóðu nokkur sambyggð útihús 40-50 metra norðan við bæ 001. Samkvæmt Kristjáni Oddssyni, bónda, var þar fjós. Nú er yngri fjósbygging á staðnum, steynsteypt og í notkun.

Land rís öllu hærra en á bæjarhól 001, í brekkurótum. Svæðinu hefur verið umturnað vegna bygginga, vegagerðar og trjáræktar.

Ekkert sést til eldri bygginga.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar




Neðri Háls: Minjar í túni. Byggt á túnakorti frá 1917.

GK-352:005 tóft útihús

64°20.833N 21°37.396V

Á Ullarhól 015, um 30 metra suðaustan við útihús 008, sunnan megin við þjóðveginn er rúst. Tóftin er uppi á hólnum í óræktargrasi. Hóllinn er frekar lítil og jarðfastir klettur er sunnan megin í honum. Tóftin er frekar óljós, alls 5,5x5 metra stór og nokkurn veginn ferköntuð. Hún virðist alveg opin í vestur. Veggirnir eru ræfilslegir og virðast ekki hafa verið mjög háir. Tóftin er mikið til gróin og botninn einnig en töluvert ósléttur. Upphækkaður hryggur í miðju tóftarinnar gæti verið leifar af garða. Veggahæð er mest um 0,4-0,5 metrar og veggbreiddin er mest um 1,0 metri í suðri. Fast norðan við tóftina er lítill gróin



dæld. Hún er fóðruð að innan með grjóti austan megin, upp við klettinn, en óljós að öðru leyti. Óljóst er hver tilgangur hennar var en sennilega er um útihús af einhverju tagi að ræða. **Hættumat:** engin hætta

GK-352:006 heimild um útihús 64°20.924N 21°37.325V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stakt útihús um 20 metra vestsuðvestur frá bæjarhól 001.

Húsið hefur staðið í vesturenda garðsins sem nú er við íbúðarhúsið, líklega í jaðri gamla bæjarhólsins 001. Garðurinn er með slegnum bletti, trjám og blómum.

Engin ummerki um hús sjást á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-352:007 heimild um útihús 64°20.866N 21°37.364V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stakur túnskiki skammt sunnan túns, norðan og vestan við Ullarhól og á honum stóðu tvö útihús, 007 og 008. Útihús 007 var norðar, um það bil 100 metra suður af bæjarhól 001.

Nú hefur þjóðvegurinn klofið túnskikann í tvennt og útihúsið hefur verið á svæðinu norðan við hann. Þar er nú óræktarholt norðan megin við Ullarhól 015. Austan megin er tún, norðan megin er hestagirðing og allt um kring eru skurðir. Þjóðvegurinn liggur um 10-15 metrum sunnan við staðinn.

Holtið er þýft. Grjót og stórgrýti eru í því austan megin sem gæti hafa verið ýtt til. Engin greinileg ummerki eru um útihús. Þess má geta að það er ekki ólíklegt að hjáleigan Ullarhóll (sjá 015) hafi staðið á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-352:008 heimild um útihús 64°20.847N 21°37.411V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stakur túnskiki skammt sunnan túns og á honum stóðu tvö útihús, 007 og 008. Útihús 008 var sunnar, um það bil 140-150 metrum suður af bæjarhól 001. Raunar hafa þetta verið tvö sambyggt hús og eru líklega sömu hús og sagt er frá í örnefnalýsingu: "Þar upp af [Gylfavík] er mýri og tún. Mýrin þar upp af hét Austurveita, nú tún. Þar var hrútakofi og fjárhús. Þar hefur ullin verið þurrkuð," segir í örnefnaskrá og hlýtur Ullarhóll að draga nafn sitt af því.

Útihúsið hefur staðið þar sem nú er óræktarholt vestan megin við Ullarhól 015. Vestan megin er tún og norðan megin er þjóðvegurinn.

Engin greinileg ummerki um útihús sjást á staðnum. Mikið og hátt gras var á svæðinu þegar skráning fór fram.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Neðriháls, 2

GK-352:009 frásögn mógrafir 64°20.873N 21°38.892V

Mógrafir voru skv. Kristjáni Oddsyni norðan megin við austasta hluta Hálshóla, þar sem nú er sléttað tún sunnan við skurð. Þetta er um 1,3 km vestur af bæ 001.

Nokkuð stórt, sléttað tún með skurðum í suðri, vestri og austri. Vegur liggur meðfram því vestan megin. Skurðurinn norðan megin hefur ógreinilega bakka ofan til og þar fyrir ofan er flag sem hefur verið hreyft við að hluta til. Þar eru ógreinilegir bakkar og brúnir en erfitt er að segja hvort það geti verið leifar af mógröfum.

Mógrafirnar voru sléttaðar undir tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-352:010 garðlag túngarður 64°21°.043N 21°37.267V

Túngarður er meðfram Neðrahálsstúni að austan, norðan og vestan. Lækur rennur með ofanverðu túninu að austanverðu. Neðarlega við hann, fast ofan við niðurgrafinn, yfirtyrðan kofa, sennilega reykkofa, sést garðspotti sem liggur upp til norðurs. Þetta er rúma 200 metra NNA af bæjarhól 001.

Gróin brekka, nú bithagi nautgripa. Garðurinn girðir tún sem er í halla á móti suðri. Töluvert mikil skógrækt er í norðurenda þess. Efri hluti túnsins er ekki beittur, aðeins suðurhluti þess. Skógrækt í túninu hófst um 1960. Sennilega hefur ekki þótt svara kostnaði að slá efsta hluta þess, enda er hann mjög brattur.

Neðsti kafli garðsins er um 15-20 metra langur og mikið gróinn en komið rof í hann vegna umferðar nautgripa og beitar. Það sést í grjóti í rofinu á nokkrum stöðum. Garðspottinn hverfur undir ruðning við lækjarbakkann sem væntanlega á að stýra rennsli lækjarins. Nokkrum metrum ofan við norðurenda garðspottans tekur ruðningurinn við af garðinum upp við lækinn. Um 10 metrum ofar fer að sjást í garðinn aftur í rótum ruðningsins. Túngarðurinn heldur áfram upp með læknum en sveigir svo frá honum og tekur stefnuna beint upp hliðina. Þar er túngarðurinn orðinn mjög greinilegur og vel hlaðinn. Rúmum 80 m ofan eða norðan við ruðninginn er skarð í túngarðinn, um 1,5 metra langt, og gæti mögulega hafa verið hlið. Garðurinn upp í brekkuna er almennt um 1 m á hæð, 1 m á breidd, vel hlaðinn úr grjóti og með mjög beinar hliðar. Tíu metrum ofar en áðurgreint hlið er rétt.

Hún er samhlaðin garðinum að innanverðu, eða að vestan. Utanmál hennar er 5x2 metrar frá norðri til suðurs. Réttin hefur mjög líklega verið hlaðin seinna en garðurinn og er ekki eins vel hlaðin. Hún er að mestu leyti



hrunin. Op hefur verið á suðvesturhorni hennar. Við réttina eru tveir staurar og ein mosagróin plata sem ef til vill hefur verið notuð sem hlið á réttina. Girðing liggur alveg upp við austurhlið réttarinnar og handan hennar er skógrækt í túninu. Rúmum 2 metrum ofan og norðan við réttina gengur rúmlega 1 m langur hleðslustubbur inn frá garðinum til vesturs og um 15 metrum þar ofan við er smá eyða þar sem grjót hefur sennilega verið fjarlægð. Þá tekur garðurinn 90° beygju til vesturs og liggur meðfram allri norðurhlið túnsins. Hann er nánast allur hruninn á þeirri hlið og hefur ef til vill verið haldið skemur við en að austan. Skógræktin er komin alveg upp að honum. Garðurinn tekur aftur 90° beygju eftir um 120 m og stefnir niður á við, til suðurs, með fram túninu að vestanverðu þar til hann endar í um 100 metra fjarlægð frá útihúsum 004. Hann er nánast hruninn alla leið niður túnið. Um miðbik garðsins er 10 m eyða á garðinum, sennilega vegna þess að þar hefur skriðtaumur verið látinn þjóna hlutverki garðsins og þar virðist vera um 10 metra löng eyða á honum. Garðurinn verður óljósari þegar neðar dregur. Við vesturhlið túngarðsins, um 115 m sunnar en NV-horn túngarðs, er óljós tóft. Aðeins sjást leifar af neðstu hleðsluröðinni. Tóftin er ekki regluleg og hún virðist

hafa gengið til. Hún er um 5x3 m að utanmáli frá norðri til suðurs og gæti verið leifar af lítilli rétt eða útihúsi. 80 m sunnar en tóftin fjarar garðurinn endanlega út og raunar ekki víst að hann hafi nokkur tíma náð lengra. Lega garðsins nú virðist koma ágætlega heim og saman við útlínur túnsins á túnakorti 1917 nema þar hefur norðurendinn teygst sig töluvert lengra, allt upp í endimörk gróðurlendis í fjallinu. Norðvesturhorn túngarðsins er nú um 330 m NV af bæjarhól 001 en var áður um 70 m norðvestar en það. Þegar loftmynd er skoðuð má raunar sjá óljósa línu sem gætu verið leifar vesturhliðar túngarðs allra nyrst og vestast á svæðinu. Þess má geta að gamli þjóðvegurinn liggur fast ofan við núverandi norðurhlið túngarðs og gæti það bent til að hann hafi verið lagður eftir að hætt var að nota efsta hluta túnsins - nema það hafi verið sjálfhætt að halda þeim skika í rækt eftir að vegurinn var lagður. Alls er núverandi túngarður hátt í 500 m langur og afmarkar svæði sem er um 250 x 220 m stórt frá norðri til suðurs en túnið hefur samt náð lengra til suðurs. Ekki er útlit fyrir að nokkur tíma hafi verið girt með suðurhlið túnsins en þar var mikið mýrlendi og torfært áður en framræsing hófst.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1917



Túngarður 010, horft í suður. Lítil rétt er sambyggð innanverðri austurhlið, sést einnig á meðfylgjandi teikningu.

GK-352:011 heimild um kálgarð

64°20.972N 21°37.392V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stakur kálgarður í túni um það bil 100 metrum vestar en fjós 004.

Á þessum stað er mjög grösugur reitur, girtur trjám og um hann rennur lækur í skurði. Engar leifar sjást af kálgarðinum. Túnið virðist hafa verið sléttað áður en það var plantað trjám í það, að minnsta kosti austan megin við lækinn. Grasið var mjög hátt þegar skráningin fór fram.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar



Vestasti hluti rústahóls á Búðasandi, horft í norður.

64°21'.057N 21°40.106V


"Vestan við Húsamel er Húsamýri, sem nær að Röðum. En Raðir eru kletthólahryggur, er liggur alla leið ofan frá Hálsenda og niður að Búðasandi. Milli Húsamýrar og Hólamýrar eru sund, mýrar og holt, sem nefnd eru Sund. Þá er komið að Búðasandi, sem er milli Hálshóla og Hleinar, sem er klettur fremst. Þar upp af er mýri, sem heitir Hleinarmýri. Hlein er klettaker, sem alltaf er upp úr. Fallegur hvammur er nyrzt í Búðarsandi, þar sem búðirnar stóðu. Hálsbúðir. eru stakkstæði grasi gróid, mjög gamalt. Hleinarmýri er kringlótt upp af Hleininni. Svo er Búðamýri upp af Búðasandi norðan við Langás, en Langás er neðri hlutinn af Röðunum, sem fyrr var getið. Við endann á Búðamýri liggja svonefndar Biskupslágar. Innan við

Biskupslág heita Stampar,," segir í örnefnaskrá. Tóftirnar eru friðlýstar og segir í friðlýsingarskrá: "Háls. Búðarústir frá fornum verzlunarstað hjá Búðasandi í Hálsnesi. Skjal undirritað af PM 30.09.1975. Þinglýst 02.10.1975." "Orðmyndin Búðasandur er rétt að álit G. (rangt Búðarsandur í stafrófsskrá og í skrá Einars Jónssonar). Á Búðasandi eru miklar tóftir, sem á þessu ári voru friðlýstar. Hlein á að vera svo (ekki Hleinar eins og í stafrófsskrá). Allt svæðið fyrir norðan Búðasand er kallað Hlein. Hálsbúðir eru framangreindar tóftir, sem nú hafa verið friðlýstar. Biskupslágar á að vera eintala, Biskupslág. G. kveðst hafa heyrt þetta nefnt Biskupslaut. Sögn er að þar hafi biskup verið ferjaður yfir fjörðinn," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.

Í Árbók Ferðafélagsins segir: "Hálsnesið blasir við fram undan, þegar litið er út Hvalfjörðinn. Norðan til á því er flugbraut en sunnan til er einn merkasti sögustaður Kjósarinnar, Búðasandur. Búðasandur er fagur frá náttúrunnar hendi og einhver fegursti staðurinn í sveitinni. Upp af honum er fjörukambur og handan hans lón, sem talið er hafa grynnt og minnkað í tímans rás. Milli lónsins og fjörukambsins eru leifar gamalla mannbústaða og hafa fornleifarannsóknir farið fram á þessu svæði undanfarið en ekki liggur ljóst fyrir um niðurstöður þeirra. Frá fornu fari var höfn á Búðasandi samkvæmt heimildum. Aðrar hafnir voru á Hvalfjarðareyri vestan við Laxvoginn, í Laxvogi (Hálshólaskipalægi, sem Skúli fógeti nefnir svo, það er vestur undir Hálshólum) og loks var höfn í Hvammsvík. Höfnin á Búðasandi hét frá fornu fari Maríuhöfn, ekki eina örnefnið í Kjósinni, sem minnir á Maríu, en kirkjan á Reynivöllum var helguð Maríu guðsmóður og af þeirri ástæðu m.a. er þessu svo farið. Á Búðasandi var samkvæmt rannsóknunum dr. Björns Þorsteinssonar stærsti kaupstaður landsins á 14. öld. Þangað komu skip frá útlöndum og gátu haft vetursetu vegna lónsins, þangað sem þau voru dregin upp á haustin. Það var ekki hvað síst biskupsstóllinn í Skálholti, sem var mjög mannmargur, sem naut góðs af þessari höfn og hafði skip í förum, sem lögðu þarna upp. En að auki var þessi höfn, sem var hin besta frá náttúrunnar hendi, ákjósanlega í sveit sett til þess að koma varningi á eftirsóknarverðustu kaupstefnu þjóðarinnar, Þingvelli og Öxará um þingfmann, þegar mannfjöldinn safnaðist þar saman í stórum stíl. Telur dr. Björn, að þessi höfn hafi verið Skálholtsstól öllu hentugri en t.d. höfnin á Eyrarbakka fyrir þær sakir, að leiðin til Skálholts var auðfarnari úr Kjósinni en af Eyrarbakka. Þegar blaðað er í fornum annálum kemur í ljós, að biskupar koma til og frá Hvalfirði, þegar þeir fara utan."

Þarna fór fram fornleifauppgröftur frá 1982-4, yfirumsjón hafði Magnús Þorkelsson. "Rústirnar, sem hér um ræðir, liggja á um 200 metra löngu belti, sem nær frá sumarbústaðnum í norðri og út með lóninu til suðurs. Þar hafa verið greindar átta tóftir, sem hver um sig greinist í búð eða skála. eru þar allt frá einni og upp í s.m.k. 10 búðir í hverri tóft. Sú stærsta var talin vera naust, en það hús virðist þó frekar vera skáli eða langhús."

Búðasandur er utan eða vestan við Hálshóla, mikil og bogadregin sandfjara sem snýr mót suðvestri. Þetta er um 2,3 km VSV af bæjarhóli Neðra-Háls 001, suðvestarlega á Hálsnesi sem gengur út í Hvalfjörð til vesturs í beinu framhaldi af Reynivallahálsi. Sandfjaran sjálf er um 650 m löng og 100 m breið. Upp af henni suðaustanverðri er tjörn eða lón og milli lóns og fjöru er gróinn kampur, en lækur úr lóninu rennur til sjávar syðst á sandinum. Upp af sandfjörinni vestanverðri er gamall sumarbústaður, sennilega reistur um 1960. Rústirnar eru austan við þennan bústað og ná allt að suðvesturhorni lónsins.



Uppmæling á rústum á Búðasandi. Birt með góðfúslegu leyfi Natöschu Mehler. Myndin birtist í grein hennar og Mark Gardiner um verslunarstaði á Íslandi, sjá heimildaupptalningu hér að neðan.

manngerð. Á þessum slóðum rís rústabungan einna hæst, allt að 1,5 m sé staðið við hana að sunnanverðu. Austar lækkar bungan en verður þá jafnframt skýrari hvað hólfaskipan varðar, enda sleppir þar trjáræktinni umhverfis bústaðinn þegar komið er út fyrir girðingu. Frambrún rústanna, þ.e. suðurbrúnnin, er skýr, enda hálfgróinn og marflatur fjörusandur þar framan við. Elfting vex á rústunum. Norðurbrún þeirra rennur nokkuð saman við brekku innan sumarbústaðagirðingar en verður skýrari þar sem brekkunni sleppir, skammt utan við austurmörk girðingar. Annars er nokkuð erfitt að lýsa rústunum nákvæmlega og túlka, enda eru þær flóknar og ljóst að byggingarstig eru mörg. Þó má geta þess að ein stök rúst er 10-15 m austan við staðinn þar sem rústahóllinn fjarar endanlega út, við suðvesturhorn lónsins. Rúma 30 m austur af SA-hornstaur sumarbústaðagirðingarinnar er enn opið uppgrafsarsvæði Magnúsar Þorkelssonar. Þetta er 0,4 - 0,5 m djúpur skurður, nálægt 12 x 10 m stór norður-suður. Skín í bert hleðslugrjót í botninum. Á miðju svæðinu er uppgróinn haugur, tæplega 2 m hár, væntanlega uppkast á óuppgrofnu svæði. Magnús Þorkelsson gróf á þessum stað á 9. áratug 20. aldar og hefur nýverið skilað MA-ritgerð í sagnfræði um uppgröftinn og niðurstöður hans.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Fornleifaskrá, 7; Ö-Neðriháls, 3; Ö-Neðriháls ath og viðb., 1; Gunnar Kristjánsson 1985, 188-189; Magnús Þorkelsson: "Búðasandur - Maríuhöfn", 103-115; Gardiner & Mehler 2007, bls. 415.

GK-352:013 Norðurklöpp heimild um lendingu

64°20.553N 21°37.018V

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 segir: "Heimræði er ár um kring, þá fiskur gengur á Hvalfjörð, og ganga skip ábúenda eftir hentugleikum. Engin eru hjer inntökuskip nje hafa verið, því lítt þykir til komið. Lendingin og

Rústirnar eru á grónum kambi upp af fjörunni. Vestasti hluti þeirra er inni á sumarbústaðalóð þar sem er mikil trjárækt. Ekki ber mjög mikið á rústunum á jörðu niðri enda samlagast þær umhverfi sínu vel og er engin gróska í útflöttum veggjunum. Þær eru hins vegar mjög greinilegar á loftmynd og best að nota hana til grundvallar við vettvangsskönnun. Alls má ætla að rústasvæðið sé hátt í 200 m langt og líklega 15-20 m breitt þar sem mest er, þ.e. vestast. Segja má að rústirnar þynnist út til suðausturs, bæði mjókkar rústasvæðið og verður einfaldara en eins virðist jarðvegur þynnast frekar austur á bóginn. Þannig eru austustu rústirnar mjög ógreinilegar og virðast ekki nema örþunnt skæni, 10-20 cm háar. Sennilega hefur lónið einhverntíma náð alveg upp að þeim. Á þessum stað virðist lítill jarðvegur eftir en ekki er útilokað að sandur hafi kaffært rústirnar að nokkru leyti frekar en að þær hafi blásið burt. Ekki er hægt að tala um stakar rústir eða lýsa þeim sem slíkum heldur frekar óslitið rústasvæðið sem minnir nokkuð á smækkaða útgáfu af verslunarstaðnum á Gásum að því leyti að hér virðast vera margar búðir, byggðar hver ofan í aðra og eru þær greinilega oftast niðurgrafnar, þá sennilega niður í eldri rústir margar hverjar. Ætla má að vesturendi rústanna sé um 70-80 m austur af áður nefndum sumarbústað, um 5-7 m vestan við dúkkuhús sem hefur verið reist á búðatóftunum. Þar liggur rústabungan utan í náttúrulegri bingu eða holti sem liggur frá austri til vesturs. Breidd rústanna á þessum stað er hátt í 20 m. Dúkkuhúsið stendur í grunnri dæld, væntanlega búðatóft, og 6-7 m austan við það eru gamlar rólur, einnig í dæld sem gæti verið

skupsuppsátur hið besta." Ekki er vitað hvort þessi lending er sú sama og getið er í seinni tíma heimildum. Í örnefnalýsingu segir: "Þar við ósinn heitir Klöpp. Þar var lent í gamla daga og var þar sjálfgerð bryggja, þegar hásjávað var. Þetta var stundum nefnt Norðurklöpp til aðgreiningar frá Suðurklöpp, sem þá var í Laxárnesi." Í Árbók ferðafélagsins segir: "Rétt við Sjávarfoss norðan megin er klettur (Klöppin), sem bátar lögðust upp að fyrr á árum áður en bílfært varð fyrir Hvalfjörð. Á bátum þessum var fluttur varningur, fólk og á sumrin hey úr Kjósinni á vegum fólks úr Reykjavík, sem hafði slægjulönd á leigu í sveitinni." Norðurklöpp er um 700 metrum suðaustan við bæjarhól 001. Hún er austan megin við Grafarnef 020 og neðan við Sjávarfoss.

Lendingin á að hafa verið við nef sem gengur út í Laxá. Það er gróið með mosa og lyngi að hluta. Klöppin er nokkuð stór og skagar út í ána. Það eru um 3-4 metrar niður í ána þegar þetta er skrifað en auðvitað er dýpi breytilegt eftir því hvort það er flóð eða fjara, enda ósinn skammt neðar.

Lendingin hefur varla verið góð nema á flóði. Húsgrunnur 028 er fast við lendingarstaðinn og gæti hafa verið skemma eða pakkhús.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:JÁM III, 429; Ö-Neðriháls, 2; Gunnar Kristjánsson 1985, 187

GK-352:014 heimild um uppsátur

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Heimræði er ár um kring, þá fiskur gengur á Hvalfjörð, og gánga skip ábúenda eftir hentugleikum. Engin eru hjer inntökuskip nje hafa verið, því lítt þykir til komið. Lendingin og skipsuppsátur hið besta." Ekki er ljóst hvar lending og uppsátur hafa verið á þessum tíma en þó ekki útilokað að það hafi verið sami staður og 013.

Heimildir:JÁM III, 429

GK-352:015 Ullarhóll heimild um býli

64°20.833N 21°37.396V

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Ullarhóll hefur hjáleiga veið frá þessari jörðu, menn vita ekki nær bygð í fyrstu, en hefur í auðn verið fram undir 40 ár. ... Ekki kann hjáleigan aftur að byggjast án heimajarðarinnar skaða, því ekki má slægjur af leggja." Ullarhóll er um 180m suður af bæjarhól 001.

Áberandi, hálfgróinn kletthóll fast sunnan við þjóðveginn. Mjög grýtt er austan undir háhólnum.

Nú er ekki vitað hvar býlið stóð. Mjög ólíklegt er að það hafi verið upp á hólnum þar sem tóft 005 er, enda er hann frekar toppmyndaður. Ef til vill hefur það verið framan við hann vestan megin eða jafnvel norðan við hann, en þar voru útihús árið 1917 samkvæmt túnakorti, sjá 007 og 008. Nú eru tún bæði austan, vestan og sunnan við hólinn en þjóðvegur á norðurbrún. Engin ummerki sjást á áður nefndum stöðum.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM III, 430

GK-352:016 Arnarkot bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: "Arnarkot er kallað í Hálslandi, þar sem menn sjá girðingar merki, og atla sumir þar hafi til forna bær verið, en enginn hefur til þess neina vissu. Sumir ætla alleina þar hafi fjárhús og túnstæði lítið verið. En langt yfir hundrað ár í auðn. Alt túnstæðið er í grámosa og hrjóstur kominn, og vildi kosta stórrerfiði, ef brjóta skyldi jörð til að rækta, þar sem sjá menn ekki hvar þar fáiast vatnsból um vetur, og örvænt því að byggjast kunni, má og valla fyrir landþröng sem á Hálsi vildi þar af verða." Ekki er neitt vitað um Arnarkot eða hvar það kann að hafa staðið. Þó mætti til gamans gíska á staðinn þar sem nú er stór og mikil beitarhúsatóft ofan við Hálshóla, sjá 022, en þar virðist vera upphleðsla mannvistarлага undir yngri rústum.

Heimildir:JÁM III, 430

GK-352:017 varða landamerki

64°21°.876N 21°37.653V

"Móti Hvammi fast niður við sjóinn norðan til við Hálsendann er Lágholtsmýri. Utan til í henni niður á sjávarbakka er grjótvörða, svo er línar upp hálsendann," segir í örnefnaskrá. Merkin móti hvammi eru norðanundir Reynivallahálsi. Þar eru nú sumarbústaðir í lengju, vestan í landi Neðri-Háls (nú Háls) en austan í Hvammslandi. Um mitt sumarhúshverfið liggur landamerkjaskurður. Norðurendi skurðsins er um 1,8 km norður af bæ 001. Skurðurinn liggur frá sjávarbakka og langleiðina upp að þjóðvegi. Sumarbústaðir eru fast upp við beggja megin. Ætla má að varðan hafi verið þar sem skurðendinn er nú, á sjávarbakkanum en þar sést nú ekkert og Kristján Oddsson man ekki eftir vörðu á þessum stað. Sennilega hefur verið rutt úr henni þegar skurðurinn var grafinn.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Neðriháls, 1

GK-352:018 Bollastaðavað heimild um vað

64°20.527N 21°36.651V

"Fyrir neðan brúna eru tvö vöð á Laxá. Það er Bollastaðavað, þar sem Bollastaðalækur rennur í ána, og Höklavað er þar nokkuð neðar. Það er niður við svonefndan Áróss á sjávarflúðum, sem heita Sjávarfoss," segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 880 metra suðaustur af bæjarhól 001, um 100 m vestan við brúna yfir Laxá.

Árbakkinn og svæðið þar í kring er grasi vaxið og einnig er töluvert af lúpínu þar. Smá eyri er út í ánni skammt frá vaðinu. Áin er fremur lygn, breyðir úr sér og virðist frekar grunn. Milli bakka eru um 40-50 metrar. Engar leifar af vaðinu sjást og ekki heldur neinar götur frá því. Þess má geta að Bollastaðir, sem vaðið er kennt við, eru í Valdastaðalandi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Neðriháls, 2

GK-352:019 Höklavað heimild um vað

64°20.582N 21°36.800V

"Fyrir neðan brúna eru tvö vöð á Laxá. Það er Bollastaðavað, þar sem Bollastaðalækur rennur í ána, og Höklavað er þar nokkuð neðar. Það er niður við svonefndan Áróss sjávarflúðum, sem heita Sjávarfoss," segir í örnefnaskrá. "Höklavað: G. veit ekki skýringu á nafninu. Þetta var slæmt vað og var ekki farið nema Bollastaðavað væri ófært. Þegar ís var, brotnaði frekar af Höklavaði," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Höklavað hefur verið um 150 m neðar eða vestar en Bollastaðavað 018. Það er mjög auðvelt að komast niður að ánni og árbakkinn er vel gróinn. Ekki vottar fyrir götum að vaðinu. Flúðir eru í Laxá og síðan rennur hún til sjávar skammt neðar. Bergangur gengur út í ána rétt austan megin við vaðið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Neðriháls, 2; Ö-Neðriháls ath og viðb, 1

GK-352:020 Grafarnef örnefni mógrafir

64°20.610N 21°37.196V

"Næst vestar [en landingin 013] er Grafarnef, sem er tangi, er gengur fram í sjó til vesturs," segir í örnefnaskrá. Grafarnef er við Laxá um 570 metrum suðaustan við bæjarhól 001. Sléttað tún er ofan á Grafarnefinu. Skurðir eru norðan og vestan megin en flatt holt austan megin. Gírðing er sunnan megin og þar fyrir framan er fjaran. Nefið lækkar í vesturátt og þar var áður blautt svæði skv. Kristjáni Oddssyni. Ekki sjást neinar leifar af mögröfunum. Kristján Oddsson man eftir mögröfum á staðnum og segir hafa verið sléttað úr þeim.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Neðriháls, 2

GK-352:021 tóft óþekkt

64°21°.504N 21°39.358V

Fornleg tóft er norðan til á Hálsnesi, um 630 m austur af herminjum 039. Vallendi í aflíðandi brekku sem hallar mót norðri, sumstaðar mýrlent. Tóftin er fornleg, aflöng frá austri til vesturs en erfitt að segja til um gerð eða stærð.

Hættumat: engin hætta


GK-352:022 Húsamelur tóft beitarhús

64°21°.122N 21°38.664°V

"Bæjarmegin við Hólamýri og utan við Hólakeldu, sem kemur ofan úr Hálsenda, heitir Húsamelur. Þar voru fjárhús fram á síðustu tíma," segir í örnefnaskrá. Rústir beitarhúsanna eru tæpan 1,2 km vestur frá bæjarhól 001 neðan við þjóðveginn á fremur áberandi grænum hól. Hann er beint sunnan við bæinn Baulubreku, fast vestan við vegarslóða sem liggur niður að Hálshólum. Norðan megin við tóftirnar er sléttað tún en vestan megin er tún sem er búið að plægja. Austan og sunnan megin er óræktað land. Tóftin er á hól sem ef til vill er náttúrulegur en gæti líka verið upphlaðin mannvistarlög að hluta. Hóllinn er grasi vaxinn og rústirnar einnig að hluta. Tóftin er mjög stór eða alls um 19 x 18 m og L-laga. Hafa húsinn sennilega verið lengi í notkun, jafnvel langt fram á 20. öld. Tóftin skiptist í aðalatriðum í tvennt. Sunnar eru stór fjárhús með einum garða, alls um 9 x 9 m að innanmáli og hlaða aftan eða austan við, um 8 x 7 m stór að innanmáli frá norðri til suðurs. Áföst að norðan (og hugsanlega yngri) er fjárhústóft með tveimur gördum, 8 m breið og 5 m löng. Aftan við er hólf, sennilega hlaða sem er 7 x 3 m að innanmáli frá norðri til suðurs. Báðar fjárhústóftirnar eru alveg opnar í vesturátt og þar hlýtur að hafa verið timburpil. Við mót húsanna tveggja er grjóthleðsla sem líkist fjórða garðanum en þar hefði maður kannski frekar búið við millivegg eða undirstöðu fyrir stóðir, en tvær burstir hljóta að hafa verið á húsinu. Veggirnir standa nokkuð vel en eru töluvert byrjaðir að hrynja að utanverðu. Þeir eru hæstir um 1,2 metrar á hæð, um 4 til 5 umför þar sem mest er og um 2 metrar á breidd. Þeir eru minnst grónir norðan og austan megin. Gólfíð á beitarhúsinu er algróið en nokkrir steinar eru þar á stangli sem hafa líklega hrunið úr veggjunum. Hlöðurnar virðast hafa verið eitthvað dýpri en húsinn sjálf. Austan megin í tóftinni er opið rof, um 4 metrar á lengd og 1,5 metri á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Neðriháls, 2



GK-352:023 Réttarmelur heimild um rétt

"Vestan við Ullarhól er gömul rétt við sjó. Þar er smámelur, sem heitir Réttarmelur, rétt innanvert við hólmann. Við Hálsendann eru merkin um smámýri, Merkismýri, svo um Breiðumýri vestanverða og upp í hól, rétt ofan við gamla veg," segir í örnefnaskrá. Ekki var hægt að skrá réttina á vettvangi, enda holdakýr með kálfa í girðingu á svæðinu og ekki árennilegar þegar skráningamenn voru þar. Réttin sést vel á loftmynd. Hún er rétt tæpa 500 m SSV af bæjarhól 001, fremst á sjávarbakka. Skammt undan landi í suðvestri er aflangur hólmi í sjó.

Réttin er inni í girðingu sem er nú nýtt sem beitoland fyrir holdanaut. Land hefur verið sléttað og framræst en áður var meirihluti svæðisins mjög mýrlendur. Þó bendir litamunur á loftmyndinni til að á þessu svæði gæti hafa verið þurrt holt. Hugsanlega eru fleiri rústir á staðnum en bara réttin, á svæði sem er um 75 x 55 m stórt frá austri til vesturs. Réttin (A) virðist ferköntuð, grjóthlaðin og um 10 x 8 m stór frá norðri til suðurs. Annaðhvort vantar suðurhliðina alveg eða réttin hefur verið opin þeim megin, niður að sjónum. Óljóst vottar fyrir tveimur tóftum til viðbótar í námunda við réttina. Sú nyrðri (B) er um 50 m NA af A. Hún virðist algróin, er alls 7 x 4 m stór frá A-V. Syðri tóftin (C) er um 60 m austur af réttinni, snýr N-S en er að flestu leyti mjög svipuðu tóft B, jafnstór en hugsanlega með op á miðri vesturhlið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Neðriháls, 3

GK-352:024 vegur leið

64°21'.027N 21°37.186V

Leifar af gömlum þjóðvegi sem lá um Kjósina sjást ofan við túnið á Neðra Hálsi, um 220 metrum ofar eða norðar en bæjarstaði 00. Brekkan er grasi og mosavaxin og í henni er nokkuð af steinum.

Vegur sést hér nokkuð greinilega á kafla. Hann er um 2 metrar á breidd og mjög gróinn. Hann kemur upp hliðina, yfir læk og svo líklega upp fyrir túngarðinn. Þaðan liggur hann út brekkuna til vesturs. Vegurinn er auðrekjanlegur á loftmynd, í það minnsta vestan og norðan við Neðra Háls. Hann sveigir fyrir Reynivallaháls ofarlega, um 500 m ofar en núverandi þjóðvegur. Hann mun hafa legið svo ofarlega vegna bleytu í Neðra-Hálslandi, enda voru mýrarnar neðan núverandi þjóðvegar svo til ófærar áður en farið var að ræsa fram.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

GK-352:025 Hálsstekkjarklettur örnefni stekkur

64°20.869N 21°36.21'2V

"Byrjum því aftur austur á merkjum móti Valdastöðum. Þar eru upp við hálsinn Djúpurðir. Þar utar er gil, sem heitir Hálsstekkjargil og enn utar Hálsstekkjarklettur. Þar ofar er Stóráurð, og nokkuð vestar uppi á háhálsi er Háihryggur. Fyrir neðan Hálsstekkjarklettana er gömul rétt, og þar neðar er Hálsmýri," segir í örnefnaskrá. Fyrir ofan húsið sem nefnist Stekkjarflöt leynist gamall sumarbústaður. Ofan og vestan við hann er rjóður í skógi. Efst og vestast í því er stekkurinn, um 860 m austur af bæjarhól 001.



0 5 10
metrar

Grasi vaxið rjóður með háum trjám, gamalli skógrækt, allt í kring, sunnan undir eilítlum hól. Stekkurinn er stór og myndarlegur. Heildarstærð hans er um 14x8 metrar frá norðri til suðurs. Stekkurinn skiptist niður í eitt aðalhólf og tvö minni hólf sem hafa verið stúkuð af í norðri. Hann virðist aðeins hafa eitt byggingarstig og er sennilega ekki mjög gamall. Veggirnir eru grjóthlaðnir um 1 m á breidd og 1 m á hæð þar sem mest er. Þeir standa nokkuð vel en suðurveggurinn er alveg hruninn og austurveggurinn er hruninn að hluta. Hleðslurnar eru mosavaxnar og þá sérstaklega sunnanmegin. Veggirnir eru ágætlega hlaðnir úr stóru og meðalstóru grjóti en vesturlangveggurinn stendur best. Ekki sést neitt op á suðurhliðinni en ætla má að það hafa hrunið fyrir það. Stekkurinn er grasi gróinn að innan og nokkuð sléttur. Norðurendi hans er grafinn inn í brekkuna, sennilega til að ná mannvirkinu láréttu. Stekkurinn er beiðastur í suðri en þengist til

norðurs. Þar gengur lítil kró út úr honum og innanmál hennar er 2x2 metrar. Suðaustan megin við hana er önnur samliggjandi kró, heldur stærri, sem einungis er afmörkuð með veggjarstubb að sunnanverðu en opin í vestur. Stekkurinn er í gamalli skógrækt og austan megin eru trjáplöntur þétt upp við vegginn. Eitt grenitré er á norðvesturhorni stekkjarsins.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Neðriháls, 4

GK-352:026 mannvirki herminjar

64°21'.21'7N 21°40.527V

Miklar leifar herminja eru á norðanverðu Hálsnesi, sjá 032, enda var þar stjórnstöð tundurduflalagnar þvert yfir Hvalfjörð. Stök rúst er um 360 m vestur frá aðalrústasvæðinu 032, framarlega á Hálsnesi. Hún er ofan við svonefnda Hlein, 2,6 km vestur af bæjarhól 001. Vegur liggur út á Hálsnes, fram hjá gömlum flugvelli.

Rústin er á lítið grónum mel vestan við veginn. Austan við veginn er óræktað tún. Um 200 metrar eru niður að ströndinni.

Fremur ógreinilegar mannvirkjaleifar sem ná yfir um 6x6 metrar stórt svæði. Norðvestan megin sést móta fyrir neðstu röð að hleðslu og þar í austurhorninu er einn steypur stöpull. Í suðvesturhorninu er einn steypur stöpull og á suðaustur hliðinni eru fjórir slíkir. Í sumum af þeim sjást leifar af járn. Um 40 metrum í vestur frá rústinu eru leifar af vörðu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-352:027 Stöðull örnefni kvíar

64°21'.025N 21°37.246V

"Fyrir austan túnið heitir Stöðull, og efst á túni er hóll, Hjálmurinn. Vestan túns er Enni, mýrin. Hvarf er hæð innan við túnið, er lokar fyrir og nær niður að Bollastaðamýri. Þar upp af er Kálfagil með grasteygingum upp með. Upp af túni þar næst er Háigeiri, gras, er nær upp að klettum. Svo er Stöðullinn," segir í örnefnaskrá. "Fyrir austan túnið heitir Stöðull. Þar voru mjólkaðar bæði ær og kýr," segir í athugasemdum og viðbótum við skrána. Stöðullinn hefur verið í brekkunni austan við 010.

Nokkuð brött mosa og gróður vaxin brekka um 200 metrum ofar en bæjarhóll 001. Austan megin er lækur sem rennur í gili og vestan megin er túngarður 010. Smá tunga er á milli gilsins og túngarðsins og þar er ágætt aðhald. Það er líklegasti staðurinn fyrir Stöðulinn.

"Stöðull: Þar var fært frá í færikvíum, því var hætt árin 1925-26," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Engar minjar sjást og kannski ekki við því að búast ef um færikvíar var að ræða.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Neðriháls, 4; Ö-Neðriháls ath og viðb., 2

GK-352:028 mannvirki skemma

64°20.550N 21°37.049V

Tóft eða grunnur undan mannvirki er tæpa 700 metra suðausturaf bæjarhól 001. Þetta er á bakka Laxár austan megin við Grafarnef 020 og skammt vestan við lendingu 013.



Árbakkinn er gróið holt og það eru um 2 metrar niður að sjó.

Ferköntuð hleðsla, sennilega grunnur undan húsi frekar en tóft. Þegar hlaðið var hefur verið tekið úr bakkanum fyrir norðurhliðinni en hlaðið undir suðurbakkann, sem er alveg út á brún, væntanlega til að ná grunninum láréttum. Hleðslan er eins og stallur, 6x5 m að stærð. Austur hliðin virðist vera gerð úr þremur stórum, jarðföstum steinum. Í norðurhleðslunni eru mun smærri grjót. Suðurhleðslan er um 70-80 cm á hæð, 3-4 umför, og hækkar til vesturs. Hleðslan er gróin að innan. Enginn þeirra heimildamanna sem rætt var við kannaðist við mannvirkið eða í

hvaða tilgangi það gæti hafa verið hlaðið. Þar sem þetta er fast við lendinguna, sem var mikið notuð áður en vegur kom yfir Laxá, má giska á að hér hafi verið pakkhús eða mögulega leifar af húsi sem hefur tengst veiðiskap í Laxá.

GK-352:029 varða landamerki

"Aths . við landamerkjalyýsingu ...Í Lágholtsmýri eru tvær vörður og uppi á hálsinum eru aðrar tvær. Þessar vörður ráða merkjum." Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Vitað er að ein varða var nyrst í Lágholtsmýri, sjá 017. Ekki er vitað hvort hún er önnur tveggja varða í Lágholtsmýri eða hvort þær hafa verið alls þrjár talsins. Hið fyrra er þó sennilegra. Nú liggur skurður á merkjum í mýrinni móti Hvammi og þar er alls engar vörður að sjá.

Heimildir: Ö-Neðriháls ath og viðb., 1

GK-352:030 varða landamerki

"Aths . við landamerkjalyýsingu ...Í Lágholtsmýri eru tvær vörður og uppi á hálsinum eru aðrar tvær. Þessar vörður ráða merkjum," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Ekki var farið upp á háls í leit að landamerkjavörðum.

Heimildir: Ö-Neðriháls ath og viðb., 1

GK-352:031 náma mógrafir

64°21'.161N 21°40.074V

Dæld, sennilega mógröf, er vestan til í Búðarmýri og austan megin við veginn sem liggur niður á Búðasand 012. Mógröfin er á þýfðu og votlendu svæði sem stendur til að fara að slétta. Stutt er síðan skurðir voru grafnir í kringum það. Mógröfin er um 13x13 metrar á stærð og barmarnir eru nokkuð vel afmarkaðir. Á suðurhliðinni gengur smá tota út úr mógröfinni svo hún er nánast L laga. Mógröfin er alveg uppbornuð og það sést í mold í botni hennar. Hún er svolítið þýfð og dýpt er um 0,4-0,5 m.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

GK-352:032 mannvirki herminjar

64°21'.312N 21°40.097V



Herminjar á Hálsnesi, horft í norður.

Hálsnesi. Þetta er niður undir sjó, neðan við gamla flugvöllinn sem þar er. Minjarnar eru á holti niður undir sjávarbakkannum. Norðaustan við svæðið er lækur sem rennur í hálfgerðum skurði og suðvestan við svæðið er annar skurður eða farvegur. Víða má sjá leifar af jární, timbri og steypu. Jörðin er sumst staðar gróin en annars staðar stendur holtið nokkuð bert. Gott útsýni er yfir Hvalfjörðinn þaðan. Allt minjasvæðið er a.m.k. 100 x 50 m stórt frá austri til vesturs og þar eru 10 minjar hið minnsta. A er vestast á svæðinu. Það er grunnur af húsi sem hefur verið 5,5x5 metrar og snúið norðaustur-suðvestur. Platan er steipt og leifar af veggjunum sjást þar sem þeir hafa fallið út fyrir grunninn. Bogadreginn gafl sést suðvestan megin. Steypustyrktarjárn standa upp úr plötunni sem er nokkuð heilleg. Leirkerbrot finnast á svæðinu. B er grunnur af húsi hátt í 10 m austar sem hefur verið 7x5 metrar. Platan er nokkuð ógreinileg og grasi vaxin. Gaflarnir hafa verið steiptir og bogadregnir og fallið út út fyrir grunninn. Þrjár jártunnur standa inn í grunninum og þær eru fullar af sandi. C er um það bil 30 metrum sunnar en A. Það er grunnur af húsi sem hefur verið 6x5 metra stórt og snúið norðaustur-suðvestur. Plata þess hefur ekki verið steipt en veggirnir hafa verið steiptir og leifar af suðurgaflinum sjást. Hann hefur líklega verið bogadreginn. Í suðausturveggnum hafa verið timburundirstöður. Húsið hefur ef til vill verið tvískipt með vegg á milli. Viðar-, járn- og glerleifar sjást á svæðinu. Ofan við húsið hefur jörð verið hreyfð og þar hefur líklega staðið húsapýrping (D), 5-6 hús, líklega braggar. Húsin hafa hvorki verið með steiptum grunni né veggjum. Aðeins sést móta fyrir útlínum þeirra. 30 metrum sunnar og 12 metrum austar en C er grunnur af húsi (E) sem hefur verið 6x6 metrar að utanmáli. Grunnurinn hefur verið steiptur og veggirnir einnig. Þeir standa ekki en hafa fallið út fyrir plötuna. Steypustyrktarjárn og glerbrot eru á svæðinu. Húsið er rétt undir brekkunni þar sem flugbrautin er. Rústin er gróin að innan. Agnarsmá rúst (F) sem er 1x1,5 metrar er fast sunnan við E og ekki er augljóst hvert hlutverk hennar var. Hún er steipt og steypa er gerð úr smásteinum sem líkjast vikri. Í kringum rústina er spítnabrák. 35 metrum norðaustan við rúst C eru leifar af steiptum grunni G. Hann er töluvert hár og út úr honum standa steypustyrktar járn. Grunnurinn er um 6x5. Norðaustur gaflinn víðist hafa fallið út fyrir húsið og þar virðist hafa verið gluggi. Platan er nokkuð brotin og ójöfn. Rétt við grunninn er ryðgað baðkar á hvolfi og ofan á grunninum er brotin klósettseta. Ofan við grunninn er annar grunnur 6x5 m að stærð. Sá grunnur er nokkuð heillegur en engar leifar af veggjum sjást. Suðvestan við grunninn er töluvert af spítnabráki. Norðaustan við rústirnar rennur lækur og örlítið norðar er svo girðing. Ofan við þessar tvær rústir gæti hafa staðið önnur húsapýrping. Við lækinn, 30 metra norðaustan og 15 metrum ofar en rúst G, eru smá rústir. H. Þar standa þrjú járnör upp úr jarðvegi og einnig er um 1 m langur steiptur veggur þar. Út í læknum sést eitt rör til og líklega var vatn tekið úr honum. Austan megin við lækinn eru timburleifar. 1 metra suðvestur af rúst G er rúst I. Það er grunnur, 7x5 metra stór og virðist hafa verið braggi, þar sem leifar af göflunum sem eru bogadregnir sjást en þeir hafa fallið út fyrir grunninn. Platan virðist ekki hafa verið steipt. Burðarbitar standa upp úr grunninum á hliðunum og einnig hefur verið ein stoð í miðju húsinu. Grunnurinn er gróinn að hluta og nokkuð sléttur. Þrjár tunnur með steypu eru inni í grunninum. Lækur rennur norðaustan við rústirnar. Rúmum 10 metrum suðvestar en A er óregluleg rúst sem dreifist um töluvert svæði. Þar er um að ræða steypubita, leifar af steiptu gólfi, steypustyrktarjárn, annað járnarúsl og viðarleifar. Heildarlengd rústarinnar er um 15 metrar og mesta breiddin er um 4 metrar.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 46-47

Í ritinu Vígdrekar og vopnagnýr segir í lýsingu á tundurduflagirðingu sem lá yfir þveran Hvalfjörð: "Stjórnstöð tundurduflalagnarinnar var á norðanverðu Hálsnesi. Risu þar einir 15 braggar og lítil, steinsteipt stjórnstöð....Störfuðu 37 sjóliðar og liðsforingjar í stöðinni að jafnaði og sóttu allan sinn kost og annað til Hvítaness eða Reykjavíkur....Ekki var mikið við að vera í tundurduflastöðinni á Hálsnesi og leiddist sumum sjóliðunum afskaplega vistin á svo afskekktum stað. Höfðu þeir á orði að einungis daglegur rommskammturinn gerði lífið bærilegt..." Miklar mannvistarleifar, grunnar undan bröggum o.fl. eru norðvestan megin á nesinu sem gengur fram af Reynivallahálsi,

GK-352:033 þúst legstaður

64°21'.055N 21°37.308V

"...efst á túni er hóll, Hjálmurinn....Þar er heygður hestur með öllum tygjum, sem Þórður á Hálsi átti," segir í örnefnalýsingu. Hjálmurinn er um 60 metrum ofar og norðar en bæjarstæði 001, efst í heimatúninu fyrir neðan skógræktina sem er allra efst í túni. Hjálmurinn er hár og kúptur hóll. Í kring er grasi gróin túnbrekka með háu grasi sem er hvorki slegin né nýtt til beitar. Trárækt er í kringum staðinn en ekki hefur verið plantað á sjálfann hólinn. Það eru um 6-7 metrar í næstu tré. Smá þúst er efst á hólnum og snýr í norður-suður. Hún er um 2x1,5 metrar að stærð og nokkuð ferningslaga. Þar sem hún er hæst er hún um 20-30 cm. Hún sést ekki vel þar sem grasið er mjög hátt þegar þetta er ritað.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar**Heimildir:**Ö-Neðriháls, 4**GK-352:034** Biskupslág heimild um ferju

"Við endann á Búðamýri [012] liggja svonefndar Biskupslagar. Innan við Biskupslág heita Stampar." Segir í örnefnaskrá. "Biskupslagar á að vera eintala, Biskupslág. G. kveðst hafa heyrt þetta nefnt Biskupslaut. Sögn er að þar hafi biskup verið ferjaður yfir fjörðinn," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Biskupslagar eru væntanlega yst á Hálsnesi, norður af Búðasandi 012. Ekki er víst að þar hafi verið ferjað að jafnaði.

Heimildir:Ö-Neðriháls,3; Ö-Neðriháls ath og viðb., 1**GK-352:035** heimild um leið

64°20.528N 21°36.64°8V

"Eitthvert ákaflega ljelegt vegarslitur var frá Bollastaðavaði upp eftir mýrinni fyrir austan Neðra-Hálstúnið," segir í bókinni Ljósmyndir.


Mikil lúpína er fyrir ofan Bollastaðavað 018 og þar fyrir ofan er sléttuð tún.

Engar minjar sjást á þessum slóðum, ekki fyrr en komið er upp fyrir tún á Neðra Hálsi, sjá 041.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:**HJ: Ljósmyndir, 35**GK-352:036** tóft sjóbúð

64°20.720N 21°39.948V

Rúst er suðvestan við enda Hálshóla, þar sem stundum er kallað Maríuhöfn eða Maríuhöfn yngri. Þetta er um 30 metrum ofan við sjóinn í grasi gróinni brekku í lítilli vík. Á þessum stað var gert út á grásleppu og rauðmaga á 20. öldinni.



0 2,5 5
metrar

Lítill, vel afmörkuð vík sem notuð var sem höfn um tíma, grasi vaxin niður í fjöru. Austan megin við víkina er girðing sem afmarkar af stórt svæði sem naut og kýr voru á þegar þetta var skráð. Í víkinni er skilti um Maríuhöfn sem ætti að mörgu leyti ffrekar heima austan megin við nefið, á Búðasandi 012. Tóftin er grjóthlaðin, 3x3 metrar að stærð með op í suður. Engin sjáanlega hleðsla er norðan megin en þar hefur brekkan verið notuð sem veggur. Um tvö umför af hleðslum sjást þar sem mest er og veggirnir eru um 50 cm á breidd og mest um 110 cm á hæð. Tóftin er ekki gróin og virðist ekki vera mjög gömul. Hún er ekki mjög vel hlaðin og ekki er vitað hvaða

hlutverki hún gengdi. Líklega hefur hún verið notuð í sambandi við sjósókn, sennilega á 19. -20. öld. Tóftin er algróin að innan og inni í henni er ferkantaður timburstaur.

Hættumat: engin hætta**GK-352:037** heimild um lendingu

64°20.713N 21°39.970V

Samkvæmt Kristjáni Oddssyni var lending fast sunnan við vesturenda Hálshóla. Þar er lítill, vel afmörkuð vík sem nú er oft nefnd Maríuhöfn og er þar skilti sem þó ætti betur heima vestar, hjá tóftunum við Búðasand. Magnús Þorkelsson, sem gerði rannsóknir á tóftunum á 9. áratug 20. aldar, taldi að nafnið Maríuhöfn væri nú almennt notað um þessa litlu vík en ekki um aðaltóftasvæðið sem er norðar og vestar.

Lítill vík mót suðvestri með um 30-40 metra bogadreginni sandströnd. Upp af víkinni er dálítill hvammur og í honum austan verðum lítill tóft, 036, mót hafi.

Við austanverða víkina gengur grjótrani í sjó fram. Hann virðist að mestu náttúrulegur en þó gæti grjóti hafa verið bætt í og hann notaður sem bryggja. Á þessum stað var gert út á grásleppu og rauðmaga á 20. öldinni.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:**Magnús Þorkelsson 2004, 25

GK-352:038 tóft beitarhús



Tóft 038, horft í norðvestur.

64°21'.015N 21°38.897V

Tóft, hugsanlega af eldri beitarhúsum, er tæpa 250 m suðvestur af beitarhúsum 022, austan við vegarslóða sem liggur niður að túnnum við Hálshóla.

Þýfður en þurr mói. Tóftin er frekar fornleg en þó ber á henni vegna hundapúfu sem rís yfir umhverfið. Hún er einföld, um 12 x 8 m stór frá norðri til suðurs og snúa dyr í suðurátt. Vegghleðslur eru grónar og signar, varla meir en 0,5 m háar nema þar sem hundapúfan gnæfir yfir. Tóftin mjókkar heldur til suðurs, í átt að dyrunum.

Hættumat: engin hætt

GK-353 Hvammur

60 hdr. 1570, 1712. Bændaeign. "Hvamm-Þórir nam land á millum Laxár ok Forsár ok bjó í Hvammi. Hann deildi við Ref inn gamla um kú þá, er Brynja hét ok Brynjudalur er við kenndr; sú kvíga hafði horfit Þóri fyrir longu, en sú kvíga fannsk í Brynjudal, þar er Refr átti land, ok fjórir tigur nauta með henni, þeirra er oll voru frá henni komin ok höfðu gengit sjálfala úti; því kenndi hvor tveggja sér nautin. En Þórir fell fyrir Ref með átta manna, þá er þeir borðusk hjá hólum þeim, er síðan eru kallaðir Þórishólar." Landnámabók, ÍF I, 56-59. Hvamms er einnig getið í Harðar sögu - ÍF XIII, 65, 86-70 og 79. Í Sturlungasögu er getið Jörundar hins mikla úr Hvammi en hann var með Þorleifi í Görðum í Bæjarbardaga 1237 og má ráða af samhengi að hann hafi verið fyrirliði manna úr Kjós og Hvalfirði. Eftir bardagann var rænt í Saurbæ og Hvammi og bendir það til að búið í Hvammi hafi þá verið með hinum stærri í héraðinu. - Sturlunga saga I, 405 og 407. Elsta heimild um kirkju í Hvammi er í Hítardalsbók frá 1367 - DI III, 21^o8. 1397 átti kirkjan Hvammsey auk sex kúgilda - DI IV, 118 sbr. 1497 - DI VII, 375. Kirkjan var hinsvegar vígð 1502 og er vígslumáldagi hennar frá því ári varðveittur. Þar kemur fram að kirkjan hefur eignast skógartungu í Skorradal. Í tilefni af vígslunni var leyfi gefið til að vígja saman hjón, skíra börn og leiða konur í kirkju eftir barnsburð. Þá vígði Stefán biskup sérstaklega líkneski Lúkasar guðspjallamanns og verndardýrlings kirkjunnar og gaf hverjum þeim 40 daga aflát sem bæri líkneskið í skrudgöngum, sem voru hluti af helgihaldi í kaþólskum sið, eða gerði kirkjunni nokkuð gagn - DI VII, 609-610. Í máldaga frá 1570 er þess getið að jörðin var 60 hdr að dýrleika - DI XV, 632. Á seinni hluta 16. aldar bjó í Hvammi Hannes Ólafsson lögréttumaður (kemur við skjöl á árabílinu 1565-1590) og eftir hann sonur hans Jón, sem var líka lögréttumaður og hreppstjóri í Kjósarhreppi og stóð í margskyns málastappi á alþingi á árunum 1619-1662. Sonur Jóns hét Ólafur og mun hafa búið í Hvammi eftir föður sinn en um 1700 höfðu börn Ólafs erfitt hann og jörðina og voru þá 5 systkin eigendur að Hvammi, en Hvammsvík var orðin sérstök eign sem gengið hafði úr ættinni fyrir miðja öldina þegar Ólafur Hannesson, bróðir Jóns lögréttumanns, seldi 12 hundraða erfðahlut sinn Brynjólfi biskupi í Skálholti - JÁM III, 431, 433. JÁM XIII, 70-71, 74-76, 85. Eitt systkinanna, Eyjólfur Ólafsson, sem var húismaður á Akranesi lýsti því með bréfi hinn 13. mars 1709 að hann ætti fimmtung í Hvammi sem væri alls 60 hundraða jörð. Eyjólfur segir að hann fái nú jarðarhluta sinn varla byggðan „nema til hýsingar fátækra sveitarómaga og tíundargjalds þeim, sem búa á hinum hluta jarðarinnar. Eyjólfur getur um hálfkirkjuna og segir að Hvammsey, sem liggir undir kirkjuna, hafði áður verið slægjuland en að nú spretti lítið gras á henni "eða nær að segja ekkert". Hann getur þess einnig að skógarítakið, sem kirkjunni er eignað, sé í Skógartungu í Vatnshornskógi í Skorradal - JÁM XIII, 70-71. Í JÁM er dýrleiki allrar jarðarinnar sagður vera 60 hundruð, en af þeim er hjáleigan Hvammsvík metin á 12 hundruð. Þá var tvíbýli í Hvammi en bóndinn í Hvammsvík leigði auk þess 4 hundruð af Hvammi og hafði þannig alls 16 hundruð af jörðinni undir bú sitt. Þessi skipting milli jarðanna hélst óbreytt fram á 19. öld en í skýrslu sýslumanns frá 1840 er Hvammur þó aðeins talinn vera 40 hundruð og Hvammsvík þeim mun meira eða 20 hundruð - JJ, 101. 1705 eru nefndir Naglastaðir, sem þá voru tóftir langt innan landamerka, og tómthúsið Ásmundarstaðir, sem hafði verið í eyði í meira en tuttugu ár. Ekkert er vitað um byggð á Naglastöðum og eru tóftir þeirra ekki þekktar en Ásmundarstaðir hafa verið innantúns og mögulega orðið til um svipað leyti og Hvammsvík. 1847 bjuggu þrír leiguliðar í Hvammi auk eins í Hvammsvík. Eftir 1780 átti Páll Jónsson, hospitalshaldari í Gufunesi með meiru, meirihluta jarðarinnar að því er virðist um alllangt skeið en ekki er vitað til þess að hann hafi nokkur tíma búið þar - Alþ. Í. XVI, 397, 399-400, 524, 530; XVII, 140. Kirkjan í Hvammi var tekin af með konungsbréfi 17. maí árið 1765 - Sveinn Nielsson: Prestatal og prófasta, 114. Skógurinn sem kirkjan átti í Skorradal mun þá hafa lagst undir jörðina en í jarðabók frá 1804 er getið um hann. 1840: "... þar er þýft og tyrjótt tún, arðlítið, mýrarengi víðslægt og landrými allgott og vetrarhagabeit." SSGK, 255.

GK-353:001 Hvammur bæjarhóll bústaður

64°22.517N 21°34.739V

Bæjarhóllinn í Hvammi er sunnan undir Hvammshólum á tanga sem gengur út í Hvalfjörð. Íbúðarhús byggt 1932 stendur á bæjarhólum og bygging þess hefur vafalaust raskað eldri byggingaleifum. Bæjarhóllinn virðist þó óskemmdur á bak við húsið og til hliðar við það, en fyrir framan það hefur hann verið sléttaður undir bílastæði. Í norðvesturjaðri bæjarhólsins sjást merki rústa, sem gætu verið leifar Hvammskirkju sbr. 002. Annarra mannvirkjaleifa sér ekki stað á yfirborði. Lítið er vitað um gamla torfbæinn í Hvammi en sumarið 1909 tók Sigurgeir Þórðarson býlin Hvammsvík og austurbæinn í Hvammi á leigu. Hann reif þá austurbæinn en byggði upp í Hvammsvík. Í október 1997 var grafið fyrir vatnslögn í bæjarhóllinn. Við þær framkvæmdir komu í ljós mannvistarleifar allt frá landnámi. Í desember 2000 var grafið fyrir húsgrunni skammt frá bæjarhólum og stóð Sólveig Heiðberg fornleifafræðingur yfir því verki en engar fornleifar komu í ljós.

Hættumat: mikil hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-353:002 heimild um útkirkja

64°22.512N 21°34.730V

Ekki er nákvæmlega vitað um staðsetningu Hvammskirkju, en staðkunnugir telja að hún hafi staðið skammt vestan við bæinn. 20-30 m norðvestan við þar sem steypit íbúðarhús stendur nú sést í mannvirkjaleifar. Þær eru fast ofan við vegarslóða sem liggur frá bæjarhlaðinu út að Mjóáosi. Þær eru undir karlateigi 1 á golfvellingum og gætu verið leifar kirkjunnar. Jarðefni í teiginn hefur verið bætt ofan á, en ekki hefur verið hróflað við rústinni. Þar sem rústin er hallar landinu nokkuð. Á þessu svæði hafa verið þó nokkrar framkvæmdir á síðustu árum.

Máldagar kirkjunnar eru þessir: [1367]: xlv. Lucaskirkia j Huamme j kios a huamsey og sex kugillde les Vilchinsbok þui það er eins; Hítardalsbók DI III 21⁹

1397: CXXX. Hvammur.

Lucaskirkia j Hvammi i Kios aa Hvamsey oc vj kugilldi. smelttan kross. Mariuskriptt forn. Lucasskriptt. paxspialld. alttarisklædi glitad oc forn dvkur einn. kluckur ij litlar hangandi. Jtem bialla kolflaus og a ij boror. Jtem onnur kolflaus minne. glodarkier. ein kiertistika med kopar. var alltarisklædid oc dvkurinn med metinn firir halfa mork það sem adur er skrifad. Máld DI IV 118

1497: Anno domini M^o. cd xcviij.

Kirkia hins heilaga luce ewangeliste j huammi I kios a huammsey. iij. kyr og iij. asaudar kugilldi og vc at auk I fridum peningum. DI VII, 375

1.9.1502: Mældage Hvamskyrkiu i Kios.

Vær Stefan med gudz nád biskup i skaltholtti giorum godum onnum kunnigt med þessu voru opnu brefi. at i heidur vid Gud fodr og son og helgananda. sanctum Dei genetricem Mariam og hin heilaga Lucam evangelistam hofum vier vigt kirkiuna i Hvamme i Kiös med þeim maldaga at hún ä vj kugilldi og Hvamsey med ollum gognum og giædum. þar med skogartungu i Skorradal er ligger næst Reynevalla skögi upp fra. so og hofum vier leifi til gefit at þar se saman vigd gion og born skird og konur i kirkiu leiddar þeirra manna sem þar eru heimilisfaster. þar skulu og takast heima tiunder og lysetollar bónda og husfreyju og allra þeirra manna sem þau hallda á sinn kost. þar skal syngia annan hvern sunnudag þa at prestar fiolgaz og magari kennimanna skipun verdur at forfallalavsu og giallda presti xij aura j kaupit. hofum vier skipat at kirkiudagurin þar skal vera halldinn uppa sancte Lucas dag en syngia af honum næsta daginn epter. hier med hofum vier vigt þar likneski sancte Luce evangeliste og gefum hverium xl daga aflät skriptborina synda þa er þat er borit i processionem. edur i gagndogum. og þeim goda hluti giora kirkiunne og i hvert sinn sem þeir fremia sina godgiorninga vid greinda kirkiu. Og til meiri sanninda hier um festum vier vort innsigli fyrir þetta bref er skrifat var a Reynevollum i Kios in festum sancte Eggidij abbatis anno domini M. v hundrud og ij ár. Vmáld DI VII, 609-10 [Afskr í vísitíuabók Borgarfj. próf.dæmis 1705-30 eftir staðf. transscr. frá 31.3.1670 af gömlu pergamentsbréfi með hangandi innsiglum; Lbs 107 4to, 401-402]

1575: CLIV. Huammur.

Hálffkirkian i Huamme i Kios. ä v kjr. og eitt äsaudar kugillde. Jtem i kirkiunne. eirn gamall alltarisbuningur. ij kluckur vænar... vatzklucku litla. glödarkier. ij bækur gamlar. Jtem eirn kaleik. gardurinn Lxc. Lausagötz xxxc. Máld DI XV 632

1705: "Hjer er hálffkirkja og embættið framið, þá heimafolk er til sacramentis, þjónar sóknarpresturinn að Reynivöllum Sr. Torfi Halldórsson þessari kirkju." "Hólmli liggur fyrir landi, sem kirkjunni er eignaður, kallaður Hvammsey. Þar hefur til forna verið eggvarp gott af æðarfugli og öndum, en er nú eyðilagt af lunda." "Skógarítak eigna menn kirjunni í Skorradal í Vatnshornslandi millum Reynivallasógs og Háafellsskógs, en þetta ítak er ekki mótmælislaust af Oddi Eiríkssyni að Fitjum í Skoradal og hefur lengi ekki brúkast." JÁM III, 430, 433, 434.

17.5.1765: Bænhús í Hvammi lagt niður; (PP, 114) [konungsbréf]

Hættumat: mikil hætta, vegna ábúðar

Heimildir:DI III, 21⁹; DI IV, 118; DI VII, 375, 609-610; DI XV, 632; JÁM III, 430, 433, 434; PP, 114

GK-353:003 heimild um útihús

64°22.517N 21°34.739V

1917 stóð útihús um 15 m norðvestan við gamla bæinn. Þar er nú vegur en litlu norðvestar er þjónustuskáli fyrir kylfinga og veiðimenn. Útihúsið sést ekki á loftljósmynd sem tekin var árið 1946 og hefur þá verið búið að rífa það. Fyrir vestan þennan stað eru aflíðandi tún en fyrir austan vegarslóði til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012.


GK-353:004 heimild um útihús

64°22.510N 21°34.745V

Útihús var um 80 m sunnan við bæinn. Það er nú komið undir heimreiðina. Útihúsið sést ekki á loftljósmynd sem tekin var árið 1946.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012.



Hvammur og Hvammsvík: Minjar í túni. Byggt á túnakorti frá 1917.

GK-353:005 heimild um útihús 64°22.510N 21°34.740V

Um 70 m suðaustur af bænum var útihús árið 1917. Þarna er brekka rétt austan stepts útihúss.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-353:006 heimild um útihús 64°22.519N 21°34.740V

Útihús er sýnt tæpa 50 m austur af bænum á túnakorti frá 1917. Ekki sjást nú leifar þess en það hefur verið í brekkunni austan íbúðarhússins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-353:007 heimild um útihús 64°22.522N 21°34.740V

Útihús stóð fáeinum metrum frá norðurgafli bæjarins 1917. Ekki er óhugsandi að leifar af því megi finna í bæjarhólum en engar leifar sjást á yfirborði. Á svæði því sem hús þetta hefur staðið er svolítill hæð en vestan hennar er bæjarhlaðið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-353:008 heimild um útihús 64°22.522N 21°34.740V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús u.þ.b. 7 metrum norðan við bæinn. Þar sjást nú engar tóftir en sennilegt er að leifar útihússins sé að finna í bæjarhólum norðanverðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-353:009 heimild um útihús 64°22.301N 21°34.713V

Um 160 m norðvestan við bæinn (001) er sýnt útihús á túnakorti frá 1917. Húsið hefur verið um 30 m norðan við 011 en engar minjar þess sjást lengur í sléttu túninu. Að vestan er brekka upp að bæjarhlaðinu að Hvammi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-353:010 heimild um útihús

64°22.243N 21°34.778V

Um 220 m norðvestan við bæinn (001) er á túnakorti frá 1917 sýnt útihús. Þess sjást engin merki nú og er þar nú slétt tún við Grafarós.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1917**GK-353:011** heimild um útihús

64°22.203N 21°34.710V

Um 160 m vestan við bæinn (001) er sýnt útihús á túnakorti frá 1917. Þar er nú slétt tún en húsið hefur staðið á flöt niðri við Grafarós. Allt í kring er sléttlendi nema að austan en þar er aflíðandi brekka heim að Hvammsbænum. Á þessum stað er í túninu dálítil hæð sem fjarar út til vesturs og gæti verið byggingaleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1917**GK-353:012** heimild um leið

64°21°632N 21°33.995V

Þjóðleiðin lá fyrir sunnan Hvamm og Hvammsvík í snarbröttum skriðum í norðurhlíðum Reynivallaháls. „Hreppamannaflutningur erfiður og hættur yfir torfæruskriður í brattlendi, þar sem sjór er fyrir neðan.“ „Klettarnir fyrir utan Miðmundarsand heita Breiðuhillur og ná alla leið út í Hálsenda, þar sem gamli vegurinn lá uppi í hálsinum.“ Gamli akvegurinn lá uppi á Hálsenda, þar sem jarðirnar Háls og Hvammur liggja saman jarðirnar, niður undir Svörtukletta, upp fyrir Steðja og áfram í austurátt, en þjóðvegur var færður neðar í hlíðina um 1970, þar sem hann liggur nú. Hestamenn vilja varðveita gamla malarveginn í hlíðinni, sem enn sést vel víða og er notaður sem reiðgata. Hann er í fjallshlíðinni sunnan við núverandi þjóðveg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** JÁM III, 434; Ö-Hvammur og Hvammsvík Ath AG, 3**GK-353:013** mannvirki

64°22.514N 21°32.752V

Efst á Hvammshöfða eru fimm steyptir húsgrunnar. Umhverfis þá eru leifar af girðingu en á þessum stað var loftvarnarbyssustæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**GK-353:014** Naglastaðir heimild um býli/sel

64°22.291N 21°34.544V

„Naglastader ætla sumir að hafi verið bygt ból í Hvammslandi, og hafa það til marks, að þar hafa fundist kol og eirbrot í jörðu, og líka sjást þar tóftarleifar. Ekki vita menn til þess annað. Tvö ár ein hefur þar selstaða verið brúkuð frá Hvammi, en átölulaust Hvamms eign er þetta land um aldur og æfi, og enn þá langt þaðan til landamerka mót öðrum jörðum. Örvænt er að hjer kunni byggð aftur að setjast án þess að jörðin sjálf, Hvammur, yrði þar með merkilega fordjörfuð. Þar með er túnstæðið mestan part í hrjósta og mosa komið“ segir í jarðabók Árna og Páls frá 1705. Ekki er vitað hvar Naglastaðir voru en af lýsingunni að dæma hafa þeir verið allfjarri bænum í Hvammi en þó ekki í jöðrum jarðarinnar. Af þekktum minjum koma helst til greina gerðið 059 og Bessastekkur 037 og verður seinni staðurinn að teljast sennilegri enda mun þar hafa verið sel.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** JÁM III, 434.**GK-353:015** Ásmundarstaðir heimild um bústað


64°22.277N 21°34.553V

„Ásmundarstader hefur verið tómthús í túninu á Hvammi. Þar var fátækur maður til hússnæðiss í þrjú ár; galt hann öngva húsaleigu og hafði ekki til viðurværis nema það, er hann aflaði af sjó. Kona hans og barn lifðu um sumar á hússgángi. Hefur þetta tómthús yfir 20 ár í eyði verið, og mun verða um aldur og æfi“ segir í jarðabók Árna og Páls frá 1705. Ekki er vitað hvar Ásmundarstaðir hafa verið í túninu og er hugsanlegt að þeir hafi verið þar sem seinna var eitthvert útihúsanna 003-011.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** JÁM III, 434-435.**GK-353:016** tóft rétt

64°22.437N 21°34.725V

„Næsti skriðuhryggur fyrir utan heitir Lambahryggur, en gil upp af þessum hrygg heitir Bjarnagil. Svo fyrir utan Lambahrygginn kemur Gjásandur og þar fyrir ofan Gjábekkur og þær ná út að Sauðhól, sem er hár og nokkuð einkennilegur. Við hann var fjárrétt í mínu ungðæmi. Þar sem réttin stóð var eins og hvílt inn í bergið, og þurfti ekki að hlaða nema á 2 vegu og svo var



hólinn svo gott aðhald þegar rekið var inn” segir í örnefnalýsingu. Sauðhóll er myndarlegur kletthóll rétt sunnan við þjóðveginn. Hann er um 150 austan við afleggjarann heim að Hvammsvík og Hvammi. Aðhaldið er í austurhluta Sauðhólsins. Hleðslurnar eru mjög ógreinilegar, en þó djarfar fyrir vegg úr torfi og grjóti. Að utanverðu er hleðsluhæð veggjarins 60 sm en hann er hruninn inn í réttina. Lengd rústarinnar er 9 m og breidd 6 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 2.

GK-353:017 tóft fjárhús

64°22.083N 21°34.756V

Rústir fjárhúss með hlöðu eru við golfteig kvenna númer 7. Sneitt er af suðurenda rústanna, og hefur það sennilega gerst þegar teignum var ýtt upp. Rústirnar eru um 70 m vestan við heimreiðina að Hvammsvík og Hvammi, um 400 m norðan við þjóðveginn. Fyrir sunnan, norðan og vestan eru sléttar flatir en fyrir austan eru hólur. Á þessu svæði er mjög þýft. Rústir hússins eru 9 m langar og 6 m breiðar og í þeim er 40 til 90 sm breiður garði. Þvert á skammhlið fjárhússins að norðan er hlaða eða tóft (heystæði) og er innangengt í hana úr fjárhúsunum. Hlaðan er 4 m á breidd og 7 m á lengd og skagar dálítið út frá vesturhlið fjárhússins. Þykkt veggja er frá 1 m að 2 m. Húsin eru hlaðin úr torfi og grjóti og eru rústir þeirra vel greinilegar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-353:018 Stekkjarlækur örnefni stekkur

64°22.331N 21°35.184V

„Stórumóalækur rennur við endann á Stórumóum, og Stekkjarlækur er rétt fyrir sunnan Orustufliötina. Báðir renna þeir í Grafingsós” segir í örnefnalýsingu. Stekkjarlækur rennur austur í Grafarós. Hvergi eru greinilegar stekkjartóftir í þýfðu mýrlendinu beggja vegna lækjarins. Ekki er óhugsandi að á þessu svæði geti verið byggingaleifar en erfitt er að greina þar nokkuð fyrir stórpýfi og sinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík. Athugasemdir og viðbætur.

GK-353:019 Kringlumýri náma mógrafir

64°22.503N 21°34.211V

„Þá fer ég vestur með sjónum. Upp á meginlandi, fyrir vestan grandann, vestur með sjónum, kemur nokkurt svæði, sem heitir Smáholt, og þar fyrir ofan er mýri, sem heitir Kringlumýri. Þar var mótekja góð á meðan entist” segir í örnefnalýsingu. Grafirnar eru á allstóru svæði um 400 m vestan Hvammsvíkur. Þar er mýrlent en mógrafirnar sjást enn mjög vel þó þeim hafi að einhverju leyti verið spilt með ýmsum ágangi. Þær sjást greinilega á loftljósmynd frá 1946. Mór var síðast tekinn í Kringlumýri fyrir 90 árum. Þar hefur verið aðalmótak jarðarinnar ásamt Mómýri (GK-354:011) og á öðrum hvorum staðnum hafa bændur í Hvítanesi trúlega haft 20 feta mógröf þá sem þeir leigðu árið 1705.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 4 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012 Landmælingar Íslands. JÁM III, 435.

GK-353:020 Draganes heimild um lendingu

64°22.531N 21°35.125V

„Þá fer ég vestur með sjónum. Upp á meginlandi, fyrir vestan grandann, vestur með sjónum, kemur nokkurt svæði, sem heitir Smáholt, og þar fyrir ofan er mýri, sem heitir Kringlumýri. ... Þá er nes vestur af hólnum, sem heitir Draganes. Þar var lendingarstaður og skiparétt” segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega um lendinguna en líklegasti staðurinn er suðvestantil á nesinu. Nesið er fremur lágt og þar eru mosavaxnir klettur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 4.


GK-353:021 Draganes heimild um naust

64°22.518N 21°35.095V

„Þá fer ég vestur með sjónum. Upp á meginlandi, fyrir vestan grandann, vestur með sjónum, kemur nokkurt svæði, sem heitir Smáholt, og þar fyrir ofan er mýri, sem heitir Kringlumýri. ... Þá er nes vestur af hólnum, sem heitir Draganes. Þar var lendingarstaður og skiparétt.” segir í örnefnalýsingu. Skiparéttin eða naustið sést nú ekki lengur en hefur líklega verið á nesinu sunnanverðu því lending hefur verið auðveldari þar. Draganes er fremur lágt og þar eru mosavaxnir klettur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 4.



GK-353:022 *Draganes* tóft herslubyrgi

64°22.508N

[Á Draganesi, 020 og 021°] „voru líka fiskibyrgi. Þegar ég var drengur, man ég eftir, að það var róðið að hausti til og þá var saltað í þessi byrgi” segir í örnefnalýsingu. Fiskibyrgin voru á sunnanverðu Draganesi en nú er aðeins að finna illa farna rúst af einu þeirra. Hún er í fjörunni, skammt frá sjávarmáli.

Tóftin er hlaðin úr lóbörðu grjóti og er um 7x7 m að ummáli. Hún er grasi vaxin að innan og inni í henni er hrúga af rusli. Tóftin er eitt greinilegt hólfi en veggjarstúfur liggur til vesturs og endar við klett sem er þar rétt vestan við.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 4.

GK-353:023 *Orustufliót* sögustaður

64°22.327N 21°35.039V

„Nú ætla ég að fara út með sjónum, fyrir utan ósinn. Þá kemur vellisflöt sem heitir Orustufliót. Þar börðust þeir Hvamms-Þórir og Bárður á Þrándarstöðum út af nautgripum, sem Þórir fann, en Bárður taldi sig eiga” segir í örnefnalýsingu. Orustufliót er slétt grasflöt sem nær norðan frá Grafarós og að Þórisólum. Frá sjávarbakkanum og að hólunum eru 150-170 m og liggur bílaslóð nú yfir flötina miðja. „Það var kýr, sem Brynja hét og hafði gengið úti og falizt í skóginum. Þegar hún fannst, var hún með hóp af ungviði með sér” segir enn fremur í örnefnalýsingu. Saga þessi er augljóslega byggð á sögu Landnámabókar um deilur Hvamms-Þóris en hér hefur Bárður á Þrándarstöðum verið settur inn í stað Refs hins gamla í Brynjudal: ”Hvamm-Þórir nam land á millum Laxár ok Forsár ok bjó í Hvammi. Hann deildi við Ref inn gamla um kú þá, er Brynja hét ok Brynjudalur er við kenndr; sú kvíga hafði horfit Þóri fyrir longu, en sú kvíga fannsk í Brynjudal, þar er Refr átti land, ok fjórir tígir nauta með henni, þeirra er oll voru frá henni komin ok höfðu gengit sjálfala úti; því kenndi hvor tveggja sér nautin. En Þórir fell fyrir Ref með átta manna, þá er þeir borðusk hjá hólunum þeim, er síðan eru kallaðir Þórisólur.”

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 4. ÍF I, 56-59.

GK-353:024 *Borgarlaugar* örnefni

64°22.040N 21°36.923V

„Utan við hana [Selveitu], við sjóinn, eru Borgarlaugar og upp af þeim er hóll sem heitir Bullhóll” segir í örnefnalýsingu. Suðvestast á mýrar- og holtasvæði því sem er sunnan Borgartanga eru tveir pollar sem líklegast eru Borgarlaugar. Þeir eru beint fyrir norðan Bullhól 025.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 5.

GK-353:025 *Bullhóll* heimild um huldufólksbústað

64°22.055N 21°36.985V

„Utan við [Selveitu], við sjóinn, eru Borgarlaugar og upp af þeim er hóll sem heitir Bullhóll. Þar áttu að hafa heyrst strokkljóð til forna inni í hólunum” segir í örnefnalýsingu. Bullhóll er klettur á holasvæði beint fyrir sunnan Borgarlaugar. Hann er suðaustast í Rauðumýri.

Hæð í annars þýfðu og sléttendu landslagi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 5.

GK-353:026 *Asklok* heimild um huldufólksbústað

64°21.675N 21°37.293V

“Fyrir utan Bullhólslæk [sbr. 025], niður við sjóinn, kemur mýri, sem nær út að Hálsmörkum. Hún heitir Lágamýri. Svo kemur smá klettabelti en fyrir ofan það kemur Breiðamýri, sem nær líka út að mörkum. Fyrir ofan Breiðumýri er kletthóll sem heitir Asklok. Þar átti að hafa heyrzt aski skellt til forna” segir í örnefnalýsingu. Asklok er hæð sunnan við þjóðveginn beint sunnan við sumarbústaðahverfi.

Fyrir sunnan er fjallshlíð en fyrir norðan mói.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 5.

GK-353:027 *Selveita* örnefni sel

64°22.032N 21°36.400V

[Utan við Breiðumýri sbr 026] „er Selveita, en ofan Langimelur og Svörtuklettur” segir í örnefnalýsingu. Vestan Langholts er lækur en vestan hans er síðan Selveita sem er þýft mýrarsvæði. Selveitan er austan vegaspotta sem liggur heim að sumarbústað. Örnefnið bendir til að þar í grennd hafi verið sel og áveita. Ekki er bent á selrústir á þessu svæði en líklegt er að selið hafi verið þar sem á seinni tímum hefur heitið Bessastekkur (sbr. 037) en hann

er á rústahól við suðvesturenda Langholts, austan og ofan við Selveitu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Hvammur og Hvammsvík, 7.

GK-353:028 *Kænuhamar* heimild um uppsátur 64°22.411N 21°33.580V
„Kænuhamar er klettur norðaustan af víkinni.“ „Kænuhamar var alltaf svo nefndur í ungðæmi Kjartans [Þorkelssonar], enda var þar jafnan geymdur bátur“ segir í örnefnalýsingu. Kænuhamar er fremur lágur klettur norðaustan í Hvammsvík. Kletturinn stendur út í fjöru en norðan við er dálítill grasflöt þar sem hægt hefur verið að setja upp bát.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hvammur og Hvammsvík, 7; Ö-Hvammur og Hvammsvík. Athugasemdir og viðbætur.

GK-353:029 *Hringur* örnefni 64°22.308N 21°34.551V

„Heimundir túni eru Hringur ...“ segir í örnefnalýsingu. Þó ekki sé víst að þetta örnefni vísi á mannvirki voru hringlaga gerði algeng með þessu nafni í eða við tún. Ekki er vitað hvar við túnið Hringur var.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8.

GK-353:030 *Hóltóft* örnefni 64°22.321°N 21°34.552V

„Heimundir túni eru Hringur, Hóltóft ...“ segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar Hóltóft hefur verið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8.

GK-353:031 *Kvíarflöt* örnefni kvíar 64°22.323N 21°34.543V

„Heimundir túni eru Hringur, Hóltóft, Kvíarflöt ...“ segir í örnefnalýsingu. Kvíar hafa verið skammt utan túns í Hvammi eins og altítt var en ekki er vitað hvar nákvæmlega eða hvort þar voru torfkvíar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8.

GK-353:032 *Torfhóll* örnefni rista 64°22.238N 21°34.555V

„Heimundir túni eru Hringur, Hóltóft, Kvíarflöt ... Torfhóll og Þríshólar“ segir í örnefnalýsingu. Torfhóll er algengt örnefni í grennd við íslenska bæi og vísar yfirleitt á staði þar sem torf var þurrkað. Í jarðabók Árna og Páls frá 1705 er sagt að torfrista sé lítt nýtandi í landi Hvamms og Hvammsvíkur. Ekki er vitað hvar Torfhóll var nákvæmlega og er ekki óhugsandi að um sama stað og Torfahól GK-354:017 sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8.

GK-353:033 *Haugamýri* þjóðsaga legstaður 64°22.188N 21°35.796V

„Þá er Haugamýri. Þar eru menn Þóris heygðir“ segir í örnefnalýsingu. Hér er enn vísað til sagna um deilur Hvamm-Þóris við nágranna sína í Brynjudal sbr. 023. Mýrin er norðan við Langholt, um 300 m vestar en Þórisshólar og Spóamýri sem hún er í raun framhald af. Mýrin er fremur slétt og sjást engin merki um hauga í eða við hana.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8; ÍF I, 57-59.

GK-353:034 heimild um útihús 64°22.323N 21°34.439V

Um 80 m suðaustan við bæinn 001 og 15 m suðaustan við 006 er á túnakorti frá 1917 sýnt útihús. Leifar þess sjást ekki lengur. Þar sem það hefur staðið er brekka fyrir ofan eða austan núverandi íbúðarhús í Hvammi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917.

GK-353:035 *Skeiðarhólsflöt* álagablettur 64°21°.628N 21°32.996V

„Skeiðarhólsflöt er sérstök flöt niður að sjó milli kletta utan við Skeiðhól. Hana mátti ekki slá. Eitt sinn brá bóndinn í Hvammi af því og missti kú sína veturinn eftir“ segir í örnefnalýsingu. Skeiðarhólsflöt er skammt vestan við Steðja, um 1,3 km austan við fjárréttina (016), sunnan nýja þjóðvegarins en norðan þess gamla. Flötin er smáþýfð og hallandi utaní hæð milli gamla og nýja þjóðvegarins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8.

GK-353:036 *Brunnbrekka* örnefni brunnur 64°22.312N 21°34.519V

„Upp af Hvammsbæ er svonefndur Sæmundarhjálli. Neðar er Kinn. Neðst er Dyravöllur og Brunnbrekka” segir í örnefnalýsingu. Ekki sjást nein merki um brunn en örnefnið bendir til að í brekkunni hafi einhver tíma verið brunnur. Brunnbrekka er grasi gróin.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík Ath AG, 2.

GK-353:037 Bessastekkur tóft stekkur

64°22.057N 21°36.147V

„Spóamýri er suðvestur af Óshólum, en Haugamýri [033] er næst henni ... Utar en Spóamýri er Bessastekkur”



segir í örnefnalýsingu. Tóft Bessastekkjars er utar en Haugsmýri, um 500 norðan við Þjóðveginn og um 80 austan við læk sem rennur um Háumýri og Selholt. Að norðan og vestan er Selveita, sem er stórbýfð mýri. Að norðaustan er klettaholt. Aðaltóftin er á litlum rústahól í brekku ofan við mýrina. Grjót hefur verið í veggjum stekkjarsins sem hefur aðeins verið eitt hól, 3,5x3,5 m að innanmáli. Sunnan við tóftina er greinilegur garður sem liggur frá austri til vesturs í sveig og má rekja hann töluvert áleiðis vesturfyrir tóftina. Í kring er stórbýfi og má óglöggt greina garðlag sem liggur beint niður brekkuna, vestan við tóftina. Þessar rústir eru meiri um sig en venjulegt er með stekki og verður að teljast sennilegt að undir stekkjartóftinni séu leifar sels þess sem Selveita er kennd við. Það gæti einnig verið

var gerð 1705.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík Ath AG, 3.

GK-353:038 heimild um fjárskýli

64°22.169N 21°36.899V

„Borgartangar eru klettatangar. Þar hefur verið fjárborg áður fyrr” segir í örnefnalýsingu. Ekki sjást nú nein merki um fjárborg á tungunum og er nákvæm staðsetning ekki þekkt. Tanginn er fremur grösugur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík Ath AG, 4.

GK-353:039 tóft útihús

64°22.150N 21°34.823V

Útihústóft er 3 m austan við golfteig karla númer 8, um 15 m sunnan við 057, um 200 m sunnan við Grafarós. Rústin er á klettahæð en umhverfis er golfvöllur. Rústin er 5 x12 m að utanmáli. Hleðsluhæð er minnst 50 sm en mest tæpir 2 m. Veggjarþykkt er hvergi meiri en rétt rúmur metri. Rústin er hlaðin úr torfi og grjóti. Inni í tóftinni eru leifar bárujárnsþaks.

Rústin er 5 x12 m að utanmáli. Hleðsluhæð er minnst 50 sm en mest tæpir 2 m. Veggjarþykkt er hvergi meiri en rétt rúmur metri. Rústin er hlaðin úr torfi og grjóti. Inni í tóftinni eru leifar bárujárnsþaks.

Hættumat: mikil hætta, vegna ábúðar



GK-353:040 Kampurinn mannvirki

64°22.513N 21°34.747V

„Byggingasveit breska hersins hóf að byggja skálaverfi fyrir stórskotalið í landi Hvamms þá veturinn 1940-1941.” - „Sjólíðunum var búin staður í skálaverfi stórskotaliðsins að vestanverðu en stjórnstöðin var í einum bragga uppi á Hólunum.” Skálaverfið var kallað “Kampurinn” eða “Castle Hill”. Leifar herbúða eru í vestanverðum Hvammsbólum ofan við Draganes. Leifar búðanna eru að mestu leyti horfnar vegna malarnáms en nokkrir braggagrunnar sjást þó enn á stangli.

Hættumat: hætta, vegna efnistöku

Heimildir: Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 112, 119.

GK-353:041 mannvirki

64°22.410N 21°34.524V

„Sjólíðunum var búin staður í skálaverfi stórskotaliðsins að vestanverðu en stjórnstöðin var í einum bragga uppi á Hólunum.” Á Hvammsbólum eru 2 grunnar, annar steypdur en hinn hlaðinn. Þeir eru 7x16 m og 7x12 m að utanmáli og hefur á öðrum þeirra verið braggi sá sem notaður var sem stjórnstöð áður en steypa húsið 042 var byggt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 112

GK-353:042 hús

64°22.513N 21°34.747V

„Sama haust [1942] fékkst loks vinnuafli frá Hvítanesi til að reisa nýja stjórnstöð fyrir hafnarstjórnann og var hún tekin í notkun á aðfangadag 1942 í steinsteyptri byggingu er enn stendur þar sem hæst ber á Hvammshólum.”

Heimildir: Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 115.

GK-353:043 mannvirki

64°22.514N 21°32.752V

„United States War Shipping Administration annaðist stjórn bandaríska kaupskipaflotans og skipa á vegum Bandaríkjanna í styrjöldinni. Völdu fulltrúar þess tómstundaheimili fyrir sína menn stað á Hvammshöfða þar sem ekki var talið heppilegt að blanda sjómönnum kaupskipaflotans og sjóðliðum saman við tómstundaíðkun sína. Hefur þá vafalaust verið haft í huga að bjór yrði á boðstólum. Sjómannaheimilið var opnað í maímániði 1943.” Steyptur grunnur sjómannaheimilisins, 13x31 m að stærð, er í hallanum frá flæðigrandanum á vestanverðum Hvammshöfða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 119.

GK-353:044 *Bátsmýri* heimild um 64°22.212N 21°34.182V

„En rétt fyrir norðan [Arnarhól] kemur vellisblettur, sem heitir Bátsmýri og þar fyrir norðan er ávalahóll með standbergi sjávarmegin. Sá hóll heitir Bátsmýrarhöfði. Hann hefur þau einkenni, að norðast í berginu eru tveir nokkuð stórir básar, sem ganga svona 2-3 faðma inn í bergið og þar var hægt að reka þó nokkrar kindur, ef manni lá á” segir í örnefnalýsingu. „Leigði Bandaríkjafloti ... um hálfan annan hektara lands, þar sem heitir Bátsmýri, af bóndanum í Hvammsvík.” Flotinn reisti lítið braggahverfi og gerði bryggjur á fremur bröttu svæði milli holts og fjöru. Svæðið er mikið raskað. „Sjóliðar af bandarískum herskipum hófu brátt að reisa þarna nokkra bragga yfir starfsemi sína og litla bryggju fyrir skipsbáta. Var þessi aðstaða, sem bandarískir nefndu ýmist Falcon Landing eða Falcon Beach, orðin nokkuð viðunandi í nóvemberlok [1942] með 60 m langri göngubryggju, tveimur sambyggðum bröggum fyrir óbreytta, einum fyrir undirforingja og einum bragga fyrir liðsforingja litlu utar við víkina. Var aðstaða þessi öll aukin og endurbætt árið eftir. Svæðið allt, sem í raun er lítill skagi milli Hvammsvíkur að vestan, nefndu þeir Falcon Point.”

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 3; Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 113-115, 120.

GK-353:045 mannvirki

64°22.410N 21°33.901V

„Varðstöðvar voru [við þjóðveginn og] við bryggjuna í Bátsmýri og var þangað leitað liðsinnis ef hermenn þóttu óstýrlátir.” Ein af þessum varðstöðvum er nokkurn veginn beint á móts við Selsker úti á Hvammsvíkinni. Þar eru enn miklar leifar, bæði af bryggju og nokkurum steyptum húsum. Á þessum stað er grasbali upp af fjörunni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 120.

GK-353:046 heimild um skemmu

64°22.320N 21°34.575V

„Um veturinn fyrir jól fóru þeir tólf saman í Hvamm til Orms á náttarþeli. Ormr var eigi heima; hann var farinn nokkur at erindum sínum. Bolli hét þræll hans, er annaðist um bú hans ávallt, er Ormr var eigi heima. Þeir brutu upp útibúr hans og báru út vöru ok mat; þeir tóku kistu Orms, er gripir hans váru í, ok fóru með þetta allt á burtu” segir í Harðar sögu og hólmverja. Ekki er vítað um staðsetningu útibúrisins en líklegt verður að teljast að það hafi verið skammt frá bænum, yfirleitt stóðu slík hús heima við bæi og væri leifa þess þá að leita í bæjarhólum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÍF XIII, 68-69.

GK-353:047 heimild um naust

64°22.514N 21°35.101V

„Geir vildi ráða, ok fóru þeir sex saman um nótt til nausta Orms. Þeir báru kistuna á land ok upp í naustit ok settu undir húfinn á skipi Orms” segir í Harðar sögu. Ekki er vítað hvar þessi naust voru en vel er hugsanlegt að þau hafi verið á sama stað og naust Hvammsbænda á Dranganesi síðar (sbr. 021°).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÍF XIII, 70.

GK-353:048 heimild um landamerki

64°21°883N 21°37.702V

„Millum Hvamms, Hvammsvíkur og Neðra-Háls eru landamerki: Fast niður við sjóinn norðanvert og innanvert

við Reynivallahálsenda er mýri ein nefnd Lágholtsmýri, utan til á henni niður við sjávarbakka er varða ein hlaðin af grjóti ...” segir í landamerkjálýsingu Hvamms. Þar sem merkjavarða þessi hefur verið er nú risið sumarbústaðahverfi og hefur varðan horfið vegna þess. Á merkjum niðri við sjó er nú skurður sem virðist vera einhvers konar frárennsli frá sumarbústöðunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Landamerkjaskrá 1890.

GK-353:049 heimild um landamerki

64°21'723N 21°37.486V

„... ofar í mýri þessari [en 048] er þúfa ein af jörð sem virðist hafa verið hlaðin á klett sem þar er” segir í landamerkjálýsingu Hvamms. Alveg syðst í mýrinni er smáhæð með smápúfu sem gæti verið leifar af þessari vörðu en hún hefur greinilega verið orðin óljós þegar lýsingin var skrifuð 1890. Á þessum stað er þýft mýrlendi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Landamerkjaskrá 1890.

GK-353:050 heimild um landamerki

64°21'730N 21°37.462V

„Merkin eru nú bein lína frá grjótvörðunni við sjóinn, yfir þúfuna í mýrinni og alla leið uppá hálsbrún, á línu þessari eru hlaðnar 4ar vörður, sem eru grjótvörðan við sjóinn, á þúfunni í mýrinni, norður á hálsbrúninni ...” segir í landamerkjálýsingu Hvamms. Ekki er nú hægt að sjá vörðu á þessum stað, skammt norðan þjóðvegur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Landamerkjaskrá 1890.

GK-353:051 heimild um landamerki

64°21'631N 21°37.375V


„Merkin eru nú bein lína frá grjótvörðunni við sjóinn, yfir þúfuna í mýrinni og alla leið uppá hálsbrún, á línu þessari eru hlaðnar 4ar vörður, sem grjótvörðan við sjóinn, á þúfunni í mýrinni, norður á hálsbrúninni og loks þar sem vötnum hallar suður og norður af hálsendanum, frá þeirri vörðu eru landamerkin alla leið austur eptir hálsinum eptir því sem vötnunum hallar ...” segir í landamerkjálýsingu Hvamms. Ekki er lengur að sjá vörðu á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Landamerkjaskrá 1890.

GK-353:052 tóft óþekkt

64°22.437N 21°34.725V



Fjórar tóftir standa í þyrpingu við sjávarbakkann, norðan við vegaslóða sem liggur milli Mjóáóss og Grafaróss, þar sem vegarslóðinn greinist í tvennt. Þýft graslendi er á milli slóðans og sjávarbakkans. Austasta tóftin er ferhyrmd og um 5 m á hvorn veg. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-353:053 tóft óþekkt

64°22.437N 21°34.725V

Fjórar tóftir standa í þyrpingu við sjávarbakkann, norðan við vegaslóða sem liggur milli Mjóáóss og Grafaróss, þar sem vegarslóðinn greinist í tvennt. Þýft graslendi er á milli slóðans og sjávarbakkans. Næstaustasta tóftin er eitt hólfi. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, veggjaþykkt er mest um 1 m en minnst um 60 sm. Veggir eru frá 50 sm til 85 sm að hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-353:054 tóft óþekkt

64°22.305N 21°34.591V

Fjórar tóftir standa í þyrpingu við sjávarbakkann, norðan við vegaslóða sem liggur milli Mjóáóss og Grafaróss, þar sem vegarslóðinn greinist í tvennt. Þýft graslendi er á milli slóðans og sjávarbakkans. Næstvestasta rústin er ferköntuð og um 6 m á hvorn veg. Hún skiptist í tvö hólfi og er um 2 m þykkur veggur á milli þeirra í miðjunni. Útíveggir eru um 1 m á þykkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-353:055 tóft óþekkt

64°22.419N 21°34.768V

Fjórar tóftir standa í þyrpingu við sjávarbakkann, norðan við vegaslóða sem liggur milli Mjóáóss og Grafaróss, þar sem vegarslóðinn greinist í tvennt. Þýft graslendi er á milli slóðans og sjávarbakkans. Vestasta tóftin er ógreinileg í þýfðum haganum sem þarna er en hún er hlaðin úr torfi og grjóti og skiptist í tvö hólfi. Hleðsluhæð er

á bilinu 20 til 50 sm.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-353:056 varða

64°21'.815N 21°36.395V

Svörtuklettur er um 30-40 m sunnan við þjóðveg 1 og um 800 m austan við landamerki Hvamms og Neðra-Háls. Á þeim er nokkuð myndarleg grjóthlaðin varða sem sést frá þjóðvegnum. Er á klettabrún, um 70-80 sm á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-353:057 tóft

64°22.118N 21°34.818V

Um 15 m norðan við 039 er tóft. Hún er um 30 m suðvestan við greinilegan bíslóða sem liggur meðfram túnunum að sunnan og um 5 m sunnan við ógreinilegan slóða sem liggur til vesturs úr greinilegri afleggjaranum. Um 150 m sunnan við Grafarós.



Tóftin er norðan í hæðardragi en allt í kring eru fremur þýfðir mór. Tóftin er um 7 m á lengd og 3,5 á breidd. Hún er að meðaltali um 0,5 m á hæð og skiptist í tvö hólf sem eru svipuð á stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-353:058 heimild um kálgarð

64°22.303N 21°34.493V

1917 voru þrír kálgarðar utaní bæjarhólum í Hvammi. Einn var áfastur bænum að austan, annar austan við útihúsið 006 en sá stærsti sunnan við bæinn og stéttina, vestan við traðinnar heima að bænum. Garðarnir eru nú horfnir vegna framkvæmda sem hafa raskað bæjarhólum í Hvammi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-353:059 gerði

64°22.449N 21°32.984V

Á brekkubrún um 3-4 m sunnan við slóðann upp í Hvammsey og frammi á bakka, þar sem hallar að sjó að sunnanverðu, er stór hringlaga rúst eða gerði. Það er vel gróið og nokkuð sokkið á köflum. Fjögur hólf hafa verið í því sunnanverðu. Þvermál þess er 14 m og veggþykkt frá 1 að 2 m, en mesta hæð hleðslna eru tæpir 50 sm. Fyrir gerðinu sést móta á loftljósmynd frá 1946.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-354 Hvammsvík

Var hjáleiga frá Hvammi, sjálfstætt býli 1847

Hjáleiga frá Hvammi. Talið er að Jón Marteinsson muni fyrstur hafa byggt í Hvammsvík, en hann eignaðist jörðina í makaskiptum við Brynjólf biskup fyrir Eystra-Miðfell á Hvalfjarðarströnd um 1660. Þessi jarðarhluti mun vera þannig til kominn að 12 hundruð úr Hvammi voru erfðahluti Ólafs Hannessonar, bróður Jóns lögréttumanns í Hvammi, sem hann fékk eftir föður sinn 1609. Ólafur seldi síðan Brynjólfi biskupi hlutann og það mun hafa verið þá eða í tíð Jóns Marteinssonar sem Hvammsvík varð að sérstöku býli. Í jarðabók Árna og Páls frá 1705 kemur fram að sr. Oddur Árnason á Kálfatjörnum hafði átt jörðina til 1702 en þá hafði eignast hana Markús Brandsson á Vatnsleysu. Þáverandi ábúandi í Hvammsvík leigði einnig hluta af Hvammi og hefur Hvammsvík því ekki verið að neinu leyti minna bú en Hvammur þar sem var tvíbýli og jafnan síðan. 31.7.1749 selur Þórdís Halldórsdóttir Kort Jónssyni lögréttumanni Hvammsvík fyrir 12 hundruð með 2 ½ kúgildi - Alp.Í. XIII, 472. Ári síðar eða 15.7.1750 er lýst fyrir hönd Herdísar Hallvarðsdóttur brígð í 12 hundrð í jörðinni Hvammi, kölluð Hvammsvík, og framboðnir peningar til innlausnar hennar - Alp.Í. XIII, 475. 24.5.1792 gefur Solveig Kortsdóttir syni sínum sr. Oddi Þorvarðssyni hjáleigu í Hvammi í Kjós, Hvammsvík nefndri, 12 hundruð að dýrleika með 1 kúgildi, henni til uppihalds fyrir lífstíð - Alp.Í. XVI, 95. 3.1.1795 selur sr. Oddur Þorvarðsson Guðmundi Þórðarsyni jörðina Hvammsvík, 12 hundruð að dýrleika með 1 kúgildi - Alp.Í. XVI, 235. Hvammsvík var jafnan talin 12 hundruð af dýrleika Hvamms, en 1840 telur sýslumaður hana 20 hundruð. Þó Hvammsvík væri aldrei svo vitað sé eign sömu aðila og áttu Hvamm eftir 1609 fyrr en á 20. öld þá voru formleg landaskipti aldrei gerð milli jarðanna og var beitolandi óskipt á milli þeirra. Ábúendur á jörðinni urðu að flytja af henni á árunum 1943-45 á meðan hersetulið var á staðnum. (HJ Ljósmyndir I, 28).

1712: Yfir tún hjáleigunnar fauk skel og sjávarsandur og engi hennar þóttu nær eyðilögð af skriðum.

GK-354:001 Hvammsvík bæjarhóll bústaður

64°22.226N 21°34.417V

„Bærinn í Hvammsvík stendur nú á Gvendarhól [014] neðst í túni” segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús stendur um 50 m austar en gamli bærinn var samkvæmt túnakorti frá 1917. Framkvæmdir hafa raskað bæjarhólnum og hefur hluta hans verið ýtt til. Langmest spjöll hafa verið gerð norðvestantil á hólnum. Hvergi sjást mannvistarleifar á yfirborði. Vestan og norðan við núverandi íbúðarhús er hlað en suðaustan er hinsvegar klettahóll (sbr. 014), en þar fyrir sunnan eru slétt tún. Sumarið 1909 tók Sigurgeir Þórðarson býlin Hvammsvík og austurbæinn í Hvammi á leigu, reif báða bæina og byggði einn vandaðan bæ í Hvammsvík og hefur það verið síðasti torfbærinn þar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Hvammur og Hvammsvík, 2.

GK-354:002 heimild um útihús

64°22.224N 21°34.420V

Útihús hefur staðið u.þ.b. 70 m vestan við íbúðarhúsið í Hvammsvík. Það er horfið og hefur sennilega lent undir heimreiðinni. Það sést þó ekki á loftljósmynd frá 1946 og af því má ráða að það hafi verið jafnað við jörðu áður. Þar er nú heimreið og hlað fyrir framan íbúðarhúsið í Hvammsvík.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012 Landmælingar Íslands.

GK-354:003 heimild um útihús

64°22.226N 21°34.417V

Útihús stóð samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 um 3-4 m norðan við íbúðarhúsið í Hvammsvík. Á þessu svæði er nú bæjarhlað. Hlaðið nær yfir allstórt svæði vestan við gamla bæjarstæðið og má öruggt telja að útihúsið hafi lent undir því.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.

GK-354:004 heimild um útihús

64°22.21°8N 21°34.182V

Útihús stóð samkvæmt túnakorti frá 1917 um 4-5 m suðaustur af bænum. Þar er nú bæjarhlað og sjást engin merki um útihúsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-354:005 heimild um útihús

64°22.21°8N 21°34.182V

Útihús var í túnjaðrinum u.þ.b. 70 m norðaustur af bænum, niðri við víkina. Útihúsið hefur verið 30-40 m norðar en 007. Þar er nú sléttá tún og engar byggingaleifar að sjá. Húsið verður heldur ekki greint á loftljósmynd frá 1946 og hefur því greinilega verið jafnað við jörðu fyrir þann tíma.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012 Landmælingar Íslands

GK-354:006 heimild um útihús 64°22.21'8N 21°34.182V
Útihús var í túnjaðrinum u.þ.b. 60 m norðaustur af bænum, niðri við víkina. Þar eru nú tún og sést ekki til hússins. Húsið verður ekki greint á loftljósmynd frá 1946 og hefur þá verið búið að jafna það við jörðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012 Landmælingar Íslands

GK-354:007 heimild um útihús 64°22.21'8N 21°34.182V
Útihús var í túnjaðrinum u.þ.b. 70 m norðaustur af bænum, niðri við víkina. Húsið hefur verið um 30-40 m sunnar en 005. Þar er nú sléttá tún og engar byggingaleifar að sjá. Húsið verður heldur ekki greint á loftljósmynd frá 1946 og hefur því greinilega verið jafnað við jörðu fyrir þann tíma.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012 Landmælingar Íslands

GK-354:008 heimild um lendingu 64°22.186N 21°34.177V
„Lending góð og skipsuppsátur.” Ekki er vitað hvar nákvæmlega lendingin var í Hvammsvíkinni. Austan víkurinnar er mýrlendi en syðst í víkinni er klettaborg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM III, 433.

GK-354:009 heimild um uppsátur 64°22.182N 21°34.143V
„Lending góð og skipsuppsátur. „ Ekki er vitað hvar nákvæmlega uppsátrið var í Hvammsvíkinni eða hvort það var á sama stað og lendingin. Austan víkurinnar er mýrlendi en syðst í víkinni er klettaborg
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM III, 433.

GK-354:010 *Kapratættur* heimild um hesthús 64°22.113N 21°34.484V
„Hvammsvík er syðri bærinn, en samnefnd vík er í austur frá bænum. Austurendinn á Bæjarholti heitir Holtsendi og nær að Gjárásandi. Í heimanverðum Holtsendanum eru Kapratættur.” segir í örnefnalýsingu. Kapratættur er annað heiti á þessum stað og mun það hafa verið almennara heiti í seinni tíð. Örnefnið bendir til að þarna hafi verið hús fyrir hross. Norðvestast í Bæjarholti, um 40 m austan við veginn heim að Hvammsvík, er dæld eða ferhyrnd þúfnaröð sem er mjög óljós og ógreinileg. Þar eru klettaborgir og fremur þýft. Dældin er um 4x3 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hvammur og Hvammsvík ATH AG, 2.

GK-354:011 *Mómýri* örnefni mógrafir 64°22.174N 21°34.205V
„Hvammsvík er syðri bærinn, en samnefnd vík er í austur frá bænum. ... Niður af víkinni er mýri sem heitir Mómýri. Hún má heita útgrafin og er hvít af fífu á sumrin” segir í örnefnalýsingu. Mýrin hefur verið ræst fram og er nú sléttá tún og sér hvergi til mógrafa. Að austan er Hvammsvíkin, norðan vegaslóði niður að víkinni og sunnan Holtsendi. Bresk og bandarísk skálaverfi voru reist beggja vegna Mómýrar í seinni heimsstyrjöldinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hvammur og Hvammsvík ATH AG, 2.

GK-354:012 *Torfahóll* örnefni rista 64°22.028N 21°34.410V
„Þar suður af [Haflíðahól sem er austan við Mómýri] er Torfahóll, sunnan við Hvammsvíkurholt” segir í örnefnalýsingu. Örnefnið vísar sennilega til þess að torf hafi verið þurrkað á hólum. Torfahóll er fremur grýttur hóll en allt í kring eru holt. Gæti verið sami staður og GK-353:032.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hvammur og Hvammsvík, 2.


GK-354:013 heimild
„Varðstöðvar voru við þjóðveginn (og við bryggjuna í Bátsmýri og var þangað leitað liðsinnis ef hermenn þóttu óstýrlátir).” Stöðin var þar sem afleggjarinn heim að Hvammi og Hvammsvíkur liggur nú af þjóðveginum en ekki sjást leifar hennar lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Friðþór Eydal: Vígðrekar og vopnagnýr, 119.

GK-354:014 *Gvendarhóll* heimild um leikvöll 64°22.201N 21°34.453V
„... en fyrir vestan bæinn í Hvammsvík, neðst í túninu, er hóll sem heitir Gvendarhóll, og þar var aðal leikvöllur

okkar drengjanna sem áttu heima á þessum bæjum þegar ég var barn.” segir í örnefnalýsingu. Íbúðarhúsið stendur nú á þessum hól sem er allhár en miklum hluta hans hefur verið raskað. Það er helst suðvesturhlutinn sem er óskemmdur.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Hvammur og Hvammsvík, 2.



5. Fornleifar og byggð

Búskapur og búseta í Kjósarhreppi hafa tekið þónokkrum breytingum á undanförunum árum og áratugum. Sumarbústaðahverfi eru á nokkrum stöðum, þau stærstu við Meðalfellsvatn og í Eilífsdal, í landi Meðalfells. Hefðbundinn búskapur er aflagður á mörgum af þeim jörðum sem skráðar voru 2007-2008 en sumstaðar er tekin við framleiðsla landbúnaðarafurða í stórum stíl. Þannig eru t.d. stór mjólkubú á Eyjum og Neðra-Hálsi, hið síðarnefnda með lífrænan búskap, og nautgriparækt til kjötframleiðslu á Hálsi. Hrossabúskapur er á Þúfu og á nokkrum bæjum er ekki hefðbundinn búskapur lengur þótt víðast hvar séu lönd nýtt fyrir beit, a.m.k. að einhverju leyti. Þetta á við um Bæ, Blönduholt, Hvamm, Hvammsvík, Þúfukot, Útskálahamar og Sand. Yfirleitt er eyðing jarða að einhverju leyti jákvæð fyrir fornleifar, þ.e. varðveisla er yfirleitt betri þar sem menn hafa hætt að nota stórvirkar vinnuvélar við túnrækt og húsbyggingar. Á móti kemur sá ókostur að upplýsingar um minjastaðina glatast með ábúendum og oft getur verið erfiðara að bera kennsl á þá þar sem gróður er mikill. Þar sem sumarbústaðabyggð hefur tekið við er rask gjarnan töluvert vegna þéttar byggðar auk þess sem sumarbústaðaeigendur þekkja landshætti ekki vel og meiri hætta er á að fornleifum sé raskað óviljandi.

Enn er of snemmt að draga almennar ályktanir um fornleifar í Kjós í heild, enda skráningu ekki nærri því lokið. Hér að aftan verður þó reynt að draga saman helstu niðurstöður um einstaka minjaflokka úr fyrstu tveimur áföngum skráningar sumurin 2007 og 2008.

Bæjarhólar og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr gólfögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakort, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem hefur farið einna verst í uppbyggingu í landbúnaði og endurbótum á húsakosti á 20. og 21. öld. Eini bæjarhóllinn sem hefur verið skráður fram að þessu og getur talist þökkalega vel varðveittur er hóllinn á Eyri (GK-326:001). Þar stóðu fjárhús þegar túnakort var teiknað árið 1917. Sennilega hefur einungis yfirborð hólins verið sléttað, í það minnsta virðist hann vel varðveittur og sömu sögu er að segja með næsta hól fyrir neðan hann þar sem talið er að bænhus (GK-326:002) hafi staðið. Nokkur bæjarstæði í Kjós hafa verið flutt til á liðnum öldum og eru því sennilega nokkur eldri bæjarstæði vel

varðveitt þótt ekki sé staðsetningin alltaf þekkt. Um miðja 17. öld féll snjóflóð á bæinn á Þorlákssstöðum og var hann fluttur á núverandi bæjarstæði eftir það (318:001). Gamla bæjarstæðið er ekki þekkt og liggur ekki í augum uppi hvar það gæti hafa verið. Þó má helst giska á suðurhluta gamla túnsins og voru í skráningunni leiddar líkur að því að bærinn hefði staðið í námunda við svonefndan Helguhól (GK-318:024). Í Jarðabók Árna og Páls er greint frá því að bæinn á Sandi (GK-342:001) hafi þurft að færa af hinum fornu tóftum, enda séu hin fornu tún eyðilögð af skriðum og vatni. Í örnefnalýsingu er talið að bærinn hafi staðið norður við Sandsá en Magnús Sæmundsson frá Eyjum hefur heyrt að hann hafi upphaflega staðið á túnskika norðan við Sandsá. Vitað er að áin var mikið skaðræði á árum áður og flæddi reglulega yfir tún og engjar Sands- og Eyjabænda. Landamerki milli Sands og Eyja má t.d. telja líklegt að hafi legið um gamlan farveg Sandárinnar sem liggur austar en núverandi farvegur. Síðan hefur hún breytt um farveg og það er ástæða þess að Sandur á landskika handan árinna. Engin greinileg ummerki sjást um eldra bæjarstæði og var þó skimað vel bæði norðan og sunnan Sandsár. Sennilega hafa þessar hamfarir átt sér stað á 17. öld. Nokkrir bæjarhólar sem nú hafa verið skráðir eru sennilega mjög illa farnir: Sléttað hefur verið yfir bæjarhóla Meðalfellskots (GK-337:001) og Tutlutættur (GK-341:010), en það er upphaflega bæjarstæðið í Flekkudal, notað fram til um 1940. Nær engin hólmyndun sést á yfirborðið á þessum stöðum en ekki er útilokað að mannvistarleifar leynist undir sverði. Þá hefur bæjarstæðið í Þúfukoti (GK-325:001) verið grafið sundur að mestu leyti vegna framkvæmda nýverið.

Erfitt er að meta ástand annarra bæjarhóla en á þeim flestum standa byggingar, oftast íbúðarhús sem enn er búið í. Það er viðbúið að þeir hafi skemmst að einhverju leyti við framkvæmdir á síðustu áratugum en þó gætu hlutar bæjarhóla enn verið óskemmdir á nokkrum stöðum.

Nokkur smærri býli eru þekkt innan jarðanna sem skráðar voru 2007 og 2008 og eru þau talin upp í listanum hér að neðan. Í nokkrum tilfellum eru ekki áreiðanlegar heimildir um að búið hafi verið á stöðunum, enda giskuðu Árni og Páll stundum á að rústir væru af býlum í Jarðabók sinni 1705.

Númer	Heiti	Í byggð	Ástand
GK-323:007	Blönduholtskot	Nýkomið í eyði um 1700	Sennilega horfið
GK-324:010	Litlapúfa/Lindarbrekka	1885-1897 og 1917-1930	Sáralítill ummerki
GK-324:011	Litlibær	1835-1944	Vel varðveittur rústahóll, útihús og túngarður
GK-326:024	Blómsturvellir	Í byggð 1703, ekki vitað hvenær féll í eyði	Óljósar en varðveittar rústir – hugsanlega stekkjartóft á eldri rústum
GK-326:021°	Þorkelskot	Í byggð 1703, ekki vitað hvenær féll í eyði	Staðsetning óþekkt, gæti hafa verið á Harðbala, sjá

			326:025.
GK-326:025	Harðbali	1875-1890	Mikið rask v/ húsbygginga, útihúsrúst og túngarður
GK-326:026-030	Tómthúsbyli á Harðbala: Flóðatangi, Oddsbær, Ólafsbær, Þórarinsbær og Þorsteinsbær	19. öld?	Sennilega horfið
GK-336:012	Hjarðarholt	1905-ca. 1920?	Sléttað tún og rask vegna gryfju
GK-336:013	Meðalfellssel	1859-1868	Ágætlega varðveitt
GK-336:015	Dæliskot	Komið í eyði um 164°0 og kannski löngu fyrr	Staðsetning óþekkt, gæti verið sami staður og Hjarðarholt 336:013
GK-336:027	Bræðrapartur	1858-1861	Horfið
GK-338:039	Hvassnes	Í byggð 1705, talið í eyði snemma á 18. öld	Horfið en leifar rústahóls í túni
GK-338:046	Gróukot	Í eyði milli 164°0-1650	Undir uppfylling
GK-342:013	Austurkot	Ekki vitað	Staðsetning óþekkt, sennilega horfið
GK-343:039	Svínadalaskot	Í byggð á 17. öld, komið í eyði fyrir 1700.	Sennilega undir selrústum 343:014.
GK-343:015	Grámói	Sennilega í eyði löngu fyrir 1705	Staðsetning óþekkt
GK-343:033	Múlakot	Ekki vitað, sennilega 19. öld af rústum að dæma	Vel varðveittar rústir
GK-344:017	Fornaskjól	Sennilega í eyði löngu fyrir 1705	Rústahóll og garðlag
GK-344:020	Nafnlaust	Óljósar heimildir, talið í byggð um miðja 19. öld	Tvær rústir
GK-352:015	Ullarhóll	Komið í eyði um 1660	Horfið
GK-352:016	Arnarkot	Komið í eyði upp úr 1600	Horfið
GK-353:014	Naglastaðir	Óvíst, sennilega í eyði löngu fyrir 1705	Staðsetning óviss
GK-353:015	Ásmundarstaðir (tómthús)	Búseta í 3 ár nálægt 1700	Horfið

Kirkjur, kuml og legstaðir

Engin kuml eru þekkt á skráningarsvæðinu og reyndar ekki í Kjósarsýslu. Sker hún sig nokkuð frá nærsveitum að því leyti þótt reyndar séu ekki mörg kuml á Vesturlandi ef miðað er við landið í heild. Þrátt fyrir það er engin ástæða til að draga í efa að Kjósinn hafi byggst snemma og sennilegt má telja að óröskuð kuml hljóti að leynast í sveitinni. Hálfkirkja var á Eyri en hún var aflögð með konungsbréfi árið 1765. Vitað er hvar kirkjan stóð og var kirkjugarður eða grafreitir við hana (GK-326:002). Hóllinn hefur verið sléttaður en hann er kúptur og greinilegur og ekki líklegt að mikið hafi verið tekið af honum við sléttun. Grunn kirkjunnar og jarðneskar leifar manna er sennilega enn að finna í hólnum. Hálfkirkja var sömuleiðis á Eyjum (GK-338:002) en nú er ekki vitað hvar hún stóð og ekki vitað til þess að mannabein hafi komið upp við rask á bæjarhólnum, sem þó hefur verið raskað töluvert í gegnum tíðina vegna húsbygginga. Þegar Árni og Páll rituðu um staðinn árið 1705 mundi

enginn lengur eftir kirkjunni eða hvenær hefði síðast verið messað á Eyjum. Á Meðalfelli var kirkja, aflögð 1808 (GK-336:002). Kirkjugarðurinn er afgirtur og vel varðveittur. Hefur ekki verið plantað í hann og engu verið raskað svo vitað sé. Þá eru óljósar sögusagnir, nú rúmlega 300 ára gamlar, um að bænhús hafi verið á Neðra-Hálsi en ekkert hefur fundist sem staðfestir þær (GK-352:002). Að lokum var hálfkirkja í Hvammi, aflögð 1765. Kirkjan stóð sennilega skammt vestan við bæinn, nú undir teigi á golfvelli. Þar sést þúst en ekki teljandi mannvirki (GK-353:002).

Þjóðsögur greina frá tveimur legstöðum. Smalar frá Þverárkoti og Möðruvöllum eiga að hafa slegist í Svínaskarði og Möðruvallasmalinn ku grafinn í svonefndri Dys þar efst í skarðinu (GK-343:016). Íri sá sem Írafell er kennt við mun skv. þjóðsögunni grafinn í svonefndum Íradal (GK-344:018) en á hvorugum staðnum sjást vísbendingar um raunverulega legstaði þótt erfitt sé að útiloka nokkuð í þeim efnum. Íri þessi gróf einnig gull sitt í svonefndum Gullkistuhól (GK-344:026) og reyndu menn ítrekað að grafa í hann allt fram á 20. öld með litlum árangri. Ekki er vitað um fleiri legstaði á jörðunum sem skráðar voru sumurin 2007 og 2008 nema ef vera skyldi hrossgröf (GK-352:033) á Neðra Hálsi en þar heygði Þórður Guðmundsson (d. 1922) reiðhest sinn með öllum tygjum.

Útihús og túngarðar

Á flestum byggðum bóllum hafa verið fjölmörg útihús í túnunum. Þar voru algengust fjárhús, hesthús og fjós en einnig skemmur, smiðjur og hrútakofar svo eitthvað sé nefnt. Öll þekkt útihússtæði af túnakortum frá því um 1920 voru skráð, jafnvel þótt ekkert sæist á vettvangi lengur, enda geta húsaleifar lengi leynst undir yfirborði þótt tún hafi verið sléttuð eða byggt á þeim. Alls voru skráð 131 útihús á bæjunum sem eru 21 talsins en þar af reyndist aðeins unnt að flokka 38 til tegunda. Flokkunin skiptist svona:

Tegund útihúss	Fjöldi	Þar af varðveitt
Fjárhús	13	6
Hesthús	8	3
Lambhús	7	0
Fjós	4	0
Skemma	3	2
Smiðja	2	0
Hrútakofi	1	0
Útihús með óskilgreint hlutverk	93	15
Alls	131	26

Af þessu má sjá að varðveisla útihústöfta er heldur slök, þ.e. aðeins eru varðveittar leifar um 20% af útihúsum á svæðinu.

Leifar heillegra túngarða sjást á þónokkrum bæjum, t.d. á Möðruvöllum, Kiðafelli, Útskálahamri og Blönduholti. Best varðveittur er að líkindum túngarður á Neðra Hálsi sem nær um allan norðurhluta túnsins (GK-352:010). Hætt var að slá þennan túnhluta fyrir mörgum áratugum og í staðinn hafin skógrækt. Sennilega hefur þessi breyting á notkun túnsins komið í veg fyrir eyðileggingu túngarðsins sem er fallegur og vel hlaðinn þótt norðurendinn sé að mestu leyti horfinn í skóg.

Stekkir og kvíar

Algengast er að stekkir hafi verið á hverjum bæ og stundum fleiri en einn. Oftast eru þeir litlar réttir, helst tvískiptar. Í flestum tilfellum eru þeir í úthögum en þó ekki mjög fjarri bæ. Stekkir voru almennt notaðir snemma á vorin til að stíla sundur lömbum og ám. Alls voru skráðar upplýsingar um a.m.k. 17 stekki og þar af eru varðveittar leifar af 11. Vel varðveittir stekkir eru t.d. á Eyri (Stekkjarhóll GK-326:012) og Sandi (GK-342:022). Sá síðarnefndi er reyndar flóknari bygging en algengast er með stekki og má vera að það endurspegli nokkur byggingarstig. Einnig er ágætlega varðveittur stekkur á Neðra Hálsi, inni í myndarlegri skógrækt (GK-352:025). Tveir stekkir eru varðveittir á Kiðafelli, Bollastekkur (GK-330:017) og stekkjartóft í Stekkjarhvammi (GK-330:016) og á Möðruvöllum er einnig vel varðveitt tóft sem heitir einfaldlega Stekkur (GK-343:018).

Engar upplýsingar er að hafa um stekki á Þorlákssstöðum, Þúfu, Eyjum eða Útskálahamri en á þremur bæjanna fundust þó litlar réttir sem gætu hafa verið stekkir (GK-318:015, GK-324:005, GK-338:031). Tveir stekkir á Meðalfelli eru horfnir undir mannvirki (Stekkur GK-336:021° og Fúsastekkur GK-336:024). Á Grjóteyri er tóft á stað sem heitir Stekkur en ekki alveg ljóst hvor hún er af sjálfum stekknunum eða af yngra mannvirki. Í Hvammi er þekkt örnefnið Stekkjarlækur (353:018) en ekki vitað um mannvirki þar í námunda. Bessastekkur (GK-353:037) er hins vegar varðveittur á rústahól og hefur verið leitt að því líkum að hann sé byggður á eldri sel- eða býlisrústum. Algengt var að kvíar væru nærri bæ, í eða við jaðra gamalla túna og því orðið sléttun að bráð þegar tún voru sléttuð og færð út, oft á 20. öld. Samtals voru skráðar upplýsingar um 14 kvíar í fyrstu tveimur skráningaráföngunum og af þeim sáu stóru leifar á tveimur stöðum Varðveitt kvíatóft er á Meðalfelli (GK-336:022) og sömuleiðis á Möðruvöllum (GK-343:021°). Kvíaflatir eru

þekktar á Þúfu en þar sjást engin mannvirki og mögulegt að nafnið sé dregið af færíkvíum úr timbri. Sama má segja um Kvíastæði (GK-338:034) á Eyjum og Kvíahvamm (GK-330:014) á Kiðafelli. Stöðulörnefni eru á nokkrum stöðum en ekki er vitað um nein mannvirki sem tengjast þeim sérstaklega. Þó er tekið fram á Neðra Hálsi að fært hafi verið frá á Stöðli (GK-352:027) í færíkvíum. Að lokum má nefna litla réttartóft skammt utan túns á Þorlaksstöðum sem gæti mögulega verið af kvíum (GK-318:025).

Fjöldi lítilla rétta af ýmsu tagi var skráður í áföngunum tveimur. Flestar hafa sennilega verið til heimilisnota, t.d. hestaréttir og rúningsréttir og verða ekki allar upptaldar hér. Tvær skilaréttir voru á bæjunum sem nú hafa verið skráðir. Annars vegar er það Eyjarétt (GK-338:033) en hún var eyðilögð fyrir nokkrum áratugum og sjást aðeins óverulegar hleðsluleifar eftir. Þótt litlar sem engar leifar sjáist nú á yfirborði má enn greina útlínur réttarinnar af loftmynd. Hin skilaréttin er á Möðruvöllum (GK-343:020), ágætlega varðveitt.

Mógrafir

Enginn skortur hefur verið á mó í Kjósinni. Vitað er um mógrafir á öllum jörðunum sem nú hafa verið skráðar og má reyndar búast við að þær hafi verið enn fleiri, enda leynast mógrafir víða og er ekki alltaf getið í heimildum. Sýnilegasta mógrafasvæðið er sennilega í Eyrarlandi, suður frá Harðbala (GK-326:034). Það hlýtur að hafa verið notað fram á 20. öld ef marka má gott ástand og reglulega lögun. Þetta svæði hefur áreiðanlega hentað vel til mótekju, enda eru margar mógrafir skammt sunnar, í landi Þúfukots og eiginlega nær að tala um samfellt mógrafasvæði þar. Helgi Jónsson á Felli gat þess að mór úr Blönduholtsslandi hefði verið notaður í vöruskiptum á 20. öld (sjá GK-323:008) og má vera að það skýri að einhverju leyti fjölda mógrafa, sérstaklega á svæði sem nær yfir Eyrar-, Þúfu- og Þúfukotsland. Ekki er ólíklegt að eftirspurn eftir mó hafi verið talsverð á stríðsárunum og þá hafi nærsveitir Reykjavíkur notið góðs af drjúgri mótekju á þessum slóðum.

Beitarhús og fjárborgir

Beitarhús eru fjárhús sem hafa verið sett niður í úthögum til að nýta beit. Aðeins eru vísbendingar um slík á fimm jörðum af 21° sem skráðar hafa verið fram að þessu. Á Neðra Hálsi er myndarleg beitarhúsatóft (GK-352:022) sem sennilega hefur verið í notkun frameftir

20. öld. Um 250 frá henni er mun fornlegri tóft (GK-352:038) og minni um sig sem gæti verið af eldri beitarhúsum, í það minnsta er ekki augljóst hvaða hlutverki öðru hún gæti hafa gegnt. Stór og myndarleg beitarhúsatóft (GK-318:019) er á Þorláksstöðum, í skarði sem heitir Borgarskarð og bendir það til að þar kunni að hafa verið fjárborgir áður, enda er hóll undir húsunum sem bendir nokkuð eindregið til eldri mannvistarleifa. Þar var talað um að fara „út á Borgir“ þegar farið var í húsin. Á Eyjum er vísbending um beitarhús örnefnið Dagfjárhúsmelur (GK-338:022) en þar sjást nú engar rústir. Býsna fornleg rúst er á Bæ og talin af beitarhúsum (GK-335:015). Ekki er vitað hversu gömul hún er en í það minnsta ber hún ekki einkenni yngri beitarhúsarústa sem eru yfirleitt garðahús með hlöðu. Að lokum má geta þess sem segir um fjárhús frá Meðalfelli í Jarðabók Árna og Páls 1705. Þá var Dæliskot (GK-336:015) löngu komið í eyði en beitarhús Meðalfellsmanna höfðu verið á bæjarstæðinu í a.m.k. 60 ár. Fáar vísbendingar eru til í heimildum um beitarhús á 17. öld og því verður þetta að teljast býsna merkilegt. Beitarhúsin eru líklega löngu horfin en sennilega hefur býlið Hjarðarholt (GK-336:012) verið byggt á rústum þeirra. Nokkrar vísbendingar eru um fjárborgir á bæjum sem nú hafa verið skráðir í Kjós þótt enn sé of snemmt að segja til um hvort þær hafi beinlínis verið algengar á svæðinu. Eins og áður segir er örnefnið Borgarskarð (GK-318:019) á Þorláksstöðum og var talað um að fara „út á Borgir“ þegar farið var í fjárhúsin. Borgir (GK-338:048) eru líka til á Eyjum, nánar tiltekið á Eyjadal. Magnús Sæmundsson man eftir hringlaga, gróinni rúst á því svæði en ekkert fannst við vettvangskönnun. Samkvæmt örnefnalýsingu var fjárborg á Borgartöngum (GK-353:038) í Hvammslandi en ekkert fannst við vettvangskönnun þar. Fornaborg (GK-326:022) er á merkjum milli Eyrar og Útskálahamars, hring- eða sporöskjulaga. Önnur Borg var þar skammt frá en fannst ekki við vettvangskönnun (GK-329:018). Að lokum er tóft sem sögð er „borgartættur“ á merkjum Bæjar og Laxárness (GK-335:006).

Sel

Einhverjar heimildir eru þekktar um sel á átta af jörðunum sem nú hafa verið skráðar. Á Kiðafelli, Eyri og Þúfu eru einungis örnefni til vitnis um mögulega selstöðu (GK-324:008, GK-326:019, GK-330:013) en ekki vitað um tóftir á neinum staðanna og ekki fundust þær við vettvangskönnun. Það kom á óvart hversu veigalítlar minjar sjást nú eftir af Meðalfellsseli (GK-336:013) í Eilífsdal, sérstaklega ef miðað er við hvílíkt stórbýli Meðalfell var og að búið var um hríð á selinu á 19. öld. Þar sést ein greinileg tóft og kúptur hóll sem gæti reyndar verið upphlaðnar minjar að meira eða minna leyti. Veglegri eru seltóftir frá Eyjum á Eyjadal (GK-

338:040) en þar er rústahóll og klárlega nokkur byggingarstig á honum, nokkrar minni rústir og að auki tvær hlaðnar réttir sem sennilega hafa verið notaðar eftir að hætt var að hafa í seli. Möðruvellir áttu tvær selstöður, í Svínadal (GK-329:014) og í Trönudal (GK-343:030). Á báðum stöðum sjást töluverðar rústir. Írafellsmenn áttu einnig selstöðu í Svínadal og þar sjást líka rústir (344:016). Í Hvammi (353:027) er örnefnið Selveita en ekki ljóst hvar selið var þótt skráningamönnum hafi þótt líklegast að það hefði verið á sama stað og Bessastekkur var síðar.

6. Niðurstöður

Minjar í hættu

Hættumat var gert fyrir alla staði sem skoðaðir voru á vettvangi. Alls reyndist 301 minjastaður af 532 í hættu, langflestir vegna ábúðar eða 251. Yfirleitt eru staðirnir ekki í yfirvofandi hættu en nálægð við byggð af einhverju tagi, annaðhvort býli eða sumarbústaði, er svo mikil að einhverjar líkur eru á að stöðunum verði raskað. Aðrar hættuorsakir sem má nefna eru trjárækt, rof og vegagerð.

Þrír minjastaðir teljast í stórhættu. Bæjarstaðið í Þúfukoti (GK-325:001) hefur nýlega verið grafið sundur vegna framkvæmda við byggingar. Sárið stendur enn opið en ekki er vitað til þess að frekari framkvæmdir séu fyrirhugaðar á næstunni, enda hefur verið hætt við byggingu reiðskemmu. Á Harðbala (GK-326:025) hefur fornleifum sömuleiðis verið raskað vegna framkvæmda. Þar eru nú nokkur íbúðarhús og sumarbústaðir og töluverð hætta á að minjar skemmist enn frekar ef ekki er farið með gát. Þá var óþekkt rúst (GK-336:030) í landi Meðalfells talin í stórhættu sumarið 2007 en þá stóð til að reisa sumarbústaði á svæðinu. Ekki er ljóst hvort varð af framkvæmdum þar.

Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Minjastaðir í Kjósarhreppi henta vel til kynningar fyrir almenningi. Þar er töluverð umferð útivistarfólks, bæði vegna sívaxandi sumarhúsabygginga og eins vegna nálægðar við helsta þéttbýliskjarna landsins. Erfitt er að setja fram heildstæðar tillögur um kynningu minja í hreppnum fyrr en fullnaðarskráningu er lokið. Þó skal hér minnst á nokkra staði sem við fyrstu sýn henta vel til kynningar eða rannsókna af einhverjum sökum. Alls eru fjórir friðlýstir minjastaðir í Kjósarhreppi og þar af hefur einn nú verið skráður: Tóftirnar á Búðasandi (GK-352:012) sem voru friðlýstar árið 1975. Áður var sagt lauslega frá uppgrefti sem gerður var á hluta rústanna á 9. áratug 20. aldar. Það er óhætt að segja að staðurinn henti mjög vel til kynningar, enda er hann aðgengilegur og ströndin falleg og upplögð til gönguferða. Þar mætti t.d. setja upp skilti með upplýsingum um uppgreftinn. Frekari rannsóknir kæmu líka vel til greina, ekki síst með samanburð í huga en með uppgrefti á Gásam í Eyjafirði hefur vitneskja um verslun á miðöldum aukist mikið. Rannsóknar- og kynningargildi staðarins er mikið.

- Eyjadalur er stórskemmtilegt göngusvæði. Innarlega í honum eru rústir Eyjasels og

grjóthlaðinna rétta (GK-338:040) og gætu hentað vel til kynningar.

- Svínadalur er sömuleiðis fróðlegt minjasvæði. Þar eru selrústir bæði frá Möðruvöllum (GK-343:014) og Írafelli (GK-344:016). Möðruvellir áttu aðra selstöðu í Trönudal (GK-343:030), sem er skammt frá. Á þessu svæði mætti skipuleggja gönguleið þar sem hægt væri að fræðast um selin. Rústirnar henta einnig vel til rannsókna.
- Sagan af Írafellsmóra (GK-344:028) er viðfræg, líklega ein af kunnari þjóðsögum okkar Íslendinga. Tilvalið væri að gera henni hátt undir höfði og flétta inn í staðháttalýsingar fyrir ferðamenn. Möðruvallarétt (GK-343:020) er vel varðveitt skilarétt með almenningi og dilkum. Skilaréttir hafa áður verið miðstöðvar í einhverjum skilningi, hafa enda dregið til sín fjölda fólks og verið vettvangur skemmtana og jafnvel viðskipta. Eyjarétt, sem var einnig skilarétt við Meðalfellsvatn, var eyðilögð fyrir margt löngu og fyrir vikið hefur Möðruvallarétt enn meira gildi bæði til varðveislu og kynningar.
- Bæjarhóll Eyrar og bænhúshóllinn neðan við hann (GK-326:001-002) eru best varðveittu minjar af þessu tagi af þeim bæjum sem hafa verið skráðir. Vel varðveittir bæjarhólar hafa mikið rannsóknar- og varðveislugildi, enda finnast þar gjarnan ómetanlegar upplýsingar um byggingar og lífsviðurværi fólks á fyrri öldum og yfirleitt mikið af gripum. Sama má segja um bænhúshólinn. Ef bein eru vel varðveitt má lesa úr þeim heilsufarssögu kynslóðanna langt aftur í tímann. Það er mikilvægt að komist verði hjá raski á svæðinu í framtíðinni.

Heimildamenn

Marta Finnsdóttir, Káranesi (f. 1943)
Bjarni Kristjánsson, Þorlaksstöðum (f. 1946)
Björn Sigurbjörnsson, Kiðafelli (f. 1931)
Gísli Ellertsson, Meðalfelli (f. 1935)
Haraldur Hjartarson, Eyri (f. 1942)
Helgi Jónsson, Felli (f. 1935)
Kristján Finnsson, Grjóteyri (f. 1944)
Kristján Oddsson, Neðra Hálsi (f. 1954)
Magnús Sæmundsson, Eyjum II (f. 1934)
Páll Ingólfsson, Eyjum I (f. 1958)
Pétur Jónsson, Þúfukoti
Pétur Lárusson, Káranesi (f. 1937)
Sigurbjörn Hjaltason, Kiðafelli (f. 1958)
Sigurður Guðmundsson, Möðruvöllum (f. 1948)
Skúli Geirsson, Írafelli (f. 1933)
Steinunn Þorleifsdóttir, Meðalfelli (f. 1938)
Þorvaldur Friðriksson, Kiðafelli (f. 1952)

Heimildaskrá

- DI:** *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn og Reykjavík. 1853-1976.
- FEB I:** 1943. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. I. bindi. Reykjavík.
- Fornleifaskrá:** *Skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990. Fornleifanefnd.
- Friðþór Eydal. 1998. *Vígdrekar og vopnagnýr. Hvalfjörður og hlutur Íslands í orrustunni um Atlantshafið*. Reykjavík.
- Gardiner & Mehler 2007:** Gardiner, Mark and Natasha Mehler. 2007. „English and Hanseatic Trading and Fishing Sites in Medieval Iceland: Report on Initial Fieldwork.“ Í: *Germania* 85/2, bls. 385-427.
- Gunnar Kristjánsson. 1985. „Í Kjósinni.“ *Árbók Ferðafélags Íslands* 1985, 173-201.
- HJ Ljósmyndir I:** Halldór Jónsson. 1953. *Ljósmyndir I: Húsvitjun*. Áttahagafélag Kjósverja, Reykjavík.
- HP Kjósarmenn:** Haraldur Pétursson. 1961. *Kjósarmenn. Æviskrár*. Áttahagafélag Kjósverja, Reykjavík.
- ÍF I:** 1968. *Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma*. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- ÍF XIII:** 1991. *Íslensk fornrit XIII. Harðar saga*. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11. Kaupmannahöfn, 1913-43.
- JJ:** J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.
- Loftljósmynd AM 10001/I-I/012 Landmælingar Íslands.
- Loftmyndir af GoogleEarth.
- Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.
- Magnús Þorkelsson. 2004. „Í Hvalfirði: Miðaldahöfn og hlutverk hennar.“ Óútgefin MA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands.
- Magnús Þorkelsson. 1984. „Búðasandur – Maríuhöfn?: Gömul höfn í Laxárvogi.“ *Útivist* 10, 103-116.
- MG Ferðabók:** Magnús Grímsson. 1988. *Ferðabók Magnúsar Grímssonar fyrir sumarið 1848*. Ferðafélag Íslands.
- PP:** Sveinn Níelsson. 1950. *Prestatal og prófaða*. 2. útg. Reykjavík.
- SSGK:** Sýslu- og sóknalýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Reykjavík. 1937-39.

ÞJÁ I: *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. Jón Árnason safnaði. I. bindi. Bókaútgáfan Þjóðsaga. 1961.

Óprentaðar heimildir

Túnakort 1917: Túnakort fyrir Kjósarhrepp frá því um 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort 1943: Kort af túni Kiðafells, teiknað 1943 af S.E. Varðveitt á Kiðafelli.

Ö-Blönduholt: Örnefnalýsing Blönduholts. Páll Bjarnason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Bær: Örnefnalýsing Bæjar. Gestur G. Andrésson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Bær ath: Athugasemdir Lofts Guðmundssonar við örnefnalýsingu Bæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Eyjar AG: Örnefnalýsing Eyja. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Eyjar aths. og viðb: Athugasemdir Hans Guðnasonar við örnefnalýsingu Eyjar. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Eyjar HM: Örnefnalýsing Eyja. Haraldur Magnússon skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Eyri og Eyrakot: Örnefnalýsing Eyrar og Eyrarkots. Ari Gíslason skráði eftir Hirti Þorsteinssyni og Pétri Magnússyni. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Eyri og Eyrarkot ath og viðb.: Athugasemdir og viðbætur Ólafu Pétursdóttur við örnefnalýsingu Eyrar og Eyrarkots. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Flekkudalur: Örnefnalýsing Flekkudals. Ari Gíslason skráði eftir Guðna Ólafssyni og Ólafi Einarssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Grjóteyri Flekkudalur: Örnefnalýsing Grjóteyrar og Flekkudals. Magnús Blöndal og Guðni Ólafsson skráðu. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hvammur og Hvammsvík: Örnefnalýsing Hvamms og Hvammsvíkur. Einar Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hvammur og Hvammsvík Ath AG: viðbætur við örnefnalýsingar Hvamms og Hvammsvíkur, Svavar Sigmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hvammur og Hvammsvík. Athugasemdir og viðbætur. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Írafell: Örnefnalýsing Írafells. Gísli Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Írafell viðb.: Viðbót við örnefnalýsingu Írafells. Guðmundur B. Kristmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kiðafell: Örnefnalýsing Kiðafells. Heimildamaður Ólöf Gestsdóttir. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kiðafell SS: Örnefnalýsing Kiðafells. Svavar Sigmundsson skráði. Örnefnastofnun

Íslands.

Ö-Meðalfell: Örnefnalýsing Meðalfells. Ari Gíslason skráði með hliðsjón af gögnum Ellerts Eggertssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Möðruvellir: Örnefnalýsing Möðruvalla. Upplýsingar gáfu Guðmundur Sigurðsson og Sigurður Guðmundsson. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Möðruvellir ath og viðb.: Athugasemdir og viðbætur við örnefnalýsingu Möðruvalla. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Neðriháls: Örnefnalýsing Neðri-Háls. Ari Gíslason skráði eftir ýmsum heimildum. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Neðriháls ath og viðb.: Athugasemdir og viðbætur Gísla Andrússonar við örnefnalýsingu Neðri-Háls. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Sandur: Örnefnalýsing Sands. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Sandur ath og viðb.: Athugasemdir og viðbætur við örnefnalýsingu Sands, heimildamaður Hans Guðnason. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Útskálahamar: Örnefnalýsing Útskálahamars. Svavar Sigmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Útskálahamar ath og viðb. GBK: Athugasemdir og viðbætur Gunnars Finnbogasonar við örnefnalýsingu Útskálahamars. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Útskálahamar ath og viðb. SS: Viðbætur og athugasemdir við örnefnalýsingu Útskálahamars. Heimildamaður Gunnar Finnbogason, Svavar Sigmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Valdastaðir PB: Athugasemdir Þorbergs Guðnasonar við örnefnalýsingu Valdastaða, Páll Bjarnason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þorlaksstaðir: Örnefnalýsing Þorlaksstaða. Svavar Sigmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þorlaksstaðir ath.: Athugasemdir Einars Ólafssonar við örnefnalýsingu Þorlaksstaða, Páll Bjarnason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þúfa og Þúfukot: Örnefnalýsing Þúfu og Þúfukots. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þúfa og Þúfukot ath og viðb.: Athugasemdir og viðbætur Lofts Guðmundssonar við örnefnalýsingu Þúfu og Þúfukots. Páll Bjarnason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Viðauki: Hnitaskrár á ISN93

Númer fornleifar	long	lat	númer fornleifar	long	lat
314005	377466.04	426861.3			
318001	377690.5	426967.61			
318004	377686.95	426986.35	323020	372737.92	428439.97
318006	377460.92	426893.06	323021	372740.68	428442.73
318007	377432.12	426940.79	323022	372629.05	428446.09
318009	377500.76	426878.46	323023A	372157.85	427641.17
318010	377492.87	426927.18	323023B	372107.75	427607.05
318011	377481.43	426940.59	323024A	372264.95	427610.6
318013	378393.84	425888.93	323024B	372318.6	427586.14
318015	378022.64	426052.44	323025	372238.32	427437.62
318016	378394.43	426162.3	323026	372307.16	427150.45
318017	377255.59	427178.85	323028	372330.24	427157.75
318019	378193.84	426306.48	323030A	372293.55	427751.62
318020	378220.67	426347.11	323030B	372293.94	427757.93
318022	377677.68	427629.33	324001	371588.04	426840.79
318023	377444.15	427415.33	324002	371591.39	426822.64
318024	377556.57	426817.12	324003	371564.37	426826.39
318025	377452.43	426533.89	324004	371394.55	426710.02
318027	377816.93	427523.03	324005	371277.59	426227.19
318028	377820.28	427605.27	324006	371595.14	426545.53
323001	372215.25	427475.69	324008	370745.85	425714.18
323002	372237.93	427491.27	324009	371424.14	426740
323003	372121.76	427576.08	324010	371358.26	426696.81
323004	372253.12	427450.64	324011A	372248.38	426610.42
323005	372252.13	427419.48	324011B	372298.09	426597.4
323006A	372294.93	427605.27	324011C	372263.57	426539.41
323006B	372333.39	427579.63	324012	371431.24	426694.83
323006C	372359.43	427533.28	324013	371366.35	426879.25
323006D	372343.85	427510.8	325001	371311.71	426939.8
323006E	372313.47	427493.64	325002	371314.08	426907.65
323006F	372309.13	427595.21	325003	371242.88	426937.63
323007	372099.08	427427.96	325004	371282.52	427028.75
323008	371635.38	428323.01	325005	371251.95	426972.15
323009	371668.51	428443.13	325006	370956.89	427246.3
323010	371900.46	427971.34	325007	371175.03	427188.12
323011A	372254.69	427717.3	325008	371185.29	427252.02
323011B	372260.02	427710.99	325009	370895.35	427624.8
323012	372130.63	427921.05	325011	370978.78	427534.27
323013	372086.65	427190.29	325012	371086.87	427536.04
323014	372061.21	427538.61	325013	371323.15	427535.06
323015	372079.35	427540.78	326001	369321.41	428393.23
323016	372067.72	427136.84	326002	369322.99	428441.55
323017	372398.87	427541.17	326003	369300.11	428406.64
323019A	372390	426874.52	326004	369549.02	428844.3
323019B	372452.72	426944.14	326005	370467.94	428658.31
323019C	372524.91	427079.84	326006	370498.32	428678.43
323019D	372702.81	427192.06	326007	370279.98	428861.07
			326009	369485.91	428421.43

326011	370751.57	427811.97	329015	367823.41	428127.95
326013	369983.93	428643.32	329016	367558.33	428017.69
326014	369879.39	428466.4	329017	367526.38	428044.52
326015a	370325.54	428840.75	329019A	366843.55	427764.24
326015b	370336.98	428833.06	329019B	366884.57	427790.08
326017	370264.59	428882.37	329019C	366922.05	427819.86
326018	370088.86	428225.58	329020	367278.65	427793.43
326022	367710.2	428278.04	329021	367282.2	427786.53
326023	368933.65	428554.37	329022	367481.01	427626.18
326023	368933.65	428554.37	329022B	367480.62	427619.28
326025A	371192.19	428408.41	329023A	367522.23	427807.83
326025B	371188.05	428384.94	329023B	367511.98	427799.55
326025C	371305.6	428427.55	329024A	367252.02	427837.02
326031	369065.8	428593.42	329024B	367304.29	427883.18
326034	371177.2	428073.31	329024C	367467.4	428063.25
32608A	370163.21	429115.5	329024D	367608.23	428170.35
32608B	370153.55	429117.47	329024E	366777.87	427238.22
32608C	370127.51	429128.32	329025A	367273.91	428240.57
32608D	370088.07	429089.07	329025B	367480.02	428233.07
32608E	370111.73	429098.34	329025C	367391.66	428244.31
32608F	370127.51	429102.09	329026	366743.35	427285.36
32612A	370233.82	428083.76	330001	365573.94	425408.66
32612B	370240.92	428077.85	330002	365470.59	425429.97
32612C	370224.55	428058.12	330003	365528.78	425300.97
32612D	370246.25	428105.86	330004	365528.97	425416.16
327001	369417.66	428232.28	330005	365466.84	425435.68
327002	369403.66	428144.32	330006	365651.26	425496.43
327003	369345.28	428106.64	330007	365642.58	425465.07
327004	369315.5	428095.6	330008	365661.32	425284.01
327005	369314.9	428157.93	330009	365487.36	425477.5
328001	369239.17	428403.88	330010	365975.71	425586.18
328002	369178.42	428434.05	330011A	365876.5	425293.08
329001	367381.8	427652.41	330011B	365901.75	425225.04
329002	367305.87	427581.01	330012	366422.25	426159.93
329003	367235.26	427705.07	330013	367496.4	426102.14
329004	367395.81	427674.3	330017	365688.14	426100.96
329005	367422.23	427598.17	330018	365848.1	426543.95
329006	367323.42	427572.14	330019	365609.64	425342
329007	367250.44	427741.96	330020	365699.98	425577.89
329008	367227.96	427774.3	330021	365720.69	425242.2
329009	367246.5	427791.66	330022A	365976.7	425407.68
329010A	367351.43	427779.43	330022B	365718.91	425346.53
329010B	367334.27	427815.33	330022C	365738.04	425360.54
329010C	367270.17	427784.76	330023	365663.49	425443.77
329010D	367261.69	427795.01	330024A	366308.25	426801.14
329010E	367211	427751.23	330024B	366278.27	426744.74
329010F	367228.94	427739.98	330025	365510.83	425647.71
329010G	367186.14	427681.8	330026	365926.21	426427.19
329012	367439	427592.85	330027A	365461.32	425767.04
329013	366973.92	427997.57	330027B	365516.94	425857.57
329014	367812.37	427827.16	330027C	365625.22	425897.41

330028	365918.71	426275.12	336024	374149.53	427121.85
330029	365554.22	425954.41	336025	373676.37	426507.07
330030	365675.13	425932.32	336026	373575.97	426552.43
330031	365736.07	425978.08	336028	373592.34	426776.49
330032	365693.27	425297.42	336029	372615.04	425927.59
330033A	365753.03	425609.05	336030	373700.43	426385.37
330033B	365754.61	425607.08	336031	373973.6	427229.93
330034	365691.5	425494.66	336032	373820.94	426469.59
330035A	366041.98	425810.23	336033	374673.59	426602.33
330035B	365987.94	425792.09	336034	374655.05	426235.08
330036	365716.35	425694.46	336035	374660.18	426240.4
330037	365780.25	425697.22	336036	374289.37	427195.81
335001	371677.19	425904.51	336037	372523.13	425862.9
335002	371623.15	425942.97	336038	371763.58	420976.59
335003	371510.72	425876.51	336039	372579.94	425782.82
335004	371812.49	426005.5	336040	372547	425738.64
335006	372743.64	426557.76	336041	372594.73	425865.26
335007	372550.55	426017.92	337001	374552.29	426483.2
335008	371817.62	425625.43	337002	374555.25	426494.44
335009	372253.51	425853.43	337003	374557.22	426528.76
335010A	371963.38	425379.87	337004	374566.09	426562.49
335010B	372076.39	425478.88	337005	374684.83	426465.65
335011	371672.65	424791.51	337006	374400.02	426579.45
335012	372192.76	425668.62	338001	376066.07	425302.95
335013	371822.75	425758.56	338003	376086.98	425333.52
335014	371701.06	425561.13	338004	376070.6	425334.9
335015	371735.18	425368.43	338005	376063.11	425337.46
335016	371755.49	425830.55	338006	376063.9	425343.77
335018	372383.29	426202.14	338007	376054.63	425365.07
336001	374295.68	426655.98	338008	376331.94	425029.38
336002	374328.62	426629.75	338009	376165.87	425348.31
336003	374342.04	426656.77	338010	376107.68	425295.65
336004	374237.11	426652.03	338011	376261.33	425072.38
336005	374219.55	426633.3	338012	376248.31	425069.22
336006	374237.7	426675.9	338013	376042.6	425347.92
336007	374247.56	426677.68	338014	376269.02	424917.15
336008	374282.86	426826.78	338015	376296.44	424966.66
336009	374080.5	426660.12	338016	376280.86	424901.57
336010	374076.75	426671.76	338017	378068.4	424644.38
336010b	374802.38	426443.95	338018	378268.4	425402.75
336012	372508.54	425841.99	338021	375599.21	426014.37
336013	371879.55	423348.15	338022	377070	424904.33
336014	373576.17	426552.43	338023	376666.06	425248.51
336016	374228.43	426695.23	338025	375622.68	425490.52
336017	374097.86	426518.9	338027	376356.79	425220.3
336018	373701.42	426396.02	338028	376307.09	425456.39
336019	374236.91	426677.87	338029	376165.67	425386.38
336020	374761.95	426457.96	338030	378357.94	424909.26
336021	374992.52	426158.16	338031	376483.02	425508.27
336022	374080.9	426784.97	338033	375715.98	425791.5
336023	373808.71	426744.34	338034	376047.73	425528.39


338035	376028.99	425530.56	343001	379729.12	423687.39
338036	376617.54	425229.38	343002A	379953.77	423497.85
338038	377700.16	422529.62	343002B	379938.39	423536.9
338039	378491.86	425116.16	343003	379918.27	423544.59
338041	376059.56	425385.59	343004	379754.37	423707.51
338042	376061.73	425405.31	343005	379762.85	423716.39
338044	377315.55	423712.44	343006	379751.61	423710.27
338046	375911.04	425703.14	343007	379767.58	423692.52
338047	377638.82	422619.76	343008	379861.47	423595.87
338049	376130.37	425642.58	343009	379935.23	423521.91
338050	378567.01	424640.83	343010	379949.63	423506.72
338051	375721.7	425760.73	343011	379655.35	423779.3
33840A	377264.86	421074.03	343012A	379563.25	423853.07
33840B	377244.35	421086.06	343012B	379558.91	423790.35
33840C	377269.99	421100.45	343012C	379556.15	423809.88
33840D	377281.23	421099.27	343012D	379546.09	423770.82
33840E	377306.48	421118.4	343012E	379507.82	423717.17
33840F	377308.85	421132.01	343012F	379562.46	423777.33
339001	376119.91	424932.54	343012G	379557.92	423738.08
339002	376182.04	424889.94	343012H	379594.21	423658.4
339003	376174.15	424873.76	343012I	379656.74	423620.73
339004	376189.93	424929.38	343012J	379768.37	423653.07
341001	374557.22	424743.19	343013	380327.53	422048.96
341002	374353.67	425138.06	343014A	380754.15	420284.49
341003	374573	424816.76	343014B	380770.33	420289.03
341004	374517.97	424684.02	343014C	380777.82	420293.17
341005	374344.8	424863.9	343016	378787.13	417785.52
341006	374538.68	424744.18	343017	378689.89	424768.64
341007	374558.6	424729.98	343018	379237.61	424289.75
341008	374458.21	424514.99	343019	378941.17	424340.24
341009	374825.26	424636.69	343020	379427.55	423798.04
341010	374292.73	424542.21	343021	379795.59	423616.39
342001	376887.36	423944.39	343022A	379888.09	423547.75
342002	376967.04	424314.8	343022B	379873.1	423577.14
342003	376899.39	424009.87	343023A	379748.06	423411.46
342004	376907.08	423996.66	343023B	379861.47	423213.44
342005	376880.65	424034.53	343023C	380020.04	422914.23
342006	376817.53	424054.45	343023D	380136.81	422866.89
342007	376910.23	423892.71	343024	380777.43	420625.91
342008	376832.52	423947.15	343025	380302.48	422928.04
342009	376806.09	423879.89	343026	381032.85	423530
342010	376721.09	424070.82	343027	380088.48	422444.22
342011	375373.38	424628.4	343029	380475.06	422411.28
342012	377306.68	423433.55	343030A	379859.69	420786.65
342013	376984	423836.9	343030B	379866.2	420788.43
342014	376977.69	423881.27	343030C	379850.03	420778.76
342017	377098.99	423831.77	343030D	379862.65	420773.44
342018	377127	423813.43	343030E	379869.55	420778.96
342019	376630.75	424133.14	343031	380894.98	422980.3
342021	376148.51	424401.78	343032	380891.82	422773.8
342022	377330.54	423173.99	343033	380876.64	421347.59

343034	380299.92	422052.51	352010	373393.14	430241.91
343037	381008.98	423530.98	352011	373286.83	430115.29
343038	379952.98	422406.74	352012	371110.14	430364.2
344001	382116.85	422295.7	352013	373555.46	429324.57
344002	382115.86	422293.93	352015	373269.27	429859.28
344003	382137.36	422291.36	352017	373146.99	431801.85
344004	382147.03	422284.26	352018	373849.54	429264.61
344005	382156.89	422277.16	352019	373733.56	429371.71
344006	382221.38	422333.96	352020	373416.8	429437.19
344007	382152.16	422316.61	352021	371747.01	431168.33
344008	382125.92	422301.03	352022	372274.42	430417.45
344009	382110.74	422307.93	352024	373457.24	430211.14
344010	382102.85	422318.58	352025	374228.62	429883.73
344011	382109.36	422331.4	352026	370784.11	430674.65
344012	382069.91	422342.44	352027	373408.52	430209.37
344013	381978.98	422327.65	352028	373530.22	429323.78
344014	381981.74	422333.57	352031	371144.26	430556.9
344015	381995.35	422347.97	352032	371137.36	430836.97
344016A	381315.68	420546.42	352032A	371138.54	430833.22
344016B	381347.04	420545.83	352032B	371144.66	430827.31
344016C	381363.02	420544.45	352032C	371151.16	430805.61
344017	381182.15	421810.11	352032D	371147.22	430789.44
344018	382492.19	422607.92	352032E	371171.28	430778.98
344019	382027.11	422048.76	352032F	371170.89	430775.43
344020A	381926.12	421932.79	352032G	371180.75	430809.95
344020B	381929.28	421942.06	352032H	371230.45	430806.4
344020C	381887.07	421922.14	352032I	371176.41	430833.82
344021	381790.43	422014.05	352033	373360.99	430267.16
344022	381519.23	422197.48	352035	373851.71	429266.58
344023	381893.58	422343.23	352036	371211.12	429732.45
344024	381658.28	422785.04	352037	371192.39	429720.42
344025	382499.29	423774.96	352038	372079.55	430246.25
344026	382396.14	423480.89	336012	372440.88	425730.95
344027	382018.04	422515.22	336039	372522.54	425768.22
344029A	382160.83	422270.26	336037	372516.03	425792.48
344029B	382196.73	422253.1	353:049	373229.23	431591.79
344029C	382259.06	422243.43	353:048	373131.6	431828.47
344029D	383005.2	422051.72	353:050	373304.78	431414.08
344030	382211.52	421817.01	353:051	373649.94	430577.02
344031	382360.63	422042.65	353:026	373422.52	431412.9
344032	382967.13	422035.55	353:024	373696.88	432112.49
344033	382448.21	423084.64	353:025	373745.99	432080.74
344034	382285.49	423412.45	353:038	373775.97	432318.6
352001	373374.2	430004.84	353:056	374152.49	431655.69
352003	373423.31	430018.25	353:027	374166.3	432049.18
352004	373401.22	430074.85	353:037	374371.62	432076
352005	373272.82	429858.09	353:033	374615.8	432379.94
352006	373337.32	430023.77	353:023	374959.18	432533.39
352007	373301.22	429916.87	353:018	375203.95	432503.41
352008	373262.57	429884.52	353:028	375275.55	432529.64
352009	372072.06	429980.77	353:039	375434.72	432089.81



353:057	375442.21	432177.58	338043	377856.18	424668.44
353:017	375523.87	432043.06	323029	372321.56	427146.7
353:016	375846.94	431622.16	325010	371164.97	427270.56
354:012	375903.94	431883.7	324013	371412.9	426836.84
354:010	375674.56	432097.11	326035	370690.03	427704.28
353:029	375573.37	432228.27	326020	370462.81	428674.88
353:022	375253.06	432889.8	326016	369678.01	429025.96
353:021	375260.95	432861	326023	368459.69	428612.95
353:020	375247.15	432842.66			
353:052	375534.52	432720.37			
353:053	375516.97	432723.13			
353:054	375504.93	432703.01			
353:055	375497.04	432679.54			
353:042	375739.05	432624.12			
353:040	375541.03	432852.72			
353:019	375952.86	432794.53			
353:043	376936.27	433001.04			
353:059	376957.57	432737.73			
353:013	377159.54	432780.53			
353:028	376468.43	432727.08			
353:045	376202.36	432669.29			
353:044	376148.91	432827.67			
353:010	375532.55	432687.23			
354:014	375698.22	432286.85			
353:041	375704.54	432689.21			
354:005	375955.02	432358.84			
354:007	375959.76	432308.54			
354:006	375939.05	432314.26			
354:001	375868.64	432320.57			
354:003	375875.14	432332.61			
354:004	375871.99	432299.27			
354:002	375763.31	432369.29			
353:034	375733.14	432425.11			
353:005	375698.03	432387.63			
353:006	375730.77	432459.43			
353:009	375567.06	432665.34			
353:011	375542.21	432620.57			
353:058	375677.12	432476.98			
353:036	375636.49	432493.75			
353:001	375694.67	432507.36			
353:003	375673.18	432519.98			
353:002	375685.21	432521.75			
353:007	375701.97	432514.46			
353:008	375698.03	432519.58			
353:004	375630.57	432392.96			
353:012	376852.45	431201.66			
353:035	377109.64	431169.71			
344017B	381284.52	421859.81			
343041	380045.29	423615.2			
343028	379343.13	422396.68			
338026	377567.23	422892.34			

Minjakort

Hér að aftan eru birt minjakort fyrir allar skráðar jarðir í Kjós. Fornleifar eru merktar inn á myndir frá Loftmyndum ehf.



Yfirlitskort: Landamerki og minjastaðir í Kjósarhrepp



- Minjastaðir
- Tilgáta um staðsetningu minja
- Garðlög
- Landamerki*
- Gamlar leiðir
- Mörk túns 1917

*Landamerki eru sett fram án ábyrgðar.
Minjakortin má ekki nota sem heimild um landamerki

Minjakort: Fornleifar á Þorláksstöðum



Minjakort: Fornleifar í Blönduholti



Minjakort: Fornleifar í Þúfu og Þúfukoti



325009
325011 325012 325013

325006 325010 325008 325007

Þúfukot 325004

324013 324009 324010 324004 324012

Þúfa

324006

324005

324011A 324011B 324011C

324008


0

350


700

metrar


Minjakort: Fornleifar á Eyri, Eyrar-Uppkoti og Eyrar-Útkoti



Minjakort: Fornleifar á Útskálahamri



Minjakort: Fornleifar á Kiðafelli



0 350 700
metrar

Minjakort: Fornleifar á Bæ



335006

335018

335007

335009

335012

335013

335008

335014

335010B

335010A

335015

335016

335011

0

200

400

metrar


Minjakort: Fornleifar í Meðalfelli, Meðalfellskoti og á Hjarðarholti




- 336031
- 336036
- 336024
- 336028
- 336022
- 336023
- 336026
- 336014
- 336030
- 336025
- 336032
- 336018
- 336017
- 337005
- 336020
- 336010b
- 336035
- 336034
- 336021
- 336041
- 336029
- 336037
- 336012
- 336039
- 336037
- 336039
- 336012
- 336040

336013

336038



Minjakort: Fornleifar á Eyjum og Eyjahól



338021

338033

338051

338046

338049

338025

338028

338031

338029

338027

338023

338036

338008

339001

339004

338015

338014

338016

339002

339003

338022

338018

338039

338030

338043

338017

338050

338044

338026

338047

338038

33840C

33840F

33840E

33840D

33840B

33840A

0 450 900

metrar

Minjakort: Fornleifar á Grjóteyri



• 341002

• 341005

• 341010


• 341009

•


0 200 400

metrar


Minjakort: Fornleifar á Sandi



Minjakort: Fornleifar á Möðruvöllum



Minjakort: Fornleifar á Írafelli





Minjakort: Fornleifar á Neðra-Hálsi



0 0,5 1
kílómetrar

